

Aðalskráning í Ásahreppi í Rangárvallasýslu 2006 til 2008 II. bindi



Ritstjóri: Sólveig Guðmundsdóttir Beck

Höfundar efnis: Ágústa Edwald, Jóhann Gunnarsson Robin,
Lísa Rut Björnsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck og Stefán Ólafsson



Fornleifastofnun Íslands
FS417-06051
Reykjavík
2009

Forsíðumyndin (tekin af Sólveigu G.Beck) er af beitarhúsatóft RA-378:014 í landi Heiðar

© Fornleifastofnun Íslands 2009

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.instarch.is


EFNI

IV. FORNLEIFASKRÁ (FRH.)	4
RA-378 Heiði	4
RA-379 Herríðarhóll (Herra)	12
RA-408 Sumarliðabær	28
RA-424 Vetleifsholt	50
RA-425 Hellir	63
RA-426 Rifshalakot	73
RA-427 Gata	79
RA-428 Lindarbær	84
RA-429 Kastalabrekka	90
RA-430 Gíslakot	96
RA-431 Hrútur	98
RA-432 Ráðagerði	105
RA-673 Holtamannaafréttur	108
RA-674 Þóristungur	133
V. SAMANTEKT UM HELSTU MINJAFLOKKA	139
Bæjarhólar, bæjarstæði og býli	139
Kirkjur, kirkjugarðar, bænhús og kuml	144
Útihús	145
Fornleifar með óþekkt hlutverk	149
Stekkir, kvíar (stöðlar) og réttir	150
Beitarhús, fjárskýli og sel	153
Myllur	158
Landamerki	159
Garðlög, gerði og girðingar	159
Heygarðar, heystæði og áveitur	161
Vatnsból	162
Mógrafir, torfrista, kolagrafir og hellutak	163
Böð og laugar	165
Leiðir og samgöngubætur	165
Þjóðsögur og hjátrú	166
Aðrar minjar	167
Minjar á Holtamannaafrétti	168
VI. VERNDUN OG KYNNING MINJA Í ÁSAHREPPI	170
VII. HEIMILDASKRÁ	178
VIII. VIÐAUKAR	183
Viðauki I: Hnit í landshnitakerfi (ISN93)	183
Viðauki II: Minjakort	195

IV. FORNLEIFASKRÁ (FRH.)

RA-378 Heiði

10 hdr. 1708. 1270: Getið í máldaga Oddakirkju DI II, 86-88. Konungseign, var ein af jörðum Þykkvabæjarklausturs. "Hún er meðaljörð að stærð, mýrlend en holt nokkuð." SB V, 165. 1920: Tún 3,2 ha, sléttað 1 ha, garðar 450 m².



Túnakort frá árinu 1920 af heimtúni bæjarins Heiði RA-378

RA-378:001 Heiði bæjarhóll bústaður

63° 55.409N 20° 32.711V

"Bærinn stendur á hæð, sem næst miðsvæðis í landareigninni. Vestur af honum er mýrarsund og handan þess er Krosshóll, nú með miklu malarnámi frá Vegagerð ríkisins. Við síðustu endurbyggingu hefur bærinn verið fluttur um 50 m norður frá gamla bæjarstæðinu." segir í Sunnlenskum byggðum. Gamli bæjarhóllinn er um 50 m sunnan við núverandi íbúðarhús á Heiði og um 2,3 km norðaustan við Hárulaugsstaði RA-370:001. Þetta svæði hefur verið sléttað að hluta og er gróið háu grasi og lágvöxnum birki og víðihríslum ásamt hvönn og rabbabara.




Bæjarhóll Heiðarbæjar RA-378:001, horft til ANA

Bæjarhóllinn hefur verið sléttaður en hann var á svæði sem er um 20 x 20 m að flatarmáli. Lítið sést til hólmyndunar nema í norðurenda svæðisins þar sem um 1 m hár hóll stendur einn eftir. Hóllinn er um 8 x 5 m að stærð og snýr norður-suður. Yngsti bær sem stóð á þessu svæði var byggður um 1920. Þá var gamli torfbærinn rifinn og byggður á sama stað nýtt bæjarhús úr timbri, torfi og grjóti með steinsteypnan kjallara. Íbúðarhúsið var vestast af húsunum á bæjarhólnum, timburbyggt, á tveimur hæðum og einangrað með reiðingi. Gengið var inn í bæinn að sunnan um lítið fordryri á vesturvegg hússins. Þar var gengið um tröppur bæði upp á efri hæð og niður á neðri hæð. Skúr með burst úr bárujárnri var byggður fast austan við bæinn og skildi aðeins timburþil á milli. Austur- og suðurveggir skúrs voru hlaðnir úr torfi og grjóti. Gengið var inn í skúrinn að austan um lítið timburbyggt fordryri á skúrnum

norðanverðum. Sigurbjörg Finnbogadóttir og Tryggvi Sveinbjörnsson, heimildarmenn, þekkja ekki uppbyggingu torfbæjarins sem rifinn var áður en húsið sem lýst er hér að ofan var byggt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SB V, 365; Túnakort 1920



Gróf teikning af gamla bænum RA-378:001 og húsunum á hlaðinu eftir lýsingum Tryggva Sveinbjörnssonar og Sigurbjargar Finnbogadóttur

RA-378:002 heimild um fjós

63° 55.409N 20° 32.685V

Samkvæmt Tryggva Sveinbjörnssyni voru útihús um 20 m ASA við bæ 001 og um 150 m VNV við hesthústóft 005. Á svæðinu þar sem útihúsin stóðu er sléttað malarborið hlað milli núverandi útihúsa og gamla bæjarhólsins 001. Örfáa metra austan við hrútakofann (sjá 017), samkvæmt túnakorti 10 - 15 m austan við bæ, voru svo kamarinn, fjósið, hesthúsið, hlaðan og lambhúsið í samfelldri húsaröð sem snéri norður-suður. Gengið var inn í húsaröðina á tveimur stöðum um timburpil á fjósinu vestanverðu en norður-, suður- og austurveggir húsanna voru allir hlaðnir úr torfi og grjóti. Fjósið var syðst í röðinni og tók það 6 nautgripi. Samkvæmt Tryggva Sveinbjörnssyni var asbest notað í þak þess. Fjósið var aðeins eitt hólf með steinsteyptum flór og glugga á suðurvegg þess. Þá kom hesthús fyrir 4 - 5 hross fast norðan við það, svo hlaðan og loks lambhúsið. Til að komast í lambhúsið þurfti að ganga í gegnum fjósið, hesthúsið og hlaðuna. Kamarinn var svo sambyggður fjósinu vestanverðu fast norðan við innganginn. Lambhúsið var svo seinna nýtt sem hænsnakofi. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-378:003 tóft hesthús


63° 55.375N 20° 32.848V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var útihús um 130 m vestan við bæ 001. Einföld tóft er á þessum stað um 130 m vestan við bæ 001 og um 170 m VSV við núverandi íbúðarhús á Heiði. Tóftin er í sléttuðu hæðóttu túni um 18 m suðaustan við eina rafmagnsstaurinn í túninu. Tóftin hefur staðið síðan Tryggvi Sveinbjörnsson og Sigurbjörg Finnbogadóttir muna eftir sér. Í þeirra tíð var húsið nýtt sem hesthús fyrir 5 - 6 hross. Tóftin er mjög grasigróin og þýfð svo lítið sem ekkert sést í grjóthleðslur. Tóftin er um 10 x 6 m að utanmáli og snýr NNV-SSA. Veggir hennar eru um 2 m á breidd og 1 - 1,2 m á hæð. Innanmál tóftar er um 6 x 1,5 m. Einn inngangur var á viðarpili á NNV-hlið tóftarinnar og var þak tóftar byggð úr timbri og

bárujárni. Enginn hlaðinn veggur er á NNV-hlið tóftar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920



Hesthústóft RA-378:003, horft til SSA

RA-378:004 heimild um brunn

63° 55.367N 20° 32.685V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var mannvirki um 80 m sunnan við bæ 001. Samkvæmt Tryggva Sveinbjörnssyni, heimildarmanni, var þar brunnur fyrir Heiði. Á þessu svæði er þýft graslendi í órækt. Búið er að fylla upp í brunninn. Samkvæmt Tryggva Sveinbjörnssyni var vatnið í brunninum leirríkt en gott og var brunnurinn grafinn fyrir hans tíma. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-378:005 tóft hesthús

63° 55.406N 20° 32.504V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var útihús um 110 m ASA við bæ 001. Tóftin sést enn og er um 170 m suðaustan við bæ 001 og um 290 m austan við hesthústóft 003. Tóftin er þó nokkuð lengra í burtu frá bæ en sýnt er á túnakortinu en Tryggvi Sveinbjörnsson og Sigurbjörg Finnbogadóttir, heimildarmenn, kannast ekki við nein önnur mannvirki á þessu svæði nær bæ. Afstaða tófta 005 og 006 er mjög lík afstöðu húsanna á túnakortinu svo ekki er ólíklegt að vegalengdirnar á kortinu séu einfaldlega ekki réttar. Tóftin er í grasi- og mosagrónum móa fast austan við heimatún. Tóftin er mjög grasigróin og engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Tóftin er um 9 x 6 m að stærð og snýr NA-SV. Veggir hennar eru um 2 m á breidd og 1,2 - 1,5 m á hæð. Innanmál hennar er 4 x 1,5 m. Um 0,5 m breiður inngangur er í miðri austurhlið tóftarinnar. Tryggvi Sveinbjörnsson og Sigurbjörg Finnbogadóttir heimildarmenn telja að tóftin sé af hesthúsi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920



Hesthústóft RA-378:005, horft til norðvesturs

RA-378:006 tóft hesthús

63° 55.425N 20° 32.541V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var mannvirki um 70 m austan við bæ 001. Tóft er um 140 m austan við bæ 001 og um 50 m NNV við tóft 005. Tóftin er þó nokkuð lengra í burtu frá bæ en sýnt er á túnakortinu en Tryggvi Sveinbjörnsson og Sigurbjörg Finnbogadóttir, heimildarmenn, kannast ekki við nein önnur mannvirki á þessu svæði nær bæ. Afstaða tófta 005 og 006 er mjög lík afstöðu húsanna á túnakortinu svo ekki er ólíklegt að vegalengdirnar á kortinu séu einfaldlega ekki réttar. Tóftin sem nú sést var síðast notuð sem hesthús en af túnakortinu mætti ætla að þarna hafi verið einhvers konar gerði eða rétt. Líklegast er því að hesthúsið hafi verið byggt á sama stað og gerðið/réttin. Á svæðinu þar sem tóftin stendur er grasi- og mosagróinn mói fast norðaustan við heimatún í brekku sem hallar um 30° til norðausturs. Tóftin hefur verið fyllt af jarðvegi og drasli en veggir hennar hafa ekki verið jafnaðir út. Lítið sést í tóftina vegna mikils grasvaxtar en svæðið sem hún nær fyrir er trúlega ekki stærra en um 10 x 10 m. Lítið annað er hægt að segja um hana.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-378:007 heimild um kálgarð

63° 55.404N 20° 32.684V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var kálgarður um 25 m suðaustan við bæ 001 og fast sunnan við fjós 002. Á þessu svæði er malarborinn vegslóði og malarbórið plan. Kálgarðurinn var horfinn fyrir miðja 20. öld og ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-378:008 heimild um kartöflugarð

63° 55.405N 20° 32.712V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var kálgarður fast sunnan við bæ 001. Samkvæmt Sigurbjörgu Finnbogadóttur var kartöflugarður á þessu svæði er fjölskyldan kom fyrst í Heiði um 1951 og var hann notaður í 2 ár eftir það. Á þessu svæði er sléttað graslendi í órækt gróið háu grasi og hvönn. Ekkert sést til kartöflugarðsins og samkvæmt Sigurbjörgu Finnbogadóttur var ekkert garðlag utan um hann.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-378:009 heimild um kálgarð

63° 55.351N 20° 32.806V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var kálgarður um 60 m SSA við hesthús 003 og um 130 m suðvestan við bæ 001. Á þessu svæði er sléttað tún. Í tíð Tryggva Sveinbjarnarsonar var áður rabbabarágarður á þessu svæði en engin garðlög voru hlaðin utan um garðinn. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1920**RA-378:010** frásögn rista

63° 55.241N 20° 33.379V

Samkvæmt Tryggva Sveinbjörnssyni var torf rist um 630 m vestan við bæ 001 og um 500 m vestan við hesthústóft 003. Svæðið er þýft deigt mýrlendi gróið grasi, víði, mosa og fífum. Engin ummerki um torfristu sjást á svæðinu. Svæðið er víðáttumikið, a.m.k. 200 x 100 m að stærð og snýr austur-vestur. Torfið var notað í einangrun.

Hættumat: engin hætta**RA-378:011** frásögn mógrafir

63° 55.278N 20° 32.832V

Samkvæmt Tryggva Sveinbjarnarsyni, heimildarmanni, voru mógrafir um 180 m sunnan við hesthústóft 003 og um 270 m suðvestan við bæ 001. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til grafa. Grafirnar voru mjög djúpar svo fyllt var upp í þær og svæðið sléttað í tún.

Hættumat: engin hætta**RA-378:012** garðlag vörslugarður

63° 55.386N 20° 32.393V

Torfhlaðið garðlag er um 260 m ASA við bæ 001 og um 100 m suðaustan við hesthústóft 005. Garðlagið er í deigri þýfðri mýri. Garðlagið er torfhlaðið, um 200 m langt, um 1,5 m á breidd og 0,8 - 1 m á hæð. Garðlagið sést fyrst í rofabarði í NNV. Það liggur að mestu NNV-SSA en um 180 m SSA við NNV-enda beygir garðlagið í VSV og liggur ANA-VSV um 30 m áður en það hverfur í skurð. Í horni garðlagsins stendur viðarstaur upp úr torfinu en trúlega hefur garðlagið verið e-s konar vörslugarður gegn búpeningi. Garðlagið er rofið hér og þar vegna kindagata og skurða.



Garðlag RA-378:012, horft til NNV

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-378:013 náma mógrafir
Samkvæmt Tryggva Sveinbjörnssyni, heimildarmanni, voru hugsanlegar mógrafir um 140 m norðan við hesthústóft 005 um 180 m ANA við bæ 001 og um 230 m norðaustan við brunn 004. Á þessu svæði er deig mýri gróin grasi, mosa og fífum. Sunnarlega á svæðinu er mýrin frekar sléttlend en norðarlega er aflöng, um 100 x 50 m stór og 0,4 - 0,8 m djúp dæld sem snýr norður-suður í mýrinni sem líklega er ummerki um mógrafir.

63° 55.478N 20° 32.554V




Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Mógrafir RA-378:013, horft til norðurs

RA-378:014 tóft beitarhús 63° 55.675N 20° 31.988V
Beitarhústóftir eru um 770 m ANA við bæ 001 og um 1,6 km SSA við Herríðarhól RA-379:001. Tóftin er í þýfðum grasi- og mosagrónum móa utan í Brattholti vestanverðu. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti en hleðslur veggja eru signar og eru umförin 2-3. Tóftin er tvískipt, um 15 x 8 m að stærð og snýr ANA-VSV. Veggir hennar eru um 2 m á breidd og 0,8 - 1,5 m á hæð. Um 0,5 m breiður inngangur hefur verið á VSV-hlið tóftarinnar inn í beitarhúsið. Innanmál sjálfes beitarhússins er 7 x 2 m og snýr hólfið VSV-ANA. Fast ANA við beitarhúsið hefur trúlega verið hlaða. Hún er nú um 3 x 1,5 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Skilið hefur verið á milli hólfanna með grjóthlöðnum vegg og var trúlega um 0,5 m breiður inngangur í veggnum.

Hættumat: engin hætta



Beitarhús RA-378:014 í vestanverðu Brattholti, ljósmynd tekin í ANA

RA-378:015 *Ferðamannalág* heimild um áfangastað 63° 55.768N 20° 30.895V

Ferðamannalág er um 1,6 km austan við Heiði 001 og um 1,8 km suðaustan við Herriðarhól RA-379:001. Láginn er sléttlend og grasigróinn dæld vestan við Langholt sem liggur norðaustur-suðvestur. Samkvæmt Trausta Sveinbjarnarsyni, heimildarmanni, var þarna áfangastaður þar sem götur mættust frá bæjum í kring og hestar voru hvíldir. Þaðan liggur gata í átt að Heiði og Herriðarhól (sjá RA-378:018 og RA-408:046). Láginn er tígullaga, um 100 x 70 m að stærð, 1-3 m djúp og snýr norðaustur-suðvestur. Ekkert sést til fornleifa.



Ferðamannalág RA-378:15, horft til SSV

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Heiði, 4

RA-378:016 gata leið

63° 55.678N 20° 31.982V

Götur eru um 860 m norðaustan við bæ 001 og um 5 m norðaustan við beitarhús 014. Á þessu svæði er grasigróinn mói. Göturnar eru 1 - 3 samsíða hver annarri, um 0,4 m á breidd og 0,2 - 0,4 m djúpar. Göturnar eru grasigrónar, liggja norður-suður meðfram Brattholti og beygja í suðaustur með fram holtinu fram hjá (ofan við) beitarhúsatóft 014. Þær tengjast götu 018 í norðaustri undir vestanverðu Brattholti um 200 m norðan við tóft 014 en hverfa í mýri undir sunnanverðu holtinu um 100 m suðaustan við beitarhús 014. Hægt er að rekja göturnar alls um 300 m vegalengd meðfram Brattholti að götu 018. Göturnar eru trúlega aðeins kinda- eða hestagötur en einnig gætu þær hafa legið heim að Heiði frá beitarhúsunum eða að Ferðamannalág 015.



Leið RA-378:016, horft til norðurs

Hættumat: engin hætta

RA-378:017 frásögn hrútakofi

63° 55.409N 20° 32.698V

Samkvæmt Tryggva Sveinbjörnssyni og Sigurbjörgu Finnbogadóttur var lítill hrútakofi örfáa metra austan við bæ 001 og vestan við fjós 002. Nákvæm staðsetning er óþekkt. Á svæðinu þar sem útihús 002 og 017 stóðu er sléttað malarborið hlað milli núverandi útihúsa og gamla bæjarhólsins 001. Hrútakofinn var byggður fyrir um þrjá hrúta. Gengið var inn í kofann að sunnan um timburpil því aðeins austur- og vesturveggir kofans voru grjóthlaðnir. Ekkert sést til fornleifa á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-378:018 gata leið


63° 55.673N 20° 32.248V

Ógreinileg gata er um 400 m NNA við bæ 001 að hluta samsíða malbikuðum vegi 284 austanverðum. Gatan liggur um þýfðan grasi- og mosagróinn móa og rofabörð á stöku stað. Gatan er 0,4 - 1 m breið, um 0,5 m djúp og mjög rofin. Hana er hægt að rekja í átt að Heiði frá götu RA-408:046 meðfram Brattholti í suðvestur um 1,1 km vegalengd áður en hún hverfur undir veg 284 um 400 m NNA við Heiðarbæ. Mjög hugsanlegt er að þessi gata hafi legið að Heiði og haldið svo áfram að Krossholti þar sem áður voru krossgötur á leið í Sandhóla- og Króksferjur (sjá einnig RA-370:037).

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-379 *Herríðarhóll (Herra)*

15 hdr., 1708 "Ágreiningur er á milli þessarar jarðar og Heiðar sökum óskýrra landamerkja, og þykir sjerhverjum ábúendanna aðþrengja annars beit og brúkun nema liðun til komi." JÁM I, 348. 1920: Tún 6,3 ha, sléttað 2,5 ha, garðar 820 m². "[Jörðin] var nokkuð að jöfnu þurrlendi og mýri. Nú er mestallt votlendi ræst fram og þurrkað." SB V, 364.



Túnakort af heimatúni Herríðarhóls RA-379 frá árinu 1920

RA-379:001 *Herríðarhóll* bæjarhóll

Í Sunnlenskum byggðum V segir: "Herríðarhóll er efsti bær í Ásahreppi." Herríðarhóll er um 2,9 km austan við Krók RA-377:001, um 2,1 km NNA við Heiði RA-378:001 og 120 m vestan við núverandi bæjarhús á Herríðarhóli. Bæjarstæðið er smápýft og grasigróið og er nýtt sem hagi fyrir hross. Bæjarhóllinn er að mestu horfinn vegna sléttunar og er svæðið í kringum gömlu bæjartóftina grasigróið tún. Stærð hólans er óljós. Bæjarhóllinn var á vesturbrún 4-10 m hás rima sem liggur norður-suður og skilur á milli Sundsins og Gíslholtsvatns. Samkvæmt Ólafi Arnari Jónssyni, heimildarmanni, brann gamli bærinn á Herríðarhóli árið 1970. Bærinn var um 23 x 9 m að stærð og snéri austur-vestur. Gengið var inn í bæinn á suðurhlið. Í vesturenda hússins var skemma, fast austan við hana var íbúðarhúsið, svo önnur skemma. Skemmurnar og íbúðarhúsið voru byggð úr timbri, bárujárni, grjóti og torfi. Í austurenda hússins voru svo hrútakofi og smiðja byggð úr torfi og grjóti. Gengið var inn í húsinn á norður- og suðurhlið því engin tenging var á milli þeirra. Lítið

bústaður

63° 56.530N 20° 32.324V




Bæjartóft RA-379:001, horft til norðausturs

er eftir af gamla bænum í dag annað en veggir smiðjunnar og hrútakofans ásamt vesturvegg skemmunar sem var í vesturenda hússins. Veggirnir eru hlaðnir úr torfi og grjóti, um 1,4 m á hæð og um 2 m á breidd. Vesturveggur skemmunar er um 7 m á lengd og um 15 m vestar en smiðjan og hrútakofinn. Tóft hrútakofans og smiðjunnar er tvískipt, um 9 x 6 m að stærð. Gengið var inn í hólfin um timburpil og er syðra hólfið (smiðjan) um 4 x 2 m að innanmáli á meðan nyrðra hólfið (hrútakofinn) er um 3 x 2 m að innanmáli. Norðan við húsið eru leifar af fjósi sem hlaðið var úr torfi og grjóti í kringum 1970. Því var seinna breitt í fjárhús. Samkvæmt Ólafi Arnari Jónssyni var áður reimt í gamla bænum. Hélt þar til ung kona en ástæðan fyrir því að hún gekk aftur á að vera sú að hún var grafin með höfuðið til vesturs utan grafreits. Miðill var fenginn fyrir 5-6 árum til að spjalla við hana og hvarf hún eftir það.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; SB V, 364



Bæjartóft Herriðarhóls RA-379:001, brunns 018 og öskuhaugs 024,

RA-379:002 mannabein bænhus

63° 56.515N 20° 32.296V

Samkvæmt Ólafi Arnari Jónssyni, heimildarmanni, taldi faðir hans að bænhus hefði verið um 40 m SSA við bæ 001 og um 100 m VSV við núverandi íbúðarhús á Herriðarhóli. Samkvæmt Ólafi Arnari Jónssyni, heimildarmanni, taldir faðir hans einnig að grafreitur hefði verið um 45 m suðaustan við bæ 001, fast austan við 002 og um 80 m VSV við núverandi íbúðarhús á Herriðarhóli. Engar ritaðar heimildir hafa þó fundist um bænhus eða grafreit á Herriðarhóli. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa á svæðinu en í túninu er ávalur lágur hóll sem er um 20 x 15 m að flatarmáli og snýr norður-suður. Engin ummerki um grafreit sjást á yfirborði en þegar grafið var fyrir símalínu á þessu svæði í tíð Jóns Jónssonar (1932-1970, SB V) komu upp mannabein.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SB V, 364

RA-379:003 *Herríðarhóll* þjóðsaga

"Í túninu norðan við bæinn er lítill, strýtumyndaður hóll, og eru munnmæli, að þar sé Herríður heygð, en hóllinn heitir Herríðarhóll." segir í örnefnalýsingu. Herríðarhóll er um 50 m norðan við bæ 001 og um 150 m VNV við núverandi íbúðarhúsið á Herríðarhóli fast á vesturbrún rimans sem bærinn stendur á. Hóllinn er í sléttu túni sem er nýtt sem beitiland fyrir hross. Í Sýslu- og sóknarlýsingum Rangárvallasýslu frá árinu 1840 segir: "Haugur Herríðar er áður nefndur í túninu á Herríðarhóli." Í Frásögur um fornaldarleifar segir einnig: "2°) Bær er hér eirn, sem kallast Heryðarhóll, sem dregur Nafn sitt af hól

legstaður

63° 56.549N 20° 32.361V

*Herríðarhóll RA-379:003, horft til norðausturs*

þar í túninu, sem haldid er sé Fornmanna haugur." Samkvæmt Ólafi Arnari Jónssyni, heimildarmanni, taldi faðir hans að fólk væri grafið fast suðvestan við Herríðarhól en ekki í honum. Hóllinn er ávalur og keilulaga, grasigróinn, 0,5 - 1 m á hæð og um 2 x 1,5 m að flatarmáli. Ekkert sést til fornleifa á svæðinu. Mjög ólíklegt er að gröf sé í hólnum sjálfum þar sem hann er keilulaga og ekki mjög stór. Ef fólk hefur verið grafið á þessu svæði hefur það trúlega verið grafið við hólinn frekar en í honum. Óljóst er hvort um er að ræða náttúrulegan eða manngerðan hól en hann líkist öskuhaug frekar en grafreit eða fornri dys.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Ö-Herríðarhóll, 3; SSR, 214; FFI, 188**RA-379:004** tóft beitarhús


63° 56.422N 20° 32.209V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var útihús um 210 m sunnan við bæ 001. Í dag er þrískipt tóft á þessu svæði um 220 m sunnan við bæ og um 190 m SSV við núverandi íbúðarhús á Herríðarhóli. Tóftin er í suðurjaðri túns sunnan við bæ í graslendi í órækt. Tóftin er þrískipt, um 22 x 18 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti og eru veggir hennar um 2 m á breidd. Hæð veggja er mismunandi á milli hólfa (6-14 umför) en útihúsinu hefur verið skipt upp í tvö fjárhús (hólf A og B) og hlöðu (hólf C). Veggir eystra fjárhúshólfsins eru 1,4 - 1,6 m á hæð á meðan veggir vestara hólfsins eru 1 - 1,4 m á hæð. Veggir hlöðunnar eru um 2 m á hæð en hlaðan er niðurgrafin og er gólf hennar um 1,2 m lægra en fjárhúsgólfið í hólfi A. Gengið var inn í tóftina um tvo innganga á norðurhlið hennar. Eystri inngangurinn hefur verið á timburpili sem lokaði af hólf A sem snýr norður-suður og er um 10 x 3 m að stærð. Vestari inngangurinn var um 1 m breitt gat í grjóthlaðinn norðurvegg vestara fjárhúshólfsins (hólf B) sem snýr einnig norður-suður, er um 5 x 4 m að stærð. Um 3 m breiður veggur skilur á milli hólfa á meðan útveggir þeirra eru um 2 m á breidd en hólf B stendur um 0,5 m hærra en hólf A. Gengið var inn í hlöðuna (hólf C) úr hólfi A um timburpil um 1 m V við NA horn hennar. Hólf C snýr austur-vestur og innanmál þess er 10 x 6 m en suðurveggur þess er mjög hruninn. Um 3 m breiður grjótveggur var á milli hólfs C og hólfs B á meðan útveggir hólfs C eru um 2 m á breidd. Engar grjóthlaðnar undirstöður fyrir garða eru sjáanlegar í hólfum A og B svo að í þeim hafa trúlega verið timburbyggðir garðar eða jötur. Samkvæmt Ólafi A. Jónssyni, heimildarmanni, voru hér beitarhús um tíma eftir að

hætt var að nota beitarhús 010 áður en núverandi fjárhús voru byggð heima við bæ.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920



Beitarhúsatóft RA-379:004, sjá einnig túnakort, horft til SV á ljósmynd

RA-379:005 heimild um útihús

63° 56.516N 20° 32.254V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var útihús um 70 m suðaustan við bæ 001. Þetta svæði er rúmlega 60 m VSV við núverandi íbúðarhús á Herríðarhóli. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-379:006 heimild um útihús

63° 56.488N 20° 32.236V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var útihús um 110 m SSA við bæ 001. Þetta svæði er rúmlega 80 m SSV við núverandi íbúðarhús á Herríðarhóli. Á þessu svæði er ávalur hóll í sléttuðu túni. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-379:007 heimild um vað

63° 56.714N 20° 32.086V

"Í miðri mýrinni [Brunnmýri 022] er lítill rimi, sem heitir Vaðrimi, og dregur hann nafn af vaði á litlum Læk, sem rennur úr vatninu og í Þjórsá." segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt Ólafi Arnari Jónssyni, heimildarmanni, var vaðið á læknum um 400 m norðaustan við bæ 001 og um 360 m NNA við núverandi íbúðarhús á Herríðarhóli. Á þessu svæði rennur lækurinn um þýft graslendi sem nýtt er sem hagi fyrir hross. Lækurinn hefur trúlega verið dýpkaður með vélum þar sem að hann er í 2 m djúpum og um 2 m breiðum skurði. Lækurinn er um 0,3 m djúpur og 1,5-2 m breiður. Ekkert sést til gata til eða frá læknum. Um vaðið var farið á hestum þegar ferðast var á milli Herríðarhóls og Gíslholts (sjá leið 032).

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Herríðarhóll, 1

RA-379:008 Stöðull örnefni kvíar

63° 56.536N 20° 32.180V

"Austan við bæinn er holt, sem heitir Stöðull [...]" segir í örnefnalýsingu. Ólafur Arnar Jónsson, heimildarmaður, kannast ekki við örnefnið en telur að átt sé við holtið sem núverandi íbúðarhús stendur á sem er um 115 m austan við bæ 001 en ekki er vitað hvar kvíar kunna að hafa staðið og ummerki um þær löngu horfnar. Á holtinu eru sléttuð tún, íbúðarhús og útihús. Ekkert sést til fornleifa á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Ö-Herríðarhóll, 1

RA-379:009 tóft beitarhús

63° 56.107N 20° 33.818V

Tvískipt beitarhús er um 1,5 km VSV við bæ 001, um 190 m VSV við fjárskýli 011 og um 430 m vestan við vörslugarð 030. Tóftin er í þýfðum grasi- og mosagrónum móa með rofabörðum hér og þar. Samkvæmt Ólafi Arnari Jónssyni, heimildarmanni, var tóftin notuð sem sauðahús. Tóftin er tvískipt, um 12 x 9 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Trúlega hefur verið gengið inn í hólfin að norðvestan en erfitt er að segja til um það með vissu vegna rofabarða á suðausturenda tóftarinnar. Veggir hennar eru mjög signir og grasigrónir en þó glittir í hleðslugrjót hér og þar. Hólfin eru samsíða og snúa bæði eins og tóftin. Þau eru bæði um 8 x 2 m að innanmáli. Veggir tóftarinnar eru 1 - 2 m á breidd og 0,3 - 0,5 m á hæð. Veggirnir eru að mestu mosa- og grasigrónir en þó mjög rofnir vegna hrossabeitar, sérstaklega í suðausturenda tóftarinnar og í veggnum sem skilur að hólfin tvö. Engin hlaða eða heygarður eru sjáanleg á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna rofs




Beitarhúsatóft RA-379:009, ljósmynd tekin í SSA

RA-379:010 Stekkatúnsholt tóftir beitarhús

63° 56.027N 20° 32.128V

"Norður af Bratthólum er mýrarsund, sem heitir Nautamýri, og vestur af henni er Stekkatúnsholt, og eru þar fjárhús." segir í örnefnalýsingu. Fjórar tóftir eru um 950 m sunnan við bæ 001 og um 1,3 km norðaustan við Heiði RA-378:001. Tóftirnar eru á Stekkatúnsholti og er holtið grasigróið og frekar sléttlent. Rofabörð sjást á stöku stað. Tóftirnar eru fjórar og eru þær allar einfaldar (B, C og D) nema sú stærsta sem er fjórskipt (A). Tóft D er nyrst og er hún um 12 x 6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tæplega 1 m breiður inngangur er í tóftina á grjóthlaðinni norðvesturhlið hennar. Veggir tóftarinnar eru um 2 m á breidd og 0,6 - 1,2 m á hæð. Veggirnir eru vel grasigróinir svo aðeins glittir í grjóthleðslur hér og þar. Innanmál tóftarinnar er 7 x 2 m. Tóft A er um 7 m suðvestan við tóft D. Tóft A er um 22 x 15 m að stærð og snýr hún norðvestur-suðaustur. Inngangar inn í tóftina eru þrír og eru þeir allir í grjóthlöðnum veggjum á norðvestur-hlið hólfa II, III og IV. Inngangar inn í hólfa II og III eru um 1 m á breidd og inngangur hólfs IV er um 1,5 m á breidd. Veggir tóftarinnar eru 2 - 2,5 m á breidd, 1 - 1,6 m á hæð (allt að 8 umför) og eru veggir hólfs I hæstir. Gengið er inn í hólfa I úr hólfum II og III í gegn um tvennar dyr í grjóthlöðnum



Beitarhúsatóftir RA-379:010



Beitarhúsatóftir RA-379:010A-D, tóft A efst til vinstri (horft til suðurs), tóft B efst til hægri (horft til NNA), tóft C neðst til vinstri (horft til NNA) og tóft D neðst til hægri (horft til SSA)

veggnum sem eru um 1 m á breidd. Hólf I hefur trúlega verið hlaðan. Hólfið er um 6 x 5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf II og III hafa trúlega verið fjárhúsin. Hólfin eru samsíða og snúa þau bæði norðvestur-suðaustur. Hólf II er um 10 x 2 m að innanmáli. Hólf III er um 9 x 2 m að innanmáli. Hólf IV er fast norðaustan við hólfið I. Hólfið er mjög óskýrt en það snýr norðvestur-suðaustur og er um 8 x 3-4 m að innanmáli. Veggir þess eru mjög rofnir og eru ekki nema 0,2 - 0,8 m á hæð og 1 - 1,5 m á breidd. Hólfið hefur hugsanlega verið hrútakofi eða eitthvað slíkt. Um 10 m suðvestan við tóft A eru tóftir B og C hlið við hlið. Báðar tóftirnar snúa norður-suður, eru frekar óskýrar og vel grasigrónar. Mjög líklegt er að þær séu eldri en tóftir A og D. Tóftirnar eru torfhlaðnar en engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Veggir þeirra eru 1 - 1,5 m á breidd og 0,3 - 0,5 m á hæð. Tóft B er opin bæði til norðurs og suðurs. Hún er um 6 x 4 m að stærð en 6 x 1,5 m að innanmáli. Tóft C er um 4 x 3 m að stærð og er 1 m breitt op á norðurenda hennar. Austurveggur tóftar er um 2 m styttri en sá vestari en innanmál tóftarinnar er 2,5 x 1 m að stærð. Örnefnið Stekkatúnsholt gefur til kynna að stekkur hafi staðið á þessu svæði. Hugsanlegt er að tóftir B og C tengist eitthvað þessum stekk eða að tóftir A og D hafi verið byggðar ofan á hann eða á sama svæði en engar heimildir hafa fundist um slíkt. Samkvæmt Ólafi A.Jónssyni, heimildarmanni, voru beitarhúsin á Herru hér fyrst en voru svo færð yfir í tóft 004 svo um styttri vegalengd væri að fara áður en núverandi fjárhús voru loks byggð heima við bæ.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Ö-Herríðarhóll, 2

RA-379:011 *Borgarhólar* þúst fjárskýli 63° 56.173N 20° 33.627V

"Norðan við Krossholt er stór mýrarfláki, sem liggur norður undir Þjórsá og heitir Útmýri. Austast í henni eru grýttir hólar, Berghólar. Í henni miðri [eru] Borgarhólar, en austast og norðast í henni er nærri þornuð tjörn, sem heitir Leira [...]" segir í örnefnalýsingu. Á Borgarhólum eru tvö hugsanleg fjárskýli (011 og 012) sem hólarnir gætu hafa verið kenndir við. Annað þeirra er hringlaga þúst um 1,3 km VSV við bæ 001, um 200 m norðaustan við beitarhúsatóft 009 og um 210 m suðvestan við fjárskýli 012. Þústin er í þýfðum grasi- og mosagrónum móa. Þústin er einföld, hringlaga og um 18 m í þvermál. Hún er mjög þýfð og mörkuð af hesta- og kindastígum. Innanmál þústarinnar er 8 x 7 m. Brúnir/veggir þústarinnar eru 2 - 3 m á breidd og 0,4 - 0,6 m á hæð að innan en 0,6-1 m að utan. Enginn inngangur er greinanlegur og engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Hringlaga lögun þústarinnar ýtir undir þá kenningu að hér sé um fjárskýli að ræða. Ekki er þó hægt að gera alveg upp á milli mannvirkja 011 og 012 þar sem engar heimildir hafa fundist um nákvæmt hlutverk þeirra.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Herríðarhóll, 3



Þúst RA-379:011, hugsanlegt fjárskýli í Borgarhólum, ljósmynd tekin til austurs

RA-379:012 Borgarhólar tóft fjárskýli 63° 56.257N 20° 33.458V
 "Norðan við Krossholt er stór mýrarfláki, sem liggur norður undir Þjórsá og heitir Útmýri. Austast í henni eru grýttir hólar, Berghólar. Í henni miðri eru Borgarhólar, en austast og norðast í henni er nærri þornuð tjörn, sem heitir Leira [...]" segir í örnefnalýsingu. Á Borgarhólum eru tvö hugsanleg fjárskýli sem hólarnir gætu hafa verið kenndir við. Annað þeirra er þúst 011 en hið seinna er tóft um 1,1 km vestan við bæ 001 og um 210 m norðaustan við þúst 011. Tóftin er í þýfðum grasi- og mosagrónum móa. Tóftin er einföld og ógreinilega ferköntuð, um 9 x 8 m að stærð og snýr NNV-SSA. Enginn skýr inngangur er sjáanlegur og engar grjóthleðslur sjást í veggjum tóftar. Innanmál hennar er 4 x 2 m. Veggir hennar eru 2 - 3 m á breidd og 0,4 - 0,6 m á hæð. Þessi tóft er greinilegri og meira ferköntuð en þúst 011 svo hún er ekki alveg jafn líkleg til að vera fjárskýlið sem hólarnir eru nefndir eftir en ekki er hægt að gera alveg upp á milli mannvirkjanna þar sem engar heimildir hafa fundist um nákvæmt hlutverk þeirra. Hér gæti einnig verið um lítið fjárhús eða hrútakofa að ræða.

Hættumat: engin hætta



Tóft RA-379:012. hugsanlegt fjárskýli í Borgarhólum. ljósmynd tekin til suðvesturs

RA-379:013 Vörðuás örnefni óþekkt

63° 56.172N 20° 32.037V

"Vestan við Vörðuás eru Borgarhólar [011], [...]" segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt Ólafi Arnari Jónssyni er Vörðuás um 700 m sunnan við bæ 001, um 280 m norðaustan við beitarhúsatóftir 010 og um 30 m NNA við beitarhúsatóft 017. Ásinn er að mestu grasi- og mosagróinn en út úr ásnum norðanverðum stendur lágur klettur. Ekkert sést til fornleifa á ásnum. Hugsanlegt er að sjálfur kletturinn hafi þjónað sem varða en einnig er hugsanlegt að varða hafi verið byggð ofan á brún hans. Þar er í dag ein þunn röð af flötu grjóti og neðan við klettinn er dreif af flötu grjóti sem hugsanlega gæti verið úr vörðu en heimildarmaður kannast ekki við að varða hafi staðið á ásnum í hans tíð.

Hættumat: engin hætta**Heimildir:** Ö-Herriðarhóll, 4**RA-379:014** Fornmannagarður

garðlag

landamerki

63° 55.989N

20° 30.668V

"[...] Fornmannagarður efst á landamærum Herriðarhóls og Sumarliðabæjar." segir í Eyktamörk og örnefni Efri-Sumarliðabæjar.

Torfhlaðinn landamerkjagarður er um 1,6 km suðaustan við bæ 001 og um 450 m norðaustan við Ferðamannalág RA-378:015. Garðlagið liggur um þýfðan móa gróinn aðallega víði, mosa og berjalyngi. Garðlagið er torfhlaðið, um 2 m á breidd, 0.8 - 1,4 m á hæð og alls um 1100 m á lengd. Girðing er á öllum garðinum sem er mjög skýr og standa hleðslur hans grónar. Í suðaustri liggur garðlagið um landamerki Gíslholts í Rangárþingi ytra og Efri-Sumarliðabæjar RA-408:001 (sjá einnig Fornmannagarð RA-408:044). Í norðvestri endar garðlagið við Gíslholtsvatn. Frá vatninu liggur garðlagið í SSV um 420 m þar sem það beygir í ASA. Þaðan liggur það um 130 m áður en það beygir aftur í suðaustur og liggur um 520 m að landamerkjum Gíslholts og Efri-Sumarliðabæjar. Þar breytist númer þess í RA-408:044 þar sem það liggur út af landi Herru og yfir í land Efri-Sumarliðabæjar.



Garðlag RA-379:014, horft til ASA

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Eyktamörk og örnefni Efri-Sumarliðabæjar, 425-426

RA-379:015 mannvirki óþekkt
Samkvæmt loftmynd eru hugsanleg mannvirki undir sverði um 150 m VNV við garðlag 014, 20 - 30 m SSV við strönd Gíslholtsvatns og um 1,8 km suðaustan við bæ 001. Svæðið er í lítilli fallegri vík sem gróin er háu grasi, víði og fífum. Ekkert sést til tófta á yfirborði en ekki er ólíklegt að fornleifar finnist undir sverði á þessu 50 x 50 m stóra svæði.

Hættumat: engin hætta

63° 56.187N 20° 30.881V



Vík RA-379:015, horft til ASA

RA-379:016 gata leið
Gata er um 570 m norðvestan við landamerkjagarð 014 og um 890 m suðaustan við bæ 001. Gatan liggur um þýfðan mosa- og grasigróinn móa. Gatan er 0,6 - 1,2 m á dýpt, um 0,4 m á breidd og liggur VNV-ASA meðfram Grenjabrún um 380 m vegalengd. Í VNV hverfur gatan í sléttað tún en í ASA liggur hún niður af brúninni niður í vík 015 en hverfur þar í þúfur. Gæti hugsanlega verið gömul leið heim að Herriðarhóli frá bæjunum í kring austan og suðaustan við Gíslholtsvatn en gæti einnig verið aðeins nýlegur hestastígur.

Hættumat: engin hætta

63° 56.271N 20° 31.406V




Leið RA-379:016, horft til ASA

RA-379:017 tóft beitarhús
Tvískipt tóft er um 740 m SSA við bæ 001, um 1,5 km norðaustan við Heiði RA-378:001 og 10-20 m suðaustan við veg 284 sem liggur framhjá Herriðarhóli 001 norður fyrir Gíslholtsvatn yfir í Gíslholt í Rangárþingi ytra. Tóftin er í þýfðum grasigrónum móa. Tóftin er tvískipt og vel grasigróin, um 12 x 8 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir hennar eru ógreinilegir, 1 - 1,5 m á breidd og 0,4 - 1 m á hæð. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar nema í syðri útvegg hólfs B. Hólf A er um 9 x 2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Gengið hefur verið inn í tóftina um timburþil á suðurenda tóftar. Hólf B er fast austan við hólfs A, er um 4 x 2 m að innanmáli og snýr einnig norður-suður. Enginn inngangur er sjáanlegur inn í hólfið. Hugsanleg undirstaða garða er í miðju hólfinu en engar grjóthleðslur eru þar sjáanlegar. Tóftin hefur hugsanlega verið beitarhús en einnig er hugsanlegt að hér sé um leifar af stekk að ræða þar sem tóftin er aðeins um 240 m NNA við beitarhús 010 á Stekkatúnsholti.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

63° 56.154N 20° 32.041V



Beitarhúsatóft RA-379:017, ljósmynd tekin í norðaustur

RA-379:018 brunnur vatnsból
Samkvæmt Ólafi Arnari Jónssyni, heimildarmanni, var brunnur um 20 m VSV við bæ 001 og um 50 m sunnan við Herriðarhól 028. Brunnurinn var í suðvesturhorni bæjarhóls í grasigrónu sléttlendi sem nýtt er sem hrossahagi. Enn sést í brunninn VSV við bæ. Samkvæmt Ólafi Arnari Jónssyni var fyrst lítill torfkofi yfir brunninum og var hann þá aðeins djúp grafin hola sem vatn safnaðist fyrir í. Seinna var kofinn rifinn og svo steipt utan um brunninn og var einnig steipt plata til að hafa ofan á honum. Brunnurinn var um 2 x 1 m að stærð eftir að steipt var utan um hann og snéri hann VNV-ASA. Fyllt var upp í brunninn árið 2006 vegna fallhættu.

63° 56.525N 20° 32.346V



Brunnur RA-379:018, horft til VSV

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-379:019 heimild um kálgarð

63° 56.523N 20° 32.323V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var kálgarður fast sunnan við bæ og um 60 m SSA við Herriðarhól 028. Svæðið er sléttuð graslendi sem nýtt er sem hrossahagi. Ekkert sést til kálgarðs.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-379:020 frásögn draugur

63° 56.027N 20° 32.128V

Til er gömul frásögn af ungum dreng sem varð úti við beitarhúsin á Herriðarhóli 010. Óljóst er hvort honum var úthýst eða hvort hann komst aldrei á leiðarenda en samkvæmt Ólafi Arnari Jónssyni, heimildarmanni, flutti draugurinn sig á milli beitarhúsa eftir því sem þau voru færð nær bænum (fyrst hús 010, svo hús 004 og loks í núverandi fjárhús). Samkvæmt húsfreyjunni á bænum, Renate Hanneman, sést til hans við og við í núverandi fjárhúsum Herriðarhóls heima á hlaði.

Hættumat: engin hætt

RA-379:021 náma mógrafir

63° 56.752N 20° 32.481V

"Riminn norðan við túnið heitir Torfrimi." segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt Ólafi Arnari Jónssyni, heimildarmanni, var torfrista og mótekja norðvestan við rimann en ekki á rimanum sjálfum. Torfrimi er um 430 m norðan við bæ 001 og um 115 m vestan við VNV-enda landamerkjagard 027. Svæðið er þýft deigt graslendi gróið mosa- og háu grasi. Svæðið er um 200 x 100 m að stærð og snýr VNV-ASA. Margar ferkantaðar gryfjur sem eru 0,4 - 0,6 m djúpar og flestar um 4-6x4-6 m að stærð sjást á svæðinu en þó eru einnig örfáar stærri en það hér og þar.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Herriðarhóll, 1

RA-379:022 *Brunnmýri* heimild um brunn

63° 56.606N 20° 32.102V

"Riminn norðan við túnið heitir Torfrimi [021]. Austan við hann er mýrarsund, sem heitir Brunnmýri, [...]." segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt Ólafi Arnari Jónssyni, heimildarmanni, var brunnur um 230 m ANA við bæ 001 og um 170 m NNA við núverandi íbúðarhús á Herriðarhóli. Á þessu svæði er skurður sem liggur austur-vestur og meðfram honum norðanverðum er vegslóði og sléttað tún. Búið er að fylla upp í brunninn svo ekkert sést til hans.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Herriðarhóll, 1

RA-379:023 *Grenjabrún* huldufólksbústaður

63° 56.271N 20° 31.519V

"Austan við bæinn er holt, sem heitir Stöðull [008], en austan við það mýri, nefnd Grenjabrúnarmýri, en austan við hana er holt, sem liggur að vatninu og heitir Grenjabrún. Í því er allmikið blágrýti." Grenjabrún er um 810 m suðaustan við bæ 001, um 20 m suðaustan við Gíslholtsvatn og um 670 m ANA við beitarhúsatóftir 010. Telja ábúendur á Herriðarhóli að í brúninni sé huldufólksbústaður en engar aðrar heimildir hafa fundist um slíkt. Grenjabrún er brött norðurbrekka grasi- og mosagróins stórgrýtt holt sem er fast sunnan við Gíslholtsvatn. Nýlega var stór berghella fjarlægð úr brúninni til að hafa til skrauts heima við bæ. Hellan er um 1,5 m á lengd, um 1 m á breidd og um 0,2 m á hæð. Hún er óreglulega tígullaga og líkist helst fallegum legsteini. Stuttu eftir það fóru óvenjulegir hlutir að gerast heima á bæ. Þar á meðal hálsbrotnaði hross án sjáanlegrar skýringar í bás sínum um miðja nótt. Leituðu Ólafur Arnar Jónsson, heimildarmaður, og Renate, kona hans, ráða miðils og var þeim gert að skila hellunni á sinn stað án tafar vegna óánægju manns í Grenjabrún sem vildi frá útídyrahurðina sína aftur. Hellunni var strax skilað á sinn stað og batnaði ástandið fljótlega eftir það.

Hættumat: engin hætt



Grenjabrún RA-379:023 og steinhellan umrædda, horft til austurs

RA-379:024 öskuhaugur

63° 56.531N 20° 32.341V

Samkvæmt Ólafi Arnari Jónssyni var öskuhaugur um 5 m vestan við bæ 001 meðan gamli bærinn var í notkun. Á þessu svæði er slétt graslandi sem nýtt er sem hrossahagi. Ekkert sést til öskuhaugs þar sem búið er að slétta yfir hann en leifar hans ættu að finnast undir yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


RA-379:025 tóft heystæði

63° 56.259N 20° 33.029V

Einföld tóft er um 350 m ASA við tóft 012 og um 770 m VSV við bæ 001. Þessi tóft hefur einnig verið skráð í deiliskráningu frá árinu 2001 (tóft 16) sem framkvæmd var af Bjarna F. Einarssyni vegna mats á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar. Tóftin er í brekku sem hallar um 15° í austur sem er smápýfð og gróin mosa og háu grasi. Í skráningu Bjarna F. Einarssonar segir: "Neðarlega í holti, niður undir mýri." Tóftin er einföld, um 12 x 11 m að stærð og snýr austur-vestur. Innanmál tóftarinnar er um 6 x 5 m. Enginn sjáanlegur inngangur er í tóftina en veggir hennar eru grasi- og mosagrónir, um 2 m á breidd og 0,4 - 0,8 m á hæð. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar og eru veggir tóftarinnar þýfðir og rofnir hér og þar vegna kinda- og hestagata. Ekki er vitað nákvæmlega hvaða tilgangi þessi tóft hefur þjónað en mjög líklega er hér um gamalt heystæði að ræða.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar 2001, viðauki



Tóft RA-379:025, mjög líklega heygarður, ljósmynd tekin í austur

RA-379:026 frásögn þvottastaður

63° 56.711N 20° 32.070V

Samkvæmt Ólafi Arnari Jónssyni, heimildarmanni, var áður þveginn þvottur um 400 m norðaustan við bæ 001 og um 360 m NNA við núverandi íbúðarhús á Herriðarhóli rétt neðan við vað 007 í læk sem rann úr Gíslholtsvatni í Þjórsá. Á þessu svæði rennur lækurinn um þýft graslandi sem nýtt er sem hagi fyrir hross. Lækurinn hefur trúlega verið dýpkaður á þessu svæði með vélum þar sem að hann er í 2 m djúpum og um 2 m breiðum skurði. Lækurinn er um 0,3 m djúpur og 1,5-2 m breiður. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta

RA-379:027 garðlag landamerki

63° 56.753N 20° 32.257V

Stuttur landamerkjagarður er um 420 m norðaustan við bæ 001 og um 70 m norðvestan við vað 007 á landamerkjum Herriðarhóls 001 og Gíslholts í Rangárþingi ytra. Garðlagið er í norðurbrún sléttaðs túns. Garðlagið er torfhlaðið, um 160 m á lengd, um 2 m á breidd og um 0,8 m á hæð. Garðlagið liggur VNV-ASA og er girðing ofan á garðlaginu endilöngu. Garðlagið endar í báða enda í skurðum sem grafnir hafa verið til ræstingar mýra og mörkunar landamerkja.



Garðlag RA-379:027, horft til ASA

Hættumat: hætta, vegna rasks

RA-379:028 tóftir óþekkt

63° 56.295N 20° 33.064V

Bjarni F. Einarsson vann árið 2001 mat á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar og skráði þá tóft á Herriðarhóli. Samkvæmt skýrslu er staðsetning tófta 17 "Ca. 80 m N af gerði (fornleifum nr. 16) [sjá 025]." Þessar tóftir eru um 750 m suðvestan við bæ 001 og um 330 m ANA við fjárskýli 012 en þær fundust ekki við skráningu 2007. Í skýrslunni segir: "Neðarlega í holti niður undir mýri." Lýsing Bjarna F. Einarssonar hljómar svo: "1) Rúst. 10 x 17 m (A - V). Veggir úr torfi (og grjóti?), 0,3 - 0,4 m háir. Breidd þeirra ekki greinanleg og heldur ekki

nákvæmara form á rústinni. Hún er vel gróin og afar þýfð. Hugsanlega eru eldri minjar undir þeim sem sýnilegar eru. Ca. 10 m NA af rúst 1) er rúst 2). 2) Rúst. 6 x 14 m (NA - SV). Veggir úr torfi (og grjóti?), 0,2 - 0,4 m breiðir. Breidd þeirra ekki greinanleg og heldur ekki nákvæmara form rústarinnar. Í kringum rústina gætu leynst eldri veggjabrot (rústir). Garður eða veggir virðast tengja rústirnar saman, eða að á mill[i] þeirra leynist rúst?"

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkunar 2001, viðauki

RA-379:029 gata leið

63° 56.166N 20° 33.664V

Greinileg gata er um 1,4 km vestan við bæ (001), 3 - 5 m norðvestan við fjárskýli 011 og 012 og fast suðaustan við beitarhúsatóft 009. Gatan liggur um grasi- og mosagróinn þýfðan móa. Gatan er 0,3 - 0,6 m á breidd og 0,4 - 1 m á dýpt. Gatan liggur VSV-ANA um Borgarhóla milli fornleifa 012, 011 og 009. Hægt er að rekja götuna um 780 m leið. Gatan kemur í ljós í suðvesturenda Borgarholts við beitarhúsatóftir 009 þar sem Borgarholt rís upp úr mýrinni en ekki er hægt að rekja götuna lengra út í mýrina í suðvestur. Gatan liggur svo í norðaustur Borgarholtið þvert og endilangt og út í mýri norðaustan við það. Hægt er að rekja ógreinilega götu um 300 m leið eftir að komið er niður af holtinu en svo hverfur hún í mýri við framræsluskurð um 700 m VSV við bæ. Hér er líklegast um að ræða götu sem gengin var á leið í beitarhús 009 og fjárskýli 011 og 012 frá Herríðarhóli 001 en þó er einnig mögulegt að þetta sé aðeins skepnustígur.



Leið RA-379:029, horft til norðausturs

Hættumat: engin hætta

RA-379:030 garðlag vörslugarður
Hugsanlegur vörslugarður er um 90 m ANA við fjárskýli 012 og um 970 m vestan við bæ 001. Þetta garðlag hefur einnig verið skráð í deiliskráningu frá árinu 2001 (garðlag 18) sem framkvæmd var af Bjarna F. Einarssyni vegna mats á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar. Garðlagið liggur um þýfðan grasi- og mosagróinn móa. Í skýrslu Bjarna F. Einarssonar segir: Liggur frá Þjórsá, vestanmegin við sundið og inn eftir því." Lýsing Bjarna F. Einarssonar hljómar svo: "Garður. Liggur frá Þjórsá inn eftir Sundinu, beygir svo trúlega til austurs yfir Sundið og svo aftur til norðurs í átt að Þjórsá. Þannig hefur garður þessi girt

63° 56.292N 20° 33.377V



Garðlag RA-379:030, horft til norðurs

af nær alla mýrina. Hann er úr torfi (þar sem skoðað var í sár), ca. 1,5 m breiður og 0,1 - 0,8 m hár (þar sem hann var skoðaður. Garðurinn mjókkar í toppinn." Garðlagið er torfhlaðið og liggur norður-suður í vesturhlíðum deigs mýrarsunds en er rofið hér og þar vegna hesta- og kindastíga og skurða. Garðlagið er um 2 m á breidd, um 0,5 m á hæð og um 1020 m á lengd. Í norðri endar garðlagið snögglega í rofabarði en í suðri hverfur það smátt og smátt í þúfur. Hlutverk garðlagsins er óljóst en hefur trúlega verið einhverskonar vörslugarður hugsanlega gegn ágangi búpenings. Ekkert garðlag fannst í sundinu sunnanverðu en hugsanlegt er að leifar af garðlagi finnist austan við það en um það svæði var ekki gengið við skráningu 2007.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar 2001, viðauki

RA-379:031 garðlag áveita

63° 56.212N 20° 32.829V

Árið 2001 vann Bjarni F. Einarsson deiliskráningu vegna mats á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar. Þá skráði hann þrjú garðlög í landi Herriðarhóls sem hér eru nefnd 031A, 031B og 031C (garðlög 15 í skýrslu B.F.E.). Garðlag A er um 720 m suðvestan við bæ 001 og um 530 m ASA við fjárskýli 012. Garðlag B er um 890 m SSV við bæ 001, um 620 m suðaustan við fjárskýli 012 og um 220 m sunnan við garðlag A. Garðlag C er svo um 1,13 km SSV við bæ 001, um 840 m suðaustan við fjárskýli 012 og um 290 m sunnan við garðlag B. Í skýrslunni segir: "Neðst í Sundinu, í mýri." Lýsing Bjarna F. Einarssonar hljómar svo: "1) Einn garðurinn liggur ca. 10 m VSV af lauginni (fornleifar nr. 14) [ekki skráð sem fornleif hér]. Heldur hann til austurs nokkra tugi metra, en beygir svo til V og liggur þvert yfir alla mýrina, dálítið á ská, og að brekkurótum hæðarinnar handan hennar. Hve langt hann kann að ná til austurs frá lauginni var ekki kannað sérstaklega, en það er varla mjög langt. 2) Utar eða norðnorðaustar í mýrinni, ca. 200 m, er annar svipaður garður, sem nær frá hæðinni vetan við mýrina. Þessi garður nær yfir rúmlega hálfa mýrina. 3) Þriðji garðurinn er svo enn utar, ca. 150 m frá síðastnefnda garðinum. Hann liggur meira á ská en hinir garðarnir og nær yfir rúmlega hálfa mýrina. Hlutverk þessara garða hlýtur að tengjast einhverjum áveituframkvæmdum." Öll garðlögin eru í deigri mýri í sundi milli Borgarholts og holtsins þar sem bærinn stendur á svæði sem er um 600 x 500 m að stærð og liggja þeir allir gróflega norðaustur-suðvestur. Þessi garðlög voru ekki skráð við vettvangsvinnu 2007.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar 2001, viðauki

RA-379:032 frásögn leið

63° 56.714N 20° 32.086V

Samkvæmt Ólafi Arnari Jónssyni, heimildarmanni, var gata frá Herriðarhóli 001 yfir vað 007 á leið í Gíslholt í Rangárþingi ytra. Búið er að slétta meirihluta landsins norðvestan við Herriðarhól í tún. Ekkert sést til gata.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-408 Sumarliðabær


20 hdr 1708: "Sumarliðabær. Tveir bærir aðskildir fyrir 6 árum. [...] Túnum og engjum er hjer skift." JÁM I, 343-344. 1504: 13 hundruð í jörðinni seld Ásgauti Ögmundssyni. DI VII, 715. Í Landnámabók segir: "Herjólfur hét enn fimmti son Hængs, faðir Sumarliða, foður Vetrliða skálds; þeir bjoggu í Sumarliðabæ; þar heitir nú undir Brekkum." Í Jarðabréfum frá 16. september 1670 er einnig minnst á Sumarliðabæ í tengslum við skiptingu fasteigna, Jarðabréf frá 16. og 17.öld, 167. Í Sunnlenskum byggðum V segir: "Hér hófst tvíbýli árið 1703. [...] Hún [jörðin] er meðaljörð að stærð, þurrlendi og mýrlendi nokkuð að jöfnu. Landþurrkun er hér veruleg sem annarsstaðar og landareignin að mestu varin með skurðum og girðingum." SB V, 369-370. 1920: Tún 5,4 ha, sléttað 2 ha, garðar 1700 m².

Efri- og Neðri-Sumarliðabær

Stærð túna: 5,4 ha

Þar af sléttað: 2,0 ha

Stærð matjurtagarða: 1700 m²



Túnakort frá árinu 1920 af túnum Efri- og Neðri-Sumarliðabæjar

RA-408:001 Sumarliðabær (Efri) bæjarhóll bústaður 63° 54.226N 20° 30.601V Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var jörð Sumarliðabæjar skipt í tvennt (001/002 og 006) árið 1702. Í Sunnlenskum byggðum segir: "Hér hófst tvíbýli árið 1703." Ártalið hefur trúlega eitthvað skulast til í SB V hér að ofan en með vissu má segja að Sumarliðabæ hefur verið skipt upp skömmu eftir aldamótin 1700. Í Sunnlenskum byggðum segir einnig: "Byggðin stendur sunnan undir hæðarbrún skammt ofan við Steinslæk, neðan við svonefndan Bjalla, og lifnar jörð óvíða í Holtum fyrr að vori." Samkvæmt Henry Þ. Henryssyni, heimildarmanni, var eldri bærinn um 25 m norðaustan við bæjartóft 002. Á þessu svæði er þéttur lundur af barrtrjám fast vestan við bæjargilið. Samkvæmt Henry Þ. Henryssyni, heimildarmanni, hrundi bærinn í jarðskjálfta í kring um 1895. Ekkert sést til eldri bæjar og enginn bæjarhóll er greinanlegur. Bærinn stóð á austurbrún gilsins sem skilur á milli Efri- og Neðri-Sumarliðabæjar og snéru útidyr bæjarins til suðausturs. Lundi af barrtrjám hefur verið plantað á svæðinu þar sem bæjarhóllinn var áður sem setur allar þær fornleifar sem finnast á svæðinu í hættu vegna rótavaxtar. Ekkert hefur annars verið hreyft við þessu svæði svo heimildarmaður viti til.

Hættumat: stórhætta, vegna skógræktar

Heimildir: JÁM I, 343; SB V, 369

RA-408:002 *Sumarliðabær (Efri)* tóft bústaður 63° 54.216N 20° 30.615V

Í örnefnaskrá segir: "Bærinn stendur undir hæð við Steinslæk, og er hann í mörkum að sunnan, en Mjóilækur að austan. Hæðin fyrir ofan bæinn heitir Bjalli, [...]." Í Eyktamörkum og örnefnum Efri-Sumarliðabæjar segir: "Norðan við bæinn er heygarðurinn. Þar voru heyin [...]." Í Sunnlenskum byggðum segir: "Hér hófst tvíbýli árið 1703. Byggðin stendur sunnan undir hæðarbrún skammt ofan við Steinslæk, neðan við svonefndan Bjalla, og lifnar jörð óvíða í Holtum fyrr að vori." Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns voru bæirnir aðskildir frá 1702. Ártalið hefur trúlega eitthvað




Bæjarhóll Sumarliðabæjar (Efri)
RA-408:002, horft til NNA

skolast til í SB V hér að ofan en með vissu má segja að Sumarliðabæ hefur verið skipt upp skömmu eftir aldamótin 1700. "Fjósið stóð vestast í bæjarröndinni, frá því lá stígur út að bergvatnslind [024], sem aldrei þraut og kemur undan smá klettabrún þar fyrir ofan." segir í Eyktamörk og örnefni Efri-Sumarliðabæjar. Tóft gamla bæjarins í Efri-Sumarliðabæ er um 80 m ANA við núverandi íbúðarhús, um 2,6 km austan við Efri-Hamra (RA-369:001), 4-10 m frá vesturbrún gilsins sem aðskilur Efri- og Neðri-Sumarliðabæ og um 20 m sunnan við Bjallann. Tóftirnar eru í fallegum trjálundi fast sunnan undir Bjallanum í grasigróinni brekku á vesturbrún Bæjargils. Samkvæmt Henry Þ. Henryssyni, heimildarmanni, var gamli bærinn 002 byggður um 1896 eftir að eldri bærinn 001 hrinur í jarðskjálfta. Bærinn var hlaðinn úr torfi og grjóti með viðarþil að sunnanverðu og bárujárnsþak. Engar leifar þakanna sjást í dag því á 20. öld var bærinn brenndur og rifinn vegna slysaþættu. Bæjartóftin er um 45 x 9-16 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir tóftanna eru 1 - 2 m á breidd og 1,5 - 2 m á hæð (4-7 umför). Grjóthlaðin um 1 m breidd stétt var fast sunnan við bæjardyrnar eftir bænum þverum og endilöngum og hefur heimildarmaður endurhlaðið hana einu sinni. Viðarstigi liggur upp á bæjarhól milli fjóss og smiðju upp á hólinn. Bæjartóftin er mjög grasigróin og einnig vex mikið af hvönn á henni. Hlaðin tröð 031 var áður austan við bæinn upp á bæjarhólinn norður fyrir bæ og upp í land. Fjósið (A) var vestast í bæjarröðinni og var það um 14 x 4-6 m að innanmáli. Hólfið snýr norður-suður og eru steinsteyptir flórar enn sjáanlegir í suðurhluta þess. Trúlega hafa þar komist fyrir 10-15 kýr en innst í fjósinu stendur nú (2007) stór gámur. Á steinsteyptri stétt sem er um 5 x 3 m að stærð, fast sunnan (framan) við fjósið, var áður viðarbyggður kamar. Um 6 m austan við fjósið var smiðjan (B). Smiðjan var um 2 x 6 m að innanmáli og snéri norður-suður. Um 3 m austan við smiðjuna var skemma (C) sem var jafn stór. Baðstofa (E), eldhús (D) og stofa (F) voru um 3 m austan við skemmuna en þar er nú aðeins eitt stórt hólf sem er um 8 x 5-7 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Um 3 m langur og 1 m breiður hluti eystri baðstofuveggjar stendur ennþá en hann er mjög lágur og grasigróinn. Eldhúsið var norðan við baðstofuna í skoti sem er um 3 x 3 m að stærð. Um 1 m breidd göng (G) lágu frá hlaðinu austan og norðan við stofuna austan við baðstofuna inn í eldhúsið. Ekkert sést af þessum göngum. Við norðurenda ganganna við norðausturhorn stofu var eldiviðargeymsla (I) en ekkert sést til hennar nú (2007). Austan við göngin var hlóðareldhús (H). Gengið var inn úr göngunum um 1 m breiddan og 2 m langan inngang á vesturvegg hlóðaeildhússins. Eldhúsið var um 4 x 2 m að innanmáli og snéri norður-suður. Eins metra breiður gluggi var á austurvegg þess upp við suðausturhorn hólfins. Hér endar bæjarhústóftin en austan við eldhúsið utan á vegg hennar var svo upphlaðna tröðin 031 sem

minnst var á hér að ofan. Þar glittir ennþá í grjóthleðslur niðri við jörð. Er ofar (um 8 m norðar) kemur á hólinn breytast hleðslurnar í um 2 m breiðan og 0,5-1 m háan vegg sem er um 8 m langur og snýr norður-suður. Um 2 m breitt bil er í garðinn um 12 m austan við norðausturhorn heygarðs J en svo heldur hann áfram um 12 m í NNA alveg upp að Bjallanum. Heygarður J er 3 - 5 m norðan (ofan) við skemmu, baðstofu/eldhús og stofu. Heygarður hefur verið grafinn niður í grasigróinn bæjarhólinn. Hann er gryfja sem er um 11 x 6 m að stærð, 1 - 1,4 m á dýpt og snýr austur-vestur. Gryfjan er gróin háu grasi og hvönn svo ekki sést hvort hliðar hennar eru hlaðnar eða bara moldarbörð. Mörg tré hafa verið gróðursett á bæjartóftinni sérstaklega umhverfis fjósið og ofan við stofuna og hlóðaeldhúsið sem setur tóftina í stórhættu vegna rótarvaxtar en annars er tóftin enn í mjög góðu ástandi.

Hættumat: stórhætta, vegna skógræktar

Heimildir: Ö-Efri-Sumarliðabær, 1; Túnakort 1920; SB V, 369; JÁM I, 343; Þykkuskinna I, 78; Eyktamörk og örnefni Efri-Sumarliðabæjar, 425



Bæjarhóll Efri-Sumarliðabæjar RA-408:002

RA-408:003 þúst útihús

63° 54.207N 20° 30.477V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var útihús frá Neðri-Sumarliðabæ 006 um 50 m austan við bæinn og um 120 m ASA við Efri-Sumarliðabæ 002. Á þessu svæði er mjög grasigróinn hóll. Útihúsið var horfið um 1940 en þá voru trjágarðar á svæðinu í tíð Henry Þ. Henryssonar, heimildarmanns. Hóllinn er 1-2,5 m á hæð, um 15 x 12 m að stærð og snýr norður-suður. Ekkert sést til fornleifa en ekki er ólíklegt að leifar útihúss finnist undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-408:004 tóft hesthús


63° 54.263N 20° 30.488V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var útihús frá Neðri-Sumarliðabæ 006 á svæði 80-100 m NNA við bæinn. Á þessu svæði er hesthústóft um 2 m norðan við tóft 005, um 100 m NNA við Neðri-Sumarliðabæ og um 135 m ANA við Efri-Sumarliðabæ 002. Á þessu svæði er sléttður grasigróinn bali. Helmingur tóftar er horfin vegna vegslóða sem liggur upp á túnin á

Bjallanum frá Efri-Sumarliðabæ 006. Suðurveggur tóftar er alveg horfinn ásamt hluta austurveggjar. Norðausturhorn tóftarinnar sem enn stendur er rofið vegna kúabeitar. Tóftin hefur verið um 10 x 6-7 m að stærð og snúið austur-vestur. Veggir hennar eru hlaðnir úr torfi og grjóti, eru um 2 m breiðir og 0,5-1,2 m á hæð (4-6 umför). Innanmál tóftarinnar hefur verið um 6 x 2-3 m. Gegnið hefur verið inn að vestanverðu. Hér hefur samkvæmt Henry Þ. Henryssyni, heimildarmanni, trúlega verið hesthús. Ekki er alveg víst að hér sé um að ræða sama hús og stóð árið 1920 en hesthúsið hefur sannarlega verið reist á svipuðu svæði. Ekkert sést til eldri fornleifa.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920



Hesthús 004 og fjárhús 005 frá Neðri-Sumarliðabæ, ljósmynd sýnir hesthús 004, horft til norðvesturs

RA-408:005 tóft fjárhús

63° 54.258N 20° 30.490V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var útihús frá Neðri-Sumarliðabæ 006 á svæði 80-100 m NNA við bæinn. Tvískipt tóft er á þessu svæði um 100 m norðaustan við Neðri-Sumarliðabæ 006 og um 130 m ANA við Efri-Sumarliðabæ 002 á brún Bjallans norðan (ofan) við bæ. Á þessu svæði er grasgróinn sléttur bali. Tóftin er tvískipt, um 18 x 8 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er hlaðin úr grjóti og torfi og veggir hennar eru um 2 m á breidd og 1-2 m á hæð (8-12 umför). Hólf A er austan við hólf B. Hólf A er um 0,4 m dýpra en hólf B og hefur hér trúlega verið hlaða. Hólfið er um 6 x 3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Gengið hefur verið inn að vestan um timburpil. Bárújárn úr þaki tóftarinnar er ennþá í botni hlöðu. Hólf B er sjálft fjárhúsið. Það er um 8 x 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Gengið hefur verið inn á miðri vesturhlið og norðurhlið við norðausturhorn hólfins um innganga sem eru um 1 m á breidd. Hér hefur samkvæmt Henry Þ. Henryssyni, heimildarmanni, trúlega verið fjárhús. Hvorki sjást



Fjárhús RA-408:005, horft til VSV

undirstöður garða eða ummerki um jötur í tóftinni. Ekki er alveg víst að hér sé um að ræða sama hús og stóð árið 1920 en fjárhúsið hefur sannarlega verið reist á svipuðu svæði. Ekkert sést til eldri fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-408:006 *Neðri-Sumarliðabær* bæjarhóll bústaður 63° 54.205N 20° 30.535V

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnúsonar og Páls Vídalíns voru tveir aðskildir bæir (001/002 og 006) frá 1702. Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var Neðri-Sumarliðabær um 70 m suðaustan við Efri-Sumarliðabæ 002 og um 2,6 km ASA við íbúðarhúsið á Efri-Hömrum RA-369:001. Á þessu svæði er aðeins hálfgróinn sléttaður malarbali fast austan við bæjargilið og fast sunnan við Bjallann. Nú (2007) sést aðeins bæjarhóllinn sunnan og neðan við Bjallann fast austan við gilið sem skilur að Neðri- og Efri-Sumarliðabæ. Hóllinn er aflangur illa gróinn malar- og moldarhaugur, um 40 x 20 m að stærð, 1-2 m á hæð og snýr austur-vestur. Samkvæmt Henry Þ. Henryssyni, heimildarmanni, var síðasta íbúðarhúsið á Neðri-Sumarliðabæ timburhús með kjallara en heimildarmaður kannaðist ekkert við byggingu eldri bæja. Í síðustu bæjarröðinni var einnig skemma og smiðja, hlaða og fjós. Allt var þetta jafnað við jörðu milli 1980-1990.



*Bæjarhóll Neðri-Sumarliðabæjar
RA-408:006, horft til NNV*

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; JÁM I, 343

RA-408:007 heimild um hesthús 63° 54.205N 20° 30.661V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var útihús frá Efri-Sumarliðabæ 002 um 20 m suðvestan við bæ og fast vestan við kálgarð 019. Í Eyktamörkum og örnefnum Efri-Sumarliðabæjar segir svo: "Fyrir vestan kálgarðinn [019] neðan túngötu [020] er Eldiviðarhóllinn, austast á honum stóðu hesthúsin [...]." Allt bendir til þess að hér sé um eitt og sama húsið að ræða. Samkvæmt Henry Þ. Henryssyni, heimildarmanni, var þetta útihús horfið um 1940. Á þessu svæði er sléttuð grasflöt og malarvegur sem liggur í norðvestur upp að íbúðarhúsi frá útihúsi neðar (suðaustan) í brekkunni sunnan við bæinn. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Eyktamörk og örnefni Efri-Sumarliðabæjar, 425

RA-408:008 hleðsla hlaða 63° 54.213N 20° 30.694V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var útihús frá Efri-Sumarliðabæ 002 um 60 m vestan við bæ. Samkvæmt Henry Þ. Henryssyni, heimildarmanni, voru á þessu svæði hlaða og skemma um 70 m vestan við bæ fast vestan við hlöðu og fjós sem byggð voru á 20. öld. Á þessu svæði er steinsteypt hlaða og fjós. Samkvæmt Henry Þ. Henryssyni, heimildarmanni, fuku húsin í óveðri árið 1991. Upp við vesturvegg hlöðunnar norðan við bárujárnsklædda skemmu eru

leifar af grjóthlöðnum vegg sem snýr norður-suður. Hann er um 10 m langur, um 1,5 m breiður og 1,4-1,6 m á hæð (7-8 umför). Hér er líklega um að ræða vestur- eða austurvegg gömlu byggingarinnar sem stóð á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-408:009 tóft hrútakofi

63° 54.226N 20° 30.639V

Einföld tóft gamals hrútakofa er um 8 m norðan við fjós í bæjarröð 002 sem ekki er sýnd á túnakorti frá árinu 1920 nema að hún hafi þá verið talin með bæjarhólnum. Á þessu svæði er grasigróin brekka fast sunnan undir Bjallanum. Tóftin er um 7 x 6 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir hennar eru hlaðnir úr grjóti og torfi og standa hleðslur ennþá. Veggirnir eru um 2 m á breidd og 1-1,4 m á hæð (6-8 umför). Innanmál tóftarinnar er um 4 x 2 m. Samkvæmt Henry Þ. Henryssyni, heimildarmanni var þarna hrútakofi. Í tóftinni er viðarkofi með torfpaki sem Henry Þ. Henrysson byggði svo til að geyma verkfæri í og til að styðja veggina. Í jarðskjálftunum árið 2000 skemmdist kofinn og tók að renna í suður trúlega vegna hruns í veggjunum.



Tóft hrútakofa RA-408:009, horft til norðvesturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-408:010 heimild um lambhús

63° 54.214N 20° 30.819V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 voru útihús frá Efri-Sumarliðabæ 002 um 150 m vestan við bæ og um 90 m VNV við núverandi íbúðarhús á Efri-Sumarliðabæ. Í Eyktamörkum og örnefnum Efri-Sumarliðabæjar segir: "Fyrir vestan lindina [024] var Leynimýri. Þar vestur af voru lambhúsin á dálitlum hól, sem hallar mót sólu." Allt bendir til þess að hér sé um eitt og sama útihúsið að ræða. Á þessu svæði er grasigróin brekka sem hallar um 20° til suðurs. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt Henry Þ. Henryssyni, heimildarmanni, var búið að jafna húsið við jörðu um 1937.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Eyktamörk og örnefni Efri-Sumarliðabæjar, 425

RA-408:011 þúst hesthús

63° 54.214N 20° 30.892V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var útihús frá Efri-Sumarliðabæ um 200 m vestan við bæ 002. Í Eyktamörkum og örnefnum Efri-Sumarliðabæjar segir: "Hesthús með kumli þar vestar á hesthúsflötinni við túngarðinn." Hesthúsið var um 220 m vestan við bæ 002, um 60 m vestan við lambhús 010 og um 150 m VNV við núverandi íbúðarhús á Efri-Sumarliðabæ. Á þessu svæði er áberandi grasigróinn hóll í grasigróinn brekku sem hallar um 10° í suður. Hóllinn er um 20 x 20 m að stærð og 1-2 m á hæð. Ekkert sést til fornleifa á yfirborði en mjög líklegt er að þær finnist undir sverði. Samkvæmt Henry Þ. Henryssyni, heimildarmanni, var

búið að jafna hús á þessu svæði við jörðu um 1937.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Túnakort 1920; Eyktamörk og örnefni Efri-Sumarliðabæjar, 425

RA-408:012 tóft rétt

63° 54.237N 20° 30.656V

Rétt er um 50 m NNV við bæ 002 og um 80 m norðaustan við núverandi íbúðarhús á Efri-Sumarliðabæ. Á þessu svæði er grasigróinn mói á blábrún Bjallans og tré hafa verið gróðursett norðvestan og suðvestan við tóft. Tóftin er einföld, um 10 x 10 m að stærð og trúlega hefur verið gengið inn í hana á norðausturhlið þó enginn skýr inngangur sjáist á þeirri hlið. Veggir tóftarinnar eru um 2 m á breidd og 1-1,5 m á hæð. Hleðslur veggjanna standa vel, eru grasigrónar og hvergi sjást grjóthleðslur. Veggirnir eru þó trúlega bæði hlaðnir úr grjóti og torfi. Innanmál tóftarinnar er um 6 x 6 m. Mikið af viðardrasli og girðingarefnum eru í tóft. Samkvæmt Henry Þ. Henryssyni, heimildarmanni, var hér rétt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Rétt RA-408:012 á blábrún Bjallans, ljósmynd tekin í suðvestur

RA-408:013 Háibjalli heimild um huldufólksbústað

63° 54.260N 20° 30.389V

"Klettabelti liggur frá austri til vesturs, fyrir ofan Neðri-Sumarliðabæ. [...] Í klettunum bjó huldufólk [...]."segir í Eyktamörkum og örnefnum Efri-Sumarliðabæjar. Háibjalli liggur austur-vestur um 50 m ofan (norðan) við Efri-Sumarliðabæ 002 og um 100 m ofan (norðan) við Neðri-Sumarliðabæ 006. Háibjalli er hátt klettabelti sem liggur austur-vestur norðan (ofan) við báða Sumarliðabæina. Ofan á bjallanum er grasi-, mosa- og lyngigróinn mói en klettabeltið sjálft framan sunnan í Bjallanum er lítið gróið og mjög



Háibjalli RA-408:013, horft til norðausturs

greinilegt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Eyktamörk og örnefni Efri-Sumarliðabæjar, 424

RA-408:014 garðlag vörslugarður
Garðlag er um 300 m austan við Efri-Sumarliðabæ 002, um 270 m ANA við Neðri-Sumarliðabæ 006 stutt norðan við brún Háabjalla. Á þessu svæði er grasi- og mosagróinn þýfður mói. Garðlagið er grjót- og torfhlaðið, 1-2 m á breidd, 0,4-1 m á hæð og alls um 420 m á lengd. Garðlagið er grasigróið og liggur að mestu í beina línu norðaustur-suðvestur en aðeins er girðing á litlum búi garðlagsins við brún Háabjalla. Garðlagið hverfur í norðaustri í þýfðan móa og í suðvestri vegna rasks austan við fjárhústóft 005. Skörð hafa verið rofin í garðlagið hér og þar vegna hrossa og kúabeitar. Frá suðvesturenda garðlagsins liggur það um 170 m í ANA áður en það beygir í NNV. Garðlagið liggur svo um 55 m í NNV áður en það beygir aftur og liggur um 200 m í NNA áður en það hverfur í þúfur. Trúlega er hér um hluta af vörslugarði Ólafs Þórðarsonar (sjá 032) af ræða en var því gefið hér nýtt númer þar sem þau virðast ekki tengjast (trúlega vegna rasks) og því að annað er í landi Efri-Sumarliðabæjar (032) og hitt í landi Neðri-Sumarliðabæjar (014).

63° 54.289N 20° 30.281V



Garðlag RA-408:014, horft til norðausturs

Hættumat: hætta, vegna rofs

RA-408:015 Kofalaut þústir bústaður
"Nálægt miðjum Innbrúnum er djúp laut. Þar eru gamlar kofarústir eftir einsetumann, sem bjó það á tímabili. Lautin er síðan kölluð Kofalaut." segir í örnefnalýsingu. Kofalaut er um 570 m ANA við tóftir 043A-C í Selhól og um 2,2 km norðaustan við Efri-Sumarliðabæ 002. Á þessu svæði er falleg þýfð græn laut gróin grasi og mosa. Kofalaut er um 100 x 50 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í lautinni er ein græn og ferköntuð þúst en ekki er hægt að sjá út neinar greinilegar tóftir eða hól. Þústin er um 14 x 10 m að stærð, 0,3-0,6 m á hæð og snýr norður-suður. Ekki er ólíklegt að hér leynist fornleifar undir sverði á fleiri en einum stað þó aðeins ein þúst sjáist á yfirborði.

63° 55.259N 20° 29.359V



Kofalaut RA-408:015, horft til SSA

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Neðri-Sumarliðabær, 3

RA-408:016 garðlag túngarður

63° 54.218N 20° 30.803V

"Í útnorður frá bænum (fyrir norðan túngarðinn) voru tvö Vörðuholt. [...] Túnum bæjanna er skipt með garði sem nær frá eystra horni kálgarðsins niður að Steinslæk." segir í Eyktamörkum og örnefnum Efri-Sumarliðabæjar. Aðeins eru tvö lítil garðbrot eftir af túngarðinum sem sést á túnakorti frá árinu 1920 í kringum bæina tvo (002 og 006). Annað brotið (brot A) er um 150 m vestan við Efri-Sumarliðabæ 002 og um 220 m VNV við Neðri-Sumarliðabæ 006 ofan (norðan) við tún Efri-Sumarliðabæjar. Hitt brotið (brot B) er um 170 m sunnan við Efri-Sumarliðabæ og um 160 m suðvestan við Neðri-Sumarliðabæ á mörkum bæjanna tveggja vestan við gilið sem skilur á milli þeirra. Bæði garðbrotin eru í graslendi í órækt. Garðbrotin tvö eru torfhlaðin, um 2 m á breidd og 0,4-0,6 m á hæð. Garðbrot A er um 15 m á lengd og snýr austur-vestur á meðan garðbrot B er um 95 m á lengd og snýr norður-suður. Garðbrotin eru grasigróin og ógreinileg. Hugsanlegt er að búið sé að hlaða ofan á hluta garðbrots B fyllingu úr skurði sem grafinn hefur verið vestan við garðlagið. Garðbrot B skildi á milli túna Efri- og Neðri-Sumarliðabæjar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Eyktamörk og örnefni Efri-Sumarliðabæjar, 425, 426;



Túngarður RA-408:016, horft til austurs (vinstri), horft til suðausturs (hægri)

RA-408:017 varða landamerki

63° 55.508N 20° 29.086V

"Fyrst markavarða í Mjóasundi (hornvarða milli Raftholts, Lýtingsstaða og Sumarliðabæjar)." segir í örnefnaskrá. Varða hefur verið um 2,0 km ANA við beitarhúsatóftir 038, um 2,7 km norðaustan við Neðri-Sumarliðabæ 006 og um 1,0 km norðaustan við útihúsatóftir 043A-C í Selhól. Á þessu svæði er grasigróin þýfð brekka sem hallar 30° - 40° í suðaustur. Þar sem varða ætti að standa er stórt rofabarð. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Neðri-Sumarliðabær, 1

RA-408:018 Selkelda örnefni sel

63° 54.524N 20° 30.123V

"Ofan við bæinn er há brún, upp af Bjallabrekku. Hún nær alla leið inn að keldu, sem kölluð er Selkelda [...]" segir í örnefnalýsingu. Selkelda er um 680 m NNA við Neðri-Sumarliðabæ 006, um 710 m norðaustan við Efri-Sumarliðabæ 002 og 1,5 km SSV við Kofalaut 015. Á þessu svæði er sumarbústaður í grasigróinni brekku. Örnefnið Selkelda bendir til þess að sel hafi í eina tíð verið á þessu svæði en ekkert sést til fornleifa og Henry Þ. Henrysson,

heimildarmaður, kannast ekki við sel á þessu svæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Neðri-Sumarliðabær, 1-2

RA-408:019 heimild um kálgarð

63° 54.212N 20° 30.637V

"Hlaðið er framan af bæjardyrum austanmegin við stóran kálgarð, sem liggur mót suðri, vestur eftir allri bæjarröndinni, fyrir neðan stéttina." segir í Eyktamörkum og örnefnum Efri-Sumarliðabæjar. Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var kálgarður fast sunnan við bæ 002 og um 80 m ANA við núverandi íbúðarhús á Efri-Sumarliðabæ. Á þessu svæði er sléttaður grasigróinn garður og runnagróður. Í tíð Henry Þ. Henryssonar, heimildarmanns, voru radísur, næpur, kál, gulrætur, rófur og kartöflur ræktuð í þessum garði. Ekkert sést til kálgarðs en samkvæmt heimildarmanni var aðeins girðing umhverfis garðinn, ekki garður. Einnig voru hvönn og kúmen nýtt á bænum en mikið af því óx villt á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Eyktamörk og örnefni Efri-Sumarliðabæjar, 425; Túnakort 1920

RA-408:020 heimild um leið

63° 54.210N 20° 30.674V

"Gata liggur frá kálgarðinum [019] vestur í túnfót, sem er kallaður Rani, og skiptir túninu í Efra og Neðratún. Þar var heimreiðin vestan að bænum. [...] Frá Svartalækjarvaði [033] liggja götur upp Ásinn og heim að kálgarði [019] í Efri-Sumarliðabæ." segir í Eyktamörkum og örnefnum Efri-Sumarliðabæjar. Gatan lá í vestur frá kálgarði 019 niður af ásnum og áfram í VSV sunnan við ásinn að Svartalækjarvaði 033. Á þessu svæði er malarborin heimreið heim að núverandi íbúðarhúsi á Efri-Sumarliðabæ. Ekkert sést til eldri gatna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Eyktamörk og örnefni Efri-Sumarliðabæjar, 425

RA-408:021 þúst hesthús

63° 54.227N 20° 30.627V

Samkvæmt Henry Þ. Henryssyni, heimildarmanni, var hesthús um 3 m norðan við heygarð 028 og um 80 m norðaustan við núverandi íbúðarhús á Efri-Sumarliðabæ. Á þessu svæði er í grasigróinni brekku sem hallar 5-10° í suður ofan við bæ 002. Aðeins eru ógreinilegar signar hleðslur eftir á svæðinu. Hesthúsið snéri austur-vestur og var um 5 x 3 m að innanmáli. Trúlega var þil á vesturvegg þess þar sem gengið var um. Tóftin er um 8 x 7 m að utanmáli. Veggir tóftarinnar eru um 2 m á breidd og 0,4 - 1 m á hæð. Húsið tók 2-3 hross en suðurveggur hússins var hluti af gerði 029/030 sem lá austur-vestur norðan við bæinn áður en það beygir í norður upp að Bjallanum.



Hugsanlegar leifar hesthúss RA-408:021, horft til V

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-408:022 *Húsagata* heimild um leið

63° 54.737N 20° 30.841V

Húsagata lá í norður frá túnjaðri Efri-Sumarliðabæjar 002 í beitarhúsin (038 og 041) norðan við bæ. Gatan lá í norður 1,4 - 1,5 km vegalengd upp frá Efri-Sumarliðabæ 001/002 um Fögrubrekumýri austan við eystra Vörðuholt að Flóðalækjarvaði 040 og þaðan í norðvestur að beitarhúsum 038 og í norðaustur að beitarhúsum 041. Á þessu svæði er þýft og plægt skógræktarland. Á þessu svæði er malarborinn vegslóði. Samkvæmt Henry Þ. Henryssyni, heimildarmanni, var á þessu svæði gata sem trúlega var kölluð Húsagata vegna þess að hún hefur verið farin á leið í fjárhúsin en ekkert sést til þeirra nú (2007).

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**RA-408:023** heimild um útihús

63° 54.179N 20° 30.445V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var útihús frá Neðri-Sumarliðabæ 006 um 90 m suðaustan við bæ og um 160 m suðaustan við Efri-Sumarliðabæ 002, fast norðan við malbikaðan veg sem liggur nú heim að núverandi íbúðarhúsi á Neðri-Sumarliðabæ. Á þessu svæði er sléttað tún og fast sunnan við það er malbikaður vegur sem liggur austur að Neðri-Sumarliðabæ. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1920**RA-408:024** brunnur vatnsból

63° 54.225N 20° 30.689V

"Fjósið stóð vestast í bæjarröndinni, frá því lá stígur út að bergvatnslind, sem aldrei þraut og kemur undan smá klettabrún þar fyrir ofan." segir í Eyktamörkum og örnefnum Efri-Sumarliðabæjar. Samkvæmt Henry Þ. Henryssyni, heimildarmanni, var vatnsból um 55 m norðvestan við bæ 002 og um 40 m norðaustan við núverandi íbúðarhús á Efri-Sumarliðabæ. Lindin er fast sunnan við klettabrún 5 - 6 m norðan við nýjasta fjósið. Samkvæmt Henry Þ. Henryssyni, heimildarmanni, er steinsteyp ker undir yfirborði undir brúninni sem ekki sést vegna sands og drullu sem fyllt hefur upp í það. Vatnið safnaðist áður saman í kerinu. Heimildarmaður telur keríð ekki meira en 40 x 40 cm að stærð og var áður rör lagt úr kerinu inn í bæ en hann kannaðist ekki við hvenær keríð var steyp eða hvernig umhorfs var við lindina fyrir það.



Brunnur RA-408:024, horft til NNV

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Eyktamörk og örnefni Efri-Sumarliðabæjar, 425**RA-408:025** frásögn öskuhaugur

63° 54.216N 20° 30.593V

Samkvæmt Henry Þ. Henryssyni, heimildarmanni, var öskuhaugur um 20 m sunnan við eldra bæjarstæði Efri-Sumarliðabæjar 001 og um 20 m austan við bæjartóft 002. Á þessu svæði er

grasigróinn gilbarmur bæjargilsins sem hallar 45° í suðaustur. Ekkert sést til öskuhaugs. Samkvæmt heimildarmanni hefur rusli verið hent fram af brún bæjargilsins á þessum stað í aldaraðir

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-408:026 gata leið

63° 55.406N 20° 29.720V

Greinileg gata er um 2,3 km norðaustan við Efri-Sumarliðabæ 002 og um 500 m NNA við beitarhús 043. Gatan liggur um þýfðan grasi- og mosagróinn móa. Gatan liggur norður-suður um holt vestan við Innbrúnir og ef hér er um gamla leið að ræða hefur hún hugsanlega legið norður að götu 046 frá Neðri-Sumarliðabæ 006. Þó er einnig hugsanlegt að hér sé aðeins um seinni tíma götur sem kýr og hross hafa troðið á ferð sinni um landið. Gatan er 0,3 - 1 m á breidd, 0,2 - 0,6 m á dýpt og lítt gróin. Hægt er að rekja hana um 1 km leið í norður frá svæðinu sem kallast Gamla Sel 034 og alveg að Mjóasundi við landmerki Neðri-Sumarliðabæjar 006 og bæjanna Raftholts og Kvíarholts í Rangárþingi ytra.

Hættumat: engin hætta

RA-408:027 heimild um kálgarð

63° 54.198N 20° 30.515V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var kálgarður um 2 m sunnan við Neðri-Sumarliðabæ 006 og um 90 m suðaustan við Efri-Sumarliðabæ 002. Á þessu svæði er vel grasigróinn bali sem hallar 5-10° í suður. Ekkert sést til kálgarðs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-408:028 garðlag landamerki

63° 54.856N 20° 30.454V

Torfhlaðið landamerkjagarðbrot er um 550 m ASA við beitarhús 038 og um 800 m NNA við Efri-Sumarliðabæ 002 á landamerkjum milli Efri- og Neðri-Sumarliðabæjar (002 og 006). Garðlagið liggur um þýfðan grasi- og mosagróinn móa. Garðlagið er torfhlaðið, 1,5 - 2 m á breidd, 0,6 - 1,5 m á hæð og liggur NNA-SSV. Garðlagið er mjög rofið vegna beitar búpenings og endar í báðum endum í skurðum sem grafnir hafa verið á landamerkjum milli Efri- og Neðri-Sumarliðabæjar. Alls er þetta um 460 m langt svæði þar sem garðlagið sést greinilega af og til.



Landamerkjagarður RA-408:028, horft til NNA

Hættumat: hætta, vegna rasks

RA-408:029 Norðurgarður heimild um kálgarð

63° 54.228N 20° 30.622V

"Norðan við bæinn er heygarðurinn [002J]. Þar voru heyin, þar norður af í brekkunni, mót suðri, var kartöflugarðurinn." segir í Eyktamörkum og örnefnum Efri-Sumarliðabæjar. Samkvæmt Henry Þ. Henryssyni, heimildarmanni, var norðurgarður á svæði um 10 m norðan við heygarð 002J og um 90 m norðaustan við núverandi íbúðarhús á Efri-Sumarliðabæ fast austan við hesthústöftir 021. Á þessu svæði er skúr á steiptum grunni á grasigrónum bala. Á þessu svæði eru leifar garðlags sem samkvæmt Henry Þ. Henryssyni voru reist til að verja garðinn gegn ágangi búpenings. Garðlagið er grjót- og torfhlaðið, 1,5 - 2 m á breidd og um

0,4 - 1 m á hæð. Það sést fyrst um 3 m sunnan við austurvegg hrútakofa 009. Þaðan liggur það um 16 m í austur áður en það hverfur þar sem suðausturhorn hesthúss 021. Garðlagið kemur aftur í ljós 7 m austar og liggur það þaðan um 12 m í norður upp á Bjallann. Þetta garðlag afmarkaði einnig götu 031 sem lá upp á Stöðulinn 030.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Eyktamörk og örnefni Efri-Sumarliðabæjar, 425

RA-408:030 heimild um kvíar

63° 54.243 N 20° 30.591 V

"Frá eldhúsveggnum lá gata [031] upp á Stöðulinn. Þar var búsmali mjólkaður, sjást enn kvíatóftirnar." segir í Eyktamörkum og örnefnum Efri-Sumarliðabæjar. Í örnefnaskrá Efri-Sumarliðabæjar segir: "Stöðullinn er undir Bjallanum, ofan við bæinn." Staðsetning stöðulsins í þessari seinni lýsingu er vitlaus. Samkvæmt Henry Þ. Henryssyni, heimildarmanni, var stöðullinn ofan við klettabrúnina um 50 m NNA við bæinn 002. Á þessu svæði er skógræktarsvæði og þýft graslendi. Samkvæmt Henry Þ. Henryssyni, heimildarmanni, voru engin mannvirki reist í tengslum við stöðulinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Eyktamörk og örnefni Efri-Sumarliðabæjar, 425; Ö-Efri-Sumarliðabær, 1

RA-408:031 gata leið

63° 54.216N 20° 30.615V

"Frá eldhúsveggnum lá gata upp á Stöðulinn. Þar var búsmali mjólkaður, sjást enn kvíatóftirnar." segir í Eyktamörkum og örnefnum Efri-Sumarliðabæjar. Gata var fast austan við austurvegg bæjartóft 002 um 90 m ANA við núverandi íbúðarhús á Efri-Sumarliðabæ. Á þessu svæði er graslendi í brekku sem hallar um 20 - 30° í suður og tré hafa verið gróðursett meðfram austurhlíð bæjarhóls upp að norðausturhorni heygarðs 002J. Gatan er gróin háu grasi á austurvegg bæjartóftar en aðeins ofar sést gróinn mjór troðningur austan við röð af trjám sem liggur norður-suður upp á grasigróinn bala þar sem fornleif 029 var áður og áfram í NNA upp á Bjallann að fornleif 030.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Eyktamörk og örnefni Efri-Sumarliðabæjar, 425

RA-408:032 garðlag vörslugarður

63° 54.290N 20° 30.718V

"Varnargarður úr kökkum liggur frá túngarðinum, norðan við bæinn, alla leið vestur að Markakeldu [...]" segir í Eyktamörkum og örnefnum Efri-Sumarliðabæjar. Garðlag byrjar í austri um 40 m NNA við bæjartóft Efri-Sumarliðabæjar 002 og um 140 m norðvestan við Neðri-Sumarliðabæ 006 og endar í vestri um 920 m VNV við Efri-Sumarliðabæ og um 1 km VNV við Neðri-Sumarliðabæ. Garðlagið liggur um þýfða grasi- og mosagróna móa, þýft graslendi og deiga mýri. Samkvæmt Henry Þ. Henryssyni, heimildarmanni, var garðlagið hlaðið um 1880-1890 af Ólafi Þórðarsyni sem búfjávörslugarður. Garðlagið liggur í svotil beina línu austur-vestur samsíða brún Bjallans til að varnar búfénaði aðgang að heimatúnum Sumarliðabæjanna (002-006). Garðlagið er mjög



Gerði RA-408:032H á Bjallanum
ofan við Efri-Sumarliðabæ

rofið vegna hrossabeitar og annars rasks vegna ábúðar og eru aðeins 300 m sjáanlegir af áður um 1 km löngu garðlagi. Garðlagið er torfhlaðið og grasigróið, 2 - 2,5 m á breidd og 0,6 - 1,5 m á hæð. Í austri kemur garðlagið í ljós á brún Bjallans NNA við bæ. Garðlagið liggur um 45 m í VNV um þýfðan grasi- og mosagróinn móa. Þar er um 4 m breitt skarð vegna slóða sem liggur suður að rétt 012. Um 20 m norðvestan við ASA-enda garðlagsins er lítið hólf áfast því að SSV. Hólfið er um 1,5 x 1 m að innanmáli, um 5 x 3 m að utanmáli og snýr ANA-VSV. Veggir þess eru torfhlaðnir, 1 - 2 m á breidd og um 0,6 m á hæð. Hlutverk þess er óþekkt. Garðlagið beygir eftir um 45 m frá ASA enda þess í norður og heldur áfram um 65 m áður en hann beygir aftur í vestur en hornið er horfið vegna rofs. Garðlagið liggur nú um 40 m í VNV áður en það beygir í vestur og heldur áfram um 70 m áður en það hverfur vegna malarvegar sem lagður hefur verið norður-suður upp á ásin og áfram upp á skógræktarsvæðið ofan við bæ. Garðlagið er nú alveg horfið á stóru svæði vestan við veginn vegna hesthúss sem byggt hefur verið sunnan við svæðið þar sem garðlagið lá. Garðlagið kemur ekki aftur í ljós fyrr en um 500 m VNV en þar sést aðeins um 5 m langt grasigróið brot í mjög þýfðu graslendi og er stór hluti garðlagsins hér horfinn í þúfur. Um 185 m VSV kemur garðlagið aftur í ljós í mjög grasigróinni deigri mýri. Þar er um 65 m langur bútur sem liggur austur-vestur og endar í vestri upp við garðlag 036.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Eyktamörk og örnefni Efri-Sumarliðabæjar, 425



Gerði RA-408:032H til vinstri (horft til ANA), garðlag 032 til hægri (horft til vesturs)

RA-408:033 Svartalækjarvað heimild um vað

63° 53.950N 20° 32.135V

"Steinslækur skiptir löndum milli Sumarliðabæjar og Þjóðólshaga að sunnan, vestur að Svartalækjarvaði, sem ber í Markakeldu." segir í Eyktamörkum og örnefnum Efri-Sumarliðabæjar. Svartalækjarvað er um 1,3 km vestan við Efri-Sumarliðabæ 002 og um 720 m suðvestan við ferðaþjónustufyrirtækið Hestheima. Þar sem vaðið var á Svartalæk eru bakkar lækjarins sendnir og aflíðandi. Lækurinn er hér um 5 m á breidd, botn hans er sendinn og er hann líklega stígvélafer. Austan og vestan við lækinn sjást ennþá um 4 m breiðir



Svartalækjarvað RA-408:033, horft til norðvesturs

bíslóðar leiðar 020. Sést til vaðs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Eyktamörk og örnefni Efri-Sumarliðabæjar, 425

RA-408:034 *Gamla Sel* þúst sel Samkvæmt Henry Þ. Henryssyni, heimildarmanni, kallast svæðið um 1,6 km norðaustan við Neðri-Sumarliðabæ 006 og um 270 m SSA við Selhól 049 Gamla Sel. Á þessu svæði er þýfður grasi- og mosagróinn mói og rofabörð. Engar skýrar tóftir eru á þessu svæði. Aðeins einn hól gæti hugsanlega leynt rúst og er hann nokkurn vegin ferkantaður, um 13 x 6-8 m að stærð og snýr austur-vestur. Hæð hólsins er 0,5 - 0,8 m. Grjót, hugsanlega hleðslugrjót, stendur upp úr hólnum hér og þar á 2 - 3 stöðum en engin sjáanleg hólf eru í honum. Þó er einnig líklegt að hér sé aðeins um náttúrulegan hól að ræða.

63° 54.976N 20° 29.738V



Gamla Sel RA-408:034, horft til vesturs

Hættumat: hætta, vegna rofs

RA-408:035 heimild um kálgarð

63° 54.203N 20° 30.461V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var kálgarður fast sunnan, suðaustan og austan við útihús 003 og um 60 m austan við Neðri-Sumarliðabæ 006. Á þessu svæði er sléttað nýplægt og sáð tún. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-408:036 garðlag landamerki

63° 54.297N 20° 31.730V

"Keldan [Fögrubrekkekelda] rennur til vesturs, vestur að landamerkja-garðinum." segir í örnefnalýsingu. Tvö landamerkja-garðbrot eru enn greinileg. Annað er um 930 m VNV við bæ 002 og um 470 m norðvestan við ferðapjónustu-fyrirtækið Hestheima. Hitt er um 1,4 km VSV við bæ 002 og 750 m suðvestan við Hestheima. Garðlagið liggur um þýfðan grasi- og mosagróinn móa og deiga grasigróna mýri. Á bökkum Svartalækjar sést garðbrot af landamerkjugarðinum en það er mjög rofið af læknum og hleðslur þess eru signar.



Landamerkjagarður RA-408:036, horft til VNV

Garðlagið kemur í ljós í suðaustri á austurbakka lækjarins og liggur í norðvestur um 180 m áður en það beygir í NNA og heldur áfram um 70 m að sandbornum vegi sem nýttur er sem reiðvegur frá Hestheimum. Garðurinn hverfur við veginn. Garðlagið er þarna við lækinn um 255 m á lengd alls, um 1 m á breidd og 0,6 - 0,8 m á hæð. Garðlagið kemur svo aftur í ljós um 680 m NNA í þýfðu graslendi sem breytist svo yfir í deiga mýri er dregur NNV. Þar er það miklu skýrara. Garðlagið er þar alls um 425 m á lengd og snýr NNA-SSV. Hæð þess er 0,6 - 1 m á meðan breidd þess er um 1,5 - 2 m. Garðlagið er allt torfhlaðið og gróið grasi og mosa. Hverfur í báðum endum vegna ræsingaskurða. Áður en garðlagið var rofið hefur það verið að minnsta kosti 1,4 km á lengd.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Neðri-Sumarliðabær, 2

RA-408:037 *Selmýri* náma mógrafir

63° 54.877N 20° 30.578V

"Nokkru fyrir ofan varnargarðinn er Flatholt, þá Miðás, og Flóðarimi, Egg hólar vestar. Þar er Eggjargrjót. Lengra austur er Selmýri [043A-C]. Þar var reiðingsrista." segir í Eyktamörkum og örnefnum Efri-Sumarliðabæjar. "Mótak var áður notað." segir í Sunnlenskum byggðum. Samkvæmt Henry Þ. Henryssyni var mór tekinn í Selmýri og sjást þar leifar af mógröfum í sunnanverðri mýrinni um 1,2 km NNA við bæjartóft 002 og um 50 m vestan við Reiðingsholt. Selmýri er deig þýfð mýri gróin mýrargrasi, víði, fífum, og mosa. Að minnsta kosti þrjár ógreinilegar grasigrónar grafir fundust á svæðinu sem er mjög víðáttumikið. Grafirnar eru ferkantaðar, um 5 x 3 m að stærð og 0,4 - 0,6 m á dýpt. Botn þeirra er deigur og gróinn mýrargrasi. Selmýrin er mjög víðáttumikil en aðeins sjást ummerki svo vitað sé um mógrafir á um 100 x 100 m stóru svæði í suðvesturhorni hennar. Samkvæmt Henry Þ. Henryssyni, heimildarmanni, var reiðingur sem tekinn var úr Selmýrinni þurrkaður á Reiðingsholti.



Mógrafir í Selmýri RA-408:037, horft til suðausturs

Hættumat: hætta, vegna skógræktar

Heimildir: Eyktamörk og örnefni Efri-Sumarliðabæjar, 425; SB V, 369


RA-408:038 tóftir beitarhús

63° 54.892N 20° 31.105V

"Þar ofar og austar [en Selmýri 037] voru ærhúsin og fjárréttin." segir í Eyktamörkum og örnefnum Efri-Sumarliðabæjar. Þrjár beitarhústóftir eru um 1,3 km norðan við bæjartóft 002 og um 300 m norðvestan við Flóðalækjarvað 040. Á þessu svæði er þýfður grasigróinn mói í brekku sem hallar um 10° í suður. "Þar var féð rekið inn og rúið og lömbunum stíað á vorin." Tóftirnar (sem hér fær hver sinn bókstaf til aðgreiningar - A-C) eru í hnapp á um 50 x 40 m stóru svæði sem snýr norður-suður. Tóft A er um 6 x 5 m að stærð og snýr VSV-ANA. Veggir hennar eru um 0,5 m á hæð og 1 - 1,5 m á breidd. Inngangur er á norðurhlið og er hann um 0,5 m breiður. Veggirnir eru hlaðnir úr torfi og grjóti. Tóftin er einföld og er innanmál hennar um 2,5 x 2 m. Hér hefur hugsanlega verið hrútakofi. Tóft B er um 10 m NNV við tóft A. Tóftin er þrískipt, um 16 x 12 m að stærð og snýr NNV-SSA. Veggir hennar eru hlaðnir úr

grjóti og torfi, 2 - 3 m á breidd og 0,8 - 1,4 m á hæð (4-6 umför). Veggirnir standa grónir en mikið hefur hrunið úr þeim af grjóti. Hólf I er um 7 x 3 m að innanmáli og snýr NNV-SSA.

Grjóthleðslur sjást í öllum veggjum en engin ummerki um garðaundirstöður sjást í hólfinu. Gengið hefur verið inn í hólfið um 0,5 m breiðan inngang á NNV-hlið. Hólf II er ANA við hólfið I og skilur um 2 m breiður veggur á milli þeirra. Trúlega hefur verið gengið inn í þetta hólfið líka á NNV-hlið en inngangur hefur þar hrunið saman. Hólfið er um 7 x 2 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Í veggjum hólfsins glittir í hleðslur í




Beitarhús RA-408:038A-C norðvestan við Flóðalækjarvað

norður- og suðurenda þess. Suðsuðaustan við hólfið I og II er hólfið III sem trúlega hefur verið hlaða. Veggir hólfsins hafa hrunið saman en gólf þess er að minnsta kosti 0,5 m lægra en gólf hólfa I og II. Hólfið er nú aðeins um 5 x 2 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Trúlega hefur það þó verið um 7 x 3 m að innanmáli fyrir hrún. Lítið sést í grjóthleðslur í veggjum hlöðu vegna gróðurs. Enginn inngangur er greinanlegur inn í hólfið. Tóft B hefur mjög líklega verið aðal beitarhúsið. Tóft C er um 12 m ANA við tóft B. Veggir hennar eru mjög vel grasigrónir og signir. Hvorki grjóthleðslur í veggjum né inngangur inn í hólfið eru sjáanleg vegna sigs hleðslna. Tóftin er einföld, um 10 x 8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir tóftarinnar eru 2 - 3 m á breidd og 1,2 - 1,5 m á hæð en mjög þýfðir og grasigrónir. Innanmál hólfsins er um 4 x 3,5 m. Óljóst er hvað hér hefur getað verið en engar aðrar tóftir fundust á svæðinu svo mjög líklegt er að hér sé um að ræða réttina sem um er rætt í Eykamörkum og örnefnum en hún hefur þá verið frekar lítil og einföld í sniðum.

Hættumat: hætta, vegna skógræktar

Heimildir: Eykamörk og örnefni Efri-Sumarliðabæjar, 425



Beitarhúsatóftir RA-408:038A-C, tóft A efst til vinstri (horft í austur), tóft B efst til hægri (horft í SSA) og tóft C hér til vinstri (horft í NNA)

RA-408:039 garðlag óþekkt

63° 54.653N 20° 29.957V

Garðlag er um 950 m norðaustan við Neðri-Sumarliðabæ 006 uppi á brún Stekkanefts 5 - 10 m norðan við stekkjartóft 045. Garðlagið er í þýfðu vel grónu graslendi rétt utan (suðaustan) við sléttað tún. Garðlagið liggur VNV-ASA út á brún Stekkjarnefts. Garðlagið er torfhlaðið, 1 - 1,5 m á breidd, 0,5 - 0,8 m hátt og um 80 m á lengd. Hlutverk garðlagsins er óþekkt.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Garðlag RA-408:039, horft til norðvesturs

RA-408:040 Flóðalækjarvað heimild um vað

63° 54.788N 20° 30.846V

"Suður undir ærhúsunum [038] eru Flóðin, Eystri- og Vestri-Flóðalækur rennur eftir þeim. Vað er á honum um mið Flóðin og heitir það Flóðalækjarvað." segir í Eyktamörkum og örnefnum Efri-Sumarliðabæjar. Flóðalækjarvað er um 1,1 km norðan við bæjartóft 002, um 280 m suðaustan við beitarhús 038 og um 340 m SSV við beitarhús 041. Flóðalækur er á þessu svæði 1 - 2 m á breidd og 0,2 - 0,4 m á dýpt. Hann er hér gruggugur og grýttur en öllum fær þar sem auðvelt er að stikla yfir á steinum. Austan og vestan við vaðið er 1 - 3 m djúpur skurður/gil. Líklega er hér búið að breyta læknum eitthvað með vinnuvélum. Sést til. Samkvæmt Henry Þ. Henryssyni, heimildarmanni, lá Húsagata 022 norður-suður yfir vaðið því farið var um það á leið í beitarhús 038 og 041 heiman frá bæ 002.



Flóðalækjarvað RA-408:040, horft til norðurs

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Eyktamörk og örnefni Efri-Sumarliðabæjar, 425

RA-408:041 Sauðahúsin tóft beitarhús


63° 54.958N 20° 30.710V

"Skamt fyrir austan ærhúsin [038] voru Sauðahúsin á Sauðhússflötinni. Þar var kuml." segir í Eyktamörkum og örnefnum Efri-Sumarliðabæjar. Sauðahús eru um 1,4 km NNA við bæ 002 og um 350 m austan við beitarhúsatóftir 038 og mjög líklegt er að kumlið hafi verið áfast eða að minnsta kosti mjög nálægt beitarhúsunum. Á þessu svæði er grasigróinn og smáþýfður mói og stendur tóftin rétt norðan við brún stórs rofabarðs sem er um 0,5 m hátt. Sauðatóftirnar eru á um 20 m löngu og 12 m breiðu svæði sem snýr austur-vestur. Tóftin er einföld, um 10 x 7 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir hennar eru vel grasigrónir, 1,5-2 m á breidd og 0,4-1 m á hæð. Suðausturhorn tóftarinnar er mjög rofið og glittir þar í grjóthleðslur (1-2 umför). Innanmál tóftar er 6 x 3 m. Gengið hefur verið inn við norðvesturhorn tóftarinnar um 0,5 m breiðan inngang. Ekkert sést til greinilegs heykumls á þessu svæði en fast vestan við tóftina eru ógreinileg garðbrot

sem hugsanlega gætu verið leifar kumls eða gerðis. Garðbrotin eru torfhlaðin, þýfð og vel gróin háu grasi. Greinilegasta garðbrotið er um 4 m á lengd, 1,5 - 2 m á breidd og 0,5 - 0,8 m á hæð. Önnur eru varla meira en háar þúfur sem huganlega mynda beinar raðir og raðast saman í að minnsta kosti um 12 x 12 m stórt hólfi eða heykuml sem snéri norður-suður.

Hættumat: hætta, vegna skógræktar

Heimildir: Eyktamörk og örnefni Efri-Sumarliðabæjar, 425



Beitarhús RA-408:041 á Sauðhússflöt, ljósmynd tekin í norðvestur

RA-408:042 heimild um fjárhús

63° 54.606N 20° 29.875V

"Fram undan Stekkjarnefi [045] er Stekkjartún. Þar eru ærhús." segir í örnefnalýsingu. Nákvæm staðsetning húsanna er óþekkt en þau þjónuðu Neðri-Sumarliðabæ 006 og voru þau trúlega í túni um 945 m norðaustan við Efri-Sumarliðabæ 002 og um 920 m norðaustan við Neðri-Sumarliðabæ. Á þessu svæði er sléttað tún og malarvegur sem liggur VSV-ANA meðfram Stekkjarnefi. Ekkert sést til fornleifa.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Neðri-Sumarliðabær, 2

RA-408:043 tóftir beitarhús

63° 55.093N 20° 29.938V

"Upp af Reiðingsholti, upp með garðinum, tekur við mýri, kölluð Selmýri, og í henni miðri er hóll, kallaður Selhóll. Þar er sauðhús." segir í örnefnalýsingu. Þrjár tóftir (merktar A-C) eru um 1,7 km NNA við Efri-Sumarliðabæ 002 og um 580 m suðvestan við Kofalaut 015 suðaustan, suðvestan og SSV í Selhól. Á þessu svæði er þýfður grasi- og mosagróinn mói umhverfis Selhól. "Þar var setið yfir lömbum á vorin eftir fráfærur." segir í Eyktamörkum og örnefnum Efri-Sumarliðabæjar. Tóftirnar eru á um 50 x 50 m stóru svæði við sunnanverðan Selhól og sjást alls þrjú byggingarstig á svæðinu. Tóft A er mjög ógreinileg og greinilega mikið eldri en hinar tvær (B og C). Tóftin er einföld, um 8 x 7 m að stærð og snýr NNV-SSA. Innanmál tóftarinnar er 5 x 3 m. Veggir hennar eru torfhlaðnir en mjög signir og rofnir vegna beitar. Veggirnir virðast hafa verið 1,5 - 2 m á breidd en eru nú mjög signir eða aðeins 0,3 - 0,6 m á hæð. NNV-veggur tóftarinnar er stuðlabergsklettur suðaustan í




Beitarhús RA-408:043C suðvestan í Selhól

Selhól. Enginn hugsanlegur inngangur er greinanlegur en hefur hann mjög líklega verið á SSA-hlið hennar. Hér gæti hugsanlega verið um að ræða leifar sels sem Selhóll heitir eftir. Tóft B er um 30 m suðvestan við tóft A. Tóftin er mjög greinileg en þó vel grasigróin og hleðslur eru signar. Tóftin er einföld, um 8 x 6 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir hennar eru um 2 m á breidd og 0,4 - 0,6 m á hæð en engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Innanmál tóftarinnar er 4 x 2,5 m. Inngangur hefur trúlega verið á norðurhlið hennar við norðausturhornið. Hér gæti einnig verið um leifar sels að ræða. Tóft C er yngst og um 32 m NNV við tóft B. Tóftin er einföld, um 10 x 6 m að stærð og snýr austur-vestur. Innanmál hennar er um 8 x 2,5 m. Veggir hennar eru grjóthlaðnir, um 2 m á breidd og 0,6 - 1,5 m á hæð (4-7 umför). Austurveggur tóftar hefur verið grafinn niður í suðvesturhlið Selhóls en grjóthleðslur eru í honum innanverðum. Gengið hefur verið inn að vestan um viðarþil. Hér er um að ræða sauðhúsið sem minnst er á í örnefnalýsingu hér að ofan. Engar vísbendingar sjást um hleðslur undir garða eða jötur svo trúlega hefur garðinn/jatan verið timburbyggð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Neðri-Sumarliðabær, 2



Hugsanleg sel RA-408:043A (vinstri) og 043B (hægri) suðaustan og SSV í Selhól



Útihúsatóftir RA-408:043A-C, seltóft A efst til vinstri (horft til SSA), seltóft B efst til hægri (horft til SSA) og beitarhúsatóft C hér til hliðar (horft til austurs)

RA-408:044 Fornmannagarður garðlag
 "[...] Fornmannagarður efst á landamærum
 Herriðarhóls og Sumarliðabæjar." segir í
 Eyktamörkum og örnefnum Efri-
 Sumarliðabæjar. Fornmannagarður er á
 landamerkjum norðan við Sumarliðabæina,
 milli Efri- og Neðri-Sumarliðabæjar (002 og
 006), Herriðarhóls RA-379:001 og Gíslholts í
 Rangárþingi ytra. Garðlag er um 2,7 km
 NNA við Sumarliðabæina. Garðlagið liggur
 um þýfða grasi- og mósagróna móa og frekar
 þurrar mýrar grónar mýrargrasi, fífum og
 víði. Garðlagið er mjög langt, torfhláðið og í
 góðu ástandi. Girðing er á öllu garðlaginu.
 Það er 1,2 - 2 m á breidd, 0,6 - 1,5 m á hæð
 og um 1,6 km á lengd á landamerkjum

landamerki 63° 55.627N 20° 29.831V



*Fornmannagarður RA-408:044,
 horft til suðausturs*

Sumarliðabæjanna og Gíslholts en ef talið er með garðlagið sem einnig er á landamerkjum
 Herriðarhóls er hann alls um 2,7 m á lengd (sjá RA-379:014). Í ASA hverfur garðlagið í
 rofabarð. Frá rofabarðinu liggur garðlagið í VNV um 1 km. Þar beygir garðlagið í NNA. Um
 50 m ASA við VNV- enda garðlags er angi garðlags sem liggur um 340 m í SSV á milli Efri-
 og Neðri-Sumarliðabæjar og endar þar án sýnilegrar ástæðu. Trúlega hefur átt sér stað sléttun
 eða garðlagið hefur ekki verið byggt lengra. Þar sem garðurinn beygir í NNA liggur hann um
 180 m í NNA og beygir síðan í norðvestur inn á land Herriðarhóls (RA379:014). Það heldur
 einnig áfram í NNA inn á land Gíslholts en sá bær er ekki í Ásahreppi og var því ekki skráður.
 Hér og þar eru örfá mjó skörð í garðlagið vegna rasks af völdum manna og dýra.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Eyktamörk og örnefni Efri-Sumarliðabæjar, 425-426


RA-408:045 Stekkjarnef þúst stekkur

63° 54.625N 20° 29.953V

"Brúnirnar eru framhald af Bjallanum. Á þeim eru þessi örnefni: Brýnisnef, Stekkjarnef
 [...]." segir í Eyktamörkum og örnefnum Efri-Sumarliðabæjar. "Fram undan Stekkjarnefi
 [045] er Stekkjartún. " segir í örnefnalýsingu. Einföld þúst er um 950 m norðaustan við Efri-
 Sumarliðabæ 002 og um 5 m sunnan undir Stekkjarnefi. Sunnan undir Stekkjarnefi er
 grasigróinn þýfður mói sem nýttur er sem hrossahagi. Þústin er einföld og mjög ógreinileg,
 um 8 x 7 m að stærð og snýr norður-suður. Innanmál hennar er um 5 x 4 m. Veggir hennar
 hafa líklega verið 1 - 1,5 m á breidd en hæð þeirra er aðeins um <0,3 m á hæð vegna rofs.
 Enginn greinanlegur inngangur sést en hér og þar glittir í grjóthleðslur sem hugsanlega hafa
 verið neðsti hluti veggja þústar. Hér er hugsanlega um að ræða leifar stekkkjar sem Stekkjarnef
 er skýrt eftir eða gamals heygarðs.

Hættumat: hættu, vegna rofs

Heimildir: Eyktamörk og örnefni Efri-Sumarliðabæjar, 426; Ö-Neðri-Sumarliðabær, 2



Huðsanlegur stekkur RA-408:045 undir Stekkjarnefi, ljósmynd tekin til SSV

RA-408:046 gata leið

63° 55.728N 20° 30.416V

Gata liggur í vestur um land Efri-Sumarliðabæjar 002 um 2,8 km norðan við bæ yfir í land Heiðar RA-378:001 og Herriðarhóls RA-379:001 úr austri út úr landi Raftholts og Kvíarholts í Rangárþingi ytra. Gatan liggur um þýfða lyngi-, víði og mosagróna móa. Gatan liggur að mestu austur-vestur og liggur hún mjög líklega að/frá Ferðamannalág (RA-378:015) sem er í landi Heiðar RA-378:001 og Herriðarhóls RA-379:001 úr landi bæjanna Raftholts og Kvíarholts í Rangárþingi ytra. Gatan er 0,4 - 1 m breið, um 0,5 m djúp og mjög rofin. Gatan liggur um 2 m breitt gat í gegnum



Leið RA-408:046, horft til vesturs

Fornmannagarð 044 inn í land holtabæjanna úr Ásahreppi svo ekki var hún rakin lengra. Hægt er að rekja götuna um 540 m leið frá landamerkjum Efri-Sumarliðabæjar og holtabæjanna í vestur að Ferðamannalág. Úr norðanverðri Ferðamannalág er svo hægt að rekja götuna inn í land Herriðarhóls RA-379:001 um 660 m þar sem hún skiptist í tvennt og liggur önnur greinin í norðvestur í átt að Herriðarhóli og hin í suðvestur í átt að Heiði RA-378:001 (sjá RA-378:018). Greinina í átt að Herriðarhóli er hægt að rekja um 420 m vegalengd áður en hún hverfur í mýri um 900 m SSA við Herriðarhólsbæ.

Hættumat: engin hættu

RA-408:047 Sumarliðaleiði þjóðsaga kuml

Í Frásögum um fornaldarleifar segir: "Fornmanna Leidi seigia men sé til i sumarlidabæ, sem Sumarlida er eignad[.]" "Einnig eru sagnir tengdar við fleiri bæi. Bent er á [...] Sumarliðaleiði [...] alla[r] yfir landnámsmenn eða fyrstu búendur á bæjunum [...]" segir í Íslenskum sögustöðum I. Engar aðrar heimildir hafa fundist um þennan legstað og Henry Þ. Henrysson, heimildarmaður, kannaðist ekki við þessa sögn. Nákvæm staðsetning Sumarliðaleiðis er því óþekkt.

Heimildir: FF, 188; Íslenzkir sögustaðir I, 155

RA-424 Vetleifsholt


60 hdr 1695. JÁM I, 368. Landnámsjörð samkvæmt Landnámu. ÍF I, 367. 1397: Fyrsti máldagi hálfkirkjunnar í V. DI IV, 61. {1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 57} "Úr þesari jörðu eru partar bygðir, so heimajarðarinnar dýrleiki síðan Gata [RA-427:001] og Petursbýli [RA-429:010] eyðilögðust er xxxv hdr." Jörðin á rekafjöru fyrir Þykkvabæjarlandi. Hjáleigur bæjarsins 1709, Reiksarkot [RA-426:001], Gata (í eyði), Hellar (í eyði) [RA-425:001], Lindarbær [RA-428:001], Kastalabrekka [RA-429:001], Péturbýli (í eyði). JÁM I, 368. Í eyði frá 1946. SB V, 391. 1920: Tún 4,3 ha, sléttað 2,7 ha, garðar 2843 m².

Vetleifsholt

Stærð túna: 4,3 ha

Þar af slétt: 2,3 ha

Stærð matjurtagarða: 2.843 m²



Túnakort af heimatúnum Vetleifsholts RA-424 frá árinu 1920

RA-424:001 Vetleifsholt bajarhóll bústaður

63° 49.341N 20° 30.317V

Í Landnámu segir svo: "Ráðormr ok Jólgeirr bræðr kómu vestan um haf til Íslands; þeir námu land milli Þjórsár ok Rangár. Ráðormr eignaðisk land fyrir austan Rauðalæk ok bjó í Vétleifsholti." Í örnefnaskrá segir svo: "Syðst á Bæjarholtinu og niður að mýrinni (Horbrún), er Heimahverfið, og allir bæirnir í sama túninu, innan sömu girðingar, en engin girðing í milli túnanna. Vestast er Partur [RA-429:002] uppi í túninu, Lindarbær [RA-428:001] í svipaðri hæð (nýi bærinn), og Vetleifsholt bar ívið hæst." Í örnefnaskrá Ólafs P. Ingvarssonar segir: "Næsti bær fyrir austan Lindarbæ er Vetleifsholt, og



Bæjarhóll RA-424:001, horft til suðausturs

stendur það hæst af bæjunum." Í Sunnlenskum byggðum V segir: "Vetleifsholt er landnámsjörð, höfuðból og kirkjustaður að fornu. Það var 60 hundruð með hjáleigum árið 1695 og síðar. Ekkert hús stendur nú á hinu forna bæjarstæði en Lindarbær og Vetleifsholt II standa í næstu nánd þess." Enginn bær er nú á forna bæjarhól gamla Vetleifsholtsbæjarins sem er 50-60 m VNV við Vetleifsholt II sem er byggt 1954. Á þessu svæði er sléttað tún gróið háu grasi. Enginn merkjanlegur bæjarhóll er á svæðinu því bæjartættur var að mestu sléttuð út eftir 1950. Á bæjarhólnum var bæjarröð og í henni var m.a. íbúðarhúsið og fjós. Við austurenda bæjarins stóð hesthús ótengt bæjarröð sem kallaðist Stóra-Víti. Samkvæmt Guðrúnu Jónsdóttur, heimildarmanni, var húsið í Vetleifsholti flutt yfir í Lindarbæ í heilu lagi og er í þeim hluta hússins eldhús, stofa og baðherbergi (sjá RA-428:001).

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; ÍF I, 367; Ö-Vetleifsholtshverfi, 2; Ö-Vetleifsholtshverfi ÓPI, 1

RA-424:002 heimild um útkirkju

63° 49.312N 20° 30.316V

Guðrún Jónsdóttir, heimildarmaður, hefur eftir Þórði heitnum Ólafssyni frá Lindarbæ að kirkjan hafi verið á sléttum hjalla í bæjarholtinu um 55 m sunnan og neðan við bæ 001 og um 75 m vestan við Vetleifsholt II. Nákvæm staðsetning er þó óþekkt. Á þessu svæði er sléttað tún í sunnanverðu bæjarholtinu á sléttum hjalla um 2-4 m neðar og sunnar en hjallinn sem bærinn stóð á. Enn sunnar breytist hjallinn í milda brekku sem hallar um 5-10° niður í mýri. Elsta heimildin um kirkjuna í Vetleifsholti er frá lokum 14. aldar en þar segir í málþaga: "portio Ecclesie vmm .xix. år .ixc. fiell nidur fyrir kirkiu uppgiord oc brád .viiij. hundrad; (Máld DI IV 61). 1598: hálfkirkja ; (AM 263 fol. bl. 57). Í Jarðabók Árna og Páls frá 1709 segir: "Hjer er hálfkirkja (bænhús) og embættað af staðarhaldaranum að Odda, þegar heimafólk og hjáleigumenn ganga til sacramentis, og betalar eignarmaður jarðarinnar prestinum árlega sljettan dal fyrir embættisgjörðina. Heimaskyldur (ljóstollur) falla niður og betalast ekki til Odda. Hjáleigumenn lykkja presti kirkju tíund og heytoll" JÁM I, 368. Búendur í Vetleifsholti og hjáleigum þar kvarta yfir óbærilega löngum og slæmum kirkjuvegi til Odda. Væri miklu betra og skemra að sækja kirkju að Ási; Ath.gr. AM - JÁM XIII, 483. Ekkert sést til fornleifa á svæðinu.



Bæjarstæði Vetleifsholts RA-424:001 og Vetleifsholtskirkju RA-424:002, horft til NNA

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: DI IV, 6; JÁM I, 368; JÁM XIII, 483; AM 263 fol. bl. 5

RA-424:003 heimild um útihús

63° 49.345N 20° 30.264V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var útihús um 40 m austan við bæ 001, um 25 m NNV við Vetleifsholt II og um 50 m SSA við Litla-Víti 007. Á þessu svæði er jaðar sléttuðs túns og malbikaður vegur sem liggur norðvestur-suðaustur að Lindarbæ RA-428:001 og Kastalabrekku RA-429:001. Ekkert sést til fornleifa á svæðinu og samkvæmt Guðrúnu Jónsdóttur, heimildarmanni, var húsið horfið er hún kemur árið 1952. Líklega byggt úr torfi

og grjóti.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-424:004 heimild um útihús

63° 49.334N 20° 30.246V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var útihús um 60 m ASA við 001. Á þessu svæði stendur íbúðarhúsið í Vetleifsholti II. Ekkert sést til fornleifa en samkvæmt Guðrúnu Jónsdóttur, heimildarmanni, var húsið byggt úr torfi og grjóti með bárujárnsþaki en hún þekkti ekki hlutverk þess.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-424:005 heimild um útihús

63° 49.322N 20° 30.219V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var útihús um 20 m SSA við útihús 004 (nú Vetleifsholt II) og um 90 m suðaustan við bæ 001. Á þessu svæði er malarplan og steinsteypt útihús. Ekkert sést til fornleifa á þessu svæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-424:006 heimild um útihús

63° 49.318N 20° 30.156V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var útihús um 50 m ASA við útihús 005 og um 140 m suðaustan við bæ 001. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-424:007 Litla Víti þúst hesthús

63° 49.366N 20° 30.296V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var útihús 20-30 m norðaustan við bæ 001 og um 80 m norðan við útihús 004 (Vetleifsholt II). Samkvæmt Guðrúnu Jónsdóttur, heimildarmanni, var þarna hesthús sem kallað var Litla Víti. Á þessu svæði er sléttað tún og rafmagnsstaur. Rafmagnsstaur er á 1-1,5 m háum sléttuðum hól. Hóllinn er aflangur, um 25 x 15 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki virðist vera hlaðið undir aðra slíka staura í nágrenninu svo mjög líklegt er að leifar af tóft finnist hér undir sverði. Samkvæmt Guðrúnu Jónsdóttur, heimildarmanni, var húsið byggt úr torfi og grjóti.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-424:008 heimild um leið

63° 48.873N 20° 31.951V

Í Sunnlenskum byggðum V segir: "Lá hann [alfaravegur] í austur frá Sandhólaferju fyrir sunna Hrútsvatn að vaði á Ytri-Rangá skammt norðan Oddastaðar. Af þessari leið eru til tvær ferðalýsingar, hin fyrri frá 1810 í fyrrnefndri bók Hollands [Dagbók í Íslandsferð 1810] og fylgir henni landakort er höfundur teiknaði leiðina inn á. Hin seinni er í Ferðabók Ebenezer Hernerson fra [svo] 1814 og mjög á sömu lund og hjá Holland. Síðast en ekki síst hefir Björn Gunnlaugsson teiknað þessa leið inn á landakort sem hann gerði eftir mælingum 1831-1839." Þessi leið lá um Ásahrepp frá Sandhólaferju sunnan við Hrútsvatn og Vetleifsholt að Ytri-Rangá hugsanlega 1,5-2 km suðvestan og sunnan við bæjarholtið en nákvæm fjarlægð götu frá bæ 001 er óþekkt. Sunnan við bæjarholtið í Vetleifsholtshverfi er landslagið að mestu

deigar grasigrónar mýrar og þýft graslendi. Ekkert sést til gatna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SB V, 306-307; Dagbók í Íslandsferð 1810, 233; Ferðabók Ebenezer Henderson 1814-1815, 212

RA-424:009 heimild um fjárhús $63^{\circ} 49.203N$ $20^{\circ} 30.368V$ Í svörum við spurningalista um örnefnaskrána segir: "Kornhóll: Þessi tóftarbrot sást upp úr aldamótum. Þar var einnig fjárhús og hesthús [009] Vilhjálms Hildibrandssonar, er bjó í Vetleifsholti í byrjun aldarinnar [1906-1919, SB V]." Samkvæmt Guðrínu Jónsdóttur, heimildamanni, voru tóftarbrot þessara húsa í mýrinni á svæði um 90 m sunnan við Kornhól 010 um 270 m sunnan við Vetleifsholt 001 og um 620 m norðvestan við Rifshalakot RA-426:001. Á þessu svæði er þýft og deig mýri gróin grasi og mosa. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: VSVS, 1; SB V, 391

RA-424:010 Kornhóll frásögn huldufólksbústaður $63^{\circ} 49.250N$ $20^{\circ} 30.355V$

Í örnefnaskrá segir svo: "Kornhóll vestan við Ráðagerði [RA-432:001]". Í örnefnaskrá Ólafs P. Ingvarssonar segir: "Í túninu niður við mýrarjaðarinn er Kornhóll. Gömul saga segir, að á honum hrekist aldrei hey." Kornhóll er um 170 m SSV við bæ 001 og um 180 m SV við Vetleifsholt II. Guðrínu Jónsdóttir, heimildarmaður, sagði frá Jónasi Kristjánssyni sem átti fjárhús í Fornuborg [RA-428:010]. Hann vildi stytta sér leið í fjárhúsin og ætlaði að byggja sér fjárhús í Kornhól. Huldukona kom þá til hans í draumi og bað hann um að grafa ekki í hólinn en Jónas hundsáði bón hennar og tók til við framkvæmdirnar. Um leið og hann byrjaði fóru kindur hans að drepast í hrönnum úr öllu mögulegu en hann hélt þó áfram ótrauður. Að lokum dó þó Jónas sjálfur frá 11 börnum um 1920 og aldrei voru byggð fjárhús í hólnum. Hóllinn er í sléttuðu túni að austan og deigri mýri að vestan. Hóllinn er grasigróinn, hringlaga og um 45 m í þvermál. Hæð hans er 3-4 m og sunnan í honum sjást ummerki um Jónasar Kristjánssonar fyrir útihúsi sínu. Ekkert sést til fornleifa á svæðinu og ómögulegt er að segja til um hvað leynist í hólnum. Heitið Kornhóll bendir til þess að akurrækt hafi einhvern tíman verið iðkuð í nágrenni bæjanna í Vetleifsholtshverfi en engar heimildir eða mannvirki tengd slíkum athöfnum hafa fundist.



Kornhóll RA-424:010, horft til suðvesturs

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 3; Ö-Vetleifsholtshverfi ÓPI, 1

RA-424:011 Markakelda heimild um landamerki $63^{\circ} 49.312N$ $20^{\circ} 35.138V$

Í svörum við spurningum um örnefnaskrá Vetleifsholtshverfis segir svo: "Markakelda hét keldan, þar sem mörkin eru, og þar var varða, áður en markaskurðurinn var grafinn." Guðrún Jónsdóttir og Sigurður Jónsson, heimildarmenn, könnuðust ekki við vörðu á þessu svæði.

Nákvæm staðsetning vörðunnar er óþekkt en Markakelda er um 4 km vestur af Vetleifsholti RA-424:001 á merkjum Framness RA-360 og Vetleifsholtshverfis. Á þessu svæði er þýfð og deig mýri gróin grasi og mosa og djúpir landamerkjaskurðir. Ekkert sést til fornleifa.

Heimildir: VSVS, 5

RA-424:012 *Vorréttin* heimild um rétt 63° 49.653N 20° 30.102V

Í örnefnaskrá segir: "Norðast í holtinu, norður af Helgutótt [RA-428:009], var Vorréttin og Stekkurinn [013] frá Vetleifsholti, [...]." Samkvæmt Sigurði Jónssyni, heimildaramanni, var vorréttin trúlega á svæði um 110 m NNA við Helgutótt og um 600 m norðaustan við Vetleifsholt 001. Á þessu svæði er sléttað tún og þýfður mosa- og grasigróinn mói. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 4

RA-424:013 heimild um stekk 63° 49.652N 20° 30.093V

Í örnefnaskrá segir: "Norðast í holtinu, norður af Helgutótt [RA-428:009], var Vorréttin [012] og Stekkurinn frá Vetleifsholti, [...]." Samkvæmt Sigurði Jónssyni, heimildaramanni, var stekkurinn trúlega um 110 m NNA við Helgutótt og um 600 m norðaustan við Vetleifsholt 001. Á þessu svæði er sléttað tún og þýfður mosa- og grasigróinn mói. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 4

RA-424:014 *Aðalréttin* heimild um rétt 63° 49.395N 20° 30.269V

Í örnefnaskrá segir: "[...] heim við Traðirnar [023] að Vetleifsholti var Aðalréttin, Stöðullinn [015], Kvíarnar [016] og Kvíabólið, auk nokkurra útihúsa [018]." Nákvæm staðsetning þessara mannvirkja er óþekkt en þau hafa trúlega verið um 110 m norðaustan við Vetleifsholt 001 og um 110 m austan við Lindarbæ RA-428:001. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 4

RA-424:015 *Stöðullinn* heimild um kvíar 63° 49.395N 20° 30.269V

Í örnefnaskrá segir: "heim við Traðirnar [023] að Vetleifsholti var Aðalréttin [014], Stöðullinn, Kvíarnar [016] og Kvíabólið, auk nokkurra útihúsa [018]." Í örnefnaskrá segir: "Stöðull Vesturhverfisins var við Norðurtraðirnar í Vetleifsholti, og stundum voru kýrnar úr öllu Heimahverfinu mjólkaðar þar, en það bar þó sjaldan við." Nákvæm staðsetning þessara mannvirkja er óþekkt en þau hafa trúlega verið á svæði um 110 m norðaustan við Vetleifsholt 001 og um 110 m austan við Lindarbæ RA-428:001. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 4; Ö-Vetleifsholtshverfi, 4-5

RA-424:016 *Kvíarnar* heimild um kvíar 63° 49.395N 20° 30.269V

Í örnefnaskrá segir: "[...] heim við Traðirnar [023] að Vetleifsholti var Aðalréttin [014],

Stöðullinn [015], Kvíarnar og Kvíabólið, auk nokkurra útihúsa [018]." Nákvæm staðsetning þessara mannvirkja er óþekkt en þau hafa trúlega verið á svæði um 110 m norðaustan við Vettleifsholt 001 og um 110 m austan við Lindarbæ RA-428:001. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vettleifsholtshverfi, 4

RA-424:017 *Bjarnaborg* heimild um fjárhús 63° 49.269N 20° 30.060V
Í örnefnaskrá segir: "Bjarnaborg suðaustast á holtinu [Bæjarholtinu]." Í svörum við spurningum um örnefnaskrána segir: "Bjarnaborg eftir hringlaga fjárhúsi, er maður, Bjarni að nafni, hafði byggt þar." Á þessu svæði hefur bæjarholtið verið að mestu sléttað í tún svo nákvæm staðsetning er óþekkt. Gæti hugsanlega hafa verið einhvers staðar í nágrenni Gíslakots RA-430:001 eða núverandi íbúðarhúss í Rifshalakoti RA-426:001 en ekkert er hægt að fullyrða um það. Bæjarholtið hefur á þessu svæði að mestu verið sléttað í tún. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Vettleifsholtshverfi, 4; VSVS, 1

RA-424:018 heimild um útihús 63° 49.395N 20° 30.269V
Í örnefnaskrá segir: " [...] heim við Traðirnar [023] að Vettleifsholti var Aðalréttin [014], Stöðullinn, Kvíarnar [016] og Kvíabólið, auk nokkurra útihúsa." Nákvæm staðsetning þessara útihúsa er óþekkt en þau hafa trúlega verið á svæði um 110 m norðaustan við Vettleifsholt 001 og um 110 m austan við Lindarbæ RA-428:001. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Vettleifsholtshverfi, 4

RA-424:019 *Fögrubrekka* heimild um huldufólksbústað 63° 50.001N 20° 30.390V

Í örnefnaskrá segir: "Suðvestan í heiðinni [Heiði] er Fögrubrekka (þar bjó sýslumaður huldufólksins)." Í örnefnaskrá Ólafs P. Ingvarssonar segir: "Vestur af Litla-Einbúa eru enn tvö holt, Egilsnefsholt og Fagrabrekka." Fögrubrekka er um 580 m VNV við Simbatótt 020 og um 1,1 km norðan við Part 429:002. Fögrubrekka er grasigróin norðvesturbrún bæjarholtsins. Bakinn er þarna 4-5 m á hæð og hallar brekkan 45-50° í norðvestur. Á stöku stað hefur barrtrjám verið plantað í brekkuna. Brekkan liggur norður-suður og norðaustur-suðvestur. Austan við hana er sléttað tún og vestan við hana er sléttað graslendi og grasigróinn vegslóði milli túna niðri á sléttunni.



Fögrubrekka RA-424:019, horft til suðausturs

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 5; Ö-Vetleifsholtshverfi ÓPI, 2


RA-424:020 Simbatótt tóftir beitarhús

63° 49.935N 20° 29.708V

Í örnefnaskrá segir: "Norðast á Háheiðinni er Simbatótt." Í svörum við spurningum um örnefnaskrána segir: "Simbatótt: Þar voru sauðahús byggð af Simba, en ekki er vitað hvenær." Simbatótt er um 1,2 km norðaustan við bæ 001 og um 20 m suðaustan við Litla Einbúa. Á þessu svæði er smáþýfður grasi- og mosagróinn mói efst á 4-5 m hárrí hæð. Á um 50 x 30 m stóru svæði sem snýr austur-vestur eru þrjár ógreinilegar tóftir (A-C) sem eru grasigrónar og þýfðar. Tóft A er þrískipt, um 20 x 11 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir hennar eru mjög signir og 1 - 4 m á breidd en aðeins austurveggur hennar er frekar skýr eða um 0,5 m á hæð. Veggirnir eru torfhlaðnir og hér og þar glittir í hleðslugrjótt. Hólfín þrjú (I, II og III) eru 0,2 - 1 m á dýpt og snúa öll norðvestur-suðaustur. Hólf I er suðaustast í tóftinni og er það um 3 x 2 m að innanmáli. Hólf II er 3 m norðvestan við hólf I og er það um 11 x 6 m að innanmáli. Hólf III er svo VNV við hólf I og SSV við hólf II. Hólfið er óljós egglaða dæld sem er um 3 x 2 m að innanmáli. Í tóftinni hafa trúlega verið beitarhús (II) og hlaða (I) ásamt hugsanlegum litlum hrútakofa (III). Tóft B er um 20 m suðvestan við tóft A. Tóft B er einföld og skýrust af öllum tóftunum þremur. Hún er um 9 x 6 m að stærð og snýr NNV-SSA. Veggir hennar eru torfhlaðnir, 2 - 3 m á breidd og 0,2 - 0,6 m á hæð. Innanmál tóftarinnar er 4 x 2 m. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar og óljóst er hvar gegnið hefur verið inn. Norður- og austurveggir tóftarinnar eru frekar rofnir vegna beitar en suður- og vesturveggir hennar eru mjög greinilegir. Hér er hugsanlega um að ræða lítið beitarhús eða heygarð. Tóft C er um 5 m suðaustan við tóft B og um 40 m norðastuan við tóft A. Tóftin er mjög útflótt og hún hefur trúlega verið tví- eða þrískipt en mjög erfitt er að greina hólfin í sundur vegna sigs veggja og rofs. Tóftin er nú (2007) aðeins ferkantaður hóll sem er 0,4 - 1 m á hæð en hér og þar glittir þó í hrúnið hleðslugrjótt í grasinu. Tóftin er um 20 x 14 m að stærð og snýr norður-suður. Staðsetning innganga er óljós. Hér hefur trúlega einnig verið beitarhús.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 5; VSVS, 2



Simbatótt RA-424:020A-C, þrjár ógreinilegar beitarhúsatóftir um 20 m SA við Litla-Einbúa



Stebbatóftir RA-424:020a efst til vinstri (horft til NV), 020b efst til hægri (horft til NV) og 020c neðst til vinstri (horft til SA)

RA-424:021 *Hamraendar* heimild um huldufólksbústað 63° 49.775N 20° 28.364V

Í örnefnaskrá segir: "Austur úr Stóra-Einbúa gengur langur holtshryggur, Stóra-Einbúahryggur. Austasti endi hans heitir Hamarendar, þar var kirkja og prófastssetur huldufólksins." Hamraendar eru um 1,8 km austan við bæ 001 og um 860 m NNA við Hrút RA-431:001. Hamraendar eru 3 - 4 m hátt og um 45 m breitt klettabelti suðaustan í holti sem liggur norðvestur-suðaustur. Beltið hefur verið notað sem stuðalbergsnáma. Klettarnir snúa í ASA og er austurendi þeirra mjög rofinn vegna efnistöku. Annars er holtið grasigróðið og smáþýft á þessu svæði.



Hamraendar RA-424:021, horft til vesturs

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 5

RA-424:022 *Grind* heimild um beitarhús

63° 50.281N 20° 30.636V

Í örnefnaskrá segir: "[...] sunnar eru allstórir rimar og rimateygingar, og hétu þeir einu nafni Tófurimar vestan heiðar. Stærsti þeirra heitir einnig Grind, og norðvestur af honum er Siggurimi [...]." Í svörum við spurningum um örnefnaskrána segir: "Grind: Af illa byggðum fjárhúsum, er Jón Pétursson bóndi í Vetleifsholti byggði rétt fyrir aldarmót; húsin féllu svo saman." Í örnefnaskrá Ólafs P. Ingvarssonar segir: "Norður af þeim [fjárhúsum frá Parti á Húsarima RA-429:012] er annar langur rimi, sem kallaður er Grind. Nú er þar tóft, sem er að mestu jöfnuð við jörð." Grind er um 1,8 km norðan við bæ 001 og um 560 m NNV við

Fögrubrekku 019. Grind er grasgrænn sléttaður rimi sem snýr norðvestur-suðaustur, er um 50 x 30 m að stærð og 1-2 m á hæð. Fast norðvestan við rimann er búið að grafa djúpan stuttan skurð og mikið af skurðum er á svæðinu. Ekkert sést til fornleifa. Svæðið hefur verið sléttað og var Grind hrunin eftir 1950 í tíð Sigurðar Jónssonar, heimildarmanns.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 6; VSVS, 2; Ö-Vetleifsholtshverfi ÓPI, 2

RA-424:023 heimild um traðir

63° 49.372N 20° 30.323V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var um 200 m löng gata heim að bæ 001 um heimatún Vetleifsholts um 20 m norðvestan við Litla Víti (007) og um 50 m ANA við Lindarbæ (RA-428:001). Hér er trúlega um að ræða traðirnar sem nefndar eru í örnefnaskrá: "[...] heim við Traðirnar [023] að Vetleifsholti var Aðalréttin [014], Stöðullinn [015], Kvíarnar [016] og Kvíabólið, auk nokkurra útihúsa [018]." Samkvæmt Guðrúnu Jónsdóttur, heimildarmanni, lá hún um heimatúnið í SSV að Stóra Víti (sjá 001) norðvestan verðu. Á þessu svæði er sléttað tún. Samkvæmt Guðrúnu Jónsdóttur var vegurinn mjór moldarslóði. Ekkert sést til hans vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Vetleifsholtshverfi, 4

RA-424:024 *Skeiðarimi* heimild um leið

63° 49.298N 20° 31.924V

Í örnefnaskrá segir: "skammt norðaustan við Vestra-Brúnarhorn er Skeiðarimi." Í svörum við spurningum um örnefnaskrá segir: "Þar komu þurrari götur, þar sem hægt var að greikka í spori á hestum, eftir að komið var úr blautri mýri." Skeiðarimi er um 1,3 km vestan við Vetleifsholt 001. Á þessu svæði er mjög þýfður og deigur mói gróinn grasi og mosa. Riminn er þýft holt austan við Brúnina sem liggur norðaustur-suðvestur milli Fornuborgar RA-428:010 og Lindarbæjartætta RA-428:011. Um þetta svæði hafa nú verið grafnir miklir ræsingarskurðir og vegslóðar myndast vegna bílaumferðar meðfram og á milli þeirra um graslendið. Ekkert sést til fornleifa og ekki er þekkt nein alfaraleið á þessu svæði. Ekki er vitað nákvæmlega hvaða leið Skeiðarimi var hluti af en hugsanlega hefur fólk farið þarna um á leið frá bæjarholtinu í útihús í Brúnunum (eins og t.d. 428:010-11) og slættur í mýrinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 9; VSVS, 3

RA-424:025 garðlag landamerki/varnargarður

63° 48.588N 20° 33.170V

Mjög víðáttumikið garðlag er um 2 km VSV við Vetleifsholt 001 og um 280 m VNV og ASA við bæjarhól Hellis RA-425:001. Garðlagið liggur um þýfða og deiga móa sem eru grónir grasi- og mosa og um mýri suðvestan við Brúnirnar sem er mjög deig, smáþýfð og gróin grasi og mosa. Garðlagið hlykkjast um 3 x 2 km stórt svæði sem snýr norðvestur-suðaustur. Garðlagið er torfhlaðið, 0,8-1,5 m á breidd, 0,5-1 m á hæð og tæplega 9 km á lengd alls. Garðlagið er gróið mosa og grasi og hér og þar standa upp úr því brotnir og morknir girðingastaurar. Girðingin er horfin. Á



Garðlag RA-424:025, horft til suðvesturs

köflum er það mjög rofið trúlega vegna hrossabeitar og vatnsaga ásamt ræsingarskurðum. Ef byrjað er að lýsa garðlaginu 1,2 km norðvestan við Helli þá kemur það þar í ljós við nýlegan ræsingarskurð. Frá skurðinum liggur garðlagið í SSV um 2,1 km niður af Brúnunum út í mýri. Þar eru T-vegamót og beygir garðlagið þar í NNV í átt að Krútanga og í SSA í áttina að Lambaflóðum. Garðlagið liggur um 490 m í NNV áður en það beygir í norður. Eftir um 600 m beygir það aftur liggur um 340 m í norðvestur áður en það beygir í suðvestur og liggur um 470 m að Andalæk norðan við Frakkavatn þar sem það hverfur. Ef farið er til baka að T-vegamótunum þá liggur garðlagið þar líka í SSA um 270 m áður en það beygir í ANA. Í ANA liggur garðlagið um 390 m vegalengd áður en það beygir frekar í norðaustur. Þaðan liggur garðlagið um 1,9 km upp í átt að bænum Helli og beygir þar í ASA. Garðlagið liggur um 500 m í ASA norðaustan við bæinn en beygir svo aftur SSV og niður í átt að Brúnunum. Um 1,8 km SSV endar svo garðlagið í ræsingarskurði vestan við Eystra Brúnarhorn. Mjög líklega er hér um að ræða gömul landamerki milli Hellis RA-425:001, Vetleifsholts 001, Parts RA-429:002 og/eða Lindarbæjar RA-428:001. Einnig er hugsanlegt að suðvesturhluti garðlagsins hafi einnig þjónað sem varnargarður gegn vatnavöxtum í Þverlæk og Andalæk úr Hrútsvatni.

Hættumat: hætta, vegna rofs

RA-424:026 *Sveinssel* heimild um sel 63° 47.596N 20° 35.555V
Í örnefnaskrá segir svo: "Sveinssel var vestur undir Kálfalæk, rétt við Þykkvabæjarmörkin." Í svörum við spurningum um örnefnaskrána segir: "Ekki býli. Sennilega sel, eftir einhverjum Sveini. Engar sagnir til um það eða tættur." Þetta svæði sem nefnt er í örnefnaskrá er um 5,4 km VSV við Vetleifsholt 001 austan við Kálfalæk á milli suðurbakka Frakkavatns í norðri og landamerkja Þykkvabæjar í suðri. Engar fornleifar fundust við skráningu 2008 og nákvæm staðsetning er óþekkt. Á þessu svæði er víðáttumikil sléttlend mýri. Ekkert sést til fornleifa.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 10; VSVS, 4

RA-424:027 *Skollarimi* þúst beitarhús 63° 49.152N 20° 32.485V
Í örnefnaskrá segir: "Í Vestri- eða Fremribugum er Skollarimi, vestur af Vestra-Brúnarhorni, [...]." Samkvæmt Guðrúnu Jónsdóttur í Vetleifsholti voru fjárhús á þessum rima. Í örnefnaskrá Ólafs P. Ingvarssonar segir einnig: "Suður í mýrinni, í miðri girðingunni [Pínu], er Skollarimi. Þar voru eitt sinn fjárhús frá Vetleifsholti." Beitarhús eru um 180 m vestan við Fornuborg RA-428:010 og um 1,8 km vestan við Vetleifsholt 001. Á þessu svæði er þýfður mói gróinn grasi og mosa í Brúninni norðanverðri. Beitarhúsin eru lítið annað en grasigróin þúst sem er um 25 x 24 m að stærð, um 0,5 m á hæð og snýr NNV-SSA. Af þústinni er þó hægt að ætla að tóftin hafi verið tví- eða þrískipt og er einn ógreinilegur veggur sjáanlegur. Veggurinn er <0,5 m á hæð, um 3 m á breidd, 12 m á lengd og snýr NNV-SSA. Í NNV-enda hans glittir í grjóthleðslur í grasinu en veggurinn hefur verið ANA-veggur gripahússins. Gripahúsin (hólf I) hafa verið NNV við hlöðuna (hólf II). Gripahúsin hafa verið 14 x 8 m að innanmáli og snéru NNV-SSA. Þar sem trúlega var hlaða er nú 14 x 4 m stór og 0,4 m djúp dæld sem snýr ANA-VSV. Fast ANA við hólf I er einnig um 3 x 3 m stór og <0,2 m djúp hringlaga dæld en hlutverk hennar er óþekkt.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 10; Ö-Vetleifsholtshverfi ÓPI, 2



Beitarhúsatóft RA-424:027, á ljósmynd til hægri er horft til NNV

RA-424:028 heimild um landamerki

63° 47.654N 20° 31.020V

Í örnefnaskrá segir: "Þá voru hagar allir óskiptir, og voru landamerki þessi: Í norðausturhorninu var Sandhóll, hornmark milli Ægissíðu, Bjóluhverfis og Veteifsholtshverfis. Þaðan sjónhending í markavörður á Eystra-Brúnarhorni. Þaðan sjónhending eftir markavörðunum í brúninni í línu, sem tekin var eftir fjallamiði." Eystra-Brúnarhorn er um 3,3 km sunnan við Part RA-429:002 og um 2,7 km SSV við Rifshalakot RA-426:001. Á öllum landamerkjum á þessu svæði eru nú djúpir skurðir svo að nákvæm staðsetning varðanna er óþekkt. Engar vörður fundust við skráningu 2008. Á þessu svæði er víðáttumikill þýfður deigur mói gróinn grasi og mosa og djúpir landamerkja- og ræsingarskurðir. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Veteifsholtshverfi, 14-15

RA-424:029 Reiðskarð heimild um leið

63° 49.716N 20° 30.276V

Í örnefnaskrá segir: "Austan við Hamarinn er framhald Partshryggjar og austan við hann, vestan í holtinu, Reiðskarð." Í svörum við spurningum um örnefnaskrána segir: "Reiðskarð: Götuslóði á þessu holti, þar sem gott þótti að spretta úr spori eftir veru í blautri mýri." Samkvæmt Sigurði Jónssyni, heimildarmanni, er Reiðskarð um 700 m NNA við bæ 001 og um 100 m SSA við beitarhúsatóftir RA-429:007 á Egilsnefi. Á þessu svæði er sléttað tún, skurðir til ræstingar og þýft graslendi í dæld milli Partshryggjar og Egilsnefs. Ekkert sést til gata vegna sléttunar og þúfumyndunar. Ekki er vitað nákvæmlega á hvaða leið gatan í Reiðskarði var en hugsanlega hefur verið farið um hana frá bæjarholtinu í útihúsin norðan við bæina (t.d. Simbatótt 020 og Sigurðartættur RA-427:005) og/eða upp (norður) í land yfir í Rangárþing ytra.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Veteifsholtshverfi, 4; VSVS, 1

RA-424:030 Torfunef örnefni rista

63° 49.355N 20° 30.105V

Í örnefnaskrá segir: "Suðaustan í henni [mýrarbrún syðst í Innholtum], næst Bæjarholtinu, er Torfunef, og nokkru fjær austan í henni Hellunef [031]." Í svörum við spurningum um örnefnaskrána segir: "Sennilega af torfristu og hellutaki áður fyrr." Samkvæmt Sigurði Jónssyni, heimildarmanni, var Torfunef líklegast á svæði um 180 m austan við bæ 001 og um

260 m norðan við Götu RA-427:001. Nákvæm staðsetning er óljós. Á þessu svæði er sléttað tún. Engar vísbendingar um torfristu eru sjáanlegar.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 6; VSVS, 2

RA-424:031 *Hellunef* örnefni hellutak 63° 49.387N 20° 29.922V

Í örnefnaskrá segir: "Suðaustan í henni [mýrarbrún syðst í Innholtum], nær Bæjarholtinu, er Torfunef [030], og nokkru fjær austan í henni Hellunef." Í svörum við spurningum um örnefnaskrána segir: "Sennilega af torfristu og hellutaki áður fyrr." Hellunef hefur trúlega verið á svæði um 330 m austan við bæ 001 og um 160 m norðaustan við Torfunef en nákvæm staðsetning er óþekkt. Á þessu svæði er sléttað tún. Engin björg eða hellur eru lengur sjáanleg.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 6; VSVS, 2

RA-424:032 þúst heystæði 63° 47.947N 20° 32.739V

Í örnefnaskrá Ólafs P. Ingvarssonar segir: "Austan við Lambaflóð eru Heygarðarnir. Þar lönuðu bændur heyi sínu stundum áður til bráðabirgða, þegar sumur höfðu verið vætusöm og liðið var á haust, þegar náðist að þurrka heyið. Síðar var það dregið heim á sleðum, þegar komið var hjarn." Hugsanleg heystæði eru á svæði um 3,3 km suðvestan við Vetleifsholt 001 og um 3,2 km VSV við Rifshalakot RA-426:001. Á þessu svæði er deigt og þýft graslendi í Brúninni SSV-verðri. Í Brúninni er um 60 x 60 m stórt upphækkað og mjög þýft svæði þar sem hugsanlega gætu hafa verið heystæði. Í þúfunum eru að minnsta kosti 3 egglega dældir sem eru 3-6 x 2-4 m að stærð og um 0,5 m á dýpt en engin þeirra snýr eins. Dældirnar eru smáþýfðar í botninn. Ekki er víst að hér sé um fornleifar að ræða en þessar dældir gætu einnig verið aðeins náttúruleg myndun en voru skráðar þar sem engar aðrar vísbendingar fundust um heystæði á þessu svæði.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi ÓPI, 3

RA-424:033 heimild um kálgarð 63° 49.325N 20° 30.325V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var kálgarður um 80 m suðvestan við Litla Víti 007 og fast sunnan og suðvestan við bæ 001. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-424:034 *Stebbatóft* þúst beitarhús 63° 48.778N 20° 31.093V

Í örnefnaskrá Ólafs P. Ingvarssonar segir: "Mitt á milli Lindarbæjar [RA-428:001] og Hellis [RA-425:001] er Stebbatóft. Þar hefur fyrir löngu síðan verið fjárhús, sem nú er orðið að moldarflagi." Stebbatóft er um 1,2 km suðvestan við Vetleifsholt 001, um 1,2 km vestan við Rifshalakot RA-426:001 og um 10 m norðvestan við djúpan skurð og vegslóða sem liggja í suðvestur út á engjarnar frá bæjarholtinu framhjá sumarbústaðnum Lindarnesi. Á þessu svæði er stórþýft deigt graslendi gróið grasi- og mosa. Tóftin er nú (2007) lítið annað en þúst af um 0,5 m háum stórum þúfum sem mynda 20 x 10 m stóran ferhyrning sem snýr norður-suður. Í norðanverðri þústin er svo ógreinilegt um 8 x 5 m stórt hól sem snýr einnig norður-suður en ekki er óhugsandi að fleiri hól hafi verið í tóftinni. Ekkert sést til hleðslugrjóts eða inngangs í tóft.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi ÓPI, 3



Stebbatóft RA-424:034, horft til norðurs


RA-424:035 *Lambhúsholt*

"Árið 1803 er Lambhúsholt eitt býlið í Vetleifsholtshverfi. [...] Árið 1804 er það nefnt Björnsholt. Býlis þessa sést ekki getið fyrr eða síðar." segir í Sunnlenskum byggðum V. Staðsetning þessa býlis er óþekkt. Samkvæmt Guðrúnu Jónsdóttur, heimildarmanni, var gamalt býli sem nú (2007) kallast Bjarnatóft RA-426:014 um 55 m austan við núverandi íbúðarhús í Rifshalakoti, um 580 m NNV við Rifshalakot RA-426:001 og um 360 m austan við Vetleifsholt 001. Hugsanlegt er að hér gæti verið um að ræða Lambhúsholt/Björnsholt RA-424:035 en engar heimildir hafa þó fundist sem styðja slíka tilgátu.

Heimildir: SB V, 393

RA-425 Hellir

Hjáleiga Vetleifsholts. Í eyði 1709. "Var fyrst bygt hjer um fyrir 40 árum." JÁM I, 370. 3 hdr 1847. JJ, 43. "Árin 1838-1855 var þar þríbýli og tvíbýli árin 1855-1890." SB V, 398. 1920: Garðar 100 m². "Engin tún voru í Helli. Mun styttra var að sækja þaðan heyskap í Safamýri en frá öðrum bæjum í Vetleifsholtshverfi." SB V, 398.




Túnakort Hellis RA-425 frá árinu 1920

RA-425:001 Hellir bæjarhöll bústaður

63° 48.535N 20° 31.551V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: "er nú í eyði og hefur öðru hverju í eyði verið. Var fyrst byggt hjer um fyrir 40 árum." "Hellir var afbýli frá Vetleifsholti [RA-424:001]. [...] Hellir stóð um 1800 m í hafsuður frá Vetleifsholti. Tjörn er 200 m sunnan við bæjarstæðið." segir í Sunnlenskum byggðum V. Í örnefnaskrá segir svo: "Í suður-suðvestur frá Heimahverfinu, alllangt burtu, er Hellir á túnlausum, allstórum rima. [...] Næst var Fjárhúsholt [004], þá Litl[i]hellir (þar var bærinn nú)." Í örnefnaskrá Ólafs P. Ingvarssonar segir:

"[...] er bær í miðri mýrinni, beint suðvestur af Lindarbæ [RA-428:001]. Hellir er nú lagstur í eyði og ekkert eftir nema hálfhrundar tættumar [svo] og örlítill túnskækill. Austan við túnið er Hellistjörn." Í Mannngerðum hellum á Íslandi segir svo: "Dæmi um bæi sem heita eftir mannngerðum hellum eru [...] Vetleifsholtshellir." Hellisbær var um 1,8 km suðvestan við Vetleifsholt RA-424:001 og um 1,7 km VSV við Rifshalakot RA-426:001. Á þessu svæði er grasi- og mosagróinn bergrani sem liggur VSV-ANA frá Rifshalakoti og niður að Rimaendum. Í Sunnlenskum byggðum V segir einnig: "Aftur hófst þó byggð í Helli. Árin 1838-1855 var þar þríbýli og tvíbýli árin 1855-1890. Á Helli hafa verið fjárflestu bændur sveitarinnar. Jón Jónsson sem bjó þar árin 1858-1884 átti 600-700 fjár. [...] Engin tún voru í Helli. Mun styttra var að sækja þaðan heyskap í Safamýri en frá öðrum bæjum í Vetleifsholtshverfi. Hagabeit



Grjóthlaðinn grunnur RA-425:001, horft til SSV

var góð en landrými lítið. Gekk fénaður mjög í landi nágranna en ekki svo að um það fengist í þá daga." Jörðin fór í eyði 1935. Lítið sést nú (2008) til leifa af bænum annað en einföld röð af hleðslugrjóti úr grunni hússins sem hefur verið um 14 x 10 m að stærð og snúið A-V. Stendur hún <0,4 m upp úr rímanum. Ekki er hægt að segja til um hvort að bæjarhóll hefur myndast þar sem bærinn stóð á náttúrulegum bergríma sem stendur upp úr mýrinni en líklega hefur ekki verið búið þarna nógu lengi til að umfangsmikill slíkur hóll hafi haft tíma til að myndast. Ekki er alveg víst að bærinn hafi alltaf staðið á þessum stað. Hugsanlegt er að eldri bæjarstæði finndust í rímanum við frekari rannsóknir, eins og t.d. í Gamlahelli (sjá 002), þar sem bærinn hefur oft farið í eyði og verið byggður upp aftur en Guðrún Jónsdóttir, heimildarmaður, kannaðist ekki við nein eldri bæjarstæði. Svæðið sem síðasti bærinn stóð á er um 40 m á breidd og um 90 m á lengd og stendur bergríminn um 2-4 m upp úr deigu graslendinu umhverfis.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Túnakort 1920; SB V, 398; Ö-Vetleifsholtshverfi, 3, 8; Ö-Vetleifsholtshverfi ÓPI,

RA-425:002 *Gamlíhellir* heimild um bústað 63° 48.447N 20° 31.808V

Í svörum við spurningum um örnefnaskrána sem Þórður Ólafsson bóndi í Lindarbæ svaraði segir: "Hvað er Litlíhellir? Hvað er átt við með "þar var bærinn nú"? Eru Litlíhellir, Hellir og Gamlíhellir allt það sama? [...] Gamlíhellir og Litlíhellir er það sama. Þar var bærinn byggður fyrst, en svo sauðahús síðar. Sigurður Guðmundsson byggði nýtt hús dálítið norðar í byrjun aldarinnar." Þetta svar Þórðar er mjög villandi þar sem Gamlíhellir og Litlíhellir eru ekki sami staðurinn þó þeir hafi kannski tæknilega verið sami bærinn og séu í sama bergrímanum og því er ekki alveg ljóst við hvað er átt í þessari útskýringu. Hann talar um að bærinn hafi verið færður aðeins norðar sem getur bæði þýtt aðeins örfáa metra norðan við gamla bæinn í sama hól eða að bærinn hafi jafnvel verið fluttur norður í næsta ríma sem er Hellisholt en þar eru tættur með óþekkt hlutverk (sjá 011). Sú fullyrðing hans að bærinn hafi verið fluttur norðar passar því alls ekki við þá staðreynd að yngsti bærinn var í Litlahelli sem er ANA við Gamlahelli ekki norðan við hann. Út frá öllum þeim upplýsingum sem fundist hafa verður að draga þá ályktun að bærinn hafi áður verið á þeim hluta rímans sem kallast Gamlíhellir en síðan fluttur yfir á svæðið sem kallast Litlíhellir samkvæmt örnefnaskrá en þó er ekki minnst á neitt sauðahús í Gamlahelli í lýsingum örnefnaskrár aðeins stöðul, kvíar, stekkt og rétt (sjá 006-009). Sauðahúsinu hefur hugsanlega verið bætt við innan um þessi mannvirki á tóftum gamla bæjarins en engar leifar af líklegu sauðahúsi fundust á þessu svæði við skráningu 2008. Einnig er þó hugsanlegt að hér sé um að ræða þrjú bæjarstæði en ekki bara tvö, tvö í Gamlahelli á svipuðum stað og það yngsta í Litlahelli en engar heimildir hafa fundist um slíkt. Gamlíhellir er um 180 m VSV við Litlahelli 001. Gamlíhellir er um 150 x 50 m stór og um 2-4 m hár hóll í bergríma sem liggur í VSV frá Rifshalakoti RA-426:001 niður í mýri við Rímaenda. Svæðinu hefur verið raskað mikið á 20. og 21. öld trúlega vegna hrossabeitar og annars rasks sem tengist ábúð í Vetleifsholtshverfi svo lítið er eftir af greinilegum mannvirkjum á svæðinu. Nákvæm staðsetning óþekkt (sjá einnig 001 og 006-009).

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: VSVS, 3

RA-425:003 *Heygarðar* heimild um heygarð 63° 47.707N 20° 31.261V

Í örnefnaskrá segir: "Heygarðar, neðst í Austurbrúnum, neðan við Hellisskjólgarða [012]. Eru aflögð lanastæði, sem notuð voru á sínum tíma af bændum í heimahverfinu." Heygarðarnir hafa verið á svæði um 1,6 km SSA við Helli 001 og um 2,7 km suðvestan við Rifshalakot RA-426:001 en nákvæm staðsetning er óþekkt. Á þessu svæði er þýfður deigur mói gróinn

grasi og mosa. Ekkert sést til fornleifa.

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 16

RA-425:004 *Fjárhúsholt* örnefni fjárhús 63° 48.590N 20° 31.368V
Í örnefnaskrá segir: "Á leiðinni frá Rifshalakotsvatni að Helli er fyrst Götuhúsarimi [RA-427:006], þá nafnlaus rimi, síðan Einarstöft [RA-426:009]. Norður af henni Stakirimi á leiðinni frá Helli upp í Heimahverfið. Næst var Fjárhúsholt, [...]" Fjárhúsholt er um 1,6 km suðvestan við Vetleifsholt RA-424:001, um 1,5 km vestan við Rifshalakot [RA-426:001] og um 180 m norðaustan við Helli 001. Holtið er grasigróinn bergrimi sem liggur norðaustur-suðvestur í þýfðum grasi- og mosagrónum móa. Á þessu svæði er riminn um 2 m á hæð en mikið rofinn vegna hrossabeitar. Svæði þar sem fjárhús gæti hafa staðið er um 30 x 30 m að stærð en engin greinileg hólfi eða veggir útihúsa eru sjáanlegir. Í rofabörðunum er hleðslugrjót hér og þar.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 8

RA-425:005 garðlag áveita

63° 48.550N 20° 31.410V

Umfangsmikil garðlög eru umhverfis bæjarhól Hellis 001 í um 10-140 m fjarlægð frá bæ 001. Á þessu svæði er þýfður og deigur grasi- og mosagróinn mói umhverfis grasigróinn smáþýfðan bergrana sem stendur 2-3 m upp úr móanum og snýr norðaustur-suðvestur. Garðlögin mynda 8 hólfi umhverfis og við bæjarhólinn og eru 7 af 8 hólfum ferköntuð. Öll ferköntuðu hólfin eru um 70-80 x 40-50 m að stærð, snúa öll ANA-VSV og eru öll samföst sunnan, umhverfis og norðan við bæjarhól. Suðurbakki syðsta hólfsins er norðurbakki Hellistjarnar. Stærsta og síðasta hólfið er svo fast suðvestan við bæjarhólinn. Það er um 310 x 150 m að stærð og snýr einnig ANA-VSV. Suðsuðausturhlið þess er norðvesturbakki Hellistjarnar. Í hólfinu miðju eru svo flestar útihúsatóftir og kálgarðar Hellisbæjar. Garðlögin eru torfhlaðin en mikið rofin vegna hrossabeitar og vatnsaga. Þau eru 0,5-0,8 m á hæð, 0,5 m á breidd og alls um 1530 m á lengd. Óljóst er hvaða hlutverki þessi hólfi hafa gegnt en þau hafa hugsanlega verið nýtt til þess að ræsa deigt landsvæðið í kring um bæinn í Hellistjörn þar sem grunnir skurðir sem mjög líklega hafa safnað vatni eru meðfram flestum garðlögum.



Garðlag RA-425:005, horft til SSA

Hættumat: hætta, vegna rofs

RA-425:006 *Stöðullinn* heimild um kvíar

Í örnefnaskrá segir: "Næst var Fjárhúsholt [004], þá Litl[i]hellir [001] (þar var bærinn nú). Því næst Hellir (eða Gamlihellir, sem var nýtt nafn) [002]. Þar var Stöðullinn [006], Kvíarnar [007], Stekkurinn [008] og Réttin [009]." Nákvæm staðsetning þessara mannvirkja er óþekkt. Gamlihellir 002 er nú mjög rofinn vegna rofs og rasks sem fylgir ábúð í Vetleifsholtshverfi en á honum sjást nokkrar þústir sem hugsanlega gætu verið þessi gömul mannvirki (sjá 019-021) en ekki var hægt að ákvarða nákvæmt hlutverk þeirra. Einnig er þó hugsanlegt að ekki hafi

verið byggð nein mannvirki í tengslum við t.d. mjaltir á rollum (kvíar) og kúm (stöðull) en ekki er hægt að fá það staðfest. Gamlihellir er um 150 x 50 m stór og um 2-4 m hár hóll í bergrima sem liggur í VSV frá Rifshalakoti RA-426:001 niður í mýri við Rimaenda. Svæðinu hefur verið raskað mikið á 20. og 21. öld trúlega vegna hrossabeitar og annars rasks sem tengist ábúð í Veteifsholtshverfi svo lítið er eftir af greinilegum mannvirkjum á svæðinu. Nákvæm staðsetning er óþekkt (sjá einnig 002).

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Veteifsholtshverfi, 8; VSVS, 3

RA-425:007 *Kvíarnar* heimild um kvíar

Í ornefnaskrá segir: "Næst var Fjárhúsholt [004], þá Litl[i]hellir [001] (þar var bærinn nú). Því næst Hellir (eða Gamlihellir, sem var nýtt nafn) [002]. Þar var Stöðullinn [006], Kvíarnar [007], Stekkurinn [008] og Réttin [009]." Nákvæm staðsetning þessara mannvirkja er óþekkt. Gamlihellir 002 er nú mjög rofinn vegna rofs og rasks sem fylgir ábúð í Veteifsholtshverfi en á honum sjást nokkrar þústir sem hugsanlega gætu verið þessi gömul mannvirki (sjá 019-021) en ekki var hægt að ákvarða nákvæmt hlutverk þeirra. Einnig er þó hugsanlegt að ekki hafi verið byggð nein mannvirki í tengslum við t.d. mjaltir á rollum (kvíar) og kúm (stöðull) en ekki er hægt að fá það staðfest. Gamlihellir er um 150 x 50 m stór og um 2-4 m hár hóll í bergrima sem liggur í VSV frá Rifshalakoti RA-426:001 niður í mýri við Rimaenda. Svæðinu hefur verið raskað mikið á 20. og 21. öld trúlega vegna hrossabeitar og annars rasks sem tengist ábúð í Veteifsholtshverfi svo lítið er eftir af greinilegum mannvirkjum á svæðinu. Nákvæm staðsetning er óþekkt (sjá einnig 002).

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Veteifsholtshverfi, 8

RA-425:008 *Stekkurinn* heimild um stekk

Í ornefnaskrá segir: "Næst var Fjárhúsholt [004], þá Litl[i]hellir [001] (þar var bærinn nú). Því næst Hellir (eða Gamlihellir, sem var nýtt nafn) [002]. Þar var Stöðullinn [006], Kvíarnar [007], Stekkurinn [008] og Réttin [009]." Nákvæm staðsetning þessara mannvirkja er óþekkt. Gamlihellir 002 er nú mjög rofinn vegna rofs og rasks sem fylgir ábúð í Veteifsholtshverfi en á honum sjást nokkrar þústir sem hugsanlega gætu verið þessi gömul mannvirki (sjá 019-021) en ekki var hægt að ákvarða nákvæmt hlutverk þeirra. Einnig er þó hugsanlegt að ekki hafi verið byggð nein mannvirki í tengslum við t.d. mjaltir á rollum (kvíar) og kúm (stöðull) en ekki er hægt að fá það staðfest. Gamlihellir er um 150 x 50 m stór og um 2-4 m hár hóll í bergrima sem liggur í VSV frá Rifshalakoti RA-426:001 niður í mýri við Rimaenda. Svæðinu hefur verið raskað mikið á 20. og 21. öld trúlega vegna hrossabeitar og annars rasks sem tengist ábúð í Veteifsholtshverfi svo lítið er eftir af greinilegum mannvirkjum á svæðinu. Nákvæm staðsetning er óþekkt (sjá einnig 002).

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Veteifsholtshverfi, 8

RA-425:009 *Réttin* heimild um rétt

Í ornefnaskrá segir: "Næst var Fjárhúsholt [004], þá Litl[i]hellir [001] (þar var bærinn nú). Því næst Hellir (eða Gamlihellir, sem var nýtt nafn). Þar var Stöðullinn [006], Kvíarnar [007], Stekkurinn [008] og Réttin [009]." Nákvæm staðsetning þessara mannvirkja er óþekkt. Gamlihellir 002 er nú mjög rofinn vegna rofs og rasks sem fylgir ábúð í Veteifsholtshverfi en á honum sjást nokkrar þústir sem hugsanlega gætu verið þessi gömul mannvirki (sjá 019-021) en ekki var hægt að ákvarða nákvæmt hlutverk þeirra. Einnig er þó hugsanlegt að ekki hafi verið byggð nein mannvirki í tengslum við t.d. mjaltir á rollum (kvíar) og kúm (stöðull) og

rétting gæti hafa verið byggð úr timbri en ekki er hægt að fá það staðfest. Gamlihellir er um 150 x 50 m stór og um 2-4 m hár hóll í bergrima sem liggur í VSV frá Rifshalakoti RA-426:001 niður í mýri við Rimaenda. Svæðinu hefur verið raskað mikið á 20. og 21. öld trúlega vegna hrossabeitar og annars rasks sem tengist ábúð í Veteifsholtshverfi svo lítið er eftir af greinilegum mannvirkjum á svæðinu. Nákvæm staðsetning er óþekkt (sjá einnig 002).

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Veteifsholtshverfi, 8


RA-425:010 *Veteifsholtshellir* heimild um beitarhús 63° 48.146N 20° 32.711V
Í örnefnaskrá segir: "Suðvestur af Helli, í beinu áframhaldi, voru tveir rimar nafnlausir, þá Langirimi, norðaustan í honum er hellirinn, smáskúti, sem bærinn ber nafn af." Nákvæm staðsetning hellisins er óþekkt. Ef hellirinn var í Langarima er líklegasti staðurinn náttúrulegur hóll um 1,2 km VSV við bæ 001 og um 2,9 km VSV við Rifshalakot RA-426:001. Rimarnir eru allir mjög rofnir vegna hrossabeitar og hvergi sést móta fyrir leifum eða dældum sem hugsanlega gætu verið eftir helli svo nákvæm staðsetning er óþekkt. Hóllinn er hluti af náttúrulegum grasigrónum og þýfðum bergrima sem liggur VSV-ANA. Hóllinn er um 100 x 50 m að stærð, um 2-4 m á hæð og snýr VSV-ANA. Hann er nú þýfður og rofinn vegna hrossabeitar. Í Manngerðum hellum á Íslandi segir: "Hellirinn sem bærinn heitir eftir er löngu fallinn og týndur en Jarðabókin sýnir að hann hefur verið gerður fyrir 1670. Hann hefur vafalítið upphaflega verið beitarhús frá Veteifsholti fyrir fé sem gekk í Safamýri." Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Veteifsholtshverfi, 8; Manngerðir hellar, 143

RA-425:011 tóft óþekkt 63° 48.490N 20° 32.066V
Þrískipt tóft er um 2,1 km VSV við Veteifsholt RA-424:001 og um 410 m vestan við Helli 001. Tóftin er á löngum bergrima sem er um 50 m breiður, um 3 m hár og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er þrískipt (hólf I-III), um 26 x 12 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir hennar eru frekar ógreinilegir og eru nú (2007) varla meira en þúfur vegna hrossabeitar. Veggirnir eru 1-4 m á breidd og <0,5 m á hæð. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Hólf I er suðvestast, um 10 x 5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hugsanlegt er að timburþil hafi verið á norðvesturvegg þess. Hólf II er í miðju tóftar, um 10 x 9 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Enginn greinanlegur inngangur er inn í hólfid. Hólf III er norðaustast, um 12 x 3 m að innanmáli og snýr einnig norðvestur-suðaustur. Hugsanlegt er að timburþil hafi verið á suðausturhlið þess. Hugsanlega er hér um fjárhús að ræða en engar heimildir hafa fundist um þessi hús.

Hættumat: hætta, vegna rofs



Tóft RA-425:011, horft til suðvesturs

RA-425:012 *Hellisskjólgarðar* heimild um varnargarður 63° 47.793N 20° 31.268V
Í örnefnaskrá segir: "Niðri á lægri brúninni, á tanga, þar sem Austurbrúnirnar ganga lengst fram í Safamýri, eru Hellisskjólgarðar, [...]." Í svörum við spurningum um örnefnaskrána segir: "Götu [RA-427:009] - og Hellisskjólgarðar voru hlaðnir til skjóls fyrir skepnur. Nú sjást engin merki þessara garða." Hellisskjólgarðar hafa trúlega verið á svæði um 1,4 km SSA við Helli RA-425:001 og um 2,6 km suðvestan við Rifshalakot RA-426:001 en nákvæm staðsetning er óþekkt. Á þessu svæði er þýfður og deigur mói gróinn grasi og mosa. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 8; VSVS, 3

RA-425:013 *Þorleifsstaðir* heimild um bústað 63° 47.710N 20° 32.217V
Í örnefnaskrá segir: "Milli Hellisskjólgarða [012] og Rimenda að vestan eru Þorleifsstaðir í hvíltinni, sem þar myndast í brúnina [Austurbrún]." Í svörum við spurningum um örnefnaskrána segir: "Þar byrjaði maður, sem Þorleifur hét, að byggja íveruhús á öldinni, sem leið, en varð aldrei íveruhús. Engar menjar eftir það." Samkvæmt Guðrúnu Jónsdóttur, heimildarmanni, hafa Þorleifsstaðir trúlega verið á svæði um 1,6 km m SSV við Helli 001 og um 880 m suðaustan við beitarhús 014 en nákvæm staðsetning er óþekkt og engar leifar fundust við skráningu 2007. Á þessu svæði er þýfður og deigur mói gróinn grasi og mosa SSV í Brúnunum. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 8; VSVS; 3

RA-425:014 þústir beitarhús 63° 48.065N 20° 32.920V
Í örnefnaskrá Ólafs P. Ingvarssonar segir: "Fremst í Brúninni, ofanvert við Lambaflóð, er Rauðadý og skammt austan við það Rimaendar. Þar voru fjárhús frá Helli, sem fuku fyrir nokkrum árum í ofviðri, svo að ekkert var eftir nema tættumar [svo]." Beitarhúsapústir eru um 3,2 km VSV við Rifshalakot RA-426:001 og um 1,4 km VSV við Helli 001. Beitarhúsin eru á um 3 m háum þýfðum, grasi- og mosagrónum berggrima sem liggur ANA-VSV. Riminn er nú (2008) mjög rofinn vegna hrossabeitar og vatnsaga. Umrædd beitarhús voru á svæði sem er um 50 x 30 m að stærð sem snýr ANA-VSV. Á svæðinu er nú (2008) lítið annað en þúfur og rofabörð en hægt er að sjá hugsanlega veggir hér og þar þar sem þúfur liggja í beinum röðum sem eru < 1 m á breidd og < 0,5 m á hæð. Ekki er þó hægt að sjá út nein skýr hólfi eða hús í öllum ójöfnunum en mjög líklegt er að að minnsta kosti 5-6 beitarhús hafi verið í þyrpingu á þessu svæði. Flatt hleðslugrjót sést á víð og dreif og hafa húsin að einhverju leiti verið hlaðin úr torfi og grjóti. Öll húsin voru skráð hér saman vegna þess hve erfitt var að greina hvar eitt hús endaði og annað byrjaði.



Beitarhúsapústir RA-425:014, horft til VSV

Hættumat: hættu, vegna rofs

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi ÓPI, 3

RA-425:015 heimild um kálgarð


63° 48.496N 20° 31.649V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var kálgarður um 110 m VSV við bæ 001. Á þessu svæði er grasigróinn og smápýfður bergrimi sem snýr VSV-ANA en hann er mikið rofinn vegna hrossabeitar. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna rofs**Heimildir:** Túnakort 1920**RA-425:016** tóft óþekkt

63° 48.591N 20° 31.822V

Einföld tóft er um 230 m norðvestan við Hellir 001 og um 270 m ANA við þúst 017 sem er á sama rima. Tóftin er í mjög þýfðum grasi- og mosagrónum bergrima sem liggur norðaustur-suðvestur. Tóftin er einföld, um 14 x 7 m að stærð og snýr NNV-SSA. Innanmál tóftarinnar er um 9 x 3 m og eru veggir hennar 2-3 m á breidd og <0,5 m á hæð. Veggirnir eru mjög rofnir og þýfðir vegna hrossabeitar en hafa trúlega verið torfhlaðnir. Ekkert sést til hleðslugrjóts. Hér er trúlega um fjárhús að ræða en engar heimildir hafa fundist um þessi hús.

Hættumat: hætta, vegna rofs


Tóft RA-425:016, horft til SSA

RA-425:017 þúst óþekkt

63° 48.351N 20° 32.067V

Einföld þúst er um 530 m VSV við Helli 001 og um 2,3 km suðvestan við Vetleifsholt RA-424:001. Á þessu svæði er náttúrulegur bergrimi sem er um 40 m á breidd, um 3-4 m hár og snýr VSV-ANA. Þústin er einföld, um 11 x 6 m að stærð og snýr NNV-SSA. Veggir hennar eru lítið annað en grasi- og mosagrónar þúfur og mjög ógreinilegir en eru 1-2 m á breidd og minna en 0,5 m á hæð. Innanmál tóftarinnar er 9 x 3 m en hún er mjög rofin vegna hrossabeitar. Engar heimildir eru til um þústina en mjög líklega er hér um beitarhús eða einhverskonar aðhald fyrir búpening frá Helli að ræða.

Hættumat: hætta, vegna rofs



Tóft RA-425:017, horft til suðurs


RA-425:018 tóft fjárhús

63° 48.532N 20° 31.572V

Inn á túnakort frá árinu 1920 er merkt lítið mannvirki um 20 m VSV við bæ 001. Hlutverk þessa mannvirkis er óþekkt. Á svipuðum stað sést nú (2008) tvískipt tóft sem er þó mun stærri. Hún er um 5 m vestan við bæ 001 og um 1,8 km suðvestan við Veteifsholt RA-424:001. Mjög líklegt er að þessi tóft hafi verið byggð ofan á mannvirkið sem sýnt er á túnakorti. Á þessu svæði er grasi- og mosagróinn bergrani sem liggur VSV-ANA frá Rifahalakoti og niður að Rimaendum. Tóftin er tvískipt (hólf I og II), um 18 x 14 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hólf I er um 0,4 m djúp dæld sem er um 14 x 7 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hólf II er fast SSA við hólf I og hefur trúlega verið úr timbri. Þar sést aðeins ógreinilegur grjóthlaðinn grunnur sem er um um 14 x 10 m á lengd, <0,4 m á hæð og snýr einnig ANA-VSV. Tóftin er líklega af fjárhúsum og hlöðu.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Túnakort 1920



Tóft RA-425:018 (hólf I), horft til SSV

RA-425:019 tóft+gerði óþekkt


63° 48.482N 20° 31.698V

Á túnakorti frá árinu 1920 er teiknaður kálgarður 022 um 160 m VSV við bæ 001. Þetta svæði er á milli Gamlaheillis 002 og Litlaheillis 001 og þarna eru nú (2008) tóft og gerði um 2 km suðvestan við Veteifsholt RA-424:001 og um 1,9 km VSV við Rifshalakot RA-426:001. Á

Þessu svæði er grasi- og mosagróinn bergrani í þýfðum deigum móa. Tóftin og gerðið eru sambyggð en mjög ógreinileg. Tóftin er einföld, um 15 x 8 m að stærð og snýr VSV-ANA. Veggir hennar eru lítið annað en <0,4 m háar grasigrónar þúfur en þær virðast mynda um 2 m breiða vegg. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Innanmál tóftarinnar er um 11 x 4 m. Hlutverk þessarar tóftar er óþekkt. Út frá VNV- og ASA-hornum tóftarinnar liggur svo hugsanlegt garðlag sem myndar um 24 x 16 m stórt gerði sem lokar af suður og suðvesturhluta tóftarinnar og snýr einnig VSV-ANA. Veggir gerðisins eru einnig lítið annað en <0,4 m lágar þúfur og hefur garðlagið trúlega verið torfhlaðið og ekki breiðara en um 1 m. Innanmál gerðisins er því um 22 x 14 m. Hugsanlegt er að hér hafi verið kálgarður (sjá 022) eins og sýnt er á túnakorti en þó er alveg hugsanlegt að hér sé um einhverskonar aðhald fyrir búpening að ræða eins og t.d. kvíar eða stöðull (sjá 006 og 007). Ekki var hægt að skera úr um hvaða mannvirki er hér um að ræða með vissu svo kálgarður, kvíarnar og stöðullinn voru skráð sér.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Túnakort 1920



Tóft og gerði RA-425:019, horft til vesturs

RA-425:020 þúst óþekkt

63° 48.465N 20° 31.759V

Ógreinileg þúst hugsanlegs mannvirkis er um 60 m VSV við tóft og gerði 019 og um 220 m VSV við bæ 001. Þústin er í grasigrónum löngum bergrima sem er þarna um 1,5 m á hæð. Riminn og þústin eru rofin af hestagötum. Þústin er mjög ógreinileg, um 12 x 10 m að stærð og snýr NNV-SSA. Engin hólfr eru greinanleg í þústinni en hún er ferhyrnd og um 0.4 m á hæð. Hugsanlega er hér um að ræða eitt af þeim mannvirkjum sem til staðar voru í Gamlahelli (sjá 006-009) samkvæmt örnefnaskrá en nákvæmt hlutverk er óþekkt.




Tóft RA-425:020, horft til SSA

Hættumat: hætta, vegna rofs

RA-425:021 þúst óþekkt

63° 48.426N 20° 31.867V

Ógreinileg þúst mannvirkis er um 110 m VSV við þúst 020 og um 330 m VSV við bæ 001. Þústin er í grasigrónum löngum 2-3 m háum bergrima. Svæðið er rofið vegna hrossabeitar. Þústin er um 22 x 14 m að stærð, 0,2-0,6 m á hæð og snýr ANA-VSV. Hugsanlega er hér um að ræða tvískipta tóft og sést hleðslugrjót hér og þar í grasinu á svæðinu. Í ANA-enda tóftar er um 6 x 4 m stórt hugsanlegt hól sem snýr ANA-VSV. Það er um 0,4 m djúpt og umhverfis það að ANA, SSA og NNV eru hugsanlegir um 4-6 m breiðir og 0,2-0,6 m háir mjög signir grasigrónir veggir. VSV við hólfið er aðeins slétt grasigróið svæði sem er 0,2-0,4 m hærra en umhverfið í kring þar sem hugsanlega gæti hafa verið annað hól en engir veggir eru sjáanlegir. Hugsanlega er hér um að ræða eitt af þeim mannvirkjum sem til staðar voru í Gamlahelli (sjá 006-009) samkvæmt örnefnaskrá en nákvæmt hlutverk er óþekkt.



Þúst RA-425:021, hlutverk óþekkt

Hættumat: hætta, vegna rofs**RA-425:022** heimild um kálgarð


63° 48.482N 20° 31.698V

Á túnakorti frá árinu 1920 er teiknaður einfaldur kálgarður um 160 m VSV við bæ 001. Þetta svæði er á milli Gamlahellis 002 og Litlahellis 001 en þarna eru nú (2008) tóft og gerði 019 um 2 km suðvestan við Veleifsholt RA-424:001 og um 1,9 km VSV við Rifshalakot RA-426:001. Á þessu svæði er grasi- og mosagróinn bergrani í þýfðum deigum móa. Ekkert sést til mannvirkja sem gætu tengst einföldum kálgarði eins og sýndur er á túnakorti.

Hættumat: hætta, vegna rofs**Heimildir:** Tunakort 1920

RA-426 Rifshalakot

8 hdr 1847. JJ, 43. Hjáleiga Vetleifsholts, nefnt Reiksarakot 1709, byggð fyrir elstu manna minni. Helmingur landareignarinnar lagður undir Bjólu. SB V, 396. 1709: "Af engjum og túni brýtur Reiksarakotsvatn árlega nokkuð, so slægjur fara smámsaman minkandi." JÁM I, 370. 1920: Tún 2,3 ha, sléttað 2 ha, garðar 1158 m².



Túnakort Rifshalakots RA-426 frá árinu 1920

RA-426:001 Rifshalakot bæjarhöll bústaður 63° 49.043N 20° 29.703V

Í örnefnaskrá segir svo: "Suðaustur frá Götu [RA-427:001] er Rifshalakot á samnefndum vatnsbakka (sjá Rifshalakotsvatn), og er mjótt mýrarsund á milli þess og Bæjarholtsins. [...] Í útsuður frá Hrút [RA-431:001] er Rifshalakot. Stendur bærinn á norðurbakka Rifshalakotsvatns. Vestast í túninu er Brúnshóll [svo]." Í örnefnaskrá Ólafs P. Ingvarssonar segir: "Rétt austan við holtið [Bæjarholtið], í mýrinni, er Rifshalakot. Stendur það á aflöngum móbergsrana, sem liggur fra norðaustri til suðvesturs. Sunnan við bæinn er Rifshalakotsvatn." Samkvæmt Sigurði Jónssyni, heimildarmanni, var gamli bærinn um 600 m SSA við núverandi



Dæld í nánd við bæjarstæði Rifshalakots
RA-426:001, horft til vesturs

íbúðarhús í Rifshalakoti (byggt 1963-1964) og um 750 m suðaustan við Vetleifsholt RA-424:001. Á þessu svæði er bárujárnsklætt útihús á sléttuðum grasigrónum bergrima sem liggur í VSV frá Rifshalakotsbænum og niður að Rimaendum. Enginn bæjarhöll er sjáanlegur á þessu svæði enda er trúlega löngu búið að slétta úr honum vegna rasks í rímanum við byggingu þeirra útihúsa sem standa á rímanum í dag (2008). Samkvæmt Guðrúnu Jónsdóttur, heimildamanni og fyrrverandi ábúanda í Vetleifsholti, var bærinn lítill. Eldhús var í kjallara og baðstofan, sem var um 3 rúm á lengd, var byggð þar ofaná. Austan við íbúðarhúsið var skúr þar sem gengið var inn og austan við hann fjós, hesthús og hlaða. Vestan við íbúðarhúsið var svo smíðja. Allt var þetta sambyggt. Í rímanum er aðeins ein lítil dæld sem hugsanlega gæti tengst húsbyggingunum sem áður stóðu á þessu svæði. Dældin er um 4 x 3 m að innanmáli, 0,5-1 m á dýpt og snýr austur-vestur. Engar grjóthleðslur eða inngangur eru

sjáanleg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Vetleifsholtshverfi, 2-3, 7; Ö-Vetleifsholtshverfi ÓPI, 1

RA-426:002 heimild um mógrafir

63° 48.984N 20° 30.044V

"Mótak var hér gagnlegt." segir í Sunnlenskum byggðum V. Í örnefnaskrá segir: "Skammt vestur frá Rifshalakoti, á vatnsbakkanum, er Móhóll." Í svörum við spurningum um örnefnaskrána segir: "Mór var tekinn í námunda við Móhól. Góður neðst; fjórar stungur niður á móinn, en hann allt að 10-12 stungur. Síðast tekið árið 1924. Ekki tekið víða[r] í landinu." Samkvæmt Sigurði Jónssyni, heimildarmanni, var mór tekinn á svæði um 650 m sunnan við Vetleifsholt RA-424:001 og um 300 m vestan við Rifshalakot 001. Á þessu svæði er nú mjög þýfður og deigur mói gróinn mosa og grasi. Ekkert sést til grafa og óljóst er hversu stórt svæði hefur verið nýtt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SB V, 396; Ö-Vetleifsholtshverfi, 7; VSVS, 3

RA-426:003 Ranakot bæjarstæði bústaður

63° 49.120N 20° 29.400V

Í örnefnaskrá segir svo: "Norðaustan við túnið og út frá því er allmikill rími, sem heitir Rani. Þar var áður Ranakot." Samkvæmt Sigurði Jónssyni, heimildarmanni, var Ranakot í ANA-enda Rana um 280 m ANA við Rifshalakot 001 og um 860 m suðaustan við Vetleifsholt RA-424:001. Á þessu svæði er nú grasgróinn þýfður mói á bergrana sem liggur ANA-VSV og hefur svæðið trúlega verið sléttað. Ekkert sést til fornleifa.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 7

Bæjarstæði Ranakots RA-426:003, horft til ANA

RA-426:004 Stöðullinn heimild um kvíar

63° 49.086N 20° 29.535V

Í örnefnaskrá segir: "Milli bæjanna [Rifshalakots 001 og Ranakots 003] var Stöðullinn [004], Stekkurinn [005] og Réttin [006]." Þessi mannvirki hafa verið á svæði um 160 m ANA við bæ 001. Nákvæm staðsetning stöðulsins er óþekkt. Á þessu svæði er sléttað graslandi á Rana og útihús byggt úr timbri og klætt bárujárni. Ekkert sést til fornleifa trúlega vegna sléttunar og byggingar útihúss sem stendur á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 7

RA-426:005 Stekkurinn heimild um stekk

63° 49.086N 20° 29.535V

Í örnefnaskrá segir: "Milli bæjanna [Rifshalakots og Ranakots] var Stöðullinn [004], Stekkurinn [005] og Réttin [006]." Þessi mannvirki hafa verið á svæði um 160 m ANA við bæ 001. Nákvæm staðsetning stekkjarsins er óþekkt. Á þessu svæði er sléttað graslandi á Rana og útihús byggt úr timbri og klætt bárujárni. Ekkert sést til fornleifa trúlega vegna sléttunar og byggingar útihúss sem stendur á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 7

RA-426:006 *Réttin* heimild um rétt 63° 49.086N 20° 29.535V
Í örnefnaskrá segir: "Milli bæjanna [Rifshalakots og Ranakots] var Stöðullinn [004], Stekkurinn [005] og Réttin [006]." Þessi mannvirki hafa verið á svæði um 160 m ANA við bæ 001. Nákvæm staðsetning réttarinnar er óþekkt. Á þessu svæði er sléttað graslandi á Rana og útihús byggt úr timbri og klætt bárujárni. Ekkert sést til fornleifa trúlega vegna sléttunar og byggingar útihúss sem stendur á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 7

RA-426:007 heimild um kálgarð 63° 49.044N 20° 29.691V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var kálgarður fast austan og suðaustan við bæ 001. Nákvæm staðsetning hans er óþekkt. Á svæðinu þar sem bærinn hefur staðið er bárujárnsklætt útihús og búið er að slétta mikið af svæðinu í tún. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1920

RA-426:008 *Reiðingsflóð* heimild um ristu 63° 48.490N 20° 30.175V
Í örnefnaskrá segir: "Fram af Rifshalakotsvatni er Reiðingsflóð [...]." Í svörum við spurningum um örnefnaskrána segir: "Torfrista var í Reiðingsflóði. Þurrkað torf í Torfrima. Notað á kofa og hey." Reiðingsflóð eru sunnan við Rifshalakotsvatn um 1 km SSV við Rifshalakot 001 og um 1 km austan við Helli RA-425:001. Á þessu svæði er þýfður grasi- og mosagróinn mói. Ekkert sést til ummerkja um torfristu og eru þau trúlega öll horfin í þúfur. Óljóst er hversu stórt svæði ristan náði yfir.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 7; VSVS, 3

RA-426:009 *Einarstóft* þústir beitarhús 63° 48.723N 20° 30.946V
Í örnefnaskrá segir: "Á leiðinni frá Rifshalakotsvatni að Helli er fyrst Götuhúsarimi [RA-427:006], þá nafnlaus rimi, síðan Einarstóft. Norður af henni Stakirimi á leiðinni frá Helli upp í Heimahverfið." Í svörum við spurningum um örnefnaskrána segir: "Einar Guðmundsson bóndi í Rifshalakoti byggði þar sauðahús rétt fyrir aldamót [1900]. Tóftir hafa sést fram yfir 1950." Einarstóft er nú lítið annað en ógreinileg þúst en hún er um 1,1 km vestan við Rifshalakot 001 og um 1,3 km suðvestan við Vetleifsholt RA-424:001. Einarstóft er um 1,1 km



Einarstóft RA-426:009, horft til VSV

vestan við Rifshalakot 001 og um 1,3 km suðvestan við Vetleifsholt RA-424:001 en hún er nú lítið annað en tvær ógreinilegar þústir. Þústirnar eru í þýfðum og deigum móa sem er gróinn grasi og mosa. Svæðið er mjög rofið vegna hrossabeitar. Á svæði sem er um 30 x 15 m að stærð og snýr ANA-VSV hafa trúlega verið tvö hús en þar eru nú (2007) aðeins tvær ógreinilegar þústir. Þústirnar snúa norður-suður, eru um 1 m á hæð og 4 m eru á milli þeirra. Eystra húsið (A) hefur verið um 14 x 12 m að stærð á meðan hið vestara (B) hefur verið um 14 x 10 m að stærð en innri bygging þeirra er óljós. Veggir eru lítið annað en þúfur og mjög lítið hleðslugrjót er sjáanlegt. Óljóst er hvoru megin gengið hefur verið inn.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 8; VSVS, 3

RA-426:010 garðlag áveita

63° 18.986N 20° 29.881V

Í örnefnaskrá Ólafs P. Ingvarssonar segir: "Sunnan við bæinn er Rifshalakotsvatn. Þar hefur verið komið á áveitu." Áveitugarður er meðfram Rifshalakotsvatni norðvestanverðu, suðvestanverðu og sunnanverðu um 180 m VSV við Rifshalakot 001 og um 750 m sunnan við Vetleifsholt RA-424:001. Garðlögin eru í smáþýfðu deigu graslendi en Rifshalakotsvatn er nú þurrt. Samkvæmt heimildarmönnum, Sigurði Jónssyni frá Parti RA-429:002 og Guðrúnu Jónsdóttur frá Vetleifsholti RA-424:001, var vatnið ræst fram á sumrum af Einari Guðmundssyni í Rifshalakoti (bjó í Rifshalakoti 001 á árunum 1882-1909, SB V) svo hægt væri að slá svæðið. Á haustin var lokað aftur fyrir svo vatn safnaðist fyrir á svæðinu sem kom í veg fyrir frost í jörðu og spratt gras því fyrir á vorin. Meðfram vatninu norðvestanverðu, suðvestanverðu og sunnanverðu er torfhlaðið garðlag sem tengist hugsanlega þessari áveitu. Mjög líklega hefur það umlukið allt vatnið áður en ræsingarskurðir voru grafnir. Garðlagið umlykur nú svæði sem er um 700 x 260 m stórt og snýr norður-suður og myndar garðlagið óreglulegan hálfhring meðfram Rifshalakotsvatni. Garðlagið er grasgróið, um 1 m á breidd, um 0,5 m á hæð og rofið hér og þar vegna hrossabeitar. Nyrst kemur garðlag í ljós upp við VSV-enda ranans sem Rifshalakotsbærinn stóð á. Garðlagið snýr ANA-VSV og um 230 m VSV hverfur það vegna ræsingarskurðs sem liggur NNA-SSV meðfram vesturbakka Rifshalakotsvatns. Um 370 m SSV kemur það aftur í ljós upp við sama skurð en liggur nú í SSA út frá skurðinum um 260 m áður en það beygir í suðaustur og heldur áfram um 100 m þar sem það hverfur í annan ræsingarskurð sem umlykur nú vatnið að suðaustanverðu.



Áveitugarðlag RA-426:010, horft til VSV

Á haustin var lokað aftur fyrir svo vatn safnaðist fyrir á svæðinu sem kom í veg fyrir frost í jörðu og spratt gras því fyrir á vorin. Meðfram vatninu norðvestanverðu, suðvestanverðu og sunnanverðu er torfhlaðið garðlag sem tengist hugsanlega þessari áveitu. Mjög líklega hefur það umlukið allt vatnið áður en ræsingarskurðir voru grafnir. Garðlagið umlykur nú svæði sem er um 700 x 260 m stórt og snýr norður-suður og myndar garðlagið óreglulegan hálfhring meðfram Rifshalakotsvatni. Garðlagið er grasgróið, um 1 m á breidd, um 0,5 m á hæð og rofið hér og þar vegna hrossabeitar. Nyrst kemur garðlag í ljós upp við VSV-enda ranans sem Rifshalakotsbærinn stóð á. Garðlagið snýr ANA-VSV og um 230 m VSV hverfur það vegna ræsingarskurðs sem liggur NNA-SSV meðfram vesturbakka Rifshalakotsvatns. Um 370 m SSV kemur það aftur í ljós upp við sama skurð en liggur nú í SSA út frá skurðinum um 260 m áður en það beygir í suðaustur og heldur áfram um 100 m þar sem það hverfur í annan ræsingarskurð sem umlykur nú vatnið að suðaustanverðu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi ÓPI, 1; Sunnlenskar byggðir V, 396

RA-426:011 heimild um leið

63° 49.042N 20° 29.694V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var heimreið fast sunnan við bæ sem lá í suður út fyrir heimatún frá suðausturhorni bæjarins. Nákvæm staðsetning hennar er óþekkt. Á svæðinu þar sem bærinn hefur staðið er bárujárnsklætt útihús og búið er að slétta mikið af svæðinu í tún.

Ekkert sést til götu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-426:012 garðlag óþekkt

Torfhlaðið garðlag er sunnan við Rifshalakotsvatn um 1,3 km sunnan við Veteifsholt, um 920 m SSV við Rifshalakot 001 og um 20 m SSV við áveitugarðlag 010. Á þessu svæði er þýft og deigt graslendi. Garðlagið er torfhlaðið, 1-1,2 m á breidd, 0,8-1 m á hæð og um 280 m á lengd. Garðlagið er beint, liggur NV-SA og hverfur í báða enda í ræsingarskurðum. Hlutverk þessa garðlags er óljóst. Hugsanlega tengist það áveitu Einarss Guðmundssonar í Rifshalakoti (sjá 010) en þar sem það er nokkuð greinilegra og minna sigið er hugsanlegt að það sé yngra svo það var skráð hér sér.

63° 48.648N 20° 30.355V



Garðlag RA-426:012, horft til norðvesturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-426:013 garðlag landamerki

Torfhlaðið garðlag er um 150 m norðaustan við Götu RA-427:001 og um 50 m suðvestan við núverandi íbúðarhús í Rifshalakoti. Á þessu svæði er sléttað tún. Garðlagið er torfhlaðið, 0,5-1 m á breidd, 0,2-0,5 m á hæð og um 140 m á lengd. Girðing er á garðlaginu og hleðslur eru signar. Hugsanlega er hér um að ræða garðlag á landamerkjum milli Rifshalakots 001 og Veteifsholts RA-424:001 en einnig er hugsanlegt að þetta garðlag hafi einhvern tíman tengst vörslugarði RA-432:007.

63° 49.318N 20° 29.979V



Garðlag RA-426:013, horft til suðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-426:014 Bjarnatóft heimild um býli

Samkvæmt Guðrínu Jónsdóttur, heimildarmanni, var gamalt býli sem nú (2007) kallast Bjarnatóft um 55 m austan við núverandi íbúðarhús í Rifshalakoti, um 580 m NNV við Rifshalakot 001 og um 360 m austan við Veteifsholt RA-424:001. Hugsanlegt er að um sama býli og það sem kallað er Lambhúsholt eða Björnsholt RA-424:035 í Sunnlenskum byggðum V sé að ræða en ekki er hægt að fullyrða það án frekari sannana. Á þessu svæði er sléttað tún. Samkvæmt Guðrínu Jónsdóttur var tóft úr torfi og grjóti á þessu svæði en hún hefur nú (2008) verið sléttuð. Ekkert sést til fornleifa og engin ummerki eru um bæjarhólsmyndun á svæðinu.

63° 49.349N 20° 29.872V


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-426:015 tóft útihús

63° 49.013N 20° 29.743V

Einföld tóft er um 620 m sunnan við núverandi íbúðarhúsið í Rifshalakoti, um 770 m SSA við Vetleifsholt RA-424:001 og um 65 m suðvestan við bæjarstæði Rifshalakots 001. Tóftin er sunnan í um 4 m háum grasigrónum bergrima sem liggur ANA-VSV norðan við Rifshalakotsvatn. Tóftin er grafin inn í bergrimann og því er utanmál hennar frekar óskýrt en er trúlega um 15 x 10 m. Tóftin er einföld og snýr NNV-SSA. Veggir hennar standa grónir og eru þeir grjót- og torfhlaðnir, 1,5-3 m á breidd og 1,5-2 m á hæð. Gengið var inn í tóftina í SSA enda hennar um 0,8 m breiðan inngang og eru hlutar þaks úr timbri og bárujárnri ennþá uppistandandi. Innanmál tóftarinnar er um 10 x 6 m. Torfi hefur verið raðað ofan á bárujárnnið til að halda því niðri. Hér er trúlega um tóft af fjárhúsi eða hesthúsi að ræða.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Útihúsatóft RA-426:015, horft til suðausturs

RA-427 Gata

Hjáleiga Vetleifsholts., í eyði frá 1707, var 10 hdr þegar byggð var. JÁM I, 370. 5 hdr 1847. JJ, 43. Búið á jörðinni til 1933. SB V, 397. 1709: "Á engjarnar ber Flóðalækur leir og óklárindi, so hey verður þá ekki til nota nautpeningo, líka tekur vatn hey í burt af engjunum, þá Frakkavatn belgir upp Flóðalæk." JÁM I, 370. 1920: Tún 1,4 ha, sléttað 0,7 ha, garðar 2236 m².



Túnakort af heimatúni Götu RA-427 frá árinu 1920

RA-427:001 Gata bæjarstæði bústaður
"Bærinn stóð um 250 m í suður frá Vetleifsholti. Engin hús eru uppistandandi." segir í Sunnlenskum byggðum V. Í örnefnaskrá segir: "[...] og Gata suðaustan í túninu, niður undir mýri." Í örnefnaskrá Ólafs P. Ingvarssonar segir: "Austast og syðst í holtinu [Bæjarholtinu] er Gata; einnig hún er komin í eyði." Býlið Gata var um 250 m sunnan við Vetleifsholt II, um 300 m SSA við Vetleifsholt RA-424:001 og um 450 m norðvestan við Rifshalakot RA-426:001. Jörðin fór í eyði árið 1934. Á þessu svæði er sléttaður arfagróinn hrossaskítshaugur fast norðan við deiga mýri sunnan og neðan við sléttuð tún. Ekkert sést til fornleifa og enginn bærarhóll er greinanlegur vegna sléttunar í tún.

63° 49.217N 20° 30.089V



Bæjarstæði Götu RA-427:001, horft til VNV

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; SB V, 397; Ö-Vetleifsholtshverfi, 2; Ö-Vetleifsholtshverfi ÓPI, 1

RA-427:002 heimild um stekk

63° 49.238N 20° 30.006V

Í örnefnaskrá segir: "Austan við túngarðinn í Götu [010] var Stekkur og Kvíar [003] þaðan." Stekkurinn hefur hugsanlega verið um 80 m austan við Götu 001 og um 320 m SA við Vetleifsholt RA-424:001 en nákvæm staðsetning er óþekkt. Á þessu svæði er sléttað tún á suðvesturbrún Bæjarholts. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 4

RA-427:003 heimild um kvíar

63° 49.238N 20° 30.006V

Í örnefnaskrá segir: "Austan við túngarðinn í Götu [010] var Stekkur [002] og Kvíar þaðan." Kvíarnar hafa hugsanlega verið um 80 m austan við Götu 001 og um 320 m SA við Vetleifsholt RA-424:001 en nákvæm staðsetning er óþekkt. Á þessu svæði er sléttað tún á SV brún Bæjarholts. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 4


RA-427:004 Stebbatótt tóftir heystæði


63° 47.991N 20° 33.341V

Í örnefnaskrá segir: "Á Götuengjum, niður undan Rimendum, er Stebbatótt." Í svörum við spurningum um örnefnaskrána segir: "Stefán Þórðarson, bóndi í Götu um síðustu aldamót, geymdi hey þar fram á vetur. Hann átti tvo hesta, sem hann reiddi á hey, en gekk sjálfur." Stebbatóft er um 360 m vestan við beitarhús RA-425:014 og um 1,8 km VSV við Helli RA-425:001. Á þessu svæði er þýfð og deig grasi- og mosagróin mýri. Þrjár tóftir (A-C) eru á svæði sem er um 140 x 50 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftirnar eru frekar rofnar vegna hrossabeitar og vatnsaga. Tóft A er einföld, um 13 x 7 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir hennar eru lítið annað en þúfur og rofabörð en eru um 2 m á breidd og 0,4-0,8 m á hæð. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar og hugsanlega hefur verið gengið inn í tóftina á suðurhlið. Hér er trúlega um einhvers konar beitarhús að ræða. Tóft B er um 5 m suðvestan við tóft A. Tóft B er tvískipt, um 18 x 12 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir hennar eru torfhlaðnir, 0,8-1 m á breidd og 0,4-0,8 m á hæð. Hólfín 2 snúa bæði norður-suður en eru mislöng. Hólf I er um 11 x 4 m að innanmáli og er það í suðvesturhorni tóftarinnar. Hólf II er L-laga, um 16 x 5-10 m að stærð og er það austan, norðaustan og norðan við hólf I. Veggir tóftarinnar eru rofnir hér og þar svo ekki er hægt að vita hvar gengið var inn í tóftina. Hér er trúlega um heystæði eða einhvers konar aðhald að ræða. Tóft C er um 90 m norðaustan við tóft A. Tóft C er einföld og um 11 x 11 m að stærð. Veggir hennar eru hlaðnir úr torfi, 0,5-1 m á breidd og um 0,5 m á hæð en hleðslur eru signar. Hér er trúlega um heystæði Stefáns Þórðarsonar að ræða en tóftir A og B voru skráðar með henni þar sem þær eru mjög svipaðar í byggingarlagi og virðast vera á svipuðum aldri.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 13-14; VSVS, 5





Tóft RA-427:004A efst til vinstri (horft til suðurs), heystæði 004B efst til hægri (horft til SSV) og heystæði 004C neðst til vinstri (horft til vesturs)

RA-427:005 *Sigurðartættur* heimild um beitarhús 63° 49.969N 20° 28.863V
 Í örnefnaskrá segir: "Nokkurn vegin mitt á milli Hamarenda og Stóra-Einbúa, norður undir landamörkum á mýrinni, eru Smjörrið, stærsti þeirra heitir og Sigurðartættur." Í svörum við spurningum um örnefnaskrána segir: "Sigurðartættur eru tættur eftir sauðahúsin, er Sigurður í Götu byggði, en hann var bóndi þar í byrjun aldarinnar. Þessar tættur eru nú í Ægisíðulandi." Sigurðartættur voru á svæði um 1,7 km ANA við bæ 001 og um 680 m austan við Simbatótt RA-424:020 en nákvæm staðsetning er óþekkt. Á þessu svæði er sléttuð tún, skurðir til ræstingar landsins og þýft graslendi. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 5; VSVS, 2

RA-427:006 *Götutættur* þústir beitarhús 63° 48.841N 20° 30.469V
 Í örnefnaskrá segir: "Á leiðinni frá Rifshalakotsvatni að Helli er fyrst Götuhúsarimi, þá nafnlaus rimi, síðan Einarstóft [RA-426:009]. Norður af henni Stakirimi á leiðinni frá Helli upp í Heimahverfið." Í örnefnaskrá Ólafs P. Ingvarssonar segir: "Skammt frá [Stebbatótt 004], í suðaustur, eru Götutættur. Þar var fjárhús frá Götu. Austan við þær tekur við Rifshalakotsland". Hér stangast lýsingar á. Staðsetningin sem Ólafur P. Ingvarsson gefur Götutættum er staðurinn sem örnefnaskrá Vetleifsholtshverfis segir Einarstóft vera. Þar sem örnefnaskrá Vetleifsholtshverfis virðist vera nákvæmari og passa betur miðað við fornleifar á svæðinu var ákveðið að skrá Götuhúsarima (Götutættur) út frá lýsingum í henni, eða um 760 m suðvestan við Götu 001 og um 680 m vestan við Rifshalakot RA-426:001. Á þessu svæði er þýfður grasi- og mosagróinn mói. Tvær þústir eru á svæði sem er um 35 x 25 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þústirnar eru um 0,5 m háir ávalir grasigrónir hólar sem eru nokkuð rofnir vegna hrossabeitar. Þúst A er um 24 x 22 m að stærð og snýr ASA-VNV. Þúst B er fast vestan við þúst A. Þúst B er um 8 x 6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mjög

greinilegt er að leifar húsa finnast undir sverði og glittir í hleðslugrjót á víð og dreif í grasinu þar sem þúst A er staðsett en ekki er hægt að greina frekar innri byggingu húsanna.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 8; Ö-Vetleifsholtshverfi ÓPI, 3



Götutættur RA-427:006A til vinstri (horft til VSV) og 006B til hægri (horft til VSV)

RA-427:007 heimild um leið

63° 49.225N 20° 30.111V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 lágu traðir NNV-SSA trúlega frá Vetleifsholti RA-424:001, fast framhjá bænum 001 vestanverðum, beygja við suðvesturhorn bæjarins í austur og liggur um 50 m fast meðfram sunnanverðum bænum. Við suðausturhorn bæjarins beygir hann svo í suður niður í mýri. Á þessu svæði er sléttað tún í norðvesturbrún Bæjarholts. Ekkert sést til götu niður af bæjarholtinu. Þarna er yngri vegslóði sem er mjög grunnur og grasgróinn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-427:008 heimild um kálgarð

63° 49.216N 20° 30.072V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var kálgarður fast sunnan við bæ 001. Á þessu svæði er sléttaður arfagróinn hrossaskítshaugur fast N við deiga mýri sunnan og neðan við sléttuð tún. Ekkert sést til kálgarðs.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-427:009 *Götuskjólgarðar* heimild um varnargarð 63° 48.197N 20° 31.125V

Í örnefnaskrá segir: "Suður af Hellistjörn og austur að Litlavatni eru Austurbrúnirnar hæstar. Þar miðsvæðis, fremst í þeirri brún, eru Götuskjólgarðar." Í svörum við spurningum um örnefnaskrána segir: "Götu- og Hellisskjólgarðar [RA-425:012] voru hlaðnir til skjóls fyrir skepnur. Nú sjást engin merki þessara garða." Þessir skjólgarðar hafa verið á svæði um 2,1 km SSV við Götu 001 og um 720 m suðaustan við Helli RA-425:001 en nákvæm staðsetning er óþekkt. Á þessu svæði er þýfður deigur mói gróinn grasi og mosa. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 8; VSVS, 3

RA-427:010 heimild um túngarð

Í örnefnaskrá segir: "Austan við túngarðinn í Götu [010] var Stekkur og Kvíar [003] þaðan." Nákvæm staðsetning þessa túngarðs er óþekkt en ef marka má teikningar af heimatúni frá


1920 á túnakorti er hugsanlegt að hann hafi verið í um 40-80 m fjarlægð frá bæjarstæði allt umhverfis bæinn. Á þessu svæði er sléttað tún á suðvesturbrún Bæjarholts. Ekkert sést til fornleifa vegna sléttunar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Vetleifsholtshverfi, 4

RA-428 Lindarbær

10 hr 1709, hjáleiga Vetleifsholts. JÁM I, 370. 1920: Tún 2,2 ha, sléttað 1,8 ha, garðar 2852 m². Landareignin er um 600 ha.




Túnakort af heimatúni Lindarbæjar RA-428 frá árinu 1920

RA-428:001 *Lindarbær* bæjarhóll bústaður 63° 49.368N 20° 30.386V
Í örnefnaskrá segir svo: "Syðst á Bæjarholtinu og niður að mýrinni (Horbrún), er Heimahverfið, og allir bæirnir í sama túninu, innan sömu girðingar, en engin girðing í milli túnanna. Vestast er Partur [RA-429:002] uppi í túninu, Lindarbær í svipaðri hæð (nýi bærinn), og Vetleifsholt bar ívið hæst." Í örnefnaskrá Ólafs P. Ingvarssonar segir: "Næsti bær við Part er Lindarbær, og dregur hann nafn af uppsprettulind [003], sem er neðan við brekkuna." Lindarbær er um 80 m norðvestan við Vetleifsholt (RA-424:001) og um 280 m suðaustan við Kastalabrekku (RA-429:001). Lindarbær er á grasigrónu bæjarholtinu miðju sem liggur norður-suður og er 8 - 10 m hátt. Malbikaður vegur er austan við húsið. Lítil bæjarhólsmyndun er greinanleg á svæðinu og ekkert er vitað um stærð/gerð eldri húsa á Lindarbæ eða hvort þau hafa staðið á sama stað. Húsið stendur á grjóthlöðnum og steinsteypum grunni. Grjóthlaðinn grunnurinn hefur verið styrktur með steypulagi. Kjallari er undir húsinu, a.m.k. að norðanverðu. Húsið er um 16 x 9 m að stærð og 4 - 6 m á hæð. Gengið er inn að austan. Húsið er bárujárnsklætt og er það á 3 hæðum (kjallari, jarðhæð og ris). Samkvæmt Guðrúnu Jónsdóttur frá Vetleifsholti II er hluti hússins gamli bærinn í Vetleifsholti I. Samkvæmt Sunnlenskum byggðum V var elsti hluti hússins byggður 1895 en byggt var svo við húsið árið 1948.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Vetleifsholtshverfi, 2; Ö-Vetleifsholtshverfi ÓPI, 1; SB V, 395



Lindarbær RA-428:001, hesthústóft 008 og kálgarður 013, ljósmynd tekin í VNV

RA-428:002 Lindarhóll heimild um stekk+rétt

63° 49.358N 20° 30.435V

Samkvæmt Sigurði Jónssyni, heimildarmanni, er Lindarhóll rétt neðan (vestan) við bæ 001. Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var útihús á þessu svæði um 50 m vestan við bæ 001 og um 100 m NV við Veteifsholt RA-424:001. Í örnefnaskrá segir: "Kvíarnar [004] í Lindarbæ voru "austan við traðir [012]" á austurtúninu. Vorrétt og Stekkur á Lindarhól." Í örnefnaskrá Ólafs P. Ingvarssonar segir: "Suðvestur af Lindarbæ er Lindarhóllinn niður í mýrinni. Þar eru lambhúsin á bænum. Rétt hjá er Lindarbæjardý." Hóllinn er gróinn háu grasi og er hann í brekku sem hallar um 10 - 20° í VSV. Norðan og sunnan við hann eru 3 - 4 m breiðir vegslóðar. Syðri vegslóðinn er mjög grasigróinn malarlóði og er greinilega eldri en sá nyrðri sem er einnig malarborinn en mjög lítið gróinn. Norðan og sunnan við vegaslóðana og hólinn eru svo sléttuð tún. Hóllinn er eggla, snýr austur-vestur og hefur greinilega verið sléttaður. Hann er um 45 m á lengd, 30 m á breidd og 1-3 m á hæð. Ekkert sést til fornleifa á yfirborði.




Lindarhóll RA-428:002, horft til vesturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Veteifsholtshverfi, 4; Ö-Veteifsholtshverfi ÓPI, 1

RA-428:003 *Lindin* lind vatnsból
 Á túnakorti frá árinu 1920 er mannvirki
 003 um 60 m suðvestan við bæ 001. Hér
 er trúlega um að ræða Lindina sem
 minnst er á í örnefnaskrá. Í
 örnefnaskrá Ólafs P. Ingvarssonar segir:
 "Næsti bær við Part [RA-429:002] er
 Lindarbær, og dregur hann nafn af
 uppsprettulind, sem er neðan við
 brekkuna. Úr henni er leitt neyzluvatn á
 bæina í kring." Í örnefnaskrá segir svo:
 "Lindin, vatnsból Vesturhverfisins og
 stundum alls Heimahverfisins og hinna
 bæjanna; auk þess var allur þvottur og
 ull þvegin þar úr Heimahverfinu og frá
 Rifshalakoti." Lindin er um 70 m VSV
 við bæ 001, um 110 m VNV við

63° 49.343N 20° 30.447V



Lind RA-428:003, horft til NNV

Vetleifsholt RA-424:001 og um 20 m suðvestan við hól 002. Svæðið er við rætur hóls 002 í sléttuðu graslendi fast norðaustan við um 2 m djúpan skurð sem vatn úr lindinni rennur í. Lindin er auðsjáanleg en hún er hulin vírneti á ferköntuðu svæði sem snýr norðaustur-suðvestur og er um 3 x 2 m að stærð. Mikið vatn rennur úr lindinni. Samkvæmt Guðrúnu Jónsdóttur, heimildarmanni, eru hliðar hennar steinsteyptar og þar var mjólkinn frá bæjunum á holtinu áður kæld. Áður var einnig hrútur neðan við lindina sem dældi vatni upp í tank fyrir alla bæina í kring efst á bæjarholtinu sem sést enn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Vetleifsholtshverfi ÓPI, 1; Ö-Vetleifsholtshverfi, 3

RA-428:004 heimild um kvíar

63° 42.383N 20° 30.346V

Í örnefnaskrá segir: "Kvíarnar í Lindarbæ voru "austan við traðir [012]" á austurtúninu." Kvíarnar hafa trúlega verið á svæði um 50 m ANA við bæ 001 og um 90 m norðan við Vetleifholt RA-424:001 en nákvæm staðsetning þeirra er óþekkt. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 4

RA-428:005 heimild um kálgarð

63° 49.365N 20° 30.378V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var hugsanlega kálgarður fast austan við bæ 001. Á þessu svæði er sléttað malarplan. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-428:006 heimild um leið

63° 49.336N 20° 30.528V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var gata um 130 m suðvestan við bæ 001 sem lá í SSV frá suðvesturhorni kálgarðs 014 út fyrir tún niður í mýrina. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til götu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-428:007 gata leið

63° 49.326N 20° 30.371V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var gata um 80 m SSA við Lindarhól 002 og um 80 m sunnan við bæ 001. Gatan lá úr SSV upp úr mýrinni í átt að bæ og tengist götu 012 í NNA um 60 m suðaustan við hann. Á þessu svæði er sléttað tún sem hallar um 5° í vestur. Í túninu er 3-5 m breið og 0,2 - 0,5 m djúp dæld í túni sem liggur norðaustur-suðvestur. Þegar nær dregur bæjarholti verður dældin ógreinilegri og er alveg horfin er kemur upp á bæjarholt. Trúlega er hér um leifar götu að ræða sem hefur verið sléttuð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1920*Leið RA-428:007, horft til ANA***RA-428:008** tóft hesthús

63° 49.371N 20° 30.389V

Útihústóft er um 5 m NNV við bæ 001. Tóftin er í sléttuðu graslendi í brekku sem hallar 5 - 10° í VSV. Tóftin er einföld, torfhlaðin og um 8 x 8 m að stærð. Veggir hennar eru 1,5 - 2 m á breidd og 1 - 1,5 m á hæð. Innanmál hennar er 4 x 4 m. Inngangur var á vesturhlið hennar. Hann er nú fallinn saman en hefur trúlega verið um 1 m á breidd. Tóftin er að hálfu leyti grafin inn í holtið sem gerir það að verkum að úthliðar veggja hennar eru ógreinilegir að austan, norðaustan og suðaustan. Útveggir hennar eru greinilegri að vestan, norðvestan og suðvestan. Innanmál tóftarinnar er hins vegar mjög skýrt. Þak tóftarinnar er hrúnið og sjást aðeins leifar bárujárnsþaks með torfi ofaná ofan í tóftinni. Samkvæmt Sigurði Jónssyni, heimildarmanni, var hesthús á þessum stað.

*Hesthústóft RA-428:009, horft til norðvesturs***Hættumat:** hætta, vegna ábúðar**RA-428:009** Helgutótt heimild um býli

63° 49.596N 20° 30.129V


Í örnefnaskrá segir: "Norðarlega á Bæjarholtinu er Helgutótt; þar austan við og norður úr er Sandskarð." Í svörum við spurningum um örnefnaskrána segir: "Helgutóft af einhverri Helgu, sem þar hefur komið við sögu." Í örnefnaskrá Ólafs P. Ingvarssonar segir: "Norður í Lindarbæjartúni, sem nú er á háholtinu, var Helgutóft; þar bjó áður einsetukona. Tóftin hefur verið jöfnuð við jörð, og þar er nú slétt tún." Helgutótt var um 470 m NNA við Lindarbæ 001 og um 350 m SSA við tóftir RA-429:007 á Egilsnefi. Á þessu svæði er hæsti punktur Lindarbæjartúns. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Ö-Vetleifsholtshverfi, 4; VSVS, 1; Ö-Vetleifsholtshverfi ÓPI, 1

RA-428:010 *Fornaborg* þúst beitarhús

63° 49.179N 20° 32.274V

Í örnefnaskrá segir svo: " [...] norðaustan við Vestra-Brúnarhorn er Skeiðarimi, norður þaðan rétt hjá Fornaborg, utan í brúninni og þar ofar Fornuborgarrimi [...]." Í svörum við spurningum um örnefnaskrána segir: "Í Fornuborg voru fjárhús. Tóftir hafa sézt fram til þessa." Í örnefnaskrá Ólafs P. Ingvarssonar segir: "Rétt hjá Pínu, í Brúninni, er Fornaborg. Þar eru fjarhús Lindbæinga." Fornaborg er um 1,6 km vestan við Vöðlefsholt RA-424:001 og Lindarbæ 001. Á þessu svæði er þýfður grasi- og mosagróinn deigur mói í Brúninni norðanverðri. Í móanum er þarna um 60 x 40 m stórt svæði eða hóll sem snýr ANA-VSV og er um 0,5-1 m hærri en umhverfið í kring. Hóllinn er lítið annað en stórar þúfur með smáum sléttum flötum á milli hér og þar og ekki er hægt að sjá neinar beitarhúsatóftir eða hólf (A) í þeim. Hugsanlega er þó hringlaga mannvirki (B) eða þúst á ANA-verðu svæðinu en þar sem rofabarð er í miðju svæðisins er alveg eins líklegt að hér sé aðeins um náttúrumyndun að ræða. Þústin er um 14 m í þvermál og um 8 m að innanmáli. Ef um mannvirki að ræða eru veggir þess um 3 m á breidd og um 0,5 m á hæð. Ekkert hleðslugrjót er sjáanlegt. Hugsanlega er hér um að ræða fjárskýlið sem svæðið er nefnt eftir.

Hættumat: hætta, vegna rofs**Heimildir:** Ö-Vöðlefsholtshverfi, 9; VSVS, 3; Ö-Vöðlefsholtshverfi ÓPI, 2*Fornaborg RA-428:010, horft til vesturs***RA-428:011** *Lindarbæjartættur* þúst

beitarhús

63° 49.511N 20° 31.253V

Í örnefnaskrá Ólafs P. Ingvarssonar segir: "Þar austur af [Fornuborg 010] Skeiðrimi, en norðan í Brúninni tættur, sem kallaðar eru Lindarbæjartættur." Lindarbæjartættur eru um 760 m norðvestan við Lindarbæ 001, um 830 m norðvestan við Vöðlefsholt RA-424:001 og um 30 m suðvestan við moldarslóða og skurð sem liggja í norðvestur í átt að Rauðalæk frá bæjarholtinu neðan við Lindarbæ. Á þessu svæði er nú þýfður deigur mói gróinn grasi og mosa. Samkvæmt Sigurði Jónssyni, heimildarmanni, voru á þessum stað beitarhús frá Lindarbæ sem voru torfbyggð með

*Lindarbæjartættur RA-428:011, horft til norðurs*

torfpaki og tóku þau um 100 ær. Á þessu svæði er nú lítið annað en um 20 x 15 m stór þúst sem er um 0,5 m á hæð og snýr norður-suður. Þústin er í miðjum hringlaga hól sem er um 40 m í þvermál og um 2 m á hæð og ekki er ólíklegt að fleiri hús hafi verið á hólnum vestan við þústina. Hóllinn er nú nokkuð rofinn vegna hrossabeitar þótt grashula sé enn á honum öllum og liggur hleðslugrjót á víð og dreif um hólinn. Aðeins ein um 0,2 m há, um 4 m löng og 0,4 m breið bein röð af grjóti sést nú í þústinni og hefur þar trúlega verið veggur sem lá norður-suður.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi ÓPI, 2

RA-428:012 heimild um leið

63° 49.369N 20° 30.365V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 lá gata framhjá Vetleifsholti RA-424:001 úr suðaustri í norðvestur að Parti RA-429:002 framhjá Lindarbæ 001 15-20 m norðaustan við bæinn. Á þessu svæði er malbikaður vegur frá Vetleifsholti að Kastalabrekku. Ekkert sést til gamla vegstæðisins en er það líklega undir núverandi vegstæði og í útjaðri sléttað túns.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-428:013 gerði kálgarður

63° 49.366N 20° 30.397V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var kálgarður fast vestan við bæ 001 og um 80 m norðvestan við Vetleifsholt RA-424:001. Á þessu svæði er grasigróið sléttlendi sem hallar 5-10° í vestur vestan við hús. Útlínur kálgarðsins sjást ennþá. Garðurinn hefur verið um 10 x 7 m að stærð og snéri norður-suður. Aðeins úthlið garðlagsins umhverfis kálgarðinn sést og er hún um 0,2 - 0,5 m á hæð. Hefur garðlagið verið torfhlaðið og er úthliðin að vestan skýrust. Hugsanlegt er að svæðið hafi verið sléttað að hluta.



Kálgarður RA-428:013, horft til austurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-428:014 heimild um kálgarð

63° 49.355N 20° 30.461V


Samkvæmt túnakorti frá því um 1920 var kálgarður um 70 m vestan við Lindarbæ 001, fast norðvestan við útihús 002 og um 120 m norðvestan við Vetleifsholt RA-424:001. Á þessu svæði er sléttað graslendi í brekku sem hallar 10 - 20° í VSV og malarvegur sem liggur norðaustur-suðvestur niður á flatlendið. Ekkert sést til garðlaga á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-429 Kastalabrekka

15 hdr, 5 hdr fengin úr landi Pétursbýlis [RA-429:010] 1707 og því aðeins 10 hdr fyrir þann tíma. JÁM I, 371. "Kastalabrekka heldur nafni í manntalinu 1762 en árið 1801 er því breytt í Vetleifsholtspartur I, II og III." SB V, 392. Pétursbýli lagðist undir Kastalabrekku. Hjáleiga Vetleifsholts. 1920: Tún 1,7 ha, sléttað 0,6 ha, garðar 1670 m². "Þetta er allstór jörð, var mýrlend að mestu en nú er nær allt landið ræst fram og þurrkað." SB V, 392.



Túnakort af heimatúni Parts RA-429 frá árinu 1920

RA-429:001 Kastalabrekka bæjarhóll bústaður 63° 49.495N 20° 30.580V

Í örnefnaskrá segir: "Hamarinn [Partshamar] hefir sennilega í fyrndinni heitið Kastali og bærinn Kastalabrekka borið nafn af honum, en hann var vestast í túnfætinum, gengt honum, niður við mýrina, og er þar sokkinn niður og löngu gleymdur." Í örnefnaskrá Ólafs P. Ingvarssonar segir: "Vestasti bærinn er Vetleifsholtspartur [002]. Hann stendur ofanvert við brekku, er heitir Kastalabrekka. Heyrt hefi ég, að bærinn hafi líka heitið Kastalabrekka í fyrndinni, fram um 1800." Kastalabrekka var trúlega um 360 m NNV við Vetleifsholt RA-424:001 og um 210 m NNV við Part 002. Á þessu svæði er sléttað tún fast norðvestan og vestan við Kastala/Kirkjuna. Bæjarhóll Kastalabrekku er nú (2007) horfinn og ekkert sést til fornleifa. Mjög líklega hefur hóllinn sokkið smám saman í mýrina sunnan við bæjarholtið og á endanum hafa leifar hans verið sléttaðar við ræktun túna á svæðinu.



Hugsanlegt bæjarstæði Kastalabrekku
RA-429:001, horft til SSA

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 4; Ö-Vetleifsholtshverfi ÓPI, 1


RA-429:002 Partur bæjarhóll bústaður

63° 49.405N 20° 30.433V

Í örnefnaskrá segir svo: "Syðst á Bæjarholtinu og niður að mýrinni (Horbrún), er Heimahverfið, allir bæirnir í sama túninu, innan sömu girðingar, en engin girðing í milli túnanna. Vestast er Partur uppi í túninu, Lindarbær í svipaðri hæð (nýi bærinn), og Vetleifsholt bar ívið hæst." Í örnefnaskrá Ólafs P. Ingvarssonar segir: "Vestasti bærinn [á Bæjarholtinu] er Vetleifsholtspartur. Hann stendur ofanvert við brekku, er heitir Kastalabrekka." Í Sunnlenskum byggðum V segir: "Kastalabrekka heldur nafni í manntalinu 1762 en árið 1801 en því breytt í Vetleifsholtspartur I, II og III." Bæjarstæði Parts var um 150 m NNV við Vetleifsholt RA-424:001 og um 80 m norðan við Lindarbæ RA-428:001. Á þessu svæði er nú (2007) fjósið í Kastalabrekku í sléttuðu túni. Ekkert sést til gamla bæjarins og búið er að ryðja út mestu af bæjarhólnum vegna framkvæmda við nýja fjósið í Kastalabrekku. Samkvæmt Sigurði Jónssyni, heimildarmanni, var síðasti bærinn burstabær byggður úr torfi, grjóti og timbri. Var bærinn með fjórar burstir og var hlaðinn moldarkjallari undir honum. Gengið var inn að suðvestan. Suðaustast í bæjarröðinni var fjósið og norðvestan við það var hlaðan. Öll útihús voru úr torfi og grjóti og járnþak var á hlöðunni en annars torfþök. Heimreiðin 009 skildi á milli hlöðunnar og fjóssins. norðvestan við hlöðuna var geymsla, svo gangur inn í eldhús. Baðstofan var norðvestan við ganginn en norðaustan við baðstofuna var eldhúsið. Gengið var inn í baðstofuna um eldhúsið. Norðvestan við baðstofuna var svefnherbergi og íbúð norðvestan vð það. Þar var hornið á bænum. Þegar gengið var fyrir hornið var komið að öðru fjósi og norðaustan við fjósið var hesthús. Gengið var þar inn að norðvestan. Bak við húsin, suðaustan við fjósið og hesthúsið og norðaustan við íbúðarhúsin, var svo stór niðurgrafinn heygarður. Veggir hans voru hlaðnir úr torfi- og grjóti. Þegar Sigurður Jónsson bjó í Parti gróf hann göng úr heygarðinum inn í hesthús. Strigi var á þeim tíma strengdur yfir heyin til að halda þeim þurrum. Í tíð Sigurðar voru kálgarðarnir framan (norðvestan) við fjósið og hesthúsið en engin garðlög umkringdu garðana. Fyrir 1960 var reynt að gera bæinn upp og þá var íbúðin rifin. Allur bærinn var svo loks rifinn og sléttaður um 1960.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Vetleifsholtshverfi, 2; Ö-Vetleifsholtshverfi ÓPI, 1; SB V, 392



Gróf teikning af bæjarhúsum Parts RA-429:001 eftir Sigurði Jónssyni og ljósmynd af bæjarstæði, horft til NNV

RA-429:003 *Kirkjan* heimild um huldufólksbústað

63° 49.490N 20° 30.570V

Í örnefnaskrá segir: "Utangarðs á Bæjarholtinu í suðvesturhorninu, við túnfótinn í Parti, er Partshamar; syðsti og hæsti hluti hans heitir Kirkjan (þar var annexíukirkja huldufólksins). Hamarinn hefir sennilega í fyrndinni heitið Kastali [...] Hamarssæti. Þar sem áður hét Kirkjan í Partshamri." Í örnefnaskrá Ólafs P. Ingvarssonar segir: "Norðvestan í holtinu [Bæjarholti] eru klettur, og er einn þeirra dálítið sérkennilegur, ekki ósvipaður stól í lögun. Klett þennan hef ég heyrt nefndan Hamarssæti [003]. Klettur þessir kallast einu nafni Hamarinn. Þar er hesthús og lambhús [011] Partsbænda." Hamarinn er um 350 m NNV við Vettleifsholt RA-424:001 og um 190 m NNV við Part 002. Á þessu svæði eru náttúrulegir klettur sem standa um 2,5 m út úr holtinu í vestur.



Hálfkirkja huldufólksins RA-429:003, horft til N

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Vettleifsholtshverfi, 4, 16; Ö-Vettleifsholtshverfi ÓPI, 1

RA-429:004 *Vorrétt* heimild um rétt

63° 49.493N 20° 30.456V

Í örnefnaskrá segir: "Vorrétt, Stekkur [005] og Kvíarnar [006] í Parti norðan við tún þar [í Lindarbæ]." Samkvæmt Sigurði Jónssyni, heimildarmanni, voru þessi mannvirki hugsanlega á svæði um 165 m norðan við bæ 002 en nákvæm staðsetning er ekki alveg ljós. Á þessu svæði er steinsteypt fjárhús byggt um 1975 og sandborið malarplan. Ekkert sést til fornleifa. Á þessu svæði stóð tvískipt fjárhús úr torfi og grjóti sem nýtt var frá því um 1950 til 1975. Járnpak var á húsinu. Í öðru hólfinu var jata og komust þar fyrir um 100 kindur en í hinu var einn garði fyrir miðju húsi og þar komust aðeins fyrir um 40 kindur. Hugsanlegt er að þar sem mjög oft voru hús byggð á sama eða svipuðum stað að á þessu svæði hafi mannvirkin sem nefnd eru hér að ofan verið staðsett.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Vettleifsholtshverfi, 4

RA-429:005 *Stekkur* heimild um stekk

63° 49.472N 20° 30.426V

Í örnefnaskrá segir: "Vorrétt [004], Stekkur og Kvíarnar [006] í Parti norðan við tún þar [í Lindarbæ]." Ef litið er á lýsingu 004 sést að hugsanlega hafa mannvirkin samkvæmt Sigurði Jónssyni, heimildarmanni, verið á svæði um 165 m norðan við bæ 001 en nákvæm staðsetning er ekki alveg ljós. Einnig er þó hugsanlegt að eitt þeirra hafi verið um 125 m NNA við bæ 002 og um 45 m SSA við staðsetningu 004. Á þessu svæði er sléttað tún. Í túninu er um 1,5 m hár hóll sem er um 15 m á þvermál. Hóllinn er hringlaga, ávalur og skærgrænn. Hugsanlegt er að hér hafi áður staðið bygging.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Vettleifsholtshverfi, 4

RA-429:006 *Kvíarnar* heimild um kvíar

63° 49.493N 20° 30.456V

Í örnefnaskrá segir: "Vorrétt [004], Stekkur [005] og Kvíarnar í Parti norðan við tún þar [í

Lindarbæ].” Mannvirkin hafa hugsanlega verið á svæði 120-150 m NNA við bæ 002 (sjá einnig 004 og 005) samkvæmt Sigurði Jónssyni, heimildarmanni. Á þessu svæði er steinsteypt fjárhús byggt um 1975, sandborið malarplan og sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa (sjá einnig 004 og 005).

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 4

RA-429:007 tóftir beitarhús

63° 49.757N 20° 30.329V

Í örnefnaskrá Ólafs P. Ingvarssonar segir: "Vestur af Litla-Einbúa eru enn tvö holt, Egilsnefsholt og Fagrabrekka. Egilsnefsholt er sunnar, og fremst í því er Egilsnef; þar eru fjárhús frá Partinum. Á milli Egilsnefs og Bæjarholtsins er örmjótt mýrarsund." Beitarhúsin eru um 670 m NNA við Part 002 og um 620 m VSV við Simbatótt RA-424:020. Á þessu svæði er nú mjög stórpýft grasigróid hrossabeitiland og rofabörð eru hér og þar á milli þúfa.

Þrjár illa farnar tóftir eru á svæði sem er um 40 x 35 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Samkvæmt Sigurði Jónssyni, heimildarmanni, voru fjárhúsin orðin að tættum um 1950 og hafa hrunið meir og meir í gegnum árin vegna beitar. Tóft A er um 22 x 14 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir hennar eru torfhlaðnir og mjög signir, 0,2 - 1 m á hæð og 2 - 6 m á breidd. Veggirnir eru orðnir mjög grasigrónir og hvergi sést í grjóthleðslur. Trúlega hefur verið gengið inn í tóftina á norðvesturenda hennar. Tóftin hefur verið tvískipt. Fremra hólfið (hólf I) er um 9



Illu farnar fjárhústóftir RA-429:007A-C á Egilsnefi

x 2 m að innanmáli. Suðaustara hólfið (II) er um 7 x 3 m að innanmáli. Enginn inngangur er sjáanlegur í hólf II. Bæði hólfin eru um 0,2-0,6 á dýpt og snúa norðvestur-suðaustur. Stórt rofabarð er í austurhorni tóftar. Tóftin er trúlega af fjárhúsi. Tóft B er um 15 m suðvestan við A. Tóftin er ógreinileg einföld þúst sem er um 8 x 8 m að stærð. Innanmál hennar er um 3 x 3 m. Veggir þústarinnar eru um 1- 3 m á breidd. Tóftin hefur verið torfhlaðin og er hún mjög gróin. Ekkert sést til grjóthleðslna og enginn inngangur er greinanlegur. Veggir hennar eru 0,5-1 m á hæð og hólfið 0,2-0,4 m á dýpt. Tóft C er um 20 m norðan við tóft B og um 7 m vestan við tóft A. Tóftin er einföld þúst sem er um 7 x 7 m að stærð. Þústin er á vesturbrún holtsins sem allar tóftirnar þrjár eru á. Innanmál hennar er um 3 x 3 m. Hólfið er 0,2 - 0,4 m á dýpt en enginn inngangur er sjáanlegur. Þústin er torfhlaðin og grasigróin en engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Veggir tóftarinnar eru 0,2 - 1,2 m á hæð og um 2 m á breidd. Rofabarð er í austurhlið hennar vegna vegslóða. Tóftir B og C hafa trúlega verið litlir fjárhúskofar eða heygarðar. Þessar tóftir eru í mikilli hættu vegna hrossabeitar sem smám saman er að brjóta Egilsnef niður í þúfur og rofabörð.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi ÓPI, 2



Beitarhúsatóftir RA-429:007A-C, tóft A efst til vinstri (horft til norðvesturs), tóft B efst til hægri (horft til SSV) og tóft C hér til hliðar (horft til vesturs)

RA-429:008 heimild um kálgarð 63° 49.393N 20° 30.446V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var kálgarður fast austan, sunnan, suðvestan og vestan við bæ 002. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-429:009 heimild um leið 63° 49.403N 20° 30.404V
Heiðreiðin að Parti 002 lá norðaustur-suðvestur á mörkum Lindarbæjar- og Kastalabrekkutúna (sjá 002) að bænum norðaustanverðum inn á milli hlöðu og fjóss. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til götu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920

RA-429:010 *Pétursbýli* bæjarstæði býli
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1709) segir: "Pétursbýle (so kallað). Sjötta Vetleifsholts afbýli, hefur í eyði verið 44 ár. Þess fyrstu bygð muna menn ekki. Jarðadýrleiki var X hndr; fyrir 44 árum þá býlið bygðist ekki, fjellu slægjur til heimajarðarinnar, og var þá þessi partur tíundaður og reiknaður með heimajörðunni, þar til fyrir 2 árum, að hálfur þessi partur var lagður til Kastalabrekku, sem enn nú helst, hálfur fylgir heimajörðunni, og er dýrleikinn með reiknaður, sem áður sagt er." Samkvæmt Sigurði Jónssyni, heimildarmanni, var býlið

63° 49.470N 20° 30.504V



Bæjarstæði Péturbýlis RA-429:010, horft til N

ofan við Hamarinn 35 - 40 m norðan við núverandi íbúðarhús Kastalabrekku og um 130 m norðan við Part 002. Á þessu svæði er sléttuð tún og malarvegur á norðurbrún bæjarholtsins í Vetleifstorfundi. Ekkert sést til fornleifa vegna sléttunar og vegagerðar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM I, 371-372; SB V, 393

RA-429:011 heimild um hesthús

63° 49.477N 20° 30.545V

Í örnefnaskrá Ólafs P. Ingvarssonar segir: "Norðvestan í holtinu [Bæjarholti] eru klettur, og er einn þeirra dálítið sérkennilegur, ekki ósvipaður stól í lögun. Klettur þennan hefi ég heyrt nefndan Hamarssæti [003]. Klettur þessir kallast einu nafni Hamarinn. Þar eru hesthús og lambhús Partsbænda." Hesthús og lambhús voru um 150 m NNV við bæ 002, 315 m NNV við Vetleifsholt RA-424:001 og um 10 m sunnan við Hamarinn. Kemur þetta heim og saman við útihús sem teiknað er inn á túnakort frá árinu 1920 um 140 m NNV við bæ 002. Ekki er alveg víst að húsin hafi verið sambyggð en hér voru þau skráð saman til einföldunar. Á þessu svæði er sléttuð tún á hjalla utan í bæjarholti 3 - 4 m ofan við flatlendið. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920; Ö-Vetleifsholtshverfi ÓPI, 1

RA-429:012 Partshúsarimi þúst beitarhús

63° 49.910N 20° 31.152V

Í örnefnaskrá segir: "Hefir áður verið skýrt frá Tófurimakransinum og sérstökum nöfnum þar. Nokkuð suður af þeim er Partshúsarimi nær Vesturbrúninni, nokkurn veginn í norðvestur frá Parti, vestan við Torfríma [sjá RA-426:008]." Í örnefnaskrá segir svo: "Lengra heima á brúninni móts við Horbrún er Húsarimi [...]." Í svörum við spurningum um örnefnaskrána segir: "Í Húsaríma voru ærhús fram undir 1930. Húsakeldur voru sitt hvoru megin við húsin." Í örnefnaskrá Ólafs P. Ingvarssonar segir: "Rétt fyrir vestan Brúnina er rími, sem venjulega er kallaður Húsarími. Þar eru fjárhús frá Parti." Beitarhúsapúst er um 1,3 km NNV við Vetleifsholt RA-424:001 og um 1,1 km NNV við Part 002. Á þessu svæði er þýft graslandi um 20 m suðvestan við nýlegan djúpan ræsingarskurð sem liggur norðvestur-suðaustur út frá bæjarholtinu í átt að Rauðalæk. Á þessu svæði er sléttuð vel grasigróin þúst sem er um 25 x 15 m að stærð, 0,5-1 m á hæð og snýr NNV-SSA. Engir greinilegir veggir eða hólfr sjást í þústinni og ekkert glittir í hellugrjót. Samkvæmt Sigurði Jónssyni voru þessi beitarhús byggð af Guðbjörgu Guðnadóttur og Guðmundi Tyrfingssyni í Parti í kring um 1920. Héngu þau enn uppi er Sigurður flutti í Part árið 1951 en hann nýtti svo timbur og járn úr þaki þess til að bæta fjárhús 002 heima við bæ. Húsið var hlaðið úr torfi og grjóti með þak úr járn og timbri og voru jötur meðfram veggjum. Ekki er þetta fornleif í lagalegum skilningi en var hún samt sem áður skráð með þar sem húsin voru mjög líklega byggð með gömlu byggingarlagi.




Partshús RA-429:012, horft til SSA

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 10; VSVS, 4; Ö-Vetleifsholtshverfi ÓPI, 2

RA-430 Gíslakot

2 hdr 1847. JJ, 43. "Nýlenda, Pétursbýli, Gíslakot. Í húsvitjunarbók Oddasóknar frá 1813 er nýbýli hjá Vetleifsholti nefnt Nýlenda. Því heiti heldur það í 16 ár. Árið 1829 segir um býli þetta: "Pétursbýli, öðru nafni Nýlenda." Pétursbýli er það nefnt árin 1830-1832. Árið 1835 er Pétursbýli horfið, en í stað þess kemur Gíslakot og þar sömu húsráðendur og á Pétursbýli 1832 [...] Allt mun þetta eitt og sama býlið, aðeins með þremur nöfnum. Ætla má að Pétursbýli sem um getur í jarðabókinni 1708 hafi staðið nálægt Kastalabrekku." SB V, 393. 1920: Tún 0,8 ha, sléttað 0,4 ha, garðar 1130 m².



Kort af heimatúni Gíslakots RA-430 frá árinu 1920

RA-430:001 Gíslakot bæjarstæði bústaður

63° 49.241N 20° 30.128V

"Í húsvitjunarbók Oddasóknar frá 1813 er nýbýli hjá Vetleifsholti nefnt Nýlenda. Því heiti heldur það í 16 ár. Árið 1829 segir um býli þetta: "Pétursbýli, öðru nafni Nýlenda." Pétursbýli er það nefnt árin 1830-1832. Árið 1835 er Pétursbýli horfið en í stað þess kemur Gíslakot og þar sömu húsráðendur og á Pétursbýli 1832 [...]. Allt mun þetta vera eitt og sama býlið, aðeins með þremur nöfnum. [...] Þriggja nafna býlið mun hafa verið byggt suðaustan við túnið í Vetleifsholti eða um túngarðinn. Lengst hélt það nafninu Gíslakot." segir í Sunnlenskum byggðum V. Í örnefnaskrá segir:

"Gíslakot austur undir túngarði [sjá RA-432:007] [í Heimahverfinu]". Í örnefnaskrá Ólafs P. Ingvarssonar segir: "Austur af Vetleifsholti [RA-424] er Gíslakot; það er einnig í eyði." Gíslakot var um 200 m sunnan við Vetleifsholt II, um 240 m SSA við Vetleifsholt I (RA-424:001) og um 500 m norðvestan við Rifshalakot RA-426:001. Á þessu svæði er sléttað tún. Daufar útlínur hugsanlegs bæjarhóls sjást á svæðinu og er það um 50 x 20 m að stærð. Þessi hóll er um 0,5 m hár, snýr austur-vestur og er hann greinilega grænni en umhverfið í kring. Ekkert sést til fornleifa á svæðinu.



Bæjarstæði Gíslakots RA-430:001, horft til austurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1920; SB V, 393; Ö-Vetleifsholtshverfi, 2; Ö-Vetleifsholtshverfi ÓPI, 1

RA-430:002 heimild um kálgarð

63° 49.237N 20° 30.116V

Samkvæmt túnakorti var kálgarður fast sunnan, suðvestan og vestan við bæ 001. Á þessu svæði er sléttað tún á norðvesturbrún Bæjarholts. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920

RA-430:003 *Gíslakotsbrunnur* heimild um brunn

Í örnefnaskrá segir: "Gíslakotsbrunnur er allskammt frá túninu þar." Nákvæm staðsetning er óþekkt. Brunnurinn hefur trúlega verið niðri í mýrinni sunnan við bæ en nákvæm staðsetning er óþekkt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 4

RA-431 *Hrútur*

2 hdr 1847. JJ, 43. Býlið var fyrst nefnt Rifshalakotshjáleiga, en nefnt Hrútur frá 1836. Í eyði frá 1907. SB V, 398. "Tún voru engin, ein engjaskák í Safamýri, en beitiland heldur gott." SB V, 398.

RA-431:001 *Hrútur* bæjarhóll bústaður


63° 49.349N 20° 28.798V

"Í manntali Oddasóknar 1830 er skráð býlið Rifshalakotshjáleiga, enda byggt úr landi Rifshalakots. [...] Árið 1836 er nafnið Rifshalakotshjáleiga horfið en í stað þess er komið bæjarnafnið Hrútur. Býlið fór í eyði 1907. [...] Bærinn stóð á lágum rima, um 1200 m í austur frá Vetleifsholti [RA-424:001]." segir í Sunnlenskum byggðum V. Í örnefnaskrá segir: "Í austur-norðaustur frá Heimahverfinu og Bæjarholtinu, nokkuð langt frá, er Hrútur á samnefndum, túnlausum rima. [...] Suðvestur af honum [Sandhól] er Hrútholt, þá rimarnir Litli-Hrútur, Hrútur (bæjarstæðið) og Gimbur." Í svörum við spurningum um örnefnaskrána segir: "Litli-Hrútur, Hrútur og Gimbur: Nokkrir rimar í mýrinni, litlir, en þar voru kofar, sem skírðir voru eftir því, hvað var í þeim." Í örnefnaská Ólafs P. Ingvarssonar segir: "Rétt norðaustan við Bæjarholtið, í mýrinni, er rimi, en svo kallast smámóadrög, er standa upp úr mýrinni hér og hvar. Þar er jarðvegurinn harður og vaxinn fíngerðari gróðri. Rimi þessi kallast Hrútur. Þar var reistur lítill bær, en lagðist fljótlega í eyði aftur. Um hann vitna óskýrar tóftarleifar, sem hafa verið troðnar niður af hrossafótum ár eftir ár." Bærinn Hrútur var í landi Rifshalakots RA-426:001 um 1,2 km austan við Vetleifsholt RA-424:001 og 30-50 m norðan við rafmagnsstauralínu sem liggur austur-vestur í vestur að Rifshalakoti. Ekki er alveg víst að bæirnir Hrútur og Rifshalakotshjáleiga hafi verið á sama stað þar sem engar nákvæmar heimildir hafa fundist um slíkt en ekki eru heldur þekkt nein önnur bæjarstæði í landi Rifshalakots sem komið gætu til greina þar sem land þetta er að

miklu leyti sléttlendar deigar mýrar. Bærinn stóð á þýfðum og grasigrónum rima sem er um 160 x 25-70 m að stærð og stendur um 1-3 m upp úr deigri grasi- og mosagróinni mýri. Riminn er samsettur af þremur áberandi hólum sem mynda beina röð sem liggur austur-vestur. Þetta svæði er í mikilli hættu vegna hrossabeitar sem smám saman er að brjóta niður rimana í þúfur og rofabörð. Bæjarhóllinn er egglega, um 35 x 25 m að stærð og um 2 m á hæð. Bæjartóftin er um 20 x 18 m að stærð, 0,5 - 1 m á hæð og snýr austur-vestur. Innanmál tóftarinnar er ógreinilegt en 0,4 - 0,8 m djúp dæld er í tóftinni miðri og er hún um 10 m x 5 - 8



Bæjarhóll Hrúts RA-431:001, horft til VNV



Bæjartóftir Hrúts RA-431:001 og tóftir 003A og B

metrar

m innanmáli. Glittir í grjóthleðslur í suðvestur- og suðausturhornum hennar en allir veggir tóftarinnar eru mjög signir og vel grasigrónir. Ekki er hægt að greina nein augljós hólf í tóftinni.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs


Heimildir: SB V, 398; Ö-Vetleifsholtshverfi, 2, 6-7; VSVS, 3; Ö-Vetleifsholtshverfi ÓPI, 2

RA-431:002 tóft útihús

63° 49.340N 20° 28.868V

Einföld tóft og garðlag eru um 50 m vestan við bæ 001. Á þessum stað hafa líklega verið útihús með viðbyggðum garði. Mannvirkin eru á grasigrónum hól vestast í grasi- og mosagrónum þýfðum rima á svæði sem er um 24 x 22 m að stærð og snýr norður-suður. Þetta svæði er í mikilli hættu vegna hrossabeitar sem smám saman er að brjóta niður rimana í þúfur og rofabörð. Tóftin er mjög rofin vegna hrossagata og sjást aðeins grasigrónar þúfur sem mynda um 12 x 10 m stóra þúst sem snýr austur-vestur. Innanmál þústarinnar er óþekkt en hún er 0,8 - 1 m á hæð. Í austurenda hennar glittir í grjóthleðslur. Mjög líklega hefur hér verið tóft sem hlaðin var algjörlega úr torfi og grjóti en þak hennar hefur nú fyllt upp í hana eftir að það hrundi. Fast norðan við þústina er greinilega upphlaðið sléttað grasigróið "plan" eða slétta sem er um 18 x 15 m að stærð. Mjög líklegt er að utan um sléttu þessa hafi áður verið garðlag. Einu leifar þess sem nú sjást eru um 0,5 m breitt og um 0,4 m hátt torfhlaðið garðlag sem nú er mjög sigið. Aðeins glittir í leifar af því í norður-, austur- og vesturenda plansins. Umhverfis planið er greinilegur skurður þar sem efni hefur hugsanlega verið tekið í hleðslur garðlagsins. Skurðurinn er fullur af 0,3 - 0,5 m djúpu vatni. Hlutverk mannvirkjanna er óþekkt en tóftin hefur trúlega verið einhvers konar útihús.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs



Útihús RA-431:002, hlutverk óþekkt, ljósmynd tekin í suður

RA-431:003 tóft+garðlag útihús

63° 49.348N 20° 28.809V

Tóft sem líklega er af útihúsi og sambyggt gerði, hugsanlegur kálgarður, eru um 3 m vestan við bæjartóft 001. Tóftin er á þýfðum egglaða hól sem er um 25 x 35 m að stærð og um 2 m á hæð. Hóllinn er hluti af grasigrónum rima sem liggur A-V, er um 160 x 25-70 m að stærð og stendur um 1-3 m upp úr deigri grasi- og mosagróinni mýri. Þetta svæði er í mikilli hættu vegna hrossabeitar sem smám saman er að brjóta niður rimana í þúfur og rofabörð. Tóftin (A) er mjög greinileg, um 10 x 9 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir hennar eru torfhlaðnir, 1 - 2 m á breidd og 0,4 - 1 m á hæð. Innanmál tóftarinnar er um 5 x 4 m. Tóftin er rofin á austur- og vesturhlið vegna hrossaslóða. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Hugsanlega hefur hér verið lítið útihús. Fast vestan við tóft A er hólfi B og myndar tóftin hluta af austurvegg þess. Gerðið eða hólfið er um 28 x 19 m að stærð og snýr norður-suður. Innanmál þess er 25 x 12 m. Veggir hólfsins eru torfhlaðnir, 1 - 2 m á breidd og 0,4 - 1 m á hæð en rofnir hér og þar vegna hrossabeitar. Líklega hefur þetta verið kálgarður. Hleðslur mannvirkjanna eru signar.




Útihúsatóft RA-431:003, horft til VNV

Hættumat: stórhætta, vegna rofs**RA-431:004** þúst útihús

63° 49.351N 20° 28.736V

Þúst sem er líklega leifar útihúss, er um 50 m austan við bæ 001. Þústin er á austurenda grasigróins rima sem liggur austur-vestur, er um 160 x 25-70 m að stærð og rís um 1 - 3 m upp úr deigri grasi- og mosagróinni mýri. Þetta svæði er í mikilli hættu vegna hrossabeitar sem smám saman er að brjóta niður rimana í þúfur og rofabörð. Þústin er um 9 x 6 m að stærð og um 1 m á hæð. Þústin er ferhyrnd og snýr norðvestur-suðaustur en engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Engin dæld er í þústinni sem gæfi til kynna hólfi í þústinni. Hlutverk hennar er óþekkt en staðsetning í túni bendir til að hún hafi verið einhvers konar útihús.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs


Þúst RA-431:004, hlutverk óþekkt, ljósmynd tekin í suðaustur

RA-431:005 tóft útihús

63° 49.344N 20° 28.746V

Tóft, sem líklega var útihús, er um 6 m suðvestan við útihúspúst 004 og um 50 m ASA við bæ 001. Tóftin er á austurenda grasigróins rima sem er um 160 x 25-70 m að stærð og rís um 1 - 3 m upp úr deigri grasi- og mosagróinni mýri. Þetta svæði er í mikilli hættu vegna hrossabeitar sem smám saman er að brjóta niður rimana í þúfur og rofabörð. Tóftin er tvískipt, um 13 x 8 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir tóftarinnar eru um 2 m á breidd og um 0,5 m á hæð. Innanmál tóftarinnar er ógreinilegt en eitt hólfi er í norðurenda hennar. Hólfið er um 4 x 2 m að innanmáli, um 0,3 m á dýpt og snýr austur-vestur. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Í suðurhluta tóftar er engin dæld sem gæti gefið til kynna hólfi en mjög líklegt er að hér hafi verið um 5 x 4 m stórt hólfi sem lá norður-suður. Suðurhluti tóftarinnar er vel grasigróinn og smápýfður. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en hún hefur trúlega verið einhvers konar útihús. Rofinn hrossastígur liggur í gegnum tóftina miðja austur-vestur.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs




Tóft RA-431:005, hlutverk óþekkt, ljósmynd tekin í suður

RA-431:006 tóft útihús

63° 49.334N 20° 28.743V

Tóft er um 20 m sunnan við tóft 005 og um 50 m suðaustan við bæ 001. Tóftin er á austurenda grasigróins rima sem er um 160 x 25-70 m að stærð og rís um 1 - 3 m upp úr deigri grasi- og mosagróinni mýri. Þetta svæði er í mikilli hættu vegna hrossabeitar sem smám saman er að brjóta niður rimana í þúfur og rofabörð. Tóftin er aflöng og einföld, um 12 x 8 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir hennar eru um 2 m á breidd og um 1 m á hæð. Innanmál tóftar er um 6 x 4 m. Hleðslur tóftarinnar eru signar og glittir í grjóthleðslur í vesturvegg hennar. Enginn greinilegur inngangur er í tóftina. Hlutverk hennar er óþekkt en hefur trúlega verið hér einhvers konar útihús.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs



Tóft RA-431:006, hlutverk óþekkt, ljósmynd tekin í suður

RA-431:007 Litli Hrútur þúst hrútakofi

63° 49.400N 20° 28.497V

Í örnefnaskrá segir: "Í austur-norðaustur frá Heimahverfinu og Bæjarholtinu, nokkuð langt frá, er Hrútur á samnefndum, túnlausum rima. [...] Suðvestur af honum [Sandhól] er Hrútsholt, þá rimarnir Litli Hrútur, Hrútur (bæjarstæðið) og Gimbur." Í svörum við spurningum um örnefnaskrána segir: "Litli-Hrútur, Hrútur og Gimbur: Nokkrir rimar í mýrinni, litlir, en þar voru kofar, sem skírðir voru eftir því, hvað var í þeim." Þúst er um 500 m austan við Gimbur 010 og um 260 m austan við bæ 001 sem trúlega hefur þjónað sem hrútakofi. Þústin er á þýfðum grasigrónum rima



Þúst á Litla Hrúta RA-431:007, horft til vesturs

sem er um 80 x 20 m að stærð og snýr austur-vestur. Riminn rís 0,5 - 1 m upp úr mjög deigri og þýfðri grasi- og mosagróinni mýri. Riminn er stórþýfður og rofinn vegna hrossabeitar og því er erfitt að greina mannvirki á hólnum þar sem veggir þeirra eru svotil horfnir í þúfur eða rofabörð. Þetta svæði er í mikilli hættu vegna hrossabeitar sem smám saman er að brjóta niður rimana í þúfur og rofabörð. Þústin er á vesturenda rimans en lítið annað en grasi- og mosagrónar þúfur sem mynda þúst sem er aðeins hærri en umhverfið. Þústin er aflöng, um 15 x 10 m að stærð og um 0,4 m á hæð. Hlutverk þústarinnar er óþekkt en hugsanlegt er að hér hafi staðið einhvers konar útihús, líklegast hrútakofi ef marka má lýsingu í örnefnaskrá.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 2, 6-7; VSVS, 3


RA-431:008 þúst óþekkt

63° 49.404N 20° 28.470V

Þúst er um 25 m austan við tóft 007 og um 290 m ANA við bæ 001. Tóftin er á þýfðum grasigrónum rima sem er um 80 x 20 m að stærð og snýr austur-vestur. Riminn rís 0,5 - 1 m upp úr mjög deigri og þýfðri grasi- og mosagróinni mýri. Þetta svæði er í mikilli hættu vegna hrossabeitar sem smám saman er að brjóta niður rimana í þúfur og rofabörð. Þústin er

torfhlaðin og einföld, mjög rofin, um 10 x 7 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir hennar eru allir í þúfum en eru um 0,4 - 1 m á hæð og um 1 - 3 m á breidd. Innanmál tóftar er um 8 x 2-3 m. Botn tóftarinnar er sléttur og grasigróinn en veggir hennar eru grónir mosa og grasi. Fast sunnan við þústina er um 1 m djúpt rofabarð vegna hrossabeitar. Hlutverk þústarinnar er óþekkt ef hér er um mannvirki að ræða.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs



Þúst RA-431:008, hlutverk óþekkt, ljósmynd tekin í austur

RA-431:009 tóft óþekkt

63° 49.408N 20° 28.433V

Tóft er um 60 m austan við tóft 008 og um 320 m austan við bæ 001. Tóftin er á þýfðum grasigrónum rima sem er um 20 x 80 m að stærð og snýr austur-vestur. Riminn rís 0,5-1 m upp úr mjög deigri og þýfðri grasi- og mosagróinni mýri. Þetta svæði er í mikilli hættu vegna hrossabeitar sem smám saman er að brjóta niður rimana í þúfur og rofabörð. Tóftin er aflöng og einföld, um 18 x 10 m að stærð og snýr austur-vestur. Innanmál hennar hefur verið um 14 x 6 m. Veggir hennar eru torfhlaðnir, 1 - 3 m á breidd og 0,4 - 1,5 m á hæð. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar og torfhleðslur veggjanna eru signar. Hrossastóð hafa rofið moldarbarð eða hrossagötu í norðurvegg tóftarinnar þverann og endilangann. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en hefur hugsanlega verið einhvers konar aðhald sem er að hálfu horfið í mýri vestan við rimann.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs



Tóft RA-431:009, hlutverk óþekkt, ljósmynd tekin í suðaustur

RA-431:010 *Gimbur* heimild um lambhús

63° 49.306N 20° 29.073V

Í örnefnaskrá segir: "Í austur-norðaustur frá Heimahverfinu og Bæjarholtinu, nokkuð langt frá, er Hrútur á samnefndum, túnlausum rima. [...] Suðvestur af honum [Sandhól] er Hrútsholt, þá rimarnir Litli Hrútur, Hrútur (bæjarstaðið) og Gimbur." Í svörum við spurningum um örnefnaskrána segir: "Litli-Hrútur, Hrútur og Gimbur: Nokkrir rimar í mýrinni, litlir, en þar voru kofar, sem skírðir voru eftir því, hvað var í þeim." Gimbur er um 250 m vestan við Hrút 001 og um 1,1 km ASA við Part RA-429:002. Á þessu svæði er mjög þýfð og deig mýri gróin grasi og mosa. Þetta svæði er í mikilli hættu vegna hrossabeitar sem smám saman er að brjóta niður rimana í þúfur og rofabörð. Gimbur er mjög stórþýfður og mosagróinn rimi sem snýr norður-suður. Riminn er mjög rofinn vegna hrossabeitar. Hann er um 70 x 30 m að stærð og stendur 1-1,5 m upp úr mýrinni. Ekkert sést til fornleifa en ef eitthvað er að marka örnefnaskrá hefur líklega verið lambhús á þessu svæði.



Gimbur RA-431:010, horft til vesturs

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 2, 6-7; VSVS, 3

RA-431:011 *Pyttrimi* heimild um draug

63° 49.391N 20° 29.245V

Í örnefnaskrá segir: "Norður af henni [Gimbur], skammt norðaustan við Bæjarholtið, er Pyttrimi (þar var útburður, sem vældi fyrir illveðrum)." Pyttrimi stendur upp úr mýri um 370 m NV við Hrút 001 og um 210 m NNV við Gimbur 010. Ekki er ólíklegt að hér hafi staðið mannvirki. Riminn er stórþýfður og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er 50-60 x 20-40 m að stærð og rís 0,5 - 1,5 m upp úr mýrinni. Þetta svæði er í mikilli hættu vegna hrossabeitar sem smám saman er að brjóta niður rimana í þúfur og rofabörð. Ekki er ólíklegt að hér hafi áður staðið útihús eða önnur mannvirki en ekkert sést til fornleifa á yfirborði. Hugsanlega eru fornleifar horfnar þar sem riminn er mjög rofinn vegna hrossabeitar og er hann mjög þýfður. Engar heimildir hafa fundist um fornleifar í Pyttrima og útburður lét ekki í sér heyra á meðan skráningu stóð.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

RA-431:012 þúst óþekkt

63° 49.368N 20° 28.078V


Náttúrulegur torfrimi er um 1,8 km ANA við Ráðagerði RA-432:001, um 590 m austan við Hrút 001 og um 350 m ASA við Litla Hrút 007. Riminn er grasi- og mosagróinn torfrimi sem liggur austur-vestur og rís 0,4 - 1,5 m upp úr deigri mýri í bláenda Hrútsholts að vestanverðu. Riminn er um 100 x 20 m að stærð. Djúpt rofabarð liggur um rimann þverann og endilangann. Þetta svæði er í mikilli hættu vegna hrossabeitar sem smám saman er að brjóta niður rimana í þúfur og rofabörð. Hugsanlegt er að hér hafi áður staðið útihús eða önnur mannvirki en engar fornleifar eru sjáanlegar á svæðinu.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 7

RA-432 Ráðagerði

2 hdr 1847. JJ, 43. Ráðagerði byggt úr landi Vetleifsholts 1828, búið til 1934. SB V, 397. 1920: Tún 0,7 ha, sléttað 0,4 ha, garðar 830 m². "Þetta var smábýli með lítil tún, að mestu slétt undir lök búskapar." SB V, 397.



Kort af heimatúni Ráðagerðis RA-432 frá árinu 1920

RA-432:001 Ráðagerði bæjarstæði bústaður

63° 49.250N 20° 30.294V

"Ráðagerði byggðist úr Vetleifsholtslandi 1828. Þar var búið til 1934. Þetta var smábýli með lítil tún, að mestu slétt undir lok búskapar. [...] Bærinn stóð um 190 m í suðvestur frá Vetleifsholti. Búið er að jafna út húsatóftir." segir í Sunnlenskum byggðum V. Í örnefnaskrá segir: "Ráðagerði syðst í túninu [í Heima-hverfinu], niður við mýri". Í örnefnaskrá Ólafs P. Ingvarssonar segir: "Þar austur af [Kornhól] er Ráðagerði; sá bær er nú í eyði." Ráðagerði var um 170 m sunnan við Vetleifsholt RA-424:001 og um 50 m austan við Kornhól RA-424:010. Samkvæmt Guðrúnu Jónsdóttur, heimildarmanni, stóð bærinn utan í brekku suðvestur undir heimatúni Vetleifsholts II austan við Kornhól. Á þessu svæði er sléttað tún og deig mýri. Ekkert sést til fornleifa á þessu svæði og ekkert greinanlegt bæjarstæði vegna sléttunar. Ólíklegt er að mikill bæjarhóll hafi náð að myndast á þeim stutta tíma sem Ráðagerði var í byggð.



Bæjarstæði Ráðagerðis, horft til SSA

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920; SB V, 397; Ö-Vetleifsholtshverfi, 2; Ö-Vetleifsholtshverfi ÓPI, 1

RA-432:002 heimild um útihús 63° 49.258N 20° 30.306V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var útihús 10-15 m NNV við bæ 001 og um 40 m austan við Kornhól RA-424:010. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa á þessu svæði. Samkvæmt Guðrúnu Jónsdóttur, heimildarmanni, voru engin útihús þarna er hún kom í Vetleifsholt 1952.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1920

RA-432:003 heimild um útihús 63° 49.267N 20° 30.317V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var útihús um 40 m NNV við bæ 001 og um 40 m ANA við Kornhól. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa á þessu svæði. Samkvæmt Guðrúnu Jónsdóttur, heimildarmanni, voru engin útihús þarna er hún kom í Vetleifsholt 1952.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1920

RA-432:004 *Vorrétt* heimild um rétt 63° 49.327N 20° 30.034V
Í örnefnaskrá segir: "Austur á háholtinu heitir Gíslakots hryggur (þar norðast í holtinu Vorrétt og Stekkur [005] frá Ráðagerði)." Samkvæmt Guðrúnu Jónsdóttur, heimildarmanni, voru þessi mannvirki trúlega um 210 m NNA við Götu RA-427:001 og um 260 m norðaustan við Ráðagerði 001. Nákvæm staðsetning er óþekkt. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa. Í túninu eru 2-3 ávalar grasigrónar hæðir þar sem fornleifar gætu hugsanlega leynst.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 4

RA-432:005 heimild um stekk 63° 49.327N 20° 30.034V
Í örnefnaskrá segir: "Austur á háholtinu heitir Gíslakots hryggur (þar norðast í holtinu Vorrétt [004] og Stekkur frá Ráðagerði)." Samkvæmt Guðrúnu Jónsdóttur, heimildarmanni, voru mannvirkin trúlega um 210 m NNA við Götu RA-427:001 og um 260 m norðaustan við Ráðagerði 001. Nákvæm staðsetning er óþekkt. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa. Í túninu eru 2-3 ávalar grasigrónar hæðir þar sem fornleifar gætu hugsanlega leynst.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Vetleifsholtshverfi, 4

RA-432:006 heimild um leið 63° 49.239N 20° 30.340V
Samkvæmt túnakorti lá gata í suður frá suðvesturhorni bæjar (001) út í mýri. Þessi gata hefur trúlega verið um 190 m SSV við Vetleifsholt (RA-424:001) og fast suðaustan við Kornhól (RA-424:010). Á þessu svæði er þýft graslandi. Ekkert sést til götu trúlega vegna sléttunar og umróts vegna búpenings sem myndað hefur nýjar götur meðfram Kornhól.

Hættumat: engin hætta

RA-432:007 garðlag vörslugarður

63° 49.234N 20° 30.346V

Í örnefnaskrá segir: "Gíslakot [RA-430:001] austur undir túngarði [í Heimahverfinu]" Leifar þessa garðlags eru um 50 m VSV við Ráðagerði 001 og um 200 m SSV við Vetleifsholt RA-424:001. Garðlagið er á brún deigrar grasigrónar mýri að suðvestan og þýfðs graslendis að norðaustan. Aðal garðlagið er torfhlaðið og vel grasigróið, um 165 m á lengd, 1-1,5- m á breidd og 0,4-0,8 m á hæð. Það liggur norðvestur-suðaustur en fast suðvestan við það er djúpur skurður fullur af vatni trúlega til ræstingar landsins ofan (norðaustan) við hann. Í norðvestri endar garðurinn í skurði en í suðaustri hverfur hann í þúfur, trúlega vegna sléttunar. Um 50 m norðvestan við suðausturenda garðlagsins norðaustan við það er lítið ferkantað gerði sem er um 28 m á lengd, um 20 m á breidd og snýr norðvestur-suðaustur. Garðlagið sem myndar gerðið er alls um 60 m á lengd, 1,5 - 2 m á breidd og 0,6 - 0,8 m á hæð. Óljóst er til hvers það hefur verið nýtt en hugsanlegt er að það tengist eitthvað kálgarði 008 sem sýndur er á túnakorti frá 1920. Kornhóll 010 er fast norðvestan við gerðið. Fast norðvestan við Kornhól í brún hans er svo annað mjög óljóst garðlag sem er um 35 m á lengd, 1 - 1,5 m á breidd, 0,5 - 0,8 m á hæð og liggur norðaustur-suðvestur. Tilgangur þess er óljós. Svæðið sem garðlögin ná yfir er samtals um 165 x 35 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er alveg ljóst hvaða tilgangi aðal garðlagið hefur þjónað. Hugsanlega gæti verið hér um að ræða vörslugarð sem reistur hefur verið umhverfis hluta af eða allt bæjarholtið gegn ágangið búfés á heimatún bæjanna á holtinu en ekki eiginlegan túngarð eins og örnefnaskrá segir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920



Túngarður RA-432:007, horft til suðurs

RA-432:008 heimild um kálgarð

63° 49.245N 20° 30.316V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1920 var kálgarður fast sunnan við bæ 001. Þetta svæði hefur trúlega verið um 180 m sunnan við Vetleifsholt (RA-424:001) og um 10 m suðaustan við Kornhól (RA-424:010). Á þessu svæði er sléttuð tún í útjaðri deigrar mýri. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920

RA-673 *Holtamannafréttur*

Holtamannafréttur takmarkast af Þjórsá að vestan, Tungnaá að sunnan, Köldukvísl að austan og Fjórðungskvísl að norðan. Vestasti hluti hinna fornu Þjórsártungna. "Álitið hefur verið, að Landmannafréttur hafi að fornu tilheyrt Landmönnum einum og Holtamannafréttur bændum í Holtamannahreppi hinum forna. Eftir miðja 19. öld er nokkur breyting á orðin, því að þá eru nokkrir bændur úr Holtamannahreppi farnir að reka fé sitt á Landmannafrétt, og bændur í Landssveit reka þá almennt hross sín á Þóristungur og sumir fé sitt á Holtamannafrétt. Hvænær breytingin hefir á komist eða hvort hún hefir byggst á samningi er óvíst. Um 1890 var Holtamannahreppi skipt í tvo hreppa. Ákváðu þá hreppsnefndir hinna nýju hreppa, að Holtamenn skyldu reka á Landmannafrétt en Áshreppingar á Holtmannafrétt. Hefir sú tilhögun haldist síðan, þó að eigi hafi hlotið samþykki Landmanna." GR I, 257 (ATH dóm um Holtamannafrétt 1476). Guðjón Jónsson í Ási telur líkur til að "upprekstur þangað hafi hafist seinna en á flesta eða alla afrétti ... sunnanlands sökum fjarlægðar hans úr byggð og erfiðra notkunaraðstæðna. Um 80 km eru inn að honum úr þeim sveitum, sem hann hafa notað, og inni við hann er stórt straumhart vatnsfall, Tungnaá, sem verður að flytja allt féð yfir á bátum, bæði þegar það er rekið á vorin og sótt á haustin." GR I, 300 "Afrétturinn er bungumyndað hálendi og er mestur hluti hans gróðurlausar grjót- og sandöldur. ... Neðst í hlíðum [Búðarháls] á þrjá vegu: austan, sunnan og vestan, er samfelldasta og mesta graslendi afréttarins. Þegar því og Hálsinum sleppir, er afrétturinn öldótt sandauðn fyrstu 20 km en þá koma allstór mýrarver á milli sandaldanna, ásamt mosateygingum meðfram kvíslum, sem víða renna úr verunum. / Stærst veranna eru: 1. Stóraver, 2. Biskupsþúfuver, 3. Eyvindarverið fremra, 4. Háumýrar, 5. Svörtubotnar, 6. Hnausaver, 7. Krókaver, 8. Illugaver." GR I, 301. - Á Holtamannafrétti var farið í grasa- og rótarfjall í Bása og Hvanngil og var þá farið yfir Tungnaá á Tangavaði - GR I, 322.

RA-673:001 *Eyvindarkofi* tóft útilegumannabústaður 64°46.837N 18°34.666V
"Í Eyvindarveri er mikið graslendi og þar skiptast á brokflóar og starartjarnir ... Bæjarstæðið virðist ekki hafa verið gott sökum votlendis," segir í Útilegumönnum og auðum tóttum og síðar: "Sumarhagar eru ágætir í Eyvindarveri, og jafnvel eru þar sumstaðar einhverjar snapir að vetrarlagi. Þess er t.d. skammt að minnast, að hestur gekk úti í Arnarfellsöldu, sem er gegnt Eyvindarveri hinum megin Þjórsár. Eflaust hefur Eyvindur einnig getað heyjað eitthvað í verinu." Eyvindarkofi er á lækjarbakka austarlega í Eyvindarveri sem er graslendi norðan við Eyvindarkvísl og Þúfuver. Skilti er við veginn við Kvíslarveitu sem vísar á kofann. Eyvindarkofi er um 7,7 km suðvestan við Innra Hreysi 002. Afleggjari að kofanum liggur frá veginum sunnan við Hreysisstíflu og þaðan eru um 5 km að tóftinni. Við hana er upplýsingaskilti frá Þjóðminjasafni Íslands og göngupallur út í mýrina, fast að tóftinni. Tóftin er á lækjarbakka í votri mýri þar sem vaxa grös og lyng, austar eru berar melöldur. Eyvindarkofi er friðlýstur. Einar Brynjólfsson kom að Eyvindarkofa 7. ágúst 1772. Í dagbókarfærslu hans, sem prentuð er í Hrakningar og heiðavegir I segir: "Þoka um morguninn, en er henni létti, tókum við okkur upp frá Biskupsþúfu ... Þegar við höfðum farið yfir lækjarsprænu, sem rennur norðan við þúfunna, og skammt komnir, sáuðum við nokkrar kofatóttir. Þaðan riðum við þrír saman og gengum úr skugga um, að kofarnir hefði verið fimm, veggir fremur vel hlaðnir, og þóttumst við mega ráða af ýmsum vegsummerkjum, að í þeim hefði verið búið um vorið." Lýsing



Eyvindarkofi RA-673:001, horft til norðurs

Stefáns Stefánssonar sem fór Sprengisandsleið um 1840 er prentuð í Útlegumönnum og auðum tóttum. Þar segir: "Þar var að sjá sem ein tótt, að utan hlaðin úr hnausum, en að innan virtust honum tóttirnar verið hafa fjórar, nálægt faðmi á lengd hver þeirra, og veggir og göng á milli og útidyr á öllum, veggir meðalmanni í öxl, þar sem hæst var, og hólf í veggjum innanverðum af smáhellum. Uppsprettuvatn rann undan skálatóttunum á þrjá vegu, og í þeirri vatnsrásinni, er til útnorðurs rann, voru mörg hrossbein og nokkuð af fuglabeinum. Þar hafa og fundizt kindabein. Það er sagt, að um hin síðustu aldamót [um 1800] hafi Bárðdælingar fundið pál og reku í tóttum þessum og flutt heim með sér. Þóttu þau mjög haglega gerð og smíðað eftir þeim." Daniel Bruun skoðaði tóftirnar árið 1897. Niðurstöður hans eru prentaðar í Útlegumönnum og auðum tóttum, lauslega þýddar úr dönsku úr greinagerð Bruuns í "Fjældveje gennem Islands indre Højland (Turistruter paa Island IV)". Þar segir: "Bústaður hans [Eyvindar] var vesæll moldarkofi, sem nú er sokkinn í jörð. Við reyndum að létta af hinni leyndardómsfullu hulu, sem hvílir yfir ögninni, með því að grafa kofann upp. Það kom í ljós, að kofinn var eingöngu byggður úr grjóti með torflögum á milli. Hann var 10 skrefa langur og álíka breiður og mjög óreglulegur í lögun. Gegnum bæjardyr var komið inn í mjög lítið aðalherbergi, og bak við það var annað enn minna. Með mjög haglegu móti voru veggirnir látnir hallast inn á við að ofan, svo að herbergið að lokum laukst saman við það, að steinarnir snertu hver annan næstum eins og í hvelvingu. Óskaplega lágt og þröngt var þar, gluggar voru engir, og hér hlýtur lífið að hafa verið afar ömurlegt. Í kofunum fannst mikið af beinum, sem voru klofin af manna höndum. Mest voru það álftabein og kindabein. Álftirnar höfðu Eyvindur og kona hans augljóslega veitt úti í verinu um varptímann, en kindunum stálu þau af afréttum. Vatn sprettur upp fast við kofann, en það er ekki heitt." Þar bætir Ólafur Briem við: "Erfitt er að koma lýsingu Bruuns heim við kofana, eins og þeir eru nú. Enda virðist lýsing hans fremur miðast við hugmyndir hans sjálfs um, hvernig kofarnir hafi verið í upphafi, en ásigkomulag þeirra er hann gróf þá upp. ... Um eitt atriði virðist Bruun hafa misminnt. Það er þegar hann segir, að veggirnir séu að mestu hlaðnir úr grjóti. Nú er sáralítið grjót í rústunum, og sízt af öllu hefur það verið fjarlægð við uppgröftinn. Hinsvegar gefur uppdráttur Bruuns allglögga mynd af lögun tóttanna. Hið helzta, sem skilur hann frá útliti þeirra nú, er þverveggurinn, sem skiptir aðalhúsi rústanna í tvennt. Hann er ekki lengur til, og hefur honum sennilega verið mokað burt, er Bruun gróf kofann upp." Í dagbók Gísla Gestssonar frá 26.8.1953 sem einnig er prentuð í Útilegumönnum og auðum tóttum segir: "Nr. 1 hefur verið brunnhús. Þar voru í gólfhæð hellur, og er þeim var lyft upp, reyndust þær vera lagðar yfir lind. Lindin kemur upp á yfirborð jarðar 3-4 metrum norðan við rústina og virðist vera byggt yfir hana alla leið. Að minnsta kosti voru hellur yfir henni fyrir framan dyrnar á kofanum, sem merktur er nr. 2. Lokræsi þetta ætti því að ligja undir vesturvegginn á þeim kofa. Nr. 2 er langstærsti kofinn í rústunum. Norðarlega í honum eru á tveim stöðum upphækkanir úr torfi, sem virðast vera leifar af millivegg þeim, er Daníel Bruun sýnir á uppdrætti sínum, en hefur verið mokað burt við uppgröftinn. Gólfið í þessum kofa er mjög blautt og hefur alltaf verið það, ef dæma má eftir hæð yfirbyggðu lindarinnar. Grunnvatn mýrarinnar er aðeins 50 cm undir yfirborði í þessum kofa. Nr. 3 er lítill kofi, sem ekki hefur verið grafinn upp áður. Þar fundust leifar af bæli, þ.e. lyng- og graslag, sem var um 2,20 m á lengd, en ekki yfir 1,40 m á breidd. Í veggjum var nokkuð af beinum, sem hefur verið stungið í þá innanfrá. Á milli 2 og 3 lágu göng, krókbogin og þröng. Niðri í þeim var töluvert af grjóti, og náði það alldjúpt niður. Virtist sumt af því sett þar til varnar gegn bleytu. Sumt kann að hafa verið þakhellur. Nr. 4 er stór lind, og í henni mikið af beinum, einkum hrossbeinum. Nr. 5 er rof- eða moldardyngja, líklega mynduð við uppgröft Bruuns. Eftir því, sem næst verður komizt, hefur húsaskipun Eyvindar litið út svo sem myndin sýnir [Lýsingin á við uppdrátt sem birtur var í Útilegumönnum og auðum tóttum]. Hafa þá kofarnir verið fjórir eða fimm, séu göng talin með ... Hins vegar sýnist nú vera harla ólíklegt, að það geti verið rétt hjá Stefáni [Stefánssyni], að útidyr væru á öllum kofunum." Ólafur Briem telur að

Eyvindur og Halla hafi flutt sig í Innra Hreysi 002 þar sem þó er verra til búskapar vegna þess hve nálægt Sprengisandsleið Eyvindarkofi er, og jafnvel að bæjarstæðið þar hafi reynst óbyggilegt til lengdar sökum bleytu. Eyvindarkofi og veituskurðir, sem veittu lindinni í kofann eru á svæði sem er um 45x40 m stórt og snýr austur-vestur. Tóftin er suðaustast á því. Hún er um 9x8 m stór og snýr nær norður-suður. Tóftin er aflöguð en þó standa hleðslur hennar hæstar um 1,1 m. Hólfaskipting er ekki skýr og kemur ekki heim og saman við teikningu af bústaði Eyvindar á upplýsingaskilti frá Þjóðminjasafninu við tóftina en hún passar þó ágætlega við uppdrátt Gísla Gestssonar frá 1956. Eitt aðalhólf er í henni miðri, A, með dyrum nyrst á vesturvegg. (Hólf a er merkt með tölustafnum 2 á uppdrátt Gísla Gestssonar). Sunnan við hólf A er annað hólf, B. Það er lítið og óljóst en það virðist hafa verið gengt á milli A og B. Þriðja hólfíð er norðan við A, C. Það er mjög óskýrt og aflagað og engar skýrar dyr eru inn í það. Hér og þar sér í grjóti í tóftinni en það er ekki í hleðslum heldur liggur ofan á tóftinni. Grjótið er líklega ekki á sínum stað en vera má að það hafi verið flutt til við uppgröft Bruuns eða Gísla. Um 1 m vestan við tóftina er regluleg hola um 2x1 m stór og úr henni hefur verið grafin renna til norðurs að læknum, um 10 metra. Þetta er eflaust brunnur Eyvindar og veitan sem nefnd er í eldri lýsingum en engin tóft eða hleðsluleifar eru nú við brunninn. Önnur uppspretta og renna eru um 10 m vestan við tóftina og liggur hún til vesturs að læknum, um 25 metra.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: ÁG: Friðlýsingarskrá, 69; ÚAT, 93-103; HH I, 44-48.

RA-673:002 *Innra-Hreysi* tóft útilegumannabústaður 64°39.487N 18°27.257V


"Um 8 kílómetra í norðaustur af rústunum í Eyvindarveri [RA-673:001] eru leifar af ... Innra-Hreysi. Það er í dalverpi milli melaldna ... Fast norðan við rústirnar rennur á, sem dregur nafn af hreysi Eyvindar og er nefnd Hreyiskvísl." segir í Útilegumönnum og auðum tóftum. Rústirnar munu fara undir vatn þegar Kvíslaveita er fullgerð. Líklega fóru rústirnar sem Gísli Gestsson talar um undir vatn þegar Kvíslaveita var fullgerð (1985), en leifar af litlum kofa eru enn í dag greinanlegar. Þeim kofa ber ekki saman við lýsingar Gísla. Tóftin er um 330 m SSV við



Innra-Hreysi RA-673:002, horft til suðurs

rétt 012. "[Innra-Hreysi] er í dalverpi milli melaldna. Útsýni er þar ekkert og staðurinn sést hvergi af alfaraleið. ... Við Innra-Hreysi er graslendi sæmilegt, en lítið að víðáttu ..." segir í Útilegumönnum og auðum tóftum.. Mosavaxið mólendi er ofan við og í lónsbakkanum sem er um 2,5 m hár á þessum stað. Dagbók Einars Brynjólfssonar 7.8.1772: "[fundu Eyvindarkofa] Síðan lögðum við upp á Sprengisand og komum þá brátt á troðna og breiða slóð. Þóttumst við geta greint spor fjögurra manna ... Brátt komum við að smálæk með dálitlum grasteygingum báðum megin. Með honum lá brautin, og fylgdum við henni, unz við komum auga á nokkura kofa, og skammt þaðan var strjálíngur af búfé ... [en fjórir hestar voru í hafti fjær kofunum. E+H handtekin og færð til Reykjahlíðar en á suðurleið komu þeir Einar enn við í Innra-Hreysi] og færðu til byggðar frá hreysinu það, sem þeir fundu fémætt, nefnilega skinn, beðjardýnu og nokkura skinnbjóra og tágakörfu, en páli, potti, kjöti, mör og axarkjaggi var sá burthlaupni Eyvindur búinn að ná, þá að norðan komu." Úr bréfi frá Sigurði Sigurðssyni landþingsskrifara 18.8.1772 til Þorsteins Magnússonar sýslumanns Rangvellinga

í Hrakningar og heiðavegir I. Í Útilegumönnum og auðum tóftum er birt færsla úr dagb. Gísla Gestssonar 27.8.1953: "Þar er aðeins ein greinileg kofarúst, sem merkt er nr. 2 á uppdráttinn. Virðist kofinn hafa verið 1,70 m á lengd, en breidd ekki minni en 1,25. En nú vantar með öllu norður- [108] vegg kofans, sem vissi út að kvíslinni. Ef til vill hefur hann verið felldur. Í gólfi er ármöl, en ofan á henni torfa, en ekki gólfskán. Enda er þess varla að vænta, þar eð Eyvindur var nýlega fluttur í hreysið, þegar hann var tekinn. Við 3 voru aðeins undirstöður veggjar, en við 5 var veggurinn 65 cm hár. Allar hleðslur voru úr grjóti. Nr. 1 er grjótflekkur, sem gæti verið leifar af kofa. Þar nálægt fannst hausbein úr kind. Nr. 4 er Hreysiskvísl. / Þar sem Einar Brynjólfson talar um nokkra kofa við Hreysiskvísl, verður að ætla, að kofarnir hafi ekki verið færri en þrír. Er því sennilegast, að einhverjir þeirra hafi lent í kvíslinni, þar eð nú eru ekki sýnilegar menjar eftir fleiri en tvo kofa, þó að grjótflekkurinn sé talinn með. / Ekki hafa fundizt þarna neinir munir, svo að vitað sé." Meðfram lónsbakkanum eru moldareyrar, í þeim sjást engar rústir. Í bakkanum eru miklir, rofnir þúfnaranar en í rofum þeirra sjást engin mannvistarlög. Austan þeirra, ofan bakkans er einföld tóft. Tóftin er 5 x 3 m stór frá norðri til suðurs og dyr hafa verið í norðausturhorni tóftar. Hvergi sést grjót í hleðslunni sem er afar sigrin. Suðurveggur tóftar er lægstur og hlaupinn í þúfur.



Innra-Hreysi RA-673:002

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

Heimildir: ÚAT, 107-108, HH I, 49, Dagb. Gísla Gestssonar 27.8.1953

RA-673:003 Þjóðsaga

64°31.930N 18°13.925V

Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar segir: "Maður hét Erlendur Helgason. Hann var uppallinn í Landsveit, undarlegur og einrænn og manna þagmælskastur. Hann var lausingi lengst æfi sinnar og fór norður á hverju sumri og verzlaði með hesta. Seldi hann þá í öðrum staðnum er hann keypti í öðrum. Oft fór hann með skreið norður á fjórum til sex hestum og stundum með rokka. Mönnum þótti undarlegt ráðlag hans og spurðist fyrir um athæfi hans nyrðra. Sannfréttist að aldrei kom hann með rokka norður og lítið af skreið jafnan. Héldu menn að hann hefði skipt við útilegumenn því aldrei vildi hann um þá tala ódrukkinn, en sagðist þó fullyrða að þeir væri til. Þegar hann var drukkinn sagði hann studnum nokkuð frá ferðum sínum einum manni, en aldrei ef fleiri voru. Svo sagði hann einu sinni drukkinn Ólafi bónda Höskuldssyni á Haga að útilegumenn væri í Köldukvíslarbotnum hinum syðri sem þar hétu Straumakvíslarbotnar. "Þá hefuir Gunnlaugsen aldrei kannað heldur en hann hefir farið ofan í mig," sagði hann. Þar þóttist hann hafa komizt í mesta hættu. Hefði maður komið að sér og þrifið til sín grimmilegs og hefðu þeir svipzt hart. Hann þóttist hafa náð til rótagrefils sem hann hafði oft með sér og með honum handleggsbrotið manninn. Þá hefði hann orgað hátt. Þá þóttist hann hafa rotað hann. Þá sagði hann hefði komið nokkrir (fjórir?) menn hlaupandi. Þá þóttist hann hafa hleypt kvíslina upp á líf og dauða og klifrað upp bakkann. Þá kvað hann þá hafa manað sig að koma, en sagðist hafa manað þá á móti; þá sögðu þeir: "Þú nýtur þess það er langt til vaðsins." Þá kvað hann hafa skilið með þeim. Hið sama eða mjög líkt hafa fleiri eftir Erlendi drukknum. Hvort sem þetta er nú satt eða ekki, þá er það satt að eitt haust kom Erlendur ekki í vanalegan tíma suður. Þá fór hann oft snemma norðan, en kom seint suður og snemma sunnan, en seint norður. Og héldu menn hann væri dauður, en eftir veturnætur kom hann lausríðandi suður á Land og var þá blár og bólginn í rifnum klæðum. Engum manni sagði hann hvar hann hafði verið eða hvað fyrir hann hafði komið. Máskæ það hafi verið það sem áður er talið." Köldukvíslarbotnar eru norðaustan við Syðri-Hágöngu og eru nú í

Hágöngulóni. Önnur þjóðsaga viku að útilegumannabyggð við Hágöngur: "Haust það (1858) sem Gnúpverjahreppsmenn keyptu sér fjárstofn í Þingeyjarsýslu eftir fjárkláðann riðu fjórir kaupmenn norðan nokkru seinna en fjárreksturinn fór. Þeir hétu Jósep Jónsson frá Haga í Gnúpverjahrepp, Ásgrímur frá Laxárdal í Gnúpverjahrepp ... Ingmundur Guðmundsson af Skeiðum og Halldór nokkur úr Flóa. ... Þeir sáu hesta undir öldu einni suður og austur í verinu [Þúfuveri] Töluðu þeir Jósep og Ásgrímur um að það mundi vera hestar frá fjárrekstrarmönnum sem þeir hefði týnt, og vildu taka þá. Halldóri og Ingimundi þótti krókur að fara þangað og vildu ekkert við það eiga. Þeir þæfðust um þetta þangað til þeir voru komnir nálægt móts við hestana, og var ekki að nefna að þeir Halldór vildi skipt sér af þeim. Jósep sagði þá að þeir mætti slíta félagið ef þeir vildi, og reið frá þeim og Ásgrímur með honum. Áttu þeir þá að stefna suðaustur til hestanna. Bar nú aldan af, svo hestarnir hurfu þeim. Þeir riðu frá á ölduna. Þá þutu upp undan öldunni fjórir menn og hlupu á hestana sem voru jafnmargir, og hleyptu óðfluga austur sandana og stefndu nálægt Hágöngu. Einn hesturinn var sérdeilis fljótur, hinir í góðu meðallagi. Allir voru hestarnir ljósleitir. Jósep elti þá fyrst og vildi fá þá í tal því hann ætlaðir þeir væru úr Holta-eða Landsveit, en þeir biðu ekki eftir honum, heldur hertu því meir á sér. Hann fór þó eftir þeim nokkuð austur á sandana og hugði að förunum. Það voru meðalstór spor eftir flatjárnaða hesta ... Jósep sýndist ekki heldur ráð að fara lengra og snéri aftur. Þeir komu í brík þá undir öldunni sem mennirnir spruttu upp úr og sáu þar bæli þeirra. Þótti þeim líklegast að þeir hefði etið þar mat. Ekki sáu þeir hefðu neitt meðferðis. Þeir Jósep riðu nú til félaga sinna og fóru allir suður og sögðu frá þessum atburði. Var þá þegar skrifað merkur mönnum í Rangárvallasýslu og beðnir að spyrjast fyrir ef nokkrir menn voru á fjalli um þær mundir eða við fiskivötn, og sannfréttist að það var ekki." Þá er vikið að útilegumönnum í dölunum við Köldukvísl í frásögn af ferðum Jóns og Nikulásar á Holtamannafrétt: "Jón hét maður sem nú er nýdáiinn; hann bjó síðast í Bræðratungu í Biskupstungum í Árnessýslu og var bæði vel metinn og áreiðanlegur ... [hann] var vanur að fara inn á afrétti á sumrin með öðrum manni sem hét Nikulás til að drepa áltfir og grafa hvannarætur. Einu sinni voru þeir burtu fullar þrjár vikur og komu þá heim illa útleiknir með hestana dauðmóða og staðuppgefna. Jón með stórt sár á herðablaðinu og Nikulás enn sárari og alblóðugur og gott ef sú ferð dró hann ekki til dauða; en Jón varð læknaður. ... Hvorugur þeirra félaga vildi neitt segja frá því sem fyrir þá hafði snúizt þó bæði prestur Jóns séra Björn Jónsson og dr. Hjaltalín gengju á hann um það. Þó sagði Jón presti svo mikið að víst mundi útilegumenn vera í dölunum hjá Köldukvísl og bar ekki á móti því að hann hefði einhverntíman séð þá." Jón söðli getur einnig útilegumanna á þessu svæði í bréfi sínu til séra Árna Jónssonar prófests á Skútustöðum frá árinu 1905. Þar segir: "Ég hef fengið bréf frá hr Nikulási Þórðarsyni á Kirkjulæk ... Hann segist hafa fengið bréf frá merkur manni í Eyjafirði og segist vera fulltrúa um að útilegumenn séu lagztir á fé ykkar Mývetninga, og ráðleggur hann mér að leiðbeina ykkur. ... Það er þá fyrst að segja ykkur, að þið þurfið ekki að leita í Ódádahrauni, því að hún tófa bítur ekki nærri greninu. Þeir, sem stela af fé ykkar, eru úr Stórasjó og Köldukvíslarbotnum; svo er Kaldakvísl undir Hágöngum, og þar skammt frá er byggðin, sem kölluð er Köldukvíslarbotnar. Þeir eru í félagi úr Stórasjó að stela fé ykkar. Þeir fara í miðjum ágústmánuði, velja allt það bezta úr fé ykkar og koma aftur um höfuðdag. ... Það er ekki gaman að eiga við þessa útilegumenn því að þeir eru rammgöldróttir. Sá, sem ferðinni ræður, heitir Kólur, og við hér í Reykjavík köllum hann Kol stóra; hann er þrjár álnir og tíu þumlungar á lengd og vegur 28 fjórðunga; hann er rammgöldróttur, hefur sagnaranda og huliðshjalm og sést aldrei á götum ... Kólur drekkur oft fjóra potta af brennivíni á dag og fer um fjöll og firnindi ríðandi á gandreidd, og hefur kvenfólk hvar sem hann getur eins og djöfulóður andskoti." Um 1998 fannst hellir á þessum útilegumannslóðum, sunnan við syðri-Hágöngu. Hellirinn er í klettum í syðri brún gils sem aðskilur fjallsrætur Hágöngu-syðri og hraunsins sunnan hennar. Hellirinn er um 1,5 km suðvestan við stífluna á Hágöngulóni sem er norðan við fjallið. Gilið liggur nær austur-vestur. Það er breitt vestast en

þrengist til austurs. Í því rennur lækjarspræna og botn þess er mosavaxinn, votur og stórgrýttur. Norðurbrún gilsins, suðurbrún Hágöngu, er grýtt með mosabembum neðst en hraunbrúnin, suðurbrún gilsins er klettur. Hellirinn er lágur og fremur grunnur enn alllangur eða um 15 m austur-vestur, 1 m hár við munnann en lækkar inn, til suðurs. Hann virðist vera 1-1,5 m djúpur. Mjög mikið er af lambabeinum í hellinum, hauskúpum, leggjum, hryggjarliðum, rifjum o.s.frv. Hauskúpurnar eru flestar austast í hellinum og afgangurinn af grindunum vestast. Engin skýr ummerki manna eru að sjá við hellinn önnur en að svo virðist sem beinin hafi verið færð til, en það getur hafa gerst eftir að hellirinn fannst fyrir 10 árum. Vera má að lömbin hafi fennt þarna inni og soltið í hel þó ekki sé hægt að fullyrða að þau hafi verið borin þangað af útilegumönnum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁ II, 166; JÁ IV, 259-260; Þorsteinn frá Hamri 1987, 166-169.



Hellir RA-673:003, horft til suðurs (til vinstri) og suðausturs (til hægri)

RA-673:004 *Hald* heimild um ferju
Um ferjustaðinn í Haldi segir í Göngum og réttum: "Sunnan megin árinna er 5-6 m hár stuðlabergshamar. Í honum er brött klauf eða skora, sem farið er um með allan farangur, sem fluttur er. ... Norðan megin árinna er hallandi graslendi, Stóra-Hestatorfa, en mjó sandeyri meðfram ánni. ... Á ferjustaðnum er áin um 110-112 m breið, straumþung og kaststrengur í henni sunnan til." Vik er í árbakkann þaðan sem ferjað var að sunnan, úr miðri rétt 006, á milli styttu af Sigurjóni Rist sem þar er nú [2008] og dálítils klettahamars. Ferjustaðurinn er nær beint sunnan við kofa 007, norðan ár.

64°10.918N 19°26.650V



Hald RA-673:004, horft til norðurs

Að norðan er lágur grasbakki en að sunnan eru klettur við bakkann. Hér er áin breið en fremur lygn. Í Göngum og réttum segir: "Í ferðaskýrslu Einars Brynjólfssonar á Stóra-Núpi, þegar hann fór að leita að (endurnýja) Sprengisandsleið 1772, getur hann um bát við Tungnaá, sem nokkrir bændur í Holtum eigi, og fáir þeir 1 lamb fyrir hver 20 lömb, sem flutt eru á honum yfir ána. S .". Síðar segir enn fremur: "Elstu menn, sem nú [um 1945] lifa og sjálfir fóru í leitir á Holtamannafrétt strax eftir fermingu, segja, að þegar þeir fóru fyrst til fjalls, hafi 3 bátar

verið við flutninginn, og að forfeður þeirra hafi sagt, að svo hafi verið í þeirra tíð, 2 bátar nokkuð stórir, oft nefnt skip, og 1 minni. Þeir þurftu að vera með sérstöku lagi, breiðir og flatbotnaðir, svo að þeir rúmuðu margar kindur og flytu vel á grunnu vatni við löndin. Árið 1894 smíðaði Kristján Pálsson bóndi á Borgartúni í Þykkvabæ nýjan bát, ágætt skip. Á honum var hægt að flytja 60 fráfærulömb, eða 35 kindur fullorðnar. Um aldamótin smíðaði Kristján annan bát, lítið minni. Þriðji báturinn er minnstur, notaður þegar lítið þurfti að flytja, svo sem þegar kindur voru reknar úr Sultartanga ... Eins þegar farið var í eftirsöfn og þriðju leitir. Tveir menn réru hvorum hinna stærri báta, nema ef mikill stormur var, þá kom fyrir, að fjórir yrðu að ró. Einn maður sat í skutnum og gætti þess, að kindurnar færu ekki upp úr bátnum. Kindurnar voru handlangaðar að bátnum (maður rétti þær manni). Við bátinn stóðu tveir menn, hvor móti öðrum; þeir tóku undir kindina og lyftu upp í bátinn. Eftir síðustu aldamót var smíðaður timburfleki með þéttum þverrimlum. Var annar endi hans látinn standa upp á borðstokkinn á bátnum og kindurnar látnar ganga hann upp í bátinn. Þetta þótti bót frá því, sem áður var, en féð var hálfregt að gnaga flekann ... Þjóðsaga er til um það, að Þorlákur helgi hafi vígt þennan ferjustað við Tungnaá."

Hættumat: engin hætta

Heimildir: GR I, 304, 323-26

RA-673:005 *Innra-Hald* heimild um rétt "Beggja megin árinna [Tungnaár] eru réttir hlaðnar úr grjóti. Sú sem er norðan árinna kallast Innra-Hald, en hin sunnanmegin Fremra-Hald," segir í ornefnalýsingu. Í Göngum og réttum segir enn fremur: "...Þegar menn höfðu gætt sér á kjarnríku nestinu og hressst sig, lét fjallkóngurinn þá hlaða upp fjárbyrgin, sem eru beggja megin árinna, lagfæra færigrindur og koma öllu í það horf, að hægt væri að byrja strax á að flytja féð suður yfir, þegar komið yrði aftur að ánni og þá með fjallsafnið." Samkvæmt bókinni var aðhaldið norðanmegin var úr blágrýti. Engin grjóthlaðin mannvirki, utan kofans 007, eru norðan árinna við ferjuna 004. Þar er hinsvegar rétt úr trégrindum. Hún er sunnan við núverandi sæluhús. Grindaréttin er um 180 m norðan við gamla kofann 007. Vestan trérettarinnar er blásinn grýttur melur og mikið af grjóti sem gæti hentað vel í hleðslur. Þar er einnig illa hlaðin varða, nýleg, úr prýðis hleðslugrjóti sem hugsanlega er ættað úr eldri hleðslum. Samkvæmt Sveini Tyrfingssyni, heimildamanni, stóð réttin við bakka Tungnaár, nálægt ánni við kofatóft 007. Yfirborð árinna hefur hækkað og farið að hluta yfir réttina og vetrarís og þungir straumar hafa rifið hana niður. Ekki sást til réttarinnar á vettvangi.

64°11.073N 19°26.768V



Innra-Hald RA-673:005, horft til austurs


Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Holtamannafréttur B, 6, GR I, 304, 324;

RA-673:006 *Fremra-Hald* gerði rétt

64°10.898N 19°26.619V

"Beggja megin árinna [Tungnaár] eru réttir hlaðnar úr grjóti. Sú sem er norðan árinna kallast Innra-Hald [005], en hin sunnanmegin Fremra-Hald," segir í örnefnalýsingu. Í Göngum og réttum segir: "Sunnan megin árinna er 5-6 m hár stuðlabergshamar. Í honum er brött klauf eða skora, sem varið er um með allan farangur, sem fluttur er. Uppi í hamrinum er fjárbyrgi, sem rúmar 12-14 þús. fjár, hlaðið úr hraungrjóti. Í það var fjársafnið sett á haustinn, jafnóðum og það var ferjað suður yfir ána, og látið vera þar næstu nótt." Að réttinni liggur merktur vegaslóði, sem endar um 2 m austan við Haldið. Haldið er byggt upp við Tungnaá. Utan réttinnar er sendið hraun, en innan hennar er grasi vaxið. Í Göngum og réttum segir að þegar leitarmenn komu að Tungnaárflutningi hafi fjallkóngurinn látið menn hlaða upp byrgin og lagfæra færigrindur. Réttin er í raun e.k. nátthagi. Hún er við árbakkann og er 50 x 25 m stór. Gerðið sem girðir af réttina nær niður að Tungnaánni en lokar ekki fyrir hana. Hlið eru austan og vestan megin á gerðinu. Veggirnir eru tæpur 1 m á hæð, hlaðnir úr hraungrýti. Í suðvesturhorni réttinnar er byrgi/kofi sem stendur í um 2 m hæð, og er 4 x 5 m að stærð frá norðvestri til suðausturs. Bárújárnsþak er á kofanum sem haldið er föstu með vírum, strengdum í hraunhnúllunga. Norðaustanmegin í vik 004 er stytt af Sigurjóni Rist sem stendur á 4 m háum stalli.

*Fremra-Hald RA-673:006***Hættumat:** hætta, vegna rofs**Heimildir:** Ö-Holtamannafréttur B, 6; GR I, 304, 324*Fremra-Hald RA-673:006, horft til suðurs (til vinstri) og suðvesturs (til hægri)***RA-673:007** *Ferjukotshús* tóft sæluhús


64°10.982N 19°26.687V

Getið er um leitarmannakofa innan við Tungnaá hjá Tungnaárflutningi í Göngum og réttum. Í Árbók Ferðafélagsins frá 1967 segir: "Brekkan upp frá ánni er kafloðin, sprottin valllendisgróðri og allstór um sig. Hún nefnist Hestatorfa ... Sæluhús hefur staðið niðri á bakkanum. Nú er það í rúst, en mörgum hefur það veitt skjól á liðnum tímum, og ekki

ýkjalangt síðan að hætt var að nota það," Í Holtamannabók segir enn fremur: "Eftir að Tungnaá var brúuð ofan Kláfsins 2002 var réttin [005 eða 006] og Ferjukotshúsið fært syðst í Stóru-Hestatorfu." Í frásögn Hans Kuhn af fjárleitum á Holtamannafrétti árið 1929 segir: "Handan árinna [Tungnaár] biðu átta eða tíu manns sem höfðu farið af stað degi á undan okkur til að vinna að endurbyggingu og stækkun á sæluhúsi. Veggirnir voru úr torfi og grjóti og nær metri á þykkt, þakið úr bárujárni." Kofinn stendur við Tungnaárbakkann, beint á móti Fremra-Haldi 006 og um 120m norðan við það. Norðurbakki Tungnaár er grasi vaxinn vestan við og í Innra-Haldi. Kofinn stendur í núverandi réttarsvæði sem er áberandi grænna en svæðið í kring. Vegghleðslur kofans standa nú (2008), en bárujárnsþak þess er horfið. Kofinn er 7,5 x 4 m stór og snýr austur-vestur. Hæð veggjanna er allt að 1,5 m, og þeir eru um 0,75 m þykkir. Um 1,5 m breiður inngangur er á vesturhliðinni, en í inngangnum er hleðslusteinn sunnan megin, eins og hann hafi verið breikkaður, en þá hefur inngangurinn upphaflega verið tæpur metri á breidd nyrst í vesturhliðinni. Í botni kofans er vikurlag, þykkast við austurvegginn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: GR I, 304, ÁFÍ, 31; Holtamannabók, 443; Úr torfbæjum inn í tækniöld II, 303.



Ferjukotshús RA-673:007, horft til austurs á ljósmynd

RA-673:008 náttúrumin rétt

64°42.838N 18°04.327V

Sunnan við Mjóaháls, sunnan flugvallarins í Nýjadal er lítil rétt eða aðhald. Hún er fast suðvestan við kvíslina í Mjódal þar sem dalurinn opnast til suðurs. Réttin er um 1,3 m sunnan við veginn að skálanum í Nýjadal um 50 m austar en þar sem afleggjari liggur af honum að Kvíslavatni. Réttin er á sendnum bakka kvíslarinnar við klapparholt. Norðar er malaralda við suðurenda flugvallarins. Réttin virðist að miklu leyti vera náttúrulegt aðhald, mynduð úr sorfnum klöppum fast suðvestan kvíslarinnar. Svo virðist sem að mokað hafi verið innan úr henni og klapparholtið sunnan



Rétt RA-673:008, horft til VSV

hennar hoggið til. Réttin snýr suðvestur-norðaustur og er um 4x2 m stór að innanmáli. Dyr eru á henni í norðurhorni. Hlutverk réttarinnar er ekki þekkt en hugsanlega hefur þarna verið aðhald fyrir fé þegar beit hefur verið á svæðinu til forna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: GR I, 304


RA-673:009 gerði rétt

64°10.874N 19°26.589V

Samkvæmt bókinni Göngur og réttir var hestarétt byggð 1901 sunnan megin Tungnaár hjá Tungnaárflutningi, um 50 m frá fjárbyrginu á hamrinum - "Sunnar árinar er einnig Hestarétt ...," segir í örnefnalýsingu. Merktur er vegaslóði niður að Haldi 006. Réttin stendur fast við hann norð-austan megin, rétt áður en komið er að Haldi. Sendið hraun, en smá melagróður inn á milli. "Venja var að skilja nokkuð af heyi eftir við ána til að gefa hestunum nóttina, sem verið var við ána á frameftirleið. Þá voru þeir byrgðir í rétt, sem byggð var 1901 sunnan megin árinna. Reynt var að skilja þar eftir mat til að létta á klyfjahestunum, en ekki gafst það vel. Hagamúsinn var ásækin í hann og hann skemmdist meira en sá matur, sem fluttur var með sér," segir í Göngum og réttum Réttin sést ennþá. Hún er 21 x 17 m rétthyrndur ferhyrningur. Það er ekki hólfað, og var notað undir hesta í fjárleitum. Veggir hennar standa hæst um 2 m, þar sem náttúrulegir hraundrangar eru nýttir. Veggirnir eru um 1 m á breidd úr hraungrýti, standa vel og greinilegir og sandur úr botninum hefur verið hreinsaður burt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: GR I, 305, 323; Ö-Holtamannaafreitur B, 6



Rétt RA-673:009, horft til vesturs á ljósmynd

RA-673:010 Klifshagavellir tóftir sæluhús

64°17.823N 19°05.405V

"... Á Klifshagavöllum er einnig hálfvallinn kofi," segir í Árbók Ferðafélagsins frá 1967. Á Klifshagavöllum er kofi og rétt. Kofinn er um 21, 3 km norðaustan við kofann við Haldið 007 þaðan sem leitarmenn komu þegar gist var í kofanum á inneftirleið. Kofinn er tæpa 40 km suðvestan við náttstaðinn í Svörtubotnum 011 sem var næsti áningarstaður leitarmanna. Einnig var gist á Klifshagavöllum þriðju nótt á frameftirleið. Kofinn og réttin eru á hálfgrónum mel, vestan við Klifshagavallakvísl. Í Göngum og réttum segir: "Frá Tungnaá var farið inn á Klifshagavelli. Tekur sú ferð um 5 klt. Þeir eru austan við Búðarháls innst og skiljast frá honum af Klifshagavallakvísl. Þar eru rýrir hesthagar. Leitarmannakofi var byggður þar nokkru fyrir s.l. aldamót." Síðar í sömu bók segir: "Úr Illugaveri var smalað fram fyrir Klifshagavallakvísl og Stóragil ... Náttstaður austurleitarmanna þessa nótt var

Klifshagavellir. Þar varð þá að gefa hestunum hey, því að hagar voru bitnir af fjallhestum á inneftirleið." Kofinn og réttin eru á svæði sem er alls um 140x90 m stórt og snýr NNA-SSV. Kofinn er norðar. Hann er hlaðinn úr grjóti, sunnan undir stórgrýttum mel. Hann er um 8x4 m stór, tvískiptur og snýr nær austur-vestur. Vestara hólfið er stærra, um 6x4 m stórt að utanmáli og snýr austur-vestur. Dyr eru á því austast á suðurvegg. Eystra hólfið er um 2x2 m stórt að utanmáli en engar dyr eru á því og ekki virðist hafa verið gengt á milli hólfa. Það hefur hugsanlega verið einhvers konar geymsla, hesthús eða hundakofi. Að hluta hefur hrunið fyrir dyrnar á vestara hólfinu og hleðslur kofans eru nokkuð úr lagi gengnar. Mest standa 6 umför, um 1,1 m háar hleðslur. Réttin er um 140 m suðvestan við kofann. Hún er sporöskjulaga, einföld, um 11x5 m stór að utanmáli. Réttin snýr austur-vestur. Hún er hlaðin úr grjóti og hleðslur hennar eru hæstar um 1,5 og um 0,5 m þykkar. Engar dyr eru á henni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: ÁFÍ 1967, 35; GR I, 305,307



*Klifshagavellir RA-673:010, kofi a er til vinstri (horft til SSV)
og rétt b er til hægri (horft til SA)*

RA-673:011 Svörtubotnar heimild um náttstað

64°32.914N 18°30.514V

"Nálægt Skrokköldu er lítil alda nefnd Rauðhaus, en suð-vestur af henni eru Svörtubotnar. Þeir eru innsti tjaldstaðurinn á austurhluta afréttarins," segir í örnefnalýsingu. Í Göngum og réttum segir: "Seinni hluta dags var komið í náttstað þann, er ber hið skuggalega nafn Svörtubotnar. Þar eru blaut mýrarver með starar- og brokgróðri og smátjörnum." Tjaldstaðurinn í Svörtubotnum er tæpa 40 km norðaustur af kofanum við Klifshagavelli 010 og um 6,7 km ASA af þaklausa kofanum í Þúfuveri 016. Tvær réttir 030 eru við tjaldstaðinn. Tjaldstaðið er á ógrónum og grýttum mel. Sunnar rennur lækur með mosavöxnum bökkum og vestar og norðar er mýrlendi. Engin ummerki tjaldstaðarins sjást á svæðinu.



Svörtubotnar RA-673:011, horft til austurs

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Holtamannaafreittur, 4; GR I, 306.

RA-673:012 hleðsla rétt

64°39.666N 18°27.202V

"Beint á móti rústunum [002], norðan kvíslar, er lítil fjárrétt, sem leitarmenn hlóðu fyrir löngu. En nyrzta tjaldstað sinn áttu þeir nokkru austar í nánd kvíslinni [034]," segir í Árbók Ferðafélagsins frá 1967. Réttin er um 150 m austan við bílastæði sem er um 200 m sunnan Kvíslaveituvegar. Hún er um 12,8 km SSV við réttirnar í Svörtubotnum 030 og um 340 m norðan við Innra-Hreysi 002. Réttin er á berum, grýttum mel. Sunnar er hann hálfgróinn að kvíslinni. Í grein Gísla Gestssonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1983 segir: "Í síðara sinnið [sem Gísli rannsakaði staðinn þ.e. 18 ágúst 1953] aðstoðaði Páll Jónsson fyrrverandi bókavörður [mig] ... Í sömu ferð var athuguð gömul rétt, sem er innan við Hreysiskvísl andspænis Innra-Hreysi [002], en á aldri hennar lék vafi og einnig hvort þetta var fjárrétt eða gæsarétt. ... Réttin er víðast einhlaðin úr heldur lélegu grjóti, sem virðist hafa verið safnað saman þarna á melnum. Eitthvað er fallið ofan af veggjum, en ekki eru þó komin skörð í þá. Dyr réttarinnar eru því auðséðar: Þær eru við norðvesturhornið og snúa beint upp á móti hallanum. Réttin er að innanmáli 3,50 m á lengd frá norðri til suðurs og 2,75 m á breidd. Hæð veggjanna er hvergi meiri en 0,80 m og er það vissulega lágur réttarveggur. Rétt undir grassverðinum er svart öskulag, sem ekki nær undir hleðsluna. Ókunnugt er hvaðan það stafar eða hve gamalt það er. Ýmsir hafa talið að hér sé um gæsarétt að ræða. Það er háttur gæsa að renna alltaf upp brekku, þegar styggð kemur að þeim. Gæsaréttir snú því ævinlega dyrum undan brekkunni og verður því að úrskurða að hér geti ekki verið um gæsarétt að ræða, enda veit ég ekki til að gæsarétt hafi fundist austan við Þjórsá. En þá má spyrja, til hvers var þessi rétt ætluð? Fé var ekki smalað á þessum slóðum fyrr en á seinni hluta síðustu aldar og mér líst réttin eldri en frá þeim tíma. Þá beinist hugurinn að Innra-Hreysi og Fjalla-Eyvindi.má hafa þann möguleika til hliðsjónar að hér standi heimilisrétt Fjalla Eyvindar." Í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið eftir, 1984, skrifar Hermann Guðjónsson: "Þá ræðir Gísli um "fornlega" rétt norðan Hreysiskvíslar ... Telur hann vafa leika á hvort hún hafi verið fjárrétt ... Ekki verður hér dæmt um þann möguleika [að hún hafi verið heimilisrétt Eyvindar] en aðeins upplýst að réttin var notðu sem fjárrétt í haustleitum um langt árabíl. Þarna var innsti tjaldstaður afréttarins og í réttinni geymdu leitarmenn það sauðfé næturlangt, sem þeir fundu fyrsta smaladaginn. Ég kom fyrst í þessa rétt haustið 1927. Þá og síðar fannst mér það vera álit eldri fjallamanna að réttin hefði verið byggð sem hluti af tjaldstaðnum, þegar smölun hófst á þessu afréttarsvæði, trúlega nálægt miðbiki síðustu aldar ... Réttin var notuð fram á fjórða áratug þessarar aldar, eða þar til mæðiveiki fór að herja á sauðfé Áshreppinga ... Síðast gistu réttina tvær kindur norðan úr Skagafirði, sem fundust á Háumýrum í haustleitum 1934." Í Árbók Ferðafélagsins segir enn fremur: "Halda sumir rétt þessa forna gæsagildru Eyvindar, en svo mun ekki vera." Réttin er grjóthlaðin, einföld og snýr nær austur-vestur. Hún er um 5x4 m stór. Mest standa 5 umför grjóts og eru hleðslurnar hæstar um 0,8 m. Aðeins er hrúnið úr þeim á stöku stað. Engar greinilegar dyr eru á réttinni en líklega hefur hrúnið fyrir þær því Gísli Gestston sem skoðaði réttina árið 1953 fullyrti að dyr væru í norðvesturhorni hennar.





Rétt RA-673:012, horft til suðurs

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Árbók 1983, 91-107; Árbók 1984, 100; ÁFÍ 1967, 53.



Illugaver RA-673:013A, B og C: Öll húsin sjást á ljósmynd efst til vinstri (horft til A), hús A er efst til hægri (horft til S), tóft B er hér neðst til vinstri (horft til N) og tóft C er neðst til hægri (horft til N)



Illugaver RA-673:013, yfirlitsmynd

RA-673:013 *Illugaver* hús sæluhús

64°25.328N 18°39.214V

"Gamall leitarmannkofi stendur norðaustast í Illugaveri, hlaðinn úr grjóti. Hann stendur skammt frá ánni," segir í Árbók Ferðafélagsins frá 1967. Austast í verinu kemur malartunga út í það frá nærliggjandi malaröldu. Á vesturenda hennar eru kofarnir. Að þeim er merktur vegaslóði frá Sprengisandsleið. Samkvæmt bókinni Göngur og réttir var þarna annar náttstaður austanmanna á frameftirleið. Kofarnir eru þrír, snúa í austur-vestur, og eru 8 x 5 m (A), 5 x 7 m (B) og 5 x 6 m (C). Kofi A stendur enn, en gafhlíðar hans eru farnar að síga mikið út á við. Kofinn er 8 x 5 m og snýr í austur-vestur, og veggir hans um 1,2 m á þykkt. Þeir eru hlaðnir úr torfi og grjóti, í hleðsluna eru svo víraðar trésperrur sem halda uppi bárujárnsþaki, sem rís hæst um 2,2 m. Torf hefur eitt sinn verið hlaðið á þakið, en er það nú mest hrunið. Innst í kofanum er hlaðinn bekkur, sem mjög er genginn úr skorðum. Inngangur kofans snýr mót vestri. Byrgi B stendur um 17 m sunnar. Það er 5 x 7 m að stærð frá austri til vesturs. Veggir hans eru allt að 1,7 m á hæð, og um 0,7 m á þykkt en þeir eru farnir að síga út á við. Efsta á hverju horni þess, er hraunhnúllungur, og milli þeirra er svo strengdur gaddavír. Inngangur snýr mót vestri. Sambyggt byrginu er svo 3 x 7 m stórt gerði sem aðeins er nú ein steinaröð. Byrgið og gerðið eru steinhlaðin. Um 8 m austar er að mestu hrunið, 5 x 6 m stórt byrgi (C) frá austri til vesturs. Austurveggurinn stendur hæstur, um 1,5 m en aðrir veggir nær útflattir. Mikill sandur er í botni byrgisins. Inngangur er nyrst á vesturhlíðinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: ÁFÍ 1967, 71; GR I, 307

RA-673:014 *Byrgistorfur* tóft sæluhús
Byrgistorfur eru austan undir Búðarhálsi á bili þar sem Kaldakvísl rennur í Tungnaá. Í Árbók Ferðafélagsins frá 1967 segir: "Rústir af leitarmannakofa eru í Byrgistorfum, austan í Fremra-Hálsi. Eru þær gegnt vaðinu [Tryppavaði, 674:011]." Kofinn er um 2,2 km vestan við réttina í Byrgisveri 674:006 handan Köldukvíslar. Hann er miðhlíðis í Búðarhálsi, norðvestan við núverandi bílvað á Köldukvísl sem er nokkru ofar en Tryppavað sem nú er ófært. "Þar eru tvær litlar valllendistorfur með góðum hesthaga," segir í Göngum og réttum. Byrgistorfur eru tvær valllendistorfur með smávegis algrónu

64°14.194N 19°15.094V



Byrgistorfur RA-673:014, horft til suðurs

dalverpi á milli. Dalverpið snýr nær austur-vestur og kofatóftin er vestast í því. Adolf Friðriksson fornleifafræðingur skráði svæðið vegna umhverfismats árið 1999. Í skráningu hans segir: "Fjórði náttstaður austurleitarmanna á frameftirleið. Nákvæm staðsetning er ekki þekkt, en undir hálsinum við ármótin eru vallendistorfur innan um sandöldur og grjóturð. Ekki eru sýnileg ummerki eftir náttstaðinn." Staðurinn var skoðaður aftur í ágúst 2008 og þá fannst kofinn við torfunar. Kofinn og hólþmyndun við suðvesturhorn hans eru á svæði sem er alls um 6x5 m stórt og snýr austur-vestur. Kofinn er hlaðinn úr torfi og grjóti og er að hluta stunginn inn í norðurhlíð syðri torfunnar. Hann er einfaldur um 3x4 m stór að utanmáli og snýr austur-vestur. Dyr eru á miðjum norðurvegg hans en nú er hrunið fyrir þær að hluta. Hleðslur kofans eru hæstar um 1 m. Spýtna- og bárujárnsbrak er inni í tóftinni svo augskýnilega hefur bárujárnsþak verið á honum þegar hann var í notkun. Sunnan og vestan við kofann í nyrðri brún torfunnar er sem stungið hafi verið niður í brúnina og lítið hól myndað, um 2x2 m stórt, hugsanlega hefur þar verið reft yfir þegar gist var í torfunum. Gott tjaldstæði

er á þessum stað, skjólsælt og grasgefið. Tvö fjárbyrgi 036 eru sunnan við kofan á melnum sunnan við syðri torfuna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: ÁFÍ 1967, 35; GR I, 307-308

RA-673:015 *Biskupsþúfa* heimild um sæluhús

64°34.482N 18°39.995V

"Hjá Þúfuveri er Biskupsþúfa. Framan undir þúfunni eru tóftarrústir," segir í örnefnalýsingu. Í Göngum og réttum segir ennfreður: "Biskupsþúfa eða Þúfan, eins og hún er nefnd í daglegu tali, er há, bungumynduð malaralda með lyng-og mosagróðri í hlíðunum neðanverðum, en sléttum vallendisgrundum fyrir sunnan og vestan. Talið er, að biskuparnir hafi haft þarna náttstað fyrr á öldum, þegar þeir ferðuðust milli Suður- og Austurlands, og af því sé nafnið komið. Vottar þar enn fyrir fornu tóttarbroti, sem á að vera leifar frá þeim tíma." Sveinn Tyrfingsson og Sigurður Jónsson sem báðir eru mjög kunnugir á þessu svæði könnuðust ekki við tóft undir Biskupsþúfu. Staðurinn var ekki skoðaður á vettvangi en langur gangur er að þúfunni úr Eyvindakofaveri að norðan en hún er umlukin ám að austan og sunnan og Þjórsá að vestan.



Biskupsþúfa RA-673:015, horft til NNA

Heimildir: GR I, 308; Ö-Holtamannafréttur, 2

RA-673:016 *Þúfuver* tóftir sæluhús

64°33.759N 18°38.600V

"Austur frá Sóleyjarhöfða [sjá 026] er Ferðmannaalda, og austur frá henni eru Þúfuvötn. Inn af þeim er Þúfuver; þar er tjaldstaður [019], og þar er verið að byggja nýjan kofa fyrir innan Þúfuvöskvísl," segir í örnefnalýsingu. Í Árbók Ferðafélagsins frá 1967 segir ennfreður: "Sunnan Þúfukvíslar, norður frá Ferðamannaöldu [sjá 029], er önnur löng hæð, sem nefnd hefur verið Þúfualda. Þar hafa fjárleitarmenn tjaldstæði [019] og kalla Undir Þúfu. Rétt þar hjá stendur kofatóft þaklaus. Standa að vísu sperrur uppi, en þakjárníð liggur suður við Tungnaá," og síðar: "Á þessu svæði um verin austan Þjórsár, mun



Þúfuver RA-673:016, horft til norðurs

enginn kunnugri en Hermann Guðjónsson fulltrúi, frá Ási í Holtum. Uppi í Þúfuveri dvaldizt hann þrjú sumur við fjárvörzlu fyrir um það bil þrjátíu árum [á fjórða áratug síðustu aldar] ... Hlód hann, eftir því sem ég bezt veit, kofa þann hinn þaklausa, er stendur skammt norðan Þúfuöldu og fyrr er um getið." Þakið var aldrei sett á kofann sem Hermann hlód. Hann er við gamla tjaldstaðinn Undir þúfu 037 og þar eru einnig leifar af fjárbyrgi. Kofinn er um 1,3 km austan við braggann sem nú er í Þúfuveri. Kofinn er ekki fornleif í lagalegum skilningi þar sem miðað er við fornleifar 100 ára og eldri. Hann var þó skráður þar sem hann ber vitni um farna byggingarhefð. Kofinn er á berum mel, austar- og sunnarlega í verinu. Norðar og vestar

er gróið votlendi en sunnar og austar eru berar melöldur. Kofinn og meintar réttarleifar eru á svæði sem er 15 x10 m stórt og snýr austur-vestur. Kofinn er austar. Hann er einfaldur um 5x4 m stór að utanmáli og snýr norður-suður. Dyr eru austast á suðurhlið hans og hlaðinn bekkur er upp við norðurvegginn, inni í kofanum. Kofinn er vel hlaðinn úr grjóti og hleðslurnar standa hæstar um 1,5 m. Lítillega hefur hrúnið úr austurveggnum. Um 6 m vestan við kofann er stór grasþúfa með grjóti umhverfis. Hún er um 8x5 m stór og snýr nær norður-suður. Hún er um 0,7 m há þar sem hún er hæst. Þúfan er augljóslega að mestu leyti manngerð og líklega hefur hér verið fjárrétt við tjaldstaðinn 037.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: GR I, 308; Ö-Holtamannafréttur, 2; ÁFÍ 1967, 44, 53.

RA-673:017 *Hvanngil* heimild um náttstað "Þennan dag smöluðu vestanmenn svæðið millii Kjalar og Þjórsár allt fram á Innri Búðarháls og suður fyrir Hvanngiljakvísl og lágu um nóttina í Hvanngiljum," segir í Göngum og réttum og síðar: "Tangavað [024] mun hafa verið lengi aðalvaðið yfir ána ... eins þegar farið var á grasa-eða rótarfjall á Holtamannafrétt (í Bása eða Hvanngil)." Í örnefnalýsingu Holtamannafréttar segir enn fremur: "Inn af Þrívörðum [033] tekur við leirkennt uppblásturssvæði, er kallast Foldir. Ná þær inn að Hvannlækjarkvísl ... Hún myndar suðurmörk Hvanngilja, en þau eru stórt, skeifulaga svæði umlúgt, á tvo vegu bogadregnu klettabelti ... Hvanngiljafoss er í Þjórsá móts við Hvanngilin innarlega, nálægt Gamla tjaldstað. Hann var notaður þar til farið var að liggja Undir fossi [022], í haustleitum." Tjaldstaðurinn var við Þjórsá, í Hvanngiljum, um 5 km norðaustan við tjaldstaðinn Undir fossi 022. Við Hvanngil eru mosatungur við ána og til móts við þær er breið malareyri í ánni. Litlu norðar er Hvannlækjafoss. Mosatungurnar eru víðfeðmar og margir góðir tjaldstaðir við gilin. Engar minjar um tjaldstað fundust á svæðinu við vettvangsskoðun.

64°22.639N 19°07.064V



Hvanngil RA-673:017, horft til norðausturs

Hættumat: engin hætta

Heimildir: GR I, 308, 322; Ö-Holtamannafréttur, 3.

RA-673:018 *Þrívörður* varða samgöngubót "Innst í Básun er efsti pallurinn hár og reglulegur og myndar há þverhnipta hamrabrún, sem ekki verður farið niður af nema á tveimur stöðum. við annan þennan stað eru þrjár háar grjótvörður og ber staðurinn nafn af þeim og kallaður Þrívörður," segir í Göngum og réttum. Þrjár vörður, sem nefndar eru þrívörður eru norðan Tófugils, um 1 km norðan við Uppgöngugil. Þær eru í miðjum brekkunum í Þröngubásun, sem eru á vesturhlið Búðarhálsins. Í Básunum skiptist brekkan í stalla, og eru vörðurnar á fimmta stalli sé talið

64°16.380N 19°18.773V



Þrívörður RA-673:018, horft til norðvesturs

ofan frá. Vörðurnar eru þrjár og standa í beinni línu frá norðri til suðurs. Milli syðstu vörðunnar og miðvörðunnar eru 6 m, en 5 m milli hinna tveggja. Syðsta varðan (A) hefur um 1,5 m grunnþvermál, og stendur í um 1 m hæð. Hún er fremur grófgerð, og er farin að síga nokkuð. Miðvarðan (B) er langminnst, en hún stendur á þríhyrndum stein, sem er um 1 m á kant. Á honum er 10 steinum raðað í vörðu, sem nær um 0,4 m hæð. Nyrsta varðan (C) stendur á 0,4 m háum steini en sjálf hleðslan nær um 1,3 m hæð. Hleðslan er frekar vönduð þrátt fyrir gróft byggingarefni. Líklegast er að vörðurnar hafi gengt leiðarhlutverki, og hafi leitt niður í Einistorfur [020].

Hættumat: engin hættu

Heimildir: GR I, 309.

RA-673:019 *Þúfuver* heimild um tjaldstæði 64°33.764N 18°38.671V
"Austur frá Sóleyjarhöfða [sjá 026] er Ferðamannaalda, og austur frá henni eru Þúfuvötn. Inn af þeim er Þúfuver; þar er tjaldstaður, og þar er verið að byggja nýjan kofa [016] fyrir innan Þúfuverskvísl," segir í örnefnalýsingu. Í Árbók Ferðafélagsins frá 1967 segir ennfremur: "Sunnan Þúfukvíslar, norður frá Ferðamannaöldu [sjá 029], er önnur löng hæð, sem nefnd hefur verið Þúfualda. Þar hafa fjárleitarmenn tjaldstæði og kalla Undir Þúfu." Tjaldstaðurinn undir Þúfu var við kofatóftina 016. Tjaldstaðurinn er á berum mel, austar- og sunnarlega í verinu. Norðar og vestar er gróið votlendi en sunnar og austar eru berar melöldur. Engin ummerki tjaldstæðisins sást á vettvangi.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Holtamannafréttur, 2; ÁFÍ 1967, 44, 53

RA-673:020 *Einistorfur* heimild um náttstað 64°16.285N 19°19.050V
"Við innsta enda Þjórsáreyra er tjaldstaðurinn Einistorfur, umluttur gróðursælum hvömmum, sem veita honum skjól gegn öllum áttum," segir í örnefnalýsingu. Í Göngum og réttum segir ennfremur: "Eins og fyrr getur fóru 3 menn með áburðar- og hnakkhesta göngumanna þennan dag. Þræddu þeir efsta pallinn í Básum og urðu þá fyrir ofan öll þvergilin, allt þar til þeir komu móts við Sniðin [032]. Þar er bratt og gróið mosaklif skammt innan við tjaldstað þessa kvölds, sem nefnist Einistorfur. Þær eru niður undir Þjórsá, vestan í Búðarhálsi framarlega." Tjaldstaðurinn í Einistorfum er um 300 m vestan við Þrívörður 018 sem marka leiðina, Sniðin 032, niður að honum. Hann er rúmum 10 km suðvestan við tjaldstaðinn við Búðarhálsfoss (Dynk) 022. Tjaldstaðurinn er á mosavöxnu svæði, neðan, vestan undir gróinni og stórgrýttri brekku. Lækjarsprænur eru í brekkunum. Sunnan og suðvestan við tjaldstaðinn hallar land bratt að Þjórsá og Sultartangalóni. Engar minjar um tjaldstaðinn sjást á svæðinu en syðst á stallinum sem hann er á er lítið vörðubrot uppi á stórum steini, sem hugsanlega hefur markað hvar skyldi tjalda. Varðan er lítil, einungis nokkur umför, um 0,5 m há.



Einistorfur RA-673:020, horft til norðausturs

Hættumat: engin hættu

Heimildir: GR I, 310; Ö-Holtamannafréttur, 2.

RA-673:021 *Búðarháls* örnefni

64°14.927N 19°18.297V

Búðarháls er neðsti (syðsti) hluti Holtamannafréttar og eftir honum liggur Sprengisandsvegur niður á Rangárvelli. "Upp og inn af Einirtorfum eru Sniðin; ná þau upp á Búðarháls að vestan," segir í örnefnalýsingu. Hálsinn skiptist í Fremri og Innri háls. Örnefnið bendir til þess að hér gætu hafa verið búðir. Malarauðnir eru efst á hálsinum, og aðeins niður með hlíðunum en verður grænna þegar neðar dregur. Ekki er vitað um búð hér, en tvö tjaldstæði leitarmann er að finna í hálsinum, í Einistorfum 020, og undir fossi 022. Talið er að regnbúðir (eldra orð yfir súld) sé ástæða nafngiftar, en á hálsinum eru þær afar tíðar.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Holtamannafréttur, 1

RA-673:022 *Undir fossi* heimild um náttstað

64°20.458N 19°10.746V

"Stuttu innan við Stóragil er Búðarhálsfoss (Dynk) í Þjórsá, er hann hér mjög fagur. Spölkorn ofan við hann er tjaldstaðurinn Undir fossi," segir í örnefnalýsingu. Í Göngum og réttum segir enn fremur: "Í eftirsafni var smöluninni hagað þannig: Frá Tungnaá var haldið inn að Fossi, tjaldstaðurinn er niður við Þjórsá skammt innan við Búðarháls (Dynk)." Sunnan og suðaustan við fossinn eru grastungur með gilskorningum efst og mýrarblettum á milli en þurrara nær ánni. Engin ummerki tjaldstæðis fundust á svæðinu við vettvangsskoðun.



Undir fossi RA-673:022, horft til vesturs

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Holtamannafréttur, 2; GR I, 313

RA-673:023 heimild um leið

64°12.122N 19°25.512V

"Gamlar, grónar götur, ... liggja margar hlið við hlið efst í Hestatorfu í stefnu vestur yfir Blautukvísl að Tangavaði [024]," segir í Göngum og réttum. Göturnar lágu sunnan undir Hnaus til vestsuðvesturs um efri hluta Hestatorfu, yfir Blautukvísl og yfir Tungnaá á Tangavaði 024. Svæðið sunnan við Hnaus er blásinn, hálfgróinn melur en grónara er nær ánni. Sveinn Tyrfingsson í Lækjartúni sem kunnugur er á afréttinum sagðist einu sinni hafa séð til þessara gatna sunnan undir Hnausnum en aldrei fundið þær aftur. Engar götur sáust á svæðinu við vettvangsskoðun og líklegt að þær hafi horfið í uppblástur.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: GR I, 322.

RA-673:024 *Tangavað* heimild um vað

64°11.211N 19°31.407V

"Neðsta vaðið á Tungnaá hét Tangavað. Þegar það var farið, var haldið rétt ofan við smáhólma í ánni um miðjan Sultartanga, sem er syðsti oddinn af Holtamannafrétti, milli Tungnaár og Þjórsár. - Tangavað mun haf verið lengi aðalvaðið yfir ána, þegar farin var leiðin um Sprengisand eða Vonarskarð. Eins þegar farið var á grasa- eða rötarfjall á Holtamannafrétt ... Á því vaði fór Sveinn Pálsson 1795, er hann fór til Veðivatna. Lítið farið síðan um 1880 ... Um og eftir miðja síðustu öld voru trippi rekin á Þóristungur .. Síðast voru þau rekin þangað árið 1881. Þau voru alltaf rekin yfir ána á Tangavaði," segir í Göngum og

réttum. Í Árbók Ferðafélagsins frá 1967 segir ennfremur: "En Tungnaá er eitt af stórfljótum landsins, sem kunnugt er. Þó var vað á ánni nokkru neðar [en ferja 004], sem reitt reyndist, þegar ekki voru stórflóð í henni. Virðist sem það hafi lagzt af eða týnzt, ef til vill öldum saman, en er fundið aftur fyrir allmörgum árum (1951). ... Fyrir u.þ.b. miðjum Sultartanga er vaðið á Tungnaá. Hún liggur þar í 300 m breiðum farvegi á sæmilega sléttu hrauni. Þetta er fornt vað, en týndist um langt skeið. Hygg ég að Halldór Eyjólfsson frá Rauðalæk sé einhver fyrstur manna er fór það og fann aftur." Áin hefur mikið breyst við Tangavað þar sem nú er Sultartangelón og vaðið því alls ekki fært lengur. Við ána eru manngerðir stórir grjótagarðar, á milli ferjustaðarins 004 og vaðsins. Staðurinn þar sem vaðið var yfir var ekki skoðaður á vettvangi.



Tangavað RA-673:024, horft til VNV

Heimildir: GR I, 322, 323; ÁFÍ 1967, 29-30, 32.

RA-673:025 Þorláksbrunnur heimild um brunn

64°10.987N 19°26.763V

"Hér [við sæluhús 007 er] og ágætt tjaldstæði. Og ekki er nauðsyn á að sækja neyzluvatn í gruggugan árstrauminn. Lítil, himintær lind sprettur upp neðanvert í bakkanum, ágætasta drykkjarvatn. Var hér áður brunnur vígður á sínum tíma af sjálfum Þorláki helga, að sagt er," segir í Árbók Ferðafélagsins frá 1967. Í örnefnaskrá segir ennfremur: "Innan megin [við Tunguá á ferjustaðnum] var einnig brunnur, sem hét Þorláksbrunnur, en er nú samfallinn og týndur, en hefur efalaust verið rétt vestan við kofann, þar er uppsprettulind og aðstaða til brunngrafter. Hann var kenndur við Þorlák biskup helga, sem á að hafa vígt ferjustaðinn gegn slysum og óhöppum, og virðist sú vígsla hafa gefið góða raun." Gilskorningur er uppvið bakkann, norðan árinna um 70 m vestan við kofatóft 007. Samkvæmt heimildarmönnum Sveini Tyrfingssyni í Lækjartúni og Sigurði Jónssyni frá Kastalabrekku var brunnurinn, fram af, sunnan við þennan gilskorning en hann er nú kominn undir vatn eftir að Sultartangelón varð að veruleika. Við gilskorninginn er bakkinn lágur og grasivaxinn fast við ána en hækkar til norðurs.



Þorláksbrunnur RA-673:025, horft til suðurs

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

Heimildir: ÁFÍ 1967, 31; Ö-Holtamannaafréttur B, 6.

RA-673:026 Sóleyjarhöfðavað heimild um vað

64°32.851N 18°46.134V

"Fyrir innan kvíslarnar er Sóleyjarhöfði vestur við Þjórsá. Þar er vað á Þjórsá, sem heitir Sóleyjarhöfðavað," segir í örnefnalýsingu. "Vestan undir honum [Sóleyjarhöfða] er vaðið á Þjórsá og við hann kennt. ... Sýna vörður báðum megin ár, hvar leggja skuli út í og upp úr koma. Langtímum saman gat áin verið óreið með öllu, og munu kunnugir menn hafa vitað um ákveðin dýptarmörk, sem fara mátti eftir," segir í Árbók Ferðafélagsins frá 1967. Vaðið er

ekki fært í dag en var aðalvaðið á Þjórsá þegar Sprengisandsleið 029 var farin. Vaðið var ekki skoðað á vettvangi. Sigurður Jónsson frá Kastalabrekku og Sveinn Tyrfingsson í Lækjartúni sögðu frá því að farið hafi verið í eyna að norðanverðu, þegar Sóleyjarhöfðavað var farið. Ef það voru minna en 18 fet frá ánni að ákveðinni klettasyllu við hana var hún talin ófær.

Heimildir: Ö-Holtamannafréttur, 1; ÁFÍ 1967, 38.

RA-673:027 heimild um vað

64°34.758N 18°35.865V

"Foss myndast í henni [Þúfuverskvíslinni], þar sem hún fellur ofan af grjót og malarkambi niður í verið. Kallast hann Þúfuversfoss. Vað er á kvíslinni rétt innan við fossbrúnina," segir í örnefnalýsingu. Þúfuverskvísl hefur verið stífluð svo nú rennur ekkert vatn í farvegi hennar þar sem fossinn var. Vaðið var 30-40 m neðan, vestan við stífluna. Þar sem fossinn var í kvíslinni eru stuðlabergsklettar sem að hluta hafa verið sprengdir til að móta farveg fyrir affall stíflunnar. Beggja vegna farvegarins er grýttur melur. Ekki sér til leiða að vaðinu við farveginn.



Vað RA-673:027, horft til vesturs

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Holtamannafréttur B, 3

RA-673:028 heimild um leið

64°12.573N 19°23.439V

"Nýi vegurinn inn á Búðarháls stefnir beint upp frá kláfferjunni, ekki ýkja brattur ... En gamla leiðin, a.m.k. leitarmannaleiðin, lá inn með hálsrótum að austan, skammt frá Tungnaá og Köldukvísl til Klifshagavalla [010]," segir í Árbók Ferðafélagsins frá 1967 og síðar í sömu heimild segir: "Frá Haldinu [004] niðri við Tungnaá liggur og önnur leið en sú, er nefnt hefur verið [akvegur um Sprengisand]. Hún er inn með rótum Búðarháls að austan. Var þetta gömul leitarmanaslóð og náði inn á Klifshagavelli [010] ... Á sl. ári var rudd ýtuslóð þessa sömu leið, allt frá Sultartanga og inn að svonefndu Tryppavaði [674:011]." Búið er að bera mól í ýtuslóðina sem rudd var að Tryppavaði [674:011], en frá Tryppavaði að Klifshagavöllum [673:010] er illfær moldarslóði. Ekki sést til eldri vegar en þess sem lýst var í Árbókinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: ÁFÍ 1967, 32, 35

RA-673:029 varða leið

64°36.821N 18°34.475V

"Eyvindarver tekur við norðan Þúfuvers. Rennur Eyvindarkvísl þar vestur í stórana og er langt komin austan úr hálendinu ... Forni ferðamannavegurinn lá yfir hana í einu lagi og þess vegna hafa hinar tvær álmur hennar engin aðgreinanleg nöfn," segir í Árbók Ferðafélagsins frá 1967. "Næstu sumur er vörðugerð áfram haldið suður Sandinn í átt að Sóleyjarhöfða [sbr. 026]. Og 1906 unnu þrír Þingeyjingar að því að varða syðsta hluta Sprengisandsleiðar, þ.e. kaflann frá Bólstað suður að Skriðuflelli í Þjórsárdal. Reistu þeir



Varða RA-673:029a, horft til vesturs

435 vörður á 44 dögum. ... Enn þá sjást vörður þeirra félaga á miklum hluta leiðarinnar milli Sóleyjarhöfða og Kiðagils" "Bílaslóðirnar yfir Eyvindarkvíslar hafa grafízt ofurlítið niður með umferðinni. Þær eru vatnslitlar, en botninn linur á stöku stað. Þá er yfir hina nyrðri kemur, sveigir slóðin norðvestur um lágan sandhrygg, síðan vestur með öðrum hærri á hægri hönd og blasir þá fljótlega við austurjaðar versins, deiglent moslendi, en vörður rétt á mörkum þess og melsins, sem bíslóðin endar á," segir í Árbók Ferðafélagsins frá 1967. Í dag liggur bílvegur frá vegi norðan við Kvíslavatn að Eyvindarkofa. Síðasti spölurinn liggur á malaröldu og eftir varðaðri leið. Þegar bílvegi sleppir heldur varðaða leiðin áfram í 600 m vestsuðvestur, en stefna eftir það er óviss. "Suðaustan við áður nefnt deigludrag og ef til vill fornan árfarveg hjá Sóleyjarhöfða [sjá 026], rís há og löng grjótalda, líkust felli. Hún heitir Ferðamannaalda, er um 3 km að lengd og 663 m há ... Gamla leiðin lá inn með henni að norðan. Hún er bílum ófær," segir í Árbók Ferðafélagsins frá 1967. Leiðin liggur aðallega eftir malaröldum, nema að hún fer rétt niður í Eyvindarver þar sem bílvegurinn endar. Sjálf slóðin er ógreinanleg nú (2008), nema þar sem hún fer í gegnum Eyvindarver, þar sem hestagötur sjást á stuttum kafla. Leiðin er þó vörðuð, og standa flestar vörðurnar enn, þótt eitthvað sé farið að hrynja úr þeim. Þar sem þær standa sem hæst eru þær um 1 m háar keilur með 0,8 m grunn. Frá Eyvindaveri í vestur er hægt að sjá 3 vörður, sú vestasta nær alhrunin. Ekki sást önnur varða þegar skimað var frá henni. Vörðurnar standa með um 300 m millibili á þessu svæði. Leiðin er merkt á herforingjaráðskort og má þar sjá að framhald hennar hefur legið frá mynni Þúfnaverskvísla til suðvesturs í gegnum Eyvindaver að tjaldstað í Þúfuverskvísl 027 og liggur þaðan norðvestur að Sóleyjarhöfðavaði 026.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: ÁFÍ 1967, 26, 38, 44


RA-673:030 Svörtubotnar tóftir rétt 64°32.920N 18°30.488V

Í Svörtubotnum eru tvær réttir. Þær eru í stefnu beint vestur af Skrokköldu, um 13 km vestur af Syðri Hágöngum. Á herforingjaráðskorti eru Hnausaver rétt norðan við réttirnar. Réttirnar eru á berangurslegum mel með strjálu lyngi. Um er að ræða tvær réttir og eru 25 m á milli. Rétt A er 7 x 5 m að stærð og snýr austur-vestur, og eru veggirnir tæpur 1 m á þykkt. Réttin er einföld og veggirnir um 0,6 m háir. Rétt B er um 27 m norð-austan við rétt A og er 4 x 5 m á stærð og snýr norðaustur-suðvestur, og mjókkar aðeins til suðvesturs þar sem hún opnast. Réttirnar eru báðar einfaldar. Réttirnar eru hlaðnar úr skífubergi og þaktar svörtum skófum.

Hættumat: engin hætta



Svörtubotnar, rétt RA-673:030B til vinstri (horft til NA)
og rétt RA-673:030A til hægri (horft til A)



Svörtubotnar, rættir RA-673:030A og 030B

RA-673:031 heimild um naust

64°10.919N 19°26.655V

"Þar sem vegurinn kemur að Tungnaá og ferjustaðurinn var [004], heitir Hald ... Uppi eru fyrir fjárrættir [005] og bátanaust. ...Nafnið aðald styttest svo í hald og varð sérheiti að staðnum. En um hina skáhöllu klauf í klettinum var bátum rennt niður og dregnir upp eftir þörfum," segir í árbók Ferðafélags Íslands frá 1967. Ferjubáturinn var jafnan dreginn á land við klettaskoruna, vikið í bakkann (sjá 004) og geymdur í bátaskýlinu inni í rétt 006, þegar hann var sunnan megin. Leitarmannakofinn 007, norðan árinna, varð seinna að bátaskýli þegar hætt var að nota hann sem slíkan. Hin skáhalla klauf sem nefnd er í heimildum, vikið í bakkann, hefur þó án efa nýst sem naust þar sem hægt hefur verið að skorða bátinn þar af, hugsanlega áður enn bátaskýlið var byggt. Vikið í bakkann er austan við klettahnaus og vestan við stytta af Sigurjóni Rist sem reist var við Tungnaá árið 1994. Fast við ána er sandbakki en klettarnir upp á bakkann eru nokkuð brattir svo erfitt hefur verið að draga bát þar að landi. Engar hleðslur sáust í vikin.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: ÁFÍ 1967, 29.

RA-673:032 *Sniðin* heimild um leið

64°16.364N 19°18.825V

"Þjórásreyrar nefnast inn með hálsinum, vestan megin, og Einistorfur [020] við innri enda þeirra. Tjaldstaður er þar í í fjárleitum ... Skammt þar frá teygist snarbrött grasbrekka upp undir hæstu bungur Búðarháls og heitir Sniðin," segir í Árbók Ferðafélagsins frá 1967. Í Göngum og réttum segir ennfremur: "Í dimmviðri og þoku ... er vont að finna Sniðin, en annars staðar er ómögulegt að komast með hesta niður af Hálsinum í tjaldstaðinn [020]." Sniðin liggja frá Þrívörðum 018 og niður, suðvestur, í tjaldstaðinn 020. Suðvestan við Þrívörður 018 eru grasi- og lyngivaxnar brekkur að norðurenda



Sniðin, leið RA-673:032, horft til SV

Sultartangelóns. Suðvestan við vörðurnar 018 við tjaldstaðinn 020 mótar fyrir troðningi í mosabrekku á um 10 m löngu svæði sem snýr norðaustur-suðvestur. Troðningurinn er um 1 m breiður en hverfur í mosann til norðausturs og suðvesturs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: ÁFÍ 1967, 32; GR I, 310.

RA-673:033 Þrívörður varða samgöngubót

64°20.233N 19°10.472V

Þrjár vörður eru uppi á klettabrún suðastuan við Búðarhálsfoss (Dynk) í Þjórsá. Vörðurnar eru um 250 m vestan við þar sem vegurinn niður af Búðarhálsi endar, þegar farið er niður að fossinum. Vörðurnar eru á mjög grýttum mel á klettabrún. Norðar og vestar eru grastungur að ánni en sunnar og austar er berangurslegur melur. Vörðurnar eru þrjár á svæði sem er alls um 30x3 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Austasta varðan A er um 1,2 m há og um 1x1 m stór að grunnfleti. Hún er nokkuð vel hlaðin með miklum svörtum skófum. Varða B er um 13 m suðvestan við A. Hún er stærst um 1,1 m stór að grunnfleti og um 2 m há. Varðan er nær jafnbreið upp með miklum skófum. Þriðja varðan, C, er minnst. Hún er um 13 m suðvestan við vörðu B. Hún er um 0,6x0,6 m stór að grunnfleti og um 1 m há. Miklar skófir eru einnig á henni. Vörðurnar eru allar fremur fornlegar og hafa vafalaust verið hlaðnar í þeim tilgangi að vísa leitarmönnum á leið niður í tjaldstaðinn við fossinn 022.



Þrívörður RA-673:033, horft til suðvesturs

Hættumat: engin hætta

Heimildir: GR I, 309

RA-673:034 heimild um náttstað

64°39.666N 18°27.185V

"Beint á móti rústunum [002], norðan kvíslar, er lítil fjárrétt [012], sem leitarmenn hlóðu fyrir löngu. En nyrzta tjaldstað sinn áttu þeir nokkru austar í nánd kvíslinni," segir í Árbók Ferðafélagsins frá 1967. Í Göngum og réttum segir enn fremur: "Undarreiddarmennirnir 6, er lögðu af stað degi fyrr, komu þangað [í Svörtubotna 011] á föstudag ... Þrír þeirra smöluðu Vesturkrókinn .. meðfram Þjórsá inn að Fjórðungakvísl, um Háumýrar og suður að Eyvindarhreysi innra. Lágu þeir þar á sunnudagsnótt." Réttin 012 og tjaldstaðurinn eru um 150 m austan við bílastæði á móts við Innra-Hreysi 002, norðan kvíslarinnar. Sunnan og austan við réttina er hálfgróinn melur að kvíslinni en norðan hennar er grýttur melur og melalda sem hækkar til norðurs upp að Kvíslarveituvegi. Engin ummerki tjaldstaðarins sjást á svæðinu en ekki er vitað nákvæmlega hvar var tjaldað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: ÁFÍ 1967, 53; GR I, 306.

RA-673:035 Köldukvíslarvað heimild um vað

64°24.550N 18°39.092V

"Sunnan í Þveröldu koma glöggar bílaslóðir inn á ökuleiðina. Þær liggja austan frá Köldukvíslarvaði, þar sem farið var áður en brú kom á kvíslina 1964. Sú brú er raunar á allt öðrum stað," segir í Árbók Ferðafélagsins frá 1967. Vaðið er á móti kofunum í Illugaveri 013, austan við þá, og var samkvæmt heimildamönnum Sveini Tyrfingssyni í Lækjartúni og Sigurði Jónssyni frá Kastalabrekku sæmilegt vað. Staðurinn var ekki skoðaður á vettvangi.



Köldukvíslarvað RA-673:035, horft til suðvesturs


Heimildir: ÁFÍ 1967, 71.

RA-673:036 hleðsla fjárskýli

64°14.176N 19°14.946V

Tvær einfaldar tóftir eru í Byrgistorfum, um 170 m suðaustan við kofa 014. Samkvæmt Sveini Tyrfingssyni, heimildamanni, var fé geymt á þessum stað. Byrgin eru í malarauðn, þakin stærðargrjóthnullungum. Á svæði sem er 80 x 5 m og snýr norðaustur-suðvestur eru tvö lítil byrgi. Byrgi A er hringlaga og um 4 m í þvermál. Hleðslan nær 3/4 úr hringnum, á endum hleðslunnar eru tveir grjóthnullungar og milli þeirra er hlið í byrgið. Hnullungarnir eru um 2 m háir og um 3 - 4 m á kant. Hleðslan er frekar lá, sér í lagi norðvesturhliðin sem er aðeins ein steinaröð. Nær hnullungunum verður hleðslan þó ríflega 0,7 m há. Byrgi B er um 75 m norðaustan við byrgi A og 170 m suðaustan við kofa 014 í Byrgistorfumel. Það er um 3 x 2 m stór og snýr austur-vestur. Byrgið er frekar óreglulegt í lögun. Stórir jarðfastir steinar hafa verið notaðir í horn þess. Hleðslan er afar lá en liggur uppá steinana. Op á byrginu er í suður.

Hættumat: engin hætta



Fjárskýli RA-673:036A og B, skýli A á ljósmynd til vinstri (horft til A), skýli B á ljósmynd til hægri (horft til N)

RA-673:037 varða samgöngubót

64°12.190N 19°25.611V

Varðan stendur syðst á Búðarhálsi þar sem heitir Hnaus. Hún er 2,4 km norðaustan við leitarmannakofa 007. Auður malarhryggur sem endar við Blautukvísl. Varðan stendur á stein sem hefur 1 x 1,5 m grunnflöt. Varðan stendur svo í um 1,5 m hæð. Hún er hlaðin er grjótskífum, og myndar uppmjóan sívalning, með 0,8 m þvermál.



Hættumat: engin hætta

Varða RA-673:037, horft til norðvesturs

RA-673:038 frásögn fjárskýli

64°25.227N 18°41.905V

Sigurður Jónsson og Sveinn Tyrfingsson, heimildamenn, sögðu frá tveimur fjárskýlum (sjá líka 039) í Illugaveri við Illugaverskvísl. Þau eru um 2 km frá kofatóftunum 013 í Illugaveri, austan við Illugaverskvísl. Staðurinn var ekki skoðaður á vettvangi en samkvæmt heimildamönnum er byrgið er hringlaga og er stærra byrgið (það sem hér er skráð) um 3x3 m að stórt og hefur haldið um 25-30 fjár. Byrgið er hlaðið upp við náttúrlega kletta eða hraundranga við kvíslina. Stærra byrgið, er betur varðveitt en hið minna 039.

RA-673:039 frásögn fjárskýli

64°25.170N 18°41.849V

Sigurður Jónsson og Sveinn Tyrfingsson, heimildamenn, sögðu frá tveimur fjárskýlum (sjá einning 038) í Illugaveri við Illugaverskvísl. Þau eru um 2 km frá kofatóftunum 013 í Illugaveri, austan við Illugaverskvísl. Staðurinn var ekki skoðaður á vettvangi en samkvæmt heimildamönnum er minna byrgið, það sem hér er skráð, um 2-3 m í þvermál og hálfhrunið. Það er hringlaga og er hlaðið út frá klettum við kvíslina.

RA-673:040 frásögn fjárskýli

Samkvæmt Sveini Tyrfingssyni, heimildamanni, er byrgi neðst í Svartagili við Þjórsá um 10 km innan, norðaustan, við fossinn Dynk. Í Svartagili er klettaskúti eða vik í gilvegginn þar sem hlaðið hefur verið fyrir og þar er lítið aðhald sem hélt 3 lömbum. Staðurinn fannst ekki á vettvangi en gengið var með Þjórsá og allir gilskorningar skoðaðir í umhverfi Dynks en líklega hefur ekki verið farið nægilega langt frá fossinum.

RA-674 Þóristungur

Þóristungur eru miðhluti Þjórsártungna hinna fornu og takmarkast af Blautukvísl að austan, Tungnaá að sunnan og Köldukvísl að vestan. Norðurmörk eru óljós en leitarsvæði náði ekki lengra norður en á móts við Illugaver á Holtamannaafrétti. "[frá því um miðja 19. öld reka] bændur í Landssveit ... almennt hross sín á Þóristungur og sumir fé sitt á Holtamannaafrétt. Hvænær breytingin hefir á komist eða hvort hún hefir byggst á samningi er óvíst ... Hross hafa eigi verið rekin á Þóristungur síðan 1881, en um annan stað er ekki að ræða fyrir hross á afrétt- [258] um þessum, og þau því síðan gengið allt árið í heimahögum. Smölun þeirra á afrétti er óþekkt núlifandi mönnum." GR I, 257-58. "Um og eftir miðja síðutu öld voru trippi rekin á Þóristungur og höfð þar á sumrin. Síðast voru þau rekin þangað árið 1881. Þau voru alltaf rekin yfir ána á Tangavði. / Þegar hætt var að reka trippi á Þóristungur, tóku 7 bændur úr Holtamannahreppi, nú Áshreppi, sig saman og ráku kindur þangað." - GR I, 323. Þóristungur "eru sandöldur með mýrarverum og allgóðum gróðri með kvíslum og giljum, sem mikil hvönn óx í að fornu, en er nú horfin að mestu. Þangað var farið á rótar- og grasafjall fram til 1880." - GR I, 300. Hvanngil heitir líka langt inn með Köldukvísl gegnt Sauðafelli á Holtamannaafrétti. - GR I, 317 Á Þóristungum eru víða örnefni sem minna á hestaafréttinn s.s. Trippavað á Köldukvísl við Miðtungur, Trippagil og Trippagilsalda inn með Köldukvísl - Herforingjaráðskort - Fjallagrös eru sunnarlega með Þórisvatni - GR I, 317 og heitir Grasetangi sem gengur út í vatnið í suðvesturhorni þess – DMA.

RA-674:001 Þórisós heimild um tjaldstaði Alllangt innan Álfafitar er Þórisós er fellur úr Þórisvatni í Köldukvísl. Innan við ósinn, undir hraunsnefi er tjaldstaður og hestarétt [002]," segir í örnefnalýsingu. Tjaldstaðurinn er um 300 m norðan við flugvöll við ósinn, austan við stíflugarð sem þar er. Þar sem tjaldstaðurinn var norðan réttarinnar 002, er hálfgróinn melur sunnan og vestan við Þórisós. Engin ummerki tjaldstaðisins sjást á svæðinu. Ljóst er að þegar meira vatn er í ósnum rennur það yfir tjaldstaðið og að stíflugarðinum norðan við það. Tjaldstaðið er í stórhættu af þeim sökum.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Þóristungur, 2.

RA-674:002 tóft rétt

Hesta- og fjárrétt er við tjaldstað hjá Þórisósi, sem er affallið úr Þórisvatni í Köldukvísl. Réttin virðist að mestum hluta vera náttúruleg, hrauntungur liggja niður framhjá henni, og út í ána. Drangar úr hrauntungunni mynda þrjár af fjórum hliðum réttinnar. Réttin er staðsett í smá kima milli malaröldu og fyrrnefndrar hrauntungu. Á malaröldunni er flugbraut sem liggur frá norðvestri til suðausturs. Um 25 m vestan við réttina er um 1,5 m hár varnargarður, sem líkast til tekur við vatninu þegar hleypt er úr affallinu við Þórisvatn í ána. Lítið hefur þurft að hlaða aukalega í réttina, en þó eru merki þess að hlaðið hafi verið í göt á

64°21.380N 18°50.656V "



Þórisós RA-674:001, tjaldstaði, horft til V

64°21.398N 18°50.685V




Rétt RA-674:002, horft til suðurs

hliðunum. Sandur er í botni réttinnar, og er það líklega framburður sem flust hefur með vatni, þegar hleypt er úr affallinu. Í nágrenni við réttina er hrjóstugt, mest smávaxinn melgróður, sem þekur þó svæðið. Réttin er 5x4 m og snýr norður-suður, en ekki er hægt að tala um sérstaka hleðsluhæð, bæði vegna þess að botninn er fullur af sandi, og vegna þess að meirihluti veggjanna er náttúrulegt hraun. Hæst verður hraunið þó um 2 m hátt. Þykkt veggjanna er einnig misjöfn, en er víðast hvar nálæg 2 m. Um 11 m vestar er svo um 5 m langur hraunveggur suður úr hrauntungunni. Ætla má að hér hafi orðið nokkrar breytingar með stíflum þar sem áður stöðugt árflæði hefur orðið lotubundið, og þannig ofsafengnara.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: GR I, 317



Hesta- og fjárrétt RA-674:002

RA-674:003 *Miðtungur* heimild um tjaldstæði 64°13.822N 19°12.203V
Miðtungur eru vestast í Þóristungum, við Köldukvísl, sunnan við þar sem kemur krókur á hana til vesturs. "Innst á Miðtungu er Tjaldstaður, undir barði. Á því eru reistar tvær uppmjóar hellur, sem eiga að minna á tjaldsúlur," segir í örnefnalýsingu. Tjaldstaðurinn hefur verið um 30 m norðaustan við vörðu 014 og 155 m suðaustan við rétt 006. Svæðið er grasi gróið undirlendi í ágætis skjóli, undir tungunum. Lindarvatn er við svæðið. Tjaldstaður sem síðar var færður innst í Fremstutungu. Nú (2008) sjást ekki minjar um tjaldstaðinn. Heimildamenn, þeir Sveinn Tyrfingsson og Sigurður Jónsson muna ekki eftir hellum þeim sem nefndar eru í heimildum. Tjaldstaðurinn er í stórhættu vegna fyrirhugaðs Sporðöldulóns.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: GR I, 313, 316, 317; Ö-Þóristungur, 1

RA-674:004 *Fremstatunga* heimild um tjaldstæði 64°13.035N 19°15.739V

"Lagt var svo upp frá ánni [frá Haldinu 004] og haldið inn á Miðtungu [003] eða innst á Fremstutungu, þar var næsti áfangastaður. Fyrst þegar ég man og fór á Þóristungur var alltaf tjaldað á Miðtungunni [003], en síðar á Fremstutungu. Þar var betri tjaldstaður og skýlla fyrir hesta," segir í Göngum og réttum. Tjaldstaðurinn á Fremstutungu er austan við affallið úr Hrauneyjavirkjun í graslendum hvammi. Varða 015 er á háum



Fremstatunga RA-674:004, tjaldstæði, horft til V

hól vestan við hvamminn. Malarslóði liggur að tjaldstaðnum úr suðri frá þjóðvegi. Mjög skjólsælt er í hvamminum og góðir grashagar. Engin ummerki tjaldstaðarins sjást á vettvangi. Tjaldstaðið er í stórhættu vegna fyrirhugaðs Sporðöldulóns.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: GR I, 316

RA-674:005 *Tjaldkvísl* heimild um náttstað 64°09.512N 19°00.100V

Í Göngum og réttum segir: "Hann [Guðmundur Jónsson] elti för þeirra [hesta sem fældust] að svonefndri Tjaldkvísl. Við hana er áfangastaður, sem í fyrrasafni er legið í". Útkvíslar eru í suðausturhorni Þóritungna, suður undir Bólöldu, og heitir Tjaldkvísl þar sem tjaldstaðurinn er. Samkvæmt Sveini Tyrfingssyni, heimildamanni, var tjaldað á lækjarbakkanum. Undir vatni. Tjaldstaður leitarmanna. Tjaldstaðurinn er nú kominn undir vatn.

Hættumat: hætta, vegna rofs


Heimildir: GR I, 341

RA-674:006 *Byrgisver* heimild um rétt 64°13.912N 19°12.341V

Byrgisver er vestan við Fremstutungu, vestast á Þóristungum. "Á Miðtungu er Byrgisver, vestur af Köldukvísl," segir í örnefnalýsingu. Í Byrgisveri eru fjárbyrgi sem taka 12-14 hundruð fjár og er rekið í þau tvo síðustu gangnadaga. Réttin stendur um 20-30 m sunnan við bakka Köldukvíslar. Landið í kring er flatt, mosagróið en stórgrýtt. Nokkru sunnar taka við háir malarkambar sem ná niður að ánni austan við réttina. Hefur þarna verið gott aðhald fyrir fjárrekstur úr vestri að réttinni. Tóftin er aflöng, um 20 m löng og 12 m breið. Innan veggja er mjög þýft. Veggir eru fremur uppmjóir, um 50 sm breiðir neðst og allt að 1 m háir. Dyr eru á miðjum norðurvegg. Innan í réttinni er þverveggur, um 5 m langur og talsvert lægri en hleðslurnar umhverfis. eru um 1 m breiðar dyr við norður- og suðurvegg. Hleðslan er úr hnúllungagrjóti, hún vönduð og stendur vel, en hrunið hefur úr norðvesturhorninu. Réttin er í stórhættu vegna fyrirhugaðs Sporðöldulóns.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: GR I, 318, 319; Ö-Þóristungur, 1



Teikning og ljósmynd af rétti RA-674:006 úr skýrslu (FS096-99141) Adolfs Friðrikssonar og Orra Vésteinssonar frá árinu 1999, horft til suðausturs á ljósmynd

RA-674:007 Þórisvatnsbotn heimild um tjaldstæði

64°16.232N 18°41.764V

"Frá Móöldu urðu svo allir samferða með fé og hesta, þar til komið var í Þórisvatnsbotn, þar var næsti tjaldstaður. Þar er lítið byrgi uppi í öldunni [008] norðan við tjaldstað ... Upp úr vatnsbotninum er ekki hægt að komast með hesta nema á einum stað, norðvestur af tjaldstað," segir í Göngum og réttum. Tjaldstaðurinn við Þórisvatn er nú kominn undir lón. Hann var suðvestan við vörðu 010 við vatnið. Þar sem tjaldstaðurinn var er svartur sandur á vantsbakkanum og í hlíðum öldunnar, hvergi sér stingandi strá. Nú (ágúst 2008) er sæluhús við vatnið stutt frá þar sem áður var tjaldað. Engin ummerki tjaldstaðarins sjást.



Þórisvatnsbotn RA-674:007, tjaldstæði, horft til NA

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: GR I, 317

RA-674:008 heimild um rétt

64°16.232N 64°16.232V

"Frá Móöldu urðu svo allir samferða með fé og hesta, þar til komið var í Þórisvatnsbotn, þar var næsti tjaldstaður [007]. Þar er lítið byrgi uppi í öldunni norðan við tjaldstað ...," segir í Göngum og réttum. Byrgið var, samkvæmt Sveini Tyrfingssyni, heimildamanni verið herra uppi en tjaldstaður 007, en er þó komið undir vatn. Undir vatni. Fé var rekið í byrgi þetta þá einu nótt sem leitarmenn gistu þar. Byrgið og tjaldstaður eru nú alveg komnar undir Þórisvatn.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs

Heimildir: GR I, 317

RA-674:009 heimild um ferju

64°13.140N 19°16.808V

Ferjustaður var þar sem Kaldakvísl rennur í Tungnaá. Á árbakka. Norðan árinna er rás í árbakkann nær beint á móts við ármótin, og þar er sendinn botn en annars er landið víðast fremur grýtt á þessum slóðum. Þar hefur lendingin líklega verið.

RA-674:010 varða landamerki

64°16.203N 18°41.077V

Efst á Þveröldu, austan við Þórisvatnsbotn er varða, um 560 m austan við tjaldstæði 007. Varðan stendur á sandsteinsklöpp, sem er um 20 m í þvermál. Klöppin er staðsett efst á Þveröldu, sand- og malaröldu austan við botn Þórisvatns. Varðan er hlaðin úr grjóti sem hefur komið úr næsta nágrenni hennar. Hún er um 1m á hæð, í formi keilu. Grunnflötur keilunnar er 0,7 m í þvermál.



Landamerkjavarða RA-674:010, horft til S

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Örnefnakort

RA-674:011 Tryppavað heimild um vað "Fjárrétt [012] er á eyri við kvíslina, en á Tryppavaði var áin riðin, því að Holtamenn smöluðu Þóristungur austur að Blautukvísl," segir í Árbók Ferðafélagsins frá 1967. Tryppavað yfir Köldukvísl er um 270 m norðvestan við Byrgisver 014. Malareyri liggur að ánni að austan en að vestan er grýttur grasbakki. Kaldakvísl tekur á sig sveig til vesturs skammt, um 50 m, norðan við vaðið. Engir slóðar liggja að vaðinu. Áin virðist grunn á þessum stað en er fremur straumþung. Vaðið er ekki lengur í notkun en nú (í ágúst 2008) er ekið yfir ána um 300 m vestar og hefur örnefnið Tryppavað færst yfir á það vað. Farvegi árinna hefur verið breytt talsvert á þessum slóðum, bakkar hennar verið grafnir upp og straumþunga hennar að hluta stjórnað af mönnum. Vaðið er í stórhættu vegna fyrirhugaðs Sporðöldulóns.

64°13.996N 19°12.599V



Tryppavað RA-674:011, horft til vesturs

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: ÁFÍ 1967, 33.

RA-674:012 varða landamerki

64°12.880N 19°16.083V

Varða er efst á hæð, sem er nú (2008) umkringd Hrauneyjaraffalli úr þremur áttum. Á þessum stað tekur Hrauneyjaraffallið á sig mikla bugðu, og umkringir nokkrar hæðir og er varðan á þeirri nyrstu. Umhverfið er stórgrýtt malarauðn skrydd mosagróðri, en sá er þykkastur upp við vörðuna. Varðan er þétt hlaðin úr grjóthnullungum. Hún stendur á ferhyrndum grunni, 1m á kant, og er um 1m á hæð. Varðan er í stórhættu vegna fyrirhugaðs Sporðöldulóns.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Landamerkjavarða RA-674:012, horft til suðvesturs (til vinstri) og norðurs (til hægri)

RA-674:013 hleðsla rétt

Í Miðtungu, um 520 m sunnan við réttina í Byrgisveri 006 er hlaðin rétt. Hún hefur vafalaust verið notuð þegar tjaldað var í Miðtungu, sbr. tjaldstað 003. Réttin er á stórgrýttri melöldu sunnan Köldukvíslar þar sem hún tekur á sig sveig til vesturs. Réttin er hlaðin úr grágrýti og víða hefur verið notast við jarðfasta steina sem hlaðið hefur verið upp með og ofan á. Réttin er einföld um 10,5x9 m stór og snýr norður-suður. Dyr eru á réttinni í norðausturhorni. Hleðslur hennar eru hæstar um 1,2 m, um 5 umför grjóts. Talsvert hefur hrunið úr hleðslunum, sérstaklega úr suðurveggnum. Réttin er í stórhættu vegna fyrirhugaðs Sporðöldulóns.

64°13.665N 19°12.045V



Rétt RA-674:013, horft til suðurs

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

RA-674:014 varða leið

Varða er sunnan við tjaldstaðinn í Miðtungu 003, uppi á hólbarði um 300 m norðan við rétt 013 og um 220 m sunnan við Byrgisver 006. Varðan er á norðurbrún stórgrýtts melbarðs, norðar er grasflöt og þá malareyri að Köldukvísl en melurinn teygir sig lengra til suðurs. Varðan er um 1,3 m há, vel hlaðin og um 1x0,6 m stór að grunnfleti. Berjalyng vex fast upp við hana og svartar skófir eru á hleðslunum. Varðan hefur líklega vísað leitarmönnum á tjaldstaðinn í Miðtungu 003. Varðan er í stórhættu vegna fyrirhugaðs Sporðöldulóns.

64°13.805N 19°12.218V



Varða RA-674:014, horft til austurs

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

V. Samantekt um helstu minjaflokka

Bæjarhólar, bæjarstæði og býli

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr gólflogum sem hafa hlaðist upp í tímans rás, torfi, grjóti og öðru byggingarefni og öskuhaugum. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhólar eru því mikilvægir minjastaðir en jafnframt eru þeir sá minjaflokkur sem einna verst varð úti í byggingaframkvæmdum á 20. öld.

Alls voru skráðir 25 bæjarhólar og 14 bæjarstæði í Ásahreppi. Leifar uppistandandi eða hruninna torfbæja og/eða útihúsa var að finna á 14 af 25 skráðum bæjarhólum. Ástand bæjarhólanna var mjög misjafnt. Algengt var að einhverjar skemmdir hafi átt sér stað vegna yngri bygginga, sléttunar og annars rasks af mannavöldum en oft var hluti hólanna eftir óskaddaður. Litlir sem engir merkjanlegir bæjarhólar voru í landi Áskots (361:001), Ásmundarstaða (364:001 og 364:002), Áshóls (366:001), Berustaða (368:001), Hamrahóls (373:001), Kálfhólts (375:001), Kálfholtshjáleigu (376:001), Króks (377:001), Heiðar (378:001), Efri-Sumarliðabæjar (eldri bær, 408:001), Neðri-Sumarliðabæjar (408:006), Gamlahellis (425:002), Rifshalakots (426:001), Veleifsholtsparts/Parts (429:002), Götu (427:001), Gíslakots (430:001) og Ráðagerðis (432:001). Gamla timburhúsið í Áskoti stendur ennþá en lóðin í kringum húsið hefur verið sléttuð og ræktuð svo engin greinileg hólmyndun er sjáanleg. Í landi Ásmundarstaða, Áshóls, Berustaða, Hamrahóls, Kálfhólts, Kálfholtshjáleigu, Króks, Heiðar, Efri- og Neðri-Sumarliðabæjar, Hellis, Rifshalakots og Veleifsholtsparts hafa bæjarhólarnir að miklu leyti verið sléttaðir og í landi Ásmundarstaða hefur, á yngra bæjarstæðinu, hreinlega ekki náð að myndast bæjarhóll. Í Króki var skráður bæjarhóll og tvö bæjarstæði en vegna vatnsaga Þjósár og rasks af mannavöldum eru bæjarhóllinn (377:001) og eldra bæjarstæðið (377:002) sem vitað er um úr heimildum nú horfin og líklega aldrei náð að myndast bæjarhóll á yngsta bæjarstæðinu (sjá 377:003 hér að neðan). Á svæðunum í landi Veleifshólts þar sem bæirnir Gata, Gíslakot og Ráðagerði voru reistir hafa trúlega aldrei náð að myndast myndarlegir bæjarhólar. Á öðrum stöðum sjást einhverjar leifar bæjarhóla.

Heillegustu bæjarleifarnar voru á Húsum, í Framnesi, Hellnatúni, á Efri-Sumarliðabæ (yngri bæ 408:002), í Sauðholti og Lindarbæ. Bæjarhóllinn á Húsum (371:001) er mjög greinilegur og á honum eru bæjarhúsatóftirnar ennþá. Skiptast þær í 19 hólf og standa hleðslur þeirra grónar. Var bærinn undir þaki fram á síðasta áratug 20. aldar en nú hafa sumarbústaðir

verið byggðir þétt upp við hólinn. Á Framnesi (360:001) stendur gamli torfbærinn á bæjarhólnum ennþá undir þaki en engin greinileg hólmyndun er á svæðinu. Í Hellnatúni (363:001) eru engar nýlegar byggingar við eða á bæjarhólnum. Hóllinn er mjög greinilegur og ein grjóthlaðin tóft er enn á hólnum og tvö torf- og grjóthlaðin útihús eru þétt upp við hana. Á Efri-Sumarliðabæ (408:002) eru tóftir yngsta torfbæjarins á bæjarstæðinu. Bærinn var byggður um 1896 eftir að sá eldri hrundi í jarðskjálfta (sjá 408:001 hér að ofan). Bærinn var brenndur og rifinn seint á 20. öld vegna slysaættu en grjót- og torfhlaðnir veggir hans standa ennþá flestir grónir. Enginn áberandi bæjarhóll hefur náð að myndast á þessu svæði en í bæjarröðinni voru m.a. fjós, smiðja, skemma, baðstofa, hlóðaeldhús og eldiviðargeymsla og fast ofan við bæinn var svo stór heygarður. Bæjartóftin er nú í talsverðri hættu vegna skógræktar á svæðinu. Í Sauðholti (374:001) eru umfangsmiklar leifar gamals torfbæjar og útihúsa á bæjarhólnum þó hleðslur þar séu meira signar heldur en á Efri-Sumarliðabæ vegna hrossabeitar. Bærinn var rifinn og brenndur um 1980. Í Lindarbæ (428:001) stendur svo gamalt bárujárnsklætt timburhús ennþá á niðurgröfnum kjallara. Elsti hluti hússins er byggður 1895 en byggt var svo við húsið árið 1948 þegar hluta af gamla bænum í Vetleifsholti var bætt við. Húsið stendur ekki á neinum greinilegum bæjarhól en ekki er óvíst að leifar eldri bæja leynist undir yfirborði á svæðinu.

Á bæjarhólum þeirra jarða sem eftir standa (Ás, Ásmúli, Norðurkot, Sel, Efri-Hamrar, Hárlausstaðir, Syðri-Hamrar, Krókur, Herriðarhóll, Vetleifsholt, Hellir og Hrótur) voru ekki eins heillegar leifar. Í Ási (358:001) var bæjarhóllinn frekar ógreinilegur en steinsteypt íbúðarhús stendur nú á hólnum og engar tóftir sjást þar lengur. Ekki er þó ólíklegt að fornleifar finnist í hólnum undir sverði umhverfis íbúðarhúsið. Í Ásmúla (359:001) er bæjarhóllinn mjög greinilegur en, eins og í Ási, stendur á honum íbúðarhús með steinsteyptum kjallara og auk þess hefur rotþró verið grafin í hólinn. Hafa þessi mannvirki trúlega raskað bæjarhólnum eitthvað. Ógreinilegar eldri grjóthleðslur sjást á hólnum en engar greinilegar tóftir. Norðurkot (362:001) var lögbýli í landi Áss en þar er nú aðeins ógreinileg, lá hæð í sléttuðu túni þar sem bæjarhóllinn var áður. Í hæðinni sjást þó 4-5 ferkantaðar aflangar dældir sem gefa sterklega til kynna fornleifar undir yfirborði. Í Selslandi (365:001) er bæjarhóll mjög greinilegur. Engar tóftir eru þó þar sjáanlegar en stór manngerður hellir, sem er friðlýstur, er í hólnum. Þétt upp við hólinn hefur verið byggt nýtt íbúðarhús. Á Efri-Hömrum (369:001) er mjög greinilegur stór bæjarhóll og á honum er gamall grjóthlaðinn garður og þrjár útihústóftir í misgóðu ástandi. Eitt steinsteypt útihús er fast upp við hólinn sunnanverðan og hefur það trúlega valdið einhverju raski í jaðri hólsins. Ekkert sést til timburhússins sem byggt var 1969. Á Hárlausstöðum (370:001) er bæjarhóllinn mjög stór og

greinilegur en búið er að raska honum töluvert vegna steinsteyptra bygginga sem þó eru horfnar í dag. Stór fjóstóft sem áður var tengd gamla bænum er ennþá á hólnum og hleðslur hennar standa grónar en lítið sem ekkert sér af gamla bænum. Á Syðri-Hömrum (372:001) er bæjarhóllinn mjög greinilegur og að hluta til standa nú á honum hlaða og súrheysturn en einnig má sjá nokkur veggjabrot á eystri hluta hans og má greina þar fjögur hól. Grjóthlaðið fjárhús er einnig á bæjarhólnum. Í Króki (377:003) stendur gamli bærinn einnig ennþá að hluta á næst yngsta bæjarstæðinu. Bærinn var byggður fyrir 1920 úr timbri og bárujárni og var síðast nýttur sem skemma og bílskúr. Á bænum Herriðarhóli (379:001) hefur svæðið í kringum tóftir gamla bæjarins verið sléttað í tún og stærð gamla bæjarhólsins er óljós. Ekki er þó ólíklegt að leifar eldri bæja finnist undir sverði. Hluti yngsta torfbæjarins stendur enn uppi en bærinn brann árið 1970 svo að allir veggir sem voru úr timbri eru horfnir. Grjóthlaðinn vesturveggur hússins stendur þó ennþá sem og veggir hrútakofans og smiðjunnar sem einnig voru hluti af bæjarröðinni. Í Vetleifsholti (424:001) er nú aðeins ógreinilegur ávalur og sléttaður bæjarhóll. Ekkert sést til leifa gamla bæjarins á yfirborði en fjós var skráð sem hluti af bæjarröðinni ásamt hesthúsi sem var rétt við austurenda hennar. Ekki er ólíklegt að mannvistarleifar finnist undir yfirborði á þessum svæði. Þar sem bæirnir Hellir (425:001) og Hrútur (Rifshalakotshjáleiga 431:001) stóðu eru nú aðeins sjáanlegar mjög signar hleðslur og óljósar grasigrónar dældir á bæjarhólunum en þar sem ekki er búið lengur á þessum stöðum og ekki hefur verið mikið hróflað við þeim annað en af hrossum á beit er mjög líklegt að ítarlegar leifar finnist undir sverði.

Á skráningarsvæðinu eru þekkt tuttugu býli og hjáleigur sem skráð voru í landi fjórtán lögbýla. Af býlunum tuttugu eru öll ummerki horfin á tólf stöðum en á fimm stöðum sjást ógreinilegar tóftir og/eða aðrar leifar. Staðsetning þriggja býla var óþekkt. Í landi Kálfs holts voru skráð þrjú býli, í landi Áss, Sels, Hárlaugsstaða og Rifshalakots voru skráð tvö og í landi Berustaða, Efri-Hamra, Syðri-Hamra, Króks, Neðri-Sumarliðabæjar, Vetleifsholts, Hellis, Lindarbæjar og Kastalabrekku (Parts) eitt. Af þessum býlum er aðeins búið ennþá í Þjórsártúni (375:009) og leifar flestra býlanna eru horfnar vegna bygginga, túnasléttunar og annars rasks af mannavöldum.

Í landi Áss voru skráð býlin Ásgarður (358:004) og Geldnautatún (358:012). Býli var í Geldnautatúni á árunum 1663 til 1667 og fundist hafa hleðslur, leifar af fjósflór og brunni á svæðinu. Ásgarðsbær var byggður 1908 en var svo rifinn 8 árum seinna. Nú eru ummerki beggja býla horfin. Ásgarður vék vegna byggingar Ásvegar en Geldnautatún er horfið undir svörð vegna túnasléttunar.

Í landi Sels var skráð býlið Jólgeirsstaðir (365:016) sem teljast til friðlýstra fornleifa. Samkvæmt Sunnlenskum byggðum eyddi sandfok byggð á Jólgeirsstöðum ekki seinna en á 15. öld. Nú eru tóftirnar á Jólgeirsstöðum mjög blásnar og óljósar og eru ekki mikið meira en dældir með grónum hryggjum á milli. Nokkuð er af grjóti á víð og dreif um svæðið og kann það að vera leifar hleðslugrjóts úr húsum býlisins.

Í landi Hárlaugsstaða voru skráð tvö býli, Illugabæli (370:006) og Kristínaráss (370:021). Í örnefnaskrá Hárlaugsstaða er bæjarheitið sagt Illabæli en samkvæmt Árna Kristinssyni, heimildamanni, er rétta örnefnið Illugabæli. Samkvæmt honum var býli á þessum stað en engar ritaðar heimildir fundust um hið meinta býli. Á svæðinu er mjög deig mýri og í henni eru mjög sigin og rofin tóftarbrot. Í Kristínarássi á, samkvæmt heimildarmönnum, að hafa búið einsetukona, Kristín að nafni. Á ásnum voru tvær tóftir, ein einföld og hin tvískipt. Hleðslur þeirra eru mjög signar en ekkert sem bendir til langvarandi búsetu á svæðinu. Engar ritaðar heimildir hafa fundist um býli á þessum stað.

Í landi Efri-Hamra var skráð eitt býli, Þrándarholt (369:023). Engar ritaðar heimildir eru um býlið þó nafnið sé þekkt úr örnefnaskrá en Davíð Svanur Sigfússon, heimildamaður, greindi frá því að á svæðinu hefði eitt sinn verið lítið býli. Á svæðinu fundust ein tví- eða þrískipt tóft og garðlag.

Býlið Hamraholt (372:018) var skráð í landi Syðri-Hamars. Hamraholt var byggt árið 1861 en er nú horfið í túnasléttun.

Í landi Kálfholtis voru skráð býlin Þjórsártún (375:009), Pottur (Vestur-Kálfholtshjáleiga 375:007) og Fífilbrekka (375:008). Þjórsártún var byggt fyrst úr landi Kálfholtis sem læknabústaður árið 1898. Allar leifar gamla bæjarins og þeirra útihúsa sem byggð voru í kring um aldamótin 1900 eru nú horfnar vegna ábúðar. Búið er að byggja nýtt íbúðarhús og ný útihús á svæðinu og slétta mikið í tún. Pottur hefur ekki verið í byggð síðan um 1705. Engar leifar af gamla býlinu eru sjáanlegar þar beitarhús voru síðar byggð á sama stað og síðast nýtt frá Kálfholti um 1940 (sjá nánar í kafla um beitarhús). Ekki er ólíklegt að einhverjar mannvistarleifar býlisins kunni að leynast undir sverði. Fífilbrekka var þurrabúð, byggð úr Kálfholtislandi árið 1912 og var þar búið til ársins 1921. Bærinn er á mörkum þess að teljast fornleifar samkvæmt reglu um 100 ára lágmarksaldur fornleifa. Ekki tókst að fá staðfest um hvernig byggingarefni bærinn var byggður en talið er líklegt að hann hafi verið reistur með gömlu byggingarlagi og jafnvel úr torfi og grjóti og því var hann talinn til fornleifa. Bæjarstaðið er hins vegar alveg horfið vegna nýlegs vegstæðis þjóðveg 1.

Í landi Rifshalakots voru skráð býlin Ranakot (426:003) og Bjarnatóft (426:014). Engar eldri heimildir fundust um Ranakot sem getið er í örnefnaskrá Vettleifsholtshverfis.

Ekkert er vitað um hvenær kotið var í byggð. Trúlega hefur ekki verið búið þar mjög lengi svo enginn áberandi bæjarhóll hefur náð að myndast og engar leifar býlisins sjást vegna sléttunar. Samkvæmt Guðrúnu Jónsdóttur, heimildarmanni, var Bjarnatóft gömul býlistóft. Engar ritaðar heimildir eru þekktar um býli á þessu svæði og ekki er vitað hvenær það var í byggð. Nú er búið að slétta svæðið í tún en ekki er ólíklegt að fornleifar leynist undir sverði. Hugsanlegt er að Bjarnatóft gæti verið sama býli og það sem í Sunnlenskum byggðum er kallað Lambhúsholt eða Björnsholt (424:035, sjá hér að neðan) en staðsetning þess er óþekkt og því ómögulegt að fullyrða nokkuð um það að svo stöddu.

Í landi Króks var skráð nafnlaust býli (377:008) undir Kotskletti nálægt Króksbæ. Ekki er ljóst hvenær þetta býli var í byggð og ekkert sést lengur til leifa þess vegna túnasléttunar og vegagerðar. Hugsanlegt er að mannvistarlög gætu leynst undir sverði á þessum slóðum.

Í landi Neðri-Sumarliðabæjar var skráð nafnlaust býli (408:015) í Kofalaut. Samkvæmt heimildum voru þar kofarústir eftir einsetumann en ekki er ljóst hvenær það var. Nú eru þarna aðeins ógreinilegar þústir en fornleifar leynast mjög líklega undir sverði.

Í landi Vetleifsholts var skráð býlið Lambhúsholt/Björnsholt (424:035). Fátæklegar ritaðar heimildir eru til um býlið og er nákvæm staðsetning þess óþekkt. Hugsanlega er Björnsholt sama býli og nefnt er Bjarnatóft (426:014 sjá hér að ofan) í landi Rifshalakots en ekki er hægt að fullyrða um það að svo stöddu.

Nálægt bænum Helli í Brúnunum sunnan við Vetleifsholtshverfi var skráður bústaður sem kallaður var Þorleifsstaðir (425:013). Aldrei var hins vegar búið á bænum þar sem byggingu hans lauk aldrei og ekkert er heldur vitað um aldur hans. Engar leifar fundust á svæðinu og er nákvæm staðsetning óljós.

Í landi Lindarbæjar var skráð býlið Helgutótt (428:009). Þar sem býlið var áður er nú sléttað tún, svokallað Lindarbæjartún, og engar fornleifar sjást á yfirborði. Ekki er vitað um aldur þessa býlis.

Loks var Pétursbýli (429:010) skráð í landi Kastalabrekku (Parts) en leifar þess eru alveg horfnar í sléttað tún og malarveg.

Tveir bæir voru skráðir með óþekkta staðsetningu en það eru landnámsbærinn Áskelshöfði (375:025) og bærinn Kastalabrekka (429:001). Tilgátur eru uppi um að Áskelshöfði hafi verið í landi Kálfhólts á Ferjuholti við Þjórsá. Tvískipt tóft er á svæðinu sem sett var í samhegni við landnámið en frekari rannsóknir leiddu í ljós að hún er yngri. Líklegast var tóftin var tóftin stekkur, sel eða jafnvel tengd ferðum Egilsstaðaferju yfir Þjórsá. Nákvæm staðsetning fyrsta bæjar í Kastalabrekku er einnig óljós en talið er að hann hafi verið sunnan

undir kletti í norðvestanverðu bæjarholtinu sem kallast Kastali. Þar er hins vegar ekkert sem bendir lengur til fornleifa trúlega vegna deigs landslags og/eða túnasléttunar.

Fjórar frásagnir um öskuhauga voru skráðar í Ásahreppi, alls staðar á eða við bæjarhóla. Öskuhaugarnir voru í landi Efri-Hamra (369:017), í landi Hárlaugsstaða (370:013), í landi Herríðarhóls (379:024) og í landi Efri-Sumarliðabæjar (408:025). Engin ummerki hauganna sjást lengur á Efri-Hömrum, Hárlaugsstöðum og Herríðarhóli og haugur náði aldrei að myndast við Efri-Sumarliðabæ þar sem öskunni var hent niður í gilið. Þar má þó ætla að leifar haugsins ættu að leynast undir yfirborði. Einnig voru skráð ein geymsla (368:022) í hellisskúta í landi Berustaða og einn mannngerður hellir sem nýttur var sem búr (363:008) í landi Hellnatúns.

Kirkjur, kirkjugarðar, bænhús og kuml

Í Ásahreppi voru skráðar fimm kirkjur, eitt kirkjuörnefni og eitt bænhús. Kirkja var í Ási (358:002) til ársins 1906. Hennar er fyrst getið í kirknaskrá Páls undir nafninu Maríukirkja og hins heilaga Ólafs konungs í kringum 1200 og síðast í byrjun 20. aldar er hún var lögð niður. Sjálf kirkjan horfin en kirkjugarðurinn sést enn og af honum má sjá að lengi hefur verið jarðað í garðinum eftir að kirkjan fór úr notkun enda er yngsta leiðið í honum frá síðasta áratug 20. aldar.

Örnefnið Kirkjuhóll er í landi Hellnatúns (363:016) en mjög ólíklegt er að þar hafi nokkurn tíma verið kirkja. Meiri líkur eru á því að hóllinn heiti þessu nafni vegna þess hversu líkur kirkju hann er í laginu þó ekki sé hægt að útiloka að á svæðinu hafi einhvern tíman staðið kirkja eða bænhús þó að þeirra sé ekki minnst í heimildum þar sem það er mjög nálægt bæjarhólum. Heimildir eru hins vegar um útkirkju í landi Hamars (Syðri) (372:002). Minnst er á hálfkirkju í Íslenskum fornbréfum frá árinu 1397 en staðsetning hennar er óþekkt.

Í Kálfholti er ennþá kirkja (375:002) en hennar er fyrst getið í kirknaskrá Páls biskups frá því um 1200. Kirkjan sem nú stendur í Kálfholti var reist á árunum 1978-1979 og eru elstu greinanlegu grafir í kirkjugarðinum frá því um aldamótin 1900. Ekki er þó annað vitað en að Kálholtskirkja hafi alltaf verið á svipuðum slóðum og líklega leynast í kirkjugarðinum grafir allt frá fyrstu tíð. Í Vetleifsholti var einnig skráð útkirkja (424:002) en engar leifar af kirkju eða kirkjugarði sjást lengur á svæðinu. Elstu heimildir um þessa kirkju finnast í fornbréfum Oddasóknar frá því um 1397 en ekki er vitað hvernær hún lagðist af.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er talað um munnmæli um kirkju sem var á Jólgeirsstöðum (365:016) en flutt var að Odda. Samkvæmt Örnefnaskrá Sels herma munnmælin að þegar kirkjan var rifin og flutt hafi verið ákveðið að hún skyldi endurbyggð

þar sem mennirnir er fluttu hana yrðu staddir um sólsetur og var það í Odda. Ekkert er vitað um hvar meint kirkja á Jólgeirsstöðum á að hafa staðið og engin ummerki sjást um hana.

Aðeins eitt bænhús var skráð á svæðinu. Það (379:002) var á Herriðarhóli. Mannabein sem fundust við framkvæmdir á svæðinu stutt SSA við bæjarhól 001 gefa vísbendingu um líklega staðsetningu þess.

Frásagnir og/eða getgátur eru þekktar um þrjú kuml eða legstaði í Ásahreppi. Í fornleifaskýrslu séra Brynjólfs Guðmundssonar í Kálfholti frá því um 1840 segir frá því að spjót, öxi og sexgata skeifa hafi fundist í svokölluðum Leynhól (373:004). Um hann er til sú sögn að við hólnum megi ekki hreyfa því þá standi bærinn í björtu báli. Örnefnið Kumlholt (371:013) í landi Húsa bendir til að þar kunni kuml að leynast. Engin greinileg ummerki um minjar var að finna á holtinu sjálfu en vakin var athygli á þremur athyglisverðum hólamyndunum vestast við holtið og voru þær skráðar. Munnmæli herma að í Herriðarhól (379:003) eigi landnámskonan Herriður að vera grafín. Hóllinn gæti allt eins verið náttúrulegur og engar rannsóknir hafa farið fram til að staðfesta tilvist kumls í hólnum. Þykk og járnmikil sexgata skeifa (375:006) hefur svo einnig fundist í jörðu (á rúmlega 1-1,5 m dýpi) nálægt Kálfholti en nákvæmur fundarstaður er óþekktur og í raun alveg óvíst hvort hún er ættuð úr kumli eða úr annars konar samhengi.

Útihús

Á Íslandi var algengt að dreifa skepnuhúsum um tún á bæjum til að dreifa áburði. Á skráningarsvæðinu voru flest útihúsin fjárhús, en hesthús voru svo til eitt á hverjum bæ og stóðu oftast nærri bæ. Mjög fá fjós voru skráð og öll voru þau fast upp við bæ og hlöður voru flestar áfastar útihúsum eða í námunda við þau. Útihús eru stærsti minjaflokkurinn sem skráður var en þau eru jafnframt sá flokkur fornra mannvirkja sem einna verst hefur orðið úti við jarðabætur á 20. öld.

Alls voru skráð um 220 útihús í Ásahreppi. Af húsum voru allar fornleifar horfnar af yfirborði á um 80 stöðum, eða í um 36% tilvika.

Ekki er vitað um nákvæmt hlutverk 66 útihúsa sem skráð voru. Af þeim sáu st þrjátíu tóftir, þrjár þústir, einn torfkofi undir þaki og tvö bárujárnsklædd hús undir þaki. Flest þeirra útihúsa með óþekkt hlutverk sem enn sést til eru í landi Húsa (371:002-004, 371:006-011, 371:022, 371:026 og 371:036), Hellnatúns (363:007, 363:012, 363:013 og 363:014), Efri-Hamra (369:003, 369:014, 369:015¹ og 369:016) og Hrúts (431:002-003 og 005-006). Ennþá

¹ Með tóft 015 voru einnig skráð lítill þúst og garðbrot án þekkts hlutverks

má sjá móta fyrir þremur í landi Hellis (425:011, 425:016, 425:018) en aðeins ein útihústóft var skráð í landi Ásmundarstaða (364:030), Hárlaugsstaða (370:014), Syðri Hamra (372:006), Hamarhóls (373:003) og Rifshalakots (426:015). Af þeim þremur útihúsapústum sem skráðar voru var ein frá bænum Hrút (431:004), ein frá Neðri-Sumarliðabæ (408:003) og ein frá bænum Helli (425:017). Þrjátíu útihús (þar sem nánara hlutverk var ekki þekkt) voru skráð án þess að nokkrar fornleifar fyndust á yfirborði (358:003, 359:002-004, 360:003, 360:010-011, 364:004, 365:002, 368:002, 368:006, 368:008-009, 368:033, 369:002, 372:005, 373:002, 376:004, 377:004, 377:005, 379:005, 379:006, 408:023, 424:003-006, 424:018 og 432:002-003).

Flest þeirra útihúsa þar sem nákvæmt hlutverk var þekkt reyndust fjárhús. Samtals voru skráð 28 fjárhús á svæðinu. Engar leifar fundust í sextán tilvikum (358:032, 358:033, 364:005, 364:017, 364:003, 364:024, 364:031, 366:002, 370:004, 370:005, 373:010, 375:023, 376:003, 408:010, 429:011, 431:010). Fjárhús eru þekkt á flestum bæjanna nema t.d. í Áskotslandi (RA-361), Norðurkoti (RA-362), Götu (RA-427), Gíslakoti (RA-430), Ráðagerði (RA-432) og í landi Syðri-Hamra (RA-372). Í landi Syðri-Hamra voru skráð nokkur útihús þar sem nánara hlutverk var óþekkt og er fullvíst að einhvert þeirra hafi verið fjárhús. Áskot og Norðurkot voru bústaðir í landi Áss (358:001) svo það er einnig líklegt að einhver af þeim útihúsum sem skráð voru í landi Áss hafi verið fjárhús sem tilheyrðu kotunum. Gata, Gíslakot og Ráðagerði voru minni bær sem stóðu mjög nálægt Vetleifsholti og því mögulegt að þeir hafi ekki byggt fjárhús í heimatúni en einnig gæti verið að fjárhúsin hafi einfaldlega verið sambyggð bænum.

Flest *fjárhús* voru skráð í landi Sels (365:003, 365:004 og 365:006) og Hamarhóls (373:006, 373:007 og 373:009) eða þrjú á hverjum bæ. Fjárhúsin á þessum bæjum voru ýmist jötuhaus (jötur við langvegg) eða garðahús (garði í miðju gólfi).² Ástand fjárhúsanna var fremur gott og eitt fjárhúsanna í landi Sels var manngerður hellir sem stendur enn.

Á öðrum bæjum þar sem fjárhús voru skráð voru leifar 1-2 húsa til staðar. Í landi Efri-Hamra voru tvær fjárhústóftir skráðar (369:024 og 025) og var ástand þeirra mjög gott. Hleðslur fjárhústóftar í landi Ásmundarstaða (364:013) eru næstu alveg horfnar þar sem aðeins austurveggur hennar er enn uppistandandi. Sigin fjárhústóft var skráð í landi Berustaða (368:035) og tveir fjárhúshellar í landi Hellnatúns (363:004, 363:006) sem nú eru svo til alveg hrundir. Aðeins einn hellir (368:011) sem notaður var sem fjárhús og hlaða á Berustöðum er ennþá uppistandandi og hleðslur í veggjum fjárhústófta á Ásmundarstöðum (364:015), í

² Íslenzkir þjóðhættir, 468-469

Ásmúla (359:007), í Framnesi (360:012) og á Húsum (371:019 og 371:023) standa grónar. Í landi Sauðholts voru skráðar tvær uppistandandi fjárhústóftir (374:018 og 374:017) í nokkuð góðu ástandi og ein í landi Neðri-Sumarliðabæjar (408:005). Önnur fjárhús voru skráð í landi Kálfholtis (375:003), Neðri-Sumarliðabæjar (408:042), Vetleifsholtis (424:009 og 424:017) og Hellis (425:004) en leifar þeirra eru horfnar vegna túnasléttunar og náttúrulegs rofs. Tvær stórar tóftaþyrpingar voru svo skráðar í landi Berustaða, Þórarinsstaðir (368:026), og í landi Sels, Sauðhúsagerði (365:018). Í þyrpingunum voru tvö greinileg fjárhús á Þórarinsstöðum og ein greinileg fjárhústóft í Sauðhúsagerði.

Skráð voru tólf *lambhús* í Ásahreppi. Aðeins fundust fornleifar á yfirborði á fjórum stöðum: í landi Áss, Hellnatúns, Sauðholts og Syðri-Hamra. Í landi Áss (358:019) og Hellnatúns (363:003) voru lambhúsin manngerðir hellar sem nú eru hálfhrundir en lambhúsin í landi Syðri-Hamra (372:003) og Sauðholts (374:019) eru signar tóftir úr torfi og grjóti. Á hinum átta stöðunum (í landi Áss (358:032), Ásmundarstaða (364:003 og 364:024), Þjósartúns (375:023), Kálholtshjáleigu (376:003), Efri-Sumarliðabæjar (408:010), Vetleifsholtsparts (429:011) og Hrúts (431:010)) fundust engar leifar lambhúsa vegna túnasléttunar, hrossabeitar annars rasks.

Fjórir *hrútakofar* voru skráðir á svæðinu. Einn þeirra var hellir í landi Berustaða sem kallaður er Litlihellir (368:008) og er nú notaður sem kartöflugeymsla. Leifar hrútakofa fundust einnig við Efri-Sumarliðabæ (408:009) og í Hrúti (431:007). Einnig var skráður hrútakofi í landi Heiðar (378:017) en samkvæmt heimilisfólki stóð áður einn lítill slíkur kofi milli fjóss og bæjar.

Á svæðinu voru skráð 27 *hesthús*³ en átta þeirra eru horfin. Flest hesthúsin voru í landi Berustaða, Heiðar og Áshóls, eða 3-4 á hverjum bæ. Öll húsin í landi Berustaða (368:003-005 og 368:024) eru horfin af yfirborði en leifar allra hesthúsa í landi Áshóls og Heiðar sjást enn (366:009, 378:003, 378:005, 378:006) þó hleðslur margra þeirra séu ansi signar. Í landi Syðri Hamra var þekkt heimild um hesthús (372:004) en engar leifar þess fundust. Í Áslandi voru tveir manngerðir hellar notaðir sem hesthús og er annar þeirra enn undir þaki (358:013). Sá tók um 18 hross en hinn (358:018), sem er horfinn, tók 5-6 tryppi og vetrarforða af heyi fyrir þau. Auk þessara hella var skráður manngerður hellir í landi Hellnatúns (363:002) sem þjónaði sem hesthús og er hann enn uppistandandi þó aðeins hafi hrúnið úr þaki hans. Heilleg tóft undir signu bárujárnsþaki lokar munna hellisins. Þessi hellir var svo seinna notaður sem fjárhús.

³ Þar á meðal er einn uppistandandi torfkofi í Framnesi (360:001) sem var sambyggt fjós og hesthús.

Í landi Ásmundarstaða (364:011 og 364:012⁴) og Hárlaugsstaða (370:003 og 370:030) eru, samanlagt, fjórar hesthústóftir og á öllum stöðum standa hleðslur sæmilega vel. Álíkar tóftir voru einnig skráðar í landi Neðri-Sumarliðabæjar (408:004) og í Lindarbæ (428:008). Þrjár ógreinilegar þústir hesthúsa voru skráðar í landi Efri-Sumarliðabæjar (408:011, 408:021) og Vetleifsholts (424:007).

Heillegasta gamla hesthúsið á svæðinu (360:001) er í landi Framness en þar er fallegt torfhús í mjög góðu ásigkomulagi sem skipt var í fjós og hesthús.

Fimm önnur hesthús voru skráð á svæðinu, í Kálfholti (375:004), í Kálfholtshjáleigu (376:002), á Efri-Sumarliðabæ (408:007), í Vetleifsholti (424:009) og á Vetleifsholtsparti (428:011) en ekkert sést til þeirra lengur vegna sléttunar.

Á svæðinu voru skráð sextán fjós en aðeins fundust leifar þriggja (hugsanlega fjögurra). Trúlega hafa fjósin í flestum tilvikum verið sambyggð bæ og eitthvað af þeim tóftum og heimildum um útihús sem skráðar hafa verið heima við bæi með óþekkt hlutverk gætu hugsanlega einnig hafa verið fjós. Í Áslandi voru skráðir tveir staðir með sama nafni, Fjóshóll (358:028 og 358:030), en engar leifar fundust. Heimildir eru til um að fjós hafi í raun staðið á a.m.k. öðrum fjóshólnum (030) í kringum aldamótin 1800. Einnig var skráður Fjóshóll á bæjarhól Húsa (371:001) og hugsanlegt er að fjóstóft leynist þar á bæjarhólnum. Í landi Ásmundarstaða voru tvö fjós skráð, Vesturbæjarfjós (364:007) og Austurbæjarfjós (364:016), en leifar þeirra eru horfnar vegna sléttunar og bygginga á bæjarhól. Leifar tveggja fjósa fundust í landi Framness og Hárlaugsstaða. Í landi Framness (360:001) er ennþá uppistandandi torfhús í fínu ásigkomulagi sem var notað sem hesthús og fjós. Í landi Hárlaugsstaða er fjóstóft (370:002) á bæjarhól og standa hleðslur hennar enn grónar. Fjós sem skráð voru á Heiði, í Kálfholti og á Herríðarhóli (378:002, 375:003, 379:001) voru ekki áföst bæjarröðinni. Í sama húsi og fjósið á Heiði voru hins vegar einnig lambhús, hlaða, hesthús og kamar. Í Kálfholti var hlaða áföst fjósinu. Fjósið sem skráð var heima við bæ á Herríðarhóli var seinna nýtt sem fjárhús en fjósið var hlaðið um 1970. Ekki telst það sem lagaleg fornleif en skráningarmaður gat ekki hugsað sér að sleppa því að skrá það þar sem það var að mestu byggt úr torfi og grjóti. Ekki er ólíklegt að eldra fjós hafi staðið á sama stað eða áður verið hluti af gamla bænum. Fjós voru einnig skráð í bæjarröð Kálfholtshjáleigu (376:001), Efri-Sumarliðabæjar (408:002), Neðri-Sumarliðabæjar (408:006), Vetleifsholts (424:001), Rifshalakots (426:001) og Vetleifsholtsparts (429:002) en aðeins fundust leifar eins þeirra í bæjarröð Efri-Sumarliðabæjar.

⁴ Lítið garðbrot er einnig skráð undir sama númeri

Aðeins voru skráðar þrjár stakstæðar hlöður. Ein þeirra var manngerður hellir (358:017) í landi Áss sem tók hey fyrir 200 hesta. Þessi hellir var talinn týndur þar til nýlega opnaðist gat ofan í hann við núverandi íbúðarhús Áss. Önnur hlaða, Kumlið (368:025), var skráð í landi Berustaða en hún er nú horfin af yfirborði vegna nýbygginga. Loks var ein stakstæð hlaða skráð frá Efri-Sumarliðabæ (408:008) en þar sjást nú aðeins ógreinilegar hleðslur því húsið fauk árið 1991. Erfitt er að meta hversu margar hlöður hafa verið á svæðinu en gera má ráð fyrir að í mjög mörgum tilvikum hafi hlöður eða heygarðar verið sambyggðar útihúsum og slíkt er ekki skráð sérstaklega nema áreiðanlegar heimildir liggi fyrir.

Flest skepnuhús voru skráð heima við bæ í landi Húsa en þar eru þekktar sautján útihúsabyggingar, eða heimildir um slíkar, með fjölbreytt hlutverk. Mörg hús voru einnig skráð í Áslandi (16), á Ásmundastöðum (15), Berustöðum (13), Hellnatúni (11), Efri-Hömrum (9), Sauðholti (9), Efri-Sumarliðabæ (8), Hárlausstöðum (8) og Vettleifsholti (8). Sjö skepnuhús voru skráð í Hrúti og sex í Helli en aðeins fimm í Framnesi, Neðri-Sumarliðabæ og Heiði. Á öðrum bæjum voru skráð færri en fjögur skepnuhús. Erfitt er þó að telja nákvæmlega hversu mörg skepnuhús voru í raun nálægt bæ þar sem þau voru oft samföst bæjunum og því skráð með bæjarstæðinu frekar en að gefa þeim sérstakt númer.

Fornleifar með óþekkt hlutverk

Samtals voru skráðar 44 minjar með óþekkt hlutverk í Ásahreppi. Af þessum minjum sáust leifar á 39 stöðum. Í landi Hellnatúns voru skráðar þrjár aflangar dældir (363:009, 363:010, 363:020) sem hugsanlega voru manngerðir hellar. Engar heimildir hafa fundist um þessa meintu hella og er hlutverk þeirra því óþekkt. Sjö þústir, sem engar heimildir fundust um voru skráðar, í landi Framness (360:009), Berustaða (368:026e, 368:032), Efri-Hamra (369:013, 369:020), Hárlausstaða (370:015), Syðri Hamra (372:020) og Hamrahóls (373:011). Í flestum tilfellum voru hleðslur þeirra signar eða útflattar. Ein tóft með óþekkt hlutverk var skráð í landi Húsa (371:034) en í landi Hárlausstaða fundust hins vegar sjö tóftir (370:018, 370:023A og 023B og 370:025A, 025B, 025C og 025D) með óþekkt hlutverk og voru hleðslur þeirra allra signar. Í landi Sauðholts voru skráðar þrjár tóftir (374:020B og 020C og 374:006) og fjórar þústir (374:009 og 374:016A, 016B og 016C) sem trúlega hafa verið einhvers konar útihús. Í landi Kálfhólts voru skráð tvö þústasvæði (375:036 og 375:035) með óþekkt hlutverk (samtals 7 þústir) en engar heimildir fundust um þessi mannvirki. Þrjár tóftir voru skráðar í landi Króks (377:011, 377:019 og 377:020) og tvær í landi Herriðarhóls (379:028A og 028B). Ein tóft og gerði (425:019) með óþekkt hlutverk var skráð frá Helli ásamt tveimur þústum (425:020 og 021) og tvær þústir (431:008 og 431:012) frá Hrúti.

Mögulegt er að þústirnar tvær í nágrenni Hrúts séu aðeins náttúrumyndanir en þær þóttu þó heldur reglulegar til þess og voru því skráðar. Meint mannvirki (379:015) voru skráð í lítilli fallettri vík við Gíslholtsvatn en ekkert var vitað um hlutverk þeirra. Ekki er heldur vitað í hvaða tilgangi Siggutóft (377:012) í landi Króks var byggð en hún fannst ekki við vettvangsskráningu.

Stekkir, kvíar (stöðlar) og réttir

Stekkir voru yfirleitt byggðir í haga nálægt bæ og voru þeir oftast tvískipt hólfr; rétt fyrir rollurnar og lítill kró fyrir lömbin sem færð voru frá. Yfir stekkjartímann á vorin voru lömb lokað inni yfir nóttina frá ánum og í stekknum var markað, hrútar geldir, lömb skrudadregin og ær rýjaðar. Einnig voru ær þar stundum mjólkaðar.⁵

Skráðir voru nítján (hugsanlega tuttugu) stekkir í Ásahreppi. Á fjórum stöðum, í Áslandi (358:035 og 358:038), í landi Efri-Hamra (369:007) og Króks (377:010) voru aðeins þekkt örnefni sem bentu til stekkja en engar fornleifar fundust þrátt fyrir leit. Á níu stöðum til viðbótar fundust engar leifar stekkjanna þó að þeirra væri getið í heimildum. Slík var raunin með stekki frá Ásmundarstöðum, (364:018), Kálfholti (375:016), Vetleifsholti (424:013), Helli (425:008), Rifshalakoti (426:005), Götu (427:002), Lindarbæ (428:002), Vetleifsholtsparti (429:005) og Ráðagerði (432:005). Nákvæm staðsetning stekkja í Kálfholti og Króki er óþekkt en engar leifar fundust heldur af hinum stekkjastæðunum vegna túnasléttunar, bygginga og annars rasks. Engar heimildir hafa fundist um byggingu eða stærð þessara stekkja.

Aðeins fundust ummerki um sex stekki í Ásahreppi, fjórar tóftir og tvær þústir. Þær voru í landi Hamra (Syðri) (372:013), í landi Sels (365:015), Berustaða (368:031), Húsa (371:029), Áshóls (366:023) og frá Neðri-Sumarliðabæ (408:045). Flestir stekkir voru 400-950 m frá bæ (sjá töflu 1). Þó er hugsanlegt að leifar eins stekkjar í viðbót sé einnig að finna í landi Herriðarhóls. Þar var beitarhúsaþyrping 379:010 skráð á svonefndu Stekkatúnsholti. Yfir holtið, rétt austan við beitarhúsin, liggur nú malbikaður þjóðvegur heim að Herriðarhóli en hugsanlegt er að á þessu svæði hafi Stekkatún verið áður. Austan við þjóðveginn var svo skráð tóft 379:017 um 200 m NNA en var hún einnig flokkuð sem beitarhús. Tóftin er þó lítil og tvískipt og er ekki ólíklegt að hér sé um stekk að ræða en engar heimildir hafa þó fundist því til stuðnings og heimildamaður kannaðist ekki við stekk á þessu svæði.

Eins og áður segir voru skráðir 19-20 stekkir í Ásahreppi sem telst fremur lágt hlutfall miðað við að skráð voru tæplega sextíu bæir, býli og hjáleigur á svæðinu. Ekki er ólíklegt að á

⁵ Íslenzkir þjóðhættir, bls. 167

einhverjum tímapunkti hafi verið stekkir við flesta bæi í hreppnum þó leifar þeirra eða heimildir um þá hafi ekki fundist. Það vekur athygli að þeir stekkir sem fundust voru flestir einfaldar tóftir (379:017 ekki meðtalinn) nema stekkurinn í landi Áshóls sem var tvískipt tóft. Hugsanlegt er að tóftirnar hafi verið endurbyggðar eftir að hætt var að reka í stekk og þau notuð til einhvers annars eða að stekkjum hafi verið skipt upp með viðargrindum sem engin ummerki sjást lengur um.

Tafla 1 – Upplýsingar um stekki

Samtala	Heiti jarðar	Tegund	Fjarlægð frá bæ
RA-358:035	Ás	fannst ekki, örnefni	x
RA-358:038	Ás	fannst ekki, örnefni	x
RA-364:018	Ásmundarstaðir	fannst ekki	x
RA-369:007	Efri-Hamrar	fannst ekki, örnefni	x
RA-372:013	Hamra (syðri)	einföld tóft	400 m
RA-365:015	Sel	þúst	460 m
RA-368:031	Berustaðir	einföld tóft	580 m
RA-371:029	Húsar	einföld tóft	580 m
RA-366:023	Áshóll	tvískipt tóft	645 m
RA-375:016	Kálfholt	heimild	x
RA-377:010	Krókur	örnefni	x
RA-379:017	Herríðarhóll	örnefni (tóft?)	740 m
RA-408:045	Neðri-Sumarliðabær	þúst	950 m
RA-424:013	Vetleifsholt	heimild	600 m ?
RA-425:008	Hellir	heimild	150-200 m ?
RA-426:005	Rifshalakot	heimild	160 m
RA-427:002	Gata	heimild	80 m
RA-428:002	Lindarbær	heimild	50 m
RA-429:005	Vetleifsholtspartur	heimild	170 m
RA-432:005	Ráðagerði	heimild	260 m ?

Eftir stekkjartímamann á vorin voru lömb færð frá í kvíum og rekin í haga. Ær voru þar svo mjólkaðar kvölds og morgna. Kvíar voru yfirleitt einfaldar, mjóar og aflangar tóftir í nánd við bæ en á síðari tímum var einnig notast við færiskvíar úr timbri eða náttúrumyndanir sem gáfu gott aðhald. Ef þröngt var um haga nálægt bæ voru ær reknar í sel lengra í burtu. Hugtakið “stöðull” er einnig notað um staði þar sem kvíær voru mjólkaðar. Oftast er það þó notað um staði þar sem kýr voru mjólkaðar þegar þær gengu lausar úti á sumrin og haustin. Smalar sem ráku fé og kýr í kvíar/stöðla reistu sér oft byrgi/skýli í nágrenni kvía en engar heimildir eða leifar slíkra mannvirkja voru skráð í Ásahreppi.⁶

Í Ásahreppi voru aðeins skráðir fimm *stöðlar* og sjö *kvíar*. Í landi Herríðarhóls var skráð örnefnið Stöðull (379:008) en þar stendur nú íbúðarhús jarðarinnar. Engar leifar stöðuls

⁶ Íslenzkir þjóðhættir; 62, 168-169, 173

sjást á þessum slóðum en örnefnið gefur til kynna að kýr eða ær hafi á einhverjum tímapunkti verið mjólkaðar á svæðinu. Heimildir greindu einnig frá stöðli heima við bæ í landi Efri-Sumarliðabæjar (408:030), Hellis (425:006), Veteifsholts (424:015) og Rifshalakots (426:004) en vegna rasks við bæina og sléttunar túna fundust engar fornleifar á þessum stöðum.

Heimildir eru þekktar um sjö kvíar í Ásahreppi en hvergi sáust ummerki þeirra. Í landi Sels (365:001) eru örnefnin Skjólkvíavík (365:020) og Kvíaból (365:007) þekkt. Skjólkvíavík er um 1400 m frá bæ og Kvíaból er um 240 m frá bæ þar sem nú er íbúðarhús jarðarinnar. Kvíar voru einnig skráðar í landi Veteifsholts (424:016), Hellis (425:007), Götu (427:003), Lindarbæjar (428:004) og Veteifsholtsparts (429:006). Flest þessi mannvirki voru 50-200 m frá bæ en engar heimildir hafa fundist um stærð þeirra eða gerð. Ekki er ólíklegt að kvíar og/eða stöðlar hafi verið við flesta bæi í hreppnum sem byggðust áður en notkun kvía/stöðla lagðist af þó ekki finnist um það heimildir nú.

Samtala	Heiti jarðar	Tegund	Fjarlægð frá bæ
RA-365:007	Sel	heimild, kvíar	240 m
RA-365:020	Sel	örnefni, kvíar	1400 m ?
RA-379:008	Herríðarhóll	örnefni, stöðull	120 m ?
RA-408:030	Efri-Sumarliðabær	heimild, stöðull	50 m
RA-424:015	Veteifsholt	heimild, stöðull	110 m ?
RA-424:016	Veteifsholt	heimild, kvíar	110 m ?
RA-425:006	Hellir	heimild, stöðull	150-200 m ?
RA-425:007	Hellir	heimild, kvíar	150-200 m ?
RA-426:004	Rifshalakot	heimild, stöðull	160 m
RA-427:003	Gata	heimild, kvíar	80 m
RA-428:004	Lindarbær	heimild, kvíar	50 m
RA-429:006	Veteifsholtspartur	heimild, kvíar	170 m

Tafla 1 – Upplýsingar um stöðla og kvíar

Á haustin var farið í göngur til að sækja fé sem hleypt var á fjall á vorin og það svo rekið í réttir. Réttir eru yfirleitt notaðar til að geyma fé tímabundið, draga í dilka, snyrta klaufir, rýja og fleira. Réttir voru mjög misjafnar að stærð og gerð, hringlaga eða ferhyrndar, einfaldar eða margskiptar, og voru ýmist heima við bæi og á afréttum.⁷ Oft voru gagnakofar einnig byggðir á afréttum handa gangnamönnum (sjá upplýsingar um slíka kofa og skilaréttir á afréttum í kafla að neðan um Holtamannaafrétt).

Skráðar voru átján réttir í nánd við bæi og eru tíu þeirra að einhverju eða öllu leyti enn

⁷ Íslenzkir þjóðhættir, 87-89

uppistandandi. Allar réttirnar eru einfaldar. Tvær þeirra eru torfhlaðnar og töluvert rofnar (371:033 og 368:014) en átta (368:007, 368:030, 369:018, 370:020, 373:012, 377:022, 408:012, 408:038C) eru hlaðnar úr torfi og grjóti og eru í góðu ásigkomulagi. Út frá tveimur þeirra (373:012 og 369:018) liggja 10-30 m löng garðlög hlaðin úr torfi og/eða grjóti.

Auk þeirra rétta sem getið er að ofan voru þekktar heimildir um átta réttir sem ekki sjást lengur. Þær voru frá Kálfholti (375:030), Vetleifsholti (424:012 og 408:014), Helli (425:009), Rifshalakoti (426:006), Lindarbæ (428:002), Vetleifsholtsparti (429:004) og Ráðagerði (432:004). Þessar réttir hafa ýmist horfið í túnasléttun, vegna bygginga eða annars rasks umhverfis bæina. Allar réttirnar voru frekar nálægt bæ eða innan við 700 m, nema rétt (408:038C) sem skráð var sem hluti af beitarhúsum frá Efri-Sumarliðabæ og rétt (368:014) frá Berustöðum sem nýtt var til að hýsa fé yfir nótt fjarri bæ áður en rekið var á fjall.

Tafla 2 – Upplýsingar um réttir

Samtala	Heiti Jarðar	Tegund	Fjarlægð frá bæ
RA-368:007	Berustaðir	einföld rétt	120 m
RA-368:014	Berustaðir	einföld rétt	2800 m
RA-368:030	Berustaðir	einföld rétt	300 m
RA-369:018	Efri-Hamrar	einföld rétt	105 m
RA-370:020	Hárlausstaðir	einföld rétt	350 m
RA-371:033	Húsar	einföld rétt	100 m
RA-373:012	Hamrahóll	einföld rétt	115 m
RA-375:030	Kálfholt	heimild	250 m
RA-377:022	Krókur	einföld rétt	640 m
RA-408:012	Efri-Sumarliðabær	einföld rétt	50 m
RA-408:038C	Efri-Sumarliðabær	einföld rétt	1300 m
RA-424:012	Vetleifsholt	heimild	600 m ?
RA-424:014	Vetleifsholt	heimild	110 m ?
RA-425:009	Hellir	heimild	150-200 m ?
RA-426:006	Rifshalakot	heimild	160 m
RA-428:002	Lindarbær	heimild	50 m
RA-429:004	Vetleifsholtspartur	heimild	170 m
RA-432:004	Ráðagerði	heimild	260 m ?

Beitarhús, fjárskýli og sel

Beitarhús eru fjárhús sem voru víða og oftast langt frá bæjum. Voru þau nýtt til útbeitar sauða á vetrum og þurfti þá að leggja af stað fyrir sólarupprás til þess að láta féð út ef veður var gott og nægt að bíta en ef lítið var um slíkt var fénu gefið og það svo látið út. Staðið var yfir fénu ef veður var gott. Geldfé, sauðum og gemlingum var oftast hleypt út á vorin og var féð látið ganga úti svo til allt árið ef veður var ekki of slæmt.⁸

⁸ Íslenzkir þjóðhættir, 100

Í Ásahreppi voru skráð 70 beitarhús á 26 jörðum. Leifar 50 beitarhúsa og 15 þústa finnast ennþá á yfirborði en fimm beitarhús (425:010, 375:013, 376:012, 424:022, 428:010) voru horfin af yfirborði vegna sléttunar og annars rasks. Flestar beitarhúsatóftir voru í landi Hárlaugsstaða eða fimm. Í landi Áss voru skráð ein mjög sigin beitarhús frá Áskoti (358:027) um 1500 m frá bæ og ein frá Ási (358:034) og eru þau 1700 m frá bæ. Hleðslur þeirra eru frekar signar. Í landi Áskots voru einnig skráð ein beitarhús (361:004) en tóftirnar eru frekar signar. Ekki er víst frá hvaða bæ þau voru nýtt en þau voru um 1900 m frá Áskoti. Frá Ásmúla (359:010) voru skráð beitarhús um 830 m frá bæ en hleðslur þeirra eru mjög signar. Beitarhús voru einnig skráð í landi Húsa (371:031) um 950 m frá bæ. Í landi Hárlaugsstaða voru skráðir þrír staðir og fimm beitarhús. Beitarhúsin eru 1300-1800 m frá bæ og samanstanda af tveimur hrútakofum (370:009 og 370:016), fjárhúsi (370:016), sauðahúsi (370:029)⁹ og einni tóft með óþekkt hlutverk (370:016). Hleðslur tóftanna eru alls staðar greinilegar en hleðslur fjögurra tófta eru þó signar. Í landi Hellnatúns voru skráð þrjú beitarhús. Á tveim stöðum (363:030 og 363:033) eru hleðslur húsanna mjög signar og útflattar. Á þriðja staðnum er beitarhúsatóftin (363:031) mjög greinileg þó hleðslur hennar séu einnig signar. Tvenn frekar illa farin beitarhús (sauðahús 364:029A-D og 364:023) voru skráð í landi Ásmundarstaða í 1700-2200 m frá bæ. Beitarhús (sauðahús 372:015) sem kallast Hreinstótt voru skráð í landi Syðri-Hamra um 1700 m frá bæ. Í landi Hamrahóls voru skráðar tvær beitarhústóftir (373:006 og 373:007) um 600 m frá bæ. Voru tóftirnar báðar einfaldar og hleðslur þeirra frekar signar. Tvær beitarhúsatóftir voru einnig (366:005) skráðar í landi Áshóls. Þær voru á flatlendi um 1600 m frá bæ og skáru sig vel úr umhverfinu þó hleðslur væru frekar signar. Var önnur tóftin þrískipt og líklega fjárhús og hlaða á meðan sú minni var aðeins einföld og hefur líklega þjónað sem hrútakofi. Í landi Berustaða var aðeins eitt beitarhús skráð. Voru húsinn um 1800 m frá bæ og hleðslur þeirra útflattar (368:028). Í landi Efri-Hamra voru skráð tvö beitarhús (369:021 og 369:026), 710-1500 m frá bæ, og voru hleðslur 026 signar en hleðslur 021 stóðu grónar. Samkvæmt heimildamanni voru beitarhús (369:026) í landi Efri-Hamra sauðahús.

Frá Kálfholti voru skráðar fjórar beitarhúsatóftir, 500-1700 m frá bæ, og eru hleðslur allra tóftanna signar. Ein einföld tóft og ein tvískipt var skráð á Borgarholti (375:019A og 019B), ein tvískipt tóft á Sauðhúsarima (375:020) og ein fimmföld í Potti (375:007). Frá Kálholtshjáleigu var skráð eitt tvískipt beitarhús (376:007) um 1800 m frá bænum en í landi Króks fundust tvö beitarhús (377:024, 377:025) um 1500 m frá bæ og var önnur tóftin einföld en hin tvískipt. Í landi Herríðarhóls voru skráð fjögur beitarhús, 210-1500 m frá bæ

⁹ skráð með hesthúsi sem er á sama stað

og þrjú frá Efri-Sumarliðabæ, 1300-1400 m frá bæ. Í landi Herríðarhóls var ein þrískipt tóft (379:004) skráð rétt utan við heimatún, eitt tvískipt sauðahús (379:009) um 1500 m frá bæ, fjórar tóftir (379:010A til D) á Stekkatúnsholti (ein fjórskipt og þrjár einfaldar) og loks ein tvískipt tóft (379:017) rétt suðaustan við þjóðveg 284. Tóft 379:017 var skráð sem beitarhús en einnig er hugsanlegt að hér sé um stekk að ræða (sjá stekkjakafla hér að ofan). Í landi Efri - Sumarliðabæjar voru skráðar tvær tóftir (408:038A-B) um 1300 m frá bæ og var önnur einföld en hin þrískipt. Einnig var skráð ein einföld sauðahústóft (408:041) á Sauðhússflöt. Í landi Heiðar, Neðri-Sumarliðabæjar og Vetleifsholts, frá Götu og frá Vetleifsholtsparti voru svo skráðar fimm tóftir, eitt beitarhús frá hverjum bæ. Beitarhúsin frá Heiði (378:014) eru tvískipt og um 770 m frá bæ utan í Brattholti. Tóftin í landi Neðri-Sumarliðabæjar (408:043C) var skráð utan í Selhól og er hún einföld. Frá Vetleifsholti var svo skráð beitarhús um 1200 m frá bæ sem kallast Simbatótt og voru það sauðahús. Tóftirnar eru þrjár (424:020A, B og C), tvær þrískiptar og ein einföld. Á Götuengjum var skráð eitt einfalt beitarhús sem kallast Stebbatóft (427:004A) um 3500 m frá bæ en á því svæði voru einnig skráð tvö heystæði. Að lokum voru beitarhús skráð frá Vetleifsholtsparti í Egilsnefi um 670 m frá bæ. Þar eru þrjár tóftir, tvær einfaldar og ein tvískipt (429:007A, B og C). Tóftirnar eru flestar í frekar lélegu ásigkomulagi og hleðslur signar vegna hrossabeitar og náttúrulegs rofs.

Átta þústir beitarhúsa voru svo skráðar í landi Sauðholts (374:004), frá Vetleifsholti (424:027, 424:034), Helli (425:014), Rifshalakoti (426:009), Götu (427:006), Lindarbæ (428:011) og Vetleifsholtsparti (429:012). Allar þústirnar eru rofnar og hleðslur svo til útflattar vegna hrossabeitar, náttúrulegs rofs og sléttunar. Beitarhúsin eru flest í 500–2000 m fjarlægð frá bæ. Af öllum þessum fjölda beitarhúsa er hægt að fullyrða að mikil fjárrækt var stunduð á flestum, ef ekki öllum, bæjum í Ásahreppi og hefur beitiland verið vel nýtt á vetrum.

Tafla 3 – Upplýsingar um beitarhús

Samtala	Heiti jarðar	Tegund	Fjarlægð frá bæ
RA-358:027	Ás	tvískipt tóft	1500 m
RA-359:010	Ásmúli	óljós tóft	830 m
RA-361:004	Áskot	einföld tóft	1900 m
RA-358:034	Ás	tvær tóftir, einföld og tvískipt	1700 m
RA-363:030	Hellnatún	þrískipt tóft	410 m
RA-363:031	Hellnatún	tvískipt tóft, áfast gerði	1100 m
RA-363:033	Hellnatún	óljós tóft	530 m
RA-364:023	Ásmundarstaðir	tvískipt tóft	2180 m
RA-366:005	Áshóll	tvær tóftir, einföld og þrískipt	1600 m

RA-368:028	Berustaðir	tvískipt tóft	1800 m
RA-369:021	Efri-Hamrar	einföld tóft	710 m
RA-369:026	Efri-Hamrar	tvískipt tóft	1500 m
RA-370:009	Hárlausstaðir	einföld tóft	1340 m
RA-370:016	Hárlausstaðir	þrjár tóftir, 2 einskiptar, 1 þrískipt	1420 m
RA-370:029	Hárlausstaðir	tvískipt tóft	1800 m
RA-373:006	Hamrahóll	einskipt tóft	600 m
RA-373:007	Hamrahóll	einskipt tóft	600 m
RA-364:029	Ásmundarstaðir	fjórar tóftir	1700 m
RA-371:031	Húsar	tvískipt tóft	950 m
RA-372:015	Syðri-Hamrar	tóft	1700 m ?
RA-374:004	Sauðholt	þúst	2200 m
RA-375:007	Kálfholt	tóft	500 m
RA-375:019	Kálfholt	tvær tóftir	1300 m
RA-375:020	Kálfholt	tóft	1700 m
RA-375:021	Kálfholt/Djósartún?	heimild	2900 m/590 m ?
RA-376:007	Kálholtshjáleiga	tóft	1800 m
RA-376:012	Kálholtshjáleiga	frásögn	1500 m
RA-377:024	Krókur	tóft	1500 m
RA-377:025	Krókur	tóft	1600 m
RA-378:014	Heiði	tóft	770 m
RA-379:004	Herríðarhóll	tóft	220 m
RA-379:009	Herríðarhóll	tóft	1500 m
RA-379:010	Herríðarhóll	fjórar tóftir	950 m
RA-379:017	Herríðarhóll	tóft	740 m
RA-408:038A-B	Efri-Sumarliðabær	tvær tóftir	1300 m
RA-408:041	Efri-Sumarliðabær	tóft	1400 m
RA-408:043C	Neðri-Sumarliðabær	tóft	1700 m
RA-424:020	Óljóst	þrjár tóftir	1200 m ?
RA-424:022	Vetleifsholt	heimild	1800 m
RA-424:027	Vetleifsholt	þúst	1800 m
RA-424:034	Óljóst	þúst	1200 m ?
RA-425:010	Hellir	heimild um helli	1200 m ?
RA-425:014	Hellir	5-6 þústir	1400 m
RA-426:009	Rifshalakot	tvær þústir	1100 m
RA-427:004	Gata	tóft	3500 m
RA-427:006	Gata	tvær þústir	760 m
RA-428:010	Lindarbær	þúst	1600 m
RA-428:011	Lindarbær	þúst	760 m
RA-429:007	Vetleifsholtspartur	þrjár tóftir	670 m
RA-429:012	Vetleifsholtspartur	þúst	1100 m

Sel voru byggð í úthögum eða til dala til að nýta beit og hlífa högum heima við bæ en yfirleitt ekki lengra en dagleið í burtu. Samkvæmt síðari tíma heimildum voru sel venjulega þrjú til fjögur hús. Mjólkurhús og/eða skyrkofi þar sem mjólkin úr kúm og ám var unnin, baðstofa fyrir mjaltastúlkur og eldhús fyrir stúlkurnar og smalana. Einnig voru oft í seli kvíar til að mjólka ærnar í og stundum jafnvel fjárréttir og kofi handa kúm ef þær voru hafðar í seli með

ánum. Smalakofar/byrgi voru oft byggð í nágrenni við sel fyrir smalana sem smöluðu saman sauðunum snemma á morgnana en engin slík mannvirki voru skráð í Ásahreppi. Beitarhús staðsett langt frá bæ voru stundum notuð sem sel á sumrin og var þá t.d. hlaðan nýtt sem svefnaðstaða og baðstofa á meðan fjárhúsin sjálf voru nýtt sem mjólkurhús.¹⁰

Aðeins voru skráð níu sel í Ásahreppi og voru fjarlægðir þeirra frá bæ mjög mismunandi, allt frá 950 m upp í 5400 m. Í landi Húsa var skráð ein seltóft (371:040) utan í s.k. Selholti og voru hleðslur hennar signar. Einnig fundust tvær mjög signar tóftir á seli í Efri-Hömrum (369:006) utan í holti sem kallast Seljabrekkur. Í landi Neðri-Sumarliðabæjar voru tvær tóftir (408:043A-B) utan í hól sem kallast Selhóll og ein seltóft (371:040) var skráð í landi Húsa á Selholti. Tvískipt tóft (375:025) var skráð á Ferjuholti sem er líklega sel eða beitarhús. Tvö örnefni, Gamla-Sel (408:034) og Selkelda (408:018), voru skráð í landi Neðri-Sumarliðabæjar. Staðsetning Gamla-Sels er ekki ljós en óljós þúst var skráð norðan við bæ sem hugsanlega gæti verið leifar þess. Selkelda er ekki mjög langt frá svæðinu þar sem Gamla-Sel stóð svo ekki er óhugsandi að um tvö örnefni sem tengjast sömu fornleif sé að ræða enda fundust engar tóftir nálægt keldunni. Í landi Ásmundarstaða greindu heimildir frá hólum sem kallast Selhólar (364:022) en nú kannast enginn við að þar hafi nokkurn tíma verið sel. Engar fornleifar fundust er hólarnir voru gengnir. Tvær aðrar heimildir um sel voru skráðar, annars vegar frá Kálfholti (375:021) og hins vegar í landi Veleifsholts (Sveinssel 424:026, ekki ljóst hvort um er að ræða sel frá bænum) en engar fornleifar fundust þar heldur. Tóftir selsins í Kálfholtsslandi eru nú alveg horfnar þar sem beitarhús voru seinna byggð á sama stað og svæðið er allt horfið undir þjóðveg 1.

Níu sel á hátt í 60 bæjum og býlum verður að teljast mjög lágt hlutfall miðað við þá miklu fjárrækt sem virðist hafa verið á svæðinu. Þessar niðurstöður þurfa þó e.t.v. ekki að koma á óvart þar sem Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns getur þess að aðeins 8% allra bæja í Rangárvallasýslu hafi átt sel í upphafi 18. aldar.¹¹ Hvort að það þýðir að lítið hafi verið nýtt af mjólk ána á þessum slóðum eða að beitarhús hafi einfaldlega verið nýtt sem selaðstaða er ekki vitað.

Tafla 4 – Upplýsingar um sel

Samtala	Heiti Jarðar	Tegund	Fjarlægð frá bæ
RA-371:031	Húsar	þrískipt tóft	950 m
RA-364:022	Ásmundarstaðir	fannst ekki, örnefni	1600 m
RA-369:006	Efri-Hamrar	tvær tóftir	2600 m

¹⁰ Íslenzkir þjóðhættir, bls 61-62; Heimdragi IV, bls. 137-140

¹¹ Segðu mér sögu af seli, 40

RA-371:040	Húsar	tóft	1200 m
RA-375:021	Kálfholt	heimild	2900 m
RA-375:025	Kálfholt	tvískipt tóft	2250 m
RA-408:034	Neðri-Sumarliðabær	þúst?	1600 m
RA-408:043A-B	Neðri-Sumarliðabær	tvær tóftir	1700 m
RA-424:026	Óljóst	heimild	5400 m ?

Fjárskýli/borgir voru aðallega byggð sem skýli fyrir fé í illviðrum á vetrum og stóðu þau oft langt frá bæ. Yfirleitt var um að ræða kringlótt byrgi hlaðin úr torfi án jata eða garða. Samkvæmt séra Jónasi Jónassyni frá Hrafnagili var fé á Suðurlandi “mjög hart haldið til beitar,” og víða í Rangárvallasýslu voru hús ekki byggð yfir fé heldur aðeins lélegar fjárborgir og/eða hellar. Samkvæmt honum var ekki venja að gefa fé í snjóléttari sveitum fyrr en um eða eftir jól.¹²

Fjárskýli voru skráð á níu jörðum, alls 16 talsins. Í landi Áss voru skráð átta fjárskýli en aðeins fundust leifar þeirra á tveimur stöðum þar sem manngerðir fjárhellar voru enn undir þaki (358:014 og 358:015). Báðir hellarnir tóku um 100 fjár en voru einnig notaðir sem hlöður. Aðrir fjórir fjárhellar (358:016, 358:020, 358:021 og 358:022) sem voru í landi Áss eru horfnir og staðsetning þriggja þeirra er óþekkt. Örnefni í landi Áss (Byrgishóll 358:039) og Hellnatúns (Ásbyrgi 363:029) gefa til kynna hugsanleg fjárskýli á svæðinu en engar minjar fundust. Í landi Ásmundarstaða og Hárlaugsstaða voru tvö örnefni, Borgargil (364:009) og Borgarholt (370:010) sem bentu til fjárskýla en engar minjar fundust. Í landi Áshóls (366:006 og 366:021) og Hárlaugsstaða (370:007) voru heimildir um fjárskýli en engar fornleifar fundust heldur um þau þar. Í landi Efri-Hamra voru skráðar leifar tveggja fjárskýla. Við Hamragil er hellir (369:008) sem notaður var sem fjárskýli og tók hann um 30 kindur. Nú hefur hrunið úr þaki hans. Hitt fjárskýlið er aðeins þúst (369:005) og eru hleðslur hennar mjög signar. Örnefnið Byrgi var skráð í landi Sauðholts (374:005) en engar tóftir fundust. Grjóthlaðið fjárskýli og einföld þúst fjárskýlis voru skráð í landi Króks (377:009 og 377:013). Frá Herriðarhóli var skráð tóft og þúst fjárskýla í Borgarhólum (379:011 og 012) og frá Lindarbæ (428:010) var skráð meint fjárskýli á svæði sem kallast Fornaborg. Mjög líklegt er að fleiri leifar fjárskýla kunni að leynast í Ásahreppi.

Myllur

Tvær vatnsknúnar myllur voru skráðar í Ásahreppi. Önnur þeirra (358:023) var samkvæmt örnefnaskrá kornmylla sem sett var upp árið 1911 en aflögð 1915. Ekkert er eftir af henni

¹² Íslenzkir þjóðhættir, 99, 471-472

annað en ógreinleg tóft við Ásgilslæk. Önnur kornmylla (370:017) var í landi Hárlaugsstaða við læk í Stóragili (Hárlaugsstaðagili) en þar er aðeins mjög ógreinileg þúst á lækjarbakkanum.

Landamerki

Níu landamerkjagarðar og ellefu landamerkjavörður voru skráð í Ásahreppi. Á landamerkjum Sels og Áshóls var skráð eitt garðbrot (366:019) og tvær landamerkjavörður (366:003 366:004) mörkuðu landamerki milli Sels, Áshóls og Berustaða en vörðurnar eru nú báðar horfnar. Skráður var landamerkjagarður (366:016) á merkjum Áshóls og Þjóðólfsstaða og garðbrot (364:033) var skráð á austurmerkjum Ásmundarstaða. Garðlag sem kallast Fornmannagarður (379:014 og 408:044) var annars vegar skráð á merkjum Herriðarhóls og Gíslholts sunnan við Gíslholtsvatn og hins vegar á landamerkjum Efri- og Neðri-Sumarliðabæjar og Gíslholts. Annað garðlag (379:027) var skráð á landamerkjum Herriðarhóls og Gíslholts norðan við Gíslholtsvatn sem og garðlag (408:028) á landamerkjum Efri- og Neðri-Sumarliðabæjar og á vesturlandamerkjum Efri-Sumarliðabæjar (408:036) við Svartalæk. Umfangsmikil garðlög sem gætu verið landamerkjagarðar voru einnig skráð við bæinn Helli (424:025) og á milli Rifshalakotslands og Vetleifsholts (426:013) en mögulegt er að þessar leifar hafi aðeins verið torfhleðslur undir girðingar. Varða var skráð á landamerkjum Berustaða, Áshóls og Þjóðólfsstaga (368:018) en hún er nú horfin undir þjóðveg 1. Örnefnið Vörðuholt (368:020) var skráð á landamerkjum Berustaða og Ásland en varðan sem stóð á holtinu er nú horfin. Örnefnið Vörðuholt (369:004) var einnig skráð nálægt landamerkjum Efri-Hamra en engin varða fannst á holtinu. Náttúrulegur steinn sem nefnist Grásteinn (371:032) var skráður á svæðinu og er hann þar sem landamerki Húsa, Hárlaugsstaða, Syðri-Hamra og Króks mætast. Heimild var einnig um vörðu (372:009) á landamerkjum Syðri-Hamra en staðsetning hennar er óljós þar sem hún er nú horfin. Skráð var hornvarða milli Raftholts, Lýtingsstaða og Neðri-Sumarliðabæjar (408:017), varða (424:011) á merkjum Framness og Vetleifsholtshverfis, varða í Langarima (375:010) á merkjum Kálfhólts og Hamrahverfis og vörður (424:028) á Eystra-Brúnarhorni á milli Vetleifsholtshverfis og Bjóluhverfis en engar leifar þeirra fundust vegna rofs og nýlegra landamerkjaskurða.

Garðlög, gerði og girðingar

Alls var skráður 61 kálgarður í Ásahreppi. Aðeins fundust leifar sex þeirra og eru því um 90% matjurtagarðanna horfnir vegna rasks við bæjarhól (358:008, 358:024-025, 358:041, 359:005-

006, 360:005, 361:002-003, 363:021, 363:023, 364:006, 364:025-027, 365:008, 365:022, 366:020, 366:022, 366:024, 368:012-013, 369:009-011, 370:031-034, 371:039, 372:007, 372:017, 373:013-014, 374:011, 375:028-029, 376:009-011, 377:015-016, 378:007-009, 379:019, 428:013, 408:019, 408:027, 408:035, 424:033, 425:015, 425:019, 426:007, 427:008, 428:005, 428:014, 429:008, 430:002, 432:008).

Upplýsingar um flesta garðana koma af túnakortum af heimatúnum bæjanna frá því um 1920. Aðeins fundust ógreinilegar leifar torfhlaðinna gerða umhverfis kálgarða í landi Hellnatúns (363:021), Húsa (371:039) og Berustaða (368:012), í Sauðholti (374:003), á Efri-Sumarliðabæ (408:029) og í Lindarbæ (428:013). Yfirleitt er ekki vitað hvað var ræktað í görðunum en allir voru þeir staðsettir stutt frá bæ og torfhlaðnir. Auk þeirra garða sem getið er að ofan var einfalt og torfhlaðið gerði skráð á Króki (377:017) og var það líklega kálgarður þó að engar heimildir séu tiltækar um hlutverk þess.

Tvö örnefni voru skráð sem gefa til kynna hugsanlega akuryrkju. Annars vegar, Akurkinn (368:019), í landi Berustaða og hins vegar Kornhóll (424:010) í Vetleifsholtshverfi. Í Akurkinn var ræktað korn í kringum 1920 en engin ummerki um kornræktina sjást lengur þar sem búið er að slétta svæðið í tún. Örnefnið Kornhóll er í nágrenni bæjanna í Vetleifsholtshverfi en engar aðrar heimildir eða mannvirki tengd akuryrkju hafa fundist.

Í hreppnum voru skráðir 12 túngarðar. Í túnjaðri Stekkjartúns í Áslandi (358:042) var skráð um 180 m langt, torfhlaðið, garðbrot og utan um Stekkatún í Selslandi var skráð um 360 m langt torfhlaðið garðlag (365:021). Í jaðri heimatúns Berustaða (368:016) var skráður um 1000 m langur torfhlaðinn túngarður en einnig var skráður víðáttumikill, um 2500 m langur túngarður (368:034) á Flötusléttu. Tvö túngarðsbrot voru einnig skráð í landi Hárlaugsstaða. Annað túngarðsbrotið (370:019) er torfhlaðið og um 50 m langt við Austurklett en hitt er einnig torfhlaðið og um 430 m langt (370:027) í Vesturengjum Hárlaugsstaða og hefur það hugsanlega skilið á milli Vesturengja og Austurengja. Í landi Húsa eru tvö torfhlaðin garðbrot (371:021) sem skráð voru í jaðri heimatúns og bæði voru talin tilheyra sama túngarði. Í landi Húsa var afgirt tún sem kallaðist Móagirðing og utan um það er torfhlaðinn túngarður (371:027). Að auki fundust leifar fjögurra annarra túngarða og eru þeir heillegustu í landi Sauðholts (374:015) og Ásmundarstaða (364:032). Umhverfis Sumarliðabæina (408:016) og Helli (425:005) eru nú aðeins ógreinileg garðbrot hér og þar en túngarðarnir hafa á undanförnum árum/áratugum vikið í ýmiskonar raski umhverfis bæina. Allir túngarðarnir voru torfhlaðnir. Ekki er ólíklegt að túngarðar hafi áður girt af heimatún eða hluta þeirra á fleiri bæjum í Ásahreppi þó að engar leifar eða heimildir finnist um það nú.

Auk þeirra garðlaga sem getið er að ofan voru skráð nokkur garðlög í Ásahreppi með

margvísleg hlutverk. Garðlag (374:013) sem kann að hafa afmarkað traðir heim að bæ í Sauðholti var skráð í hreppnum en það er nú að hluta sléttað. Stóðhestagirðing (375:033) var skráð í landi Kálfholtis en þar sést nú aðeins ógreinilegt torfhlaðið garðlag við Kálfalæk. Örnefnið Nauthólsgirðing (358:005) var skráð í landi Áss. Samkvæmt heimildum var nautagirðing á svæðinu meðan naut voru haldin í hreppnum áður en sæðingar komu til sögunnar en samkvæmt heimildamanni var girðingin aðeins venjuleg vírgirðing en þó er hugsanlegt að á einhverjum tímapunkti hafi verið garðlög á svæðinu sem þjónuðu sama tilgangi þótt ekkert sjáist nú til þeirra. Í Kálfholtshjáleigu hefur varðveist frásögn af torfhlöðnum nátthaga (376:013) en þar sést nú ekkert til fornleifa vegna rasks á bæjarhól. Einnig fundust heimildir um nátthaga (368:021) í túni Berustaða. Þar voru torfhlaðin garðlög utan um hagann en þau eru nú horfin vegna túnasléttunar. Gerði (366:008) var skráð í landi Áshóls og eitt torfhlaðið gerði og ein þúst voru skráð frá Sauðholti (374:020A) og Hrúti (431:009). Tvö síðarnefndu mannvirkin eru torfhlaðin og eru hleðslur þeirra signar. Hlutverk þeirra eru óþekkt en líklegast er að um einhvers konar aðhald eða gerði fyrir búpening sé að ræða.

Vörslugarður var í mýri við Steinslæk en nú eru garðlögin horfin vegna túnasléttunar. Tvær heimildir um varnargarða til skjóls fyrir skepnur voru skráðar í Vetleifsholtshverfi og kölluðust þeir Hellisskjólgarðar (425:012) og Götuskjólgarðar (427:009) en ekkert sést til þeirra lengur. Heimild er einnig þekkt um torfhlaðinn skjólgarð (358:040) fyrir hross í landi Áss en garðlagið fannst ekki.

Fleiri garðlög voru skráð í hreppnum en þau eiga það öll sameiginlegt að ekki er ljóst hvaða hlutverki þau hafa gegnt þó líklegt sé að flest þeirra hafi verið einhverskonar vörslu- eða varnargarðar og/eða hleðslur undir girðingar. Garðlögin eru samtals 17 talsins (358:043, 370:022, 372:012, 374:021, 361:006, 377:021, 372:021A-C, 375:034, 377:023, 378:012, 379:030, 408:014, 408:032, 408:039, 432:007) og öll torfhlaðin, en illa farin vegna rofs og rasks af mannavöldum.

Heygarðar, heystæði og áveitur

Til forna virðist hafa verið tíðara að safna saman heyi af litlum blettum í högum eða á engjum. Slík hey voru þá gjarnan sett í stakka og heystæði en oft mun það einnig hafa verið flutt heim í heygarða (eða heyrúm) sem þjónuðu sama tilgangi og hlaða. Samkvæmt Jónasi frá Hrafnagili virðast heygarðar hafa verið óalgengir á síðari tímum nema á Suðurlandi en á 18.öld voru þeir byggðir allt norður á Snæfellsnes og austur í Hornafjörð. Heygarðar voru

oftast staðsettir á bak við bæi, innan húsgarðs. Þá var oftast hlaðinn var torfgarður í kring um heygarða/heystæði og innan þeirra voru hlaðnar desjar (upphækkanir fyrir heyið) úr mold og grjóti. Á milli desjanna voru skurðir og ræsi til að taka við regnvatni. Heyi var svo hlaðið í stæður á desjarnar en geil höfð með veggjum og á milli desjanna. Tyrft var síðan yfir toppinn en stafnar og hliðar sátanna hafðar berar. Þar sem lágur trjágróður var fáanlegur var hann lagður allt í kring um desjarnar og yfir geilarnar á hliðunum og tyrft yfir en það kom í veg fyrir að snjór fyki inn í garðinn á vetrum.¹³

Átta heystæði og átta heygarðar voru skráðir í Ásahreppi. Ógreinilegur heygarður (371:025) var skráður landi Húsa og heystæði var skráð í landi Efri-Hamra áfast áveitugörðum (369:022) á Bæjarholti. Heygarður/heystæði (358:037) var skráð í Útgarðsrima í landi Áss og tveir heygarðar voru áfastir túngarði í Sauðholti (374:015A-B). Heygarðar voru hluti af bæjarhólum í Vetleifsholtsparti (429:001) og í Efri-Sumarliðabæ (408:002). Auk þessara garða eru heimildir fyrir heygörðum bæði í Kálfholti (375:012) og í landi Vetleifsholtshverfis (425:003) en á hvorugum staðnum fundust leifar garðanna. Tvö torfhlaðin heystæði (363:026) við 35 m langt torfhlaðið garðlag voru skráð í landi Hellnatúns ásamt um 1800 m löngu garðlagi (363:032) sem trúlega er hluti af stærra áveitukerfi í mjög víðáttumiklu mýrlendi sunnan við Rauðalæk. Í landi Áshóls var einnig skráð ein tóft (366:026) sem líklega var heystæði en engar heimildir eru þekktar um tilgang tóftarinnar.

Heystæði voru einnig skráð á Herríðarhóli (379:025), Efri-Sumarliðabæ (408:041), í Vetleifsholtshverfi (424:032) og Götu (427:004B-C). Flest eru nú lítið annað en óljósar þústir en þó eru heystæðin frá Götu enn mjög greinileg. Mjög líklegt er að fleiri heystæði leynist í víðáttumiklu graslendi Ásahrepps þó þau hafi ekki fundist við skráningu og sé ekki getið í heimildum og trúlega er óhætt að fullyrða að heygarðar hafi verið heima við flesta bæi í hreppnum.

Fimm mýrarsvæði þar sem umfangsmikil garðlög hafa verið byggð voru skráð í Ásahreppi og hafa þau trúlega verið hluti stórra áveitukerfa í löndum Hellnatúns (363:032), Efri-Hamra (369:022), Herríðarhóls (379:031) og Rifshalakots (426:010, 426:011). Öll eru þau torfhlaðin en hafa hleðslur þeirra sigið og hlutar þeirra horfið vegna nýlegra áveituskurða.

Vatnsból

Bæjarlækir og ágætar vatnssuppsprettur eru víða í Ásahreppi en þar sem erfitt var að finna gott neysluvatn voru grafnir brunnar. Voru þeir hlaðnir í kring að innan með torfi og grjóti og

¹³ Íslenzkir þjóðhættir, 85-86

oftast var einnig eitthvað byggt sem byrgði þá.¹⁴ Þó ekki hafi verið skráðir brunnar eða uppsprettur heima við alla bæi í hreppnum er mjög líklegt að við hvern bæ hafi verið einhvers konar vatnsuppspretta til að brynna fólki og dýrum.

Tíu brunnar og fjórar uppsprettur eða lindir voru skráð í Ásahreppi. Í landi Áss var skráður brunnur (358:031) í Geldnautatúni, sem tilheyrði býli með sama nafni (358:012). Búið er að slétta þetta svæði svo hvorki sést til brunnsins né býlisins lengur. Í landi Hellnatúns var skráður grjóthlaðinn, hringlaga brunnur (363:011) sem ennþá er greinilegur við bæjarhól. Mariubrunnur (364:019) er vatnsuppspretta í landi Ásmundsstaða sem enn seytla vatn úr en engin ummerki fundust um mannvirki tengd henni. Yfirbyggður brunnur (371:024) var í landi Húsa sem nú er girtur af, hulinn grjóti og bárujárn. Ummerki um brunn (379:018) sjást enn á Herriðarhóli þó fyllt hafi verið upp í hann vegna slysaættu. Áður var þar djúp hola og brunnhús. Annar brunnur (379:022) var skráður fjær bæ en hann er nú horfinn vegna rasks. Fjórar aðrar frásagnir af brunnum eru þekktar í Ásahreppi, í Kálfholtshjáleigu (376:006 og 376:014), frá Heiði (378:004) og Gíslakoti (430:003) en allir er þeir horfnir í dag vegna sléttunar og rasks við bæina.

Tvær lindir (Bleikja 375:017 og 375:027) voru nýttar frá Kálfholti. Til Bleikju sést enn þó að engin mannaverk séu á svæðinu og hefur hin lindin sem er heima við Kálfholtskirkju nýlega verið endurhlaðin. Vatnsuppspretta (408:024) var skráð í landi Efri-Sumarliðabæjar en er hún alveg horfin vegna rasks. Lind (428:003) var skráð í Veteifsholtshverfinu og enn sést til uppsprettunnar þar sem hún rennur undan bæjarholtinu neðan við Lindarbæ. Þessi uppspretta var nýtt frá öllum bæjum hverfisins.

Mógrafir, torfrista, kolagrafir og hellutak

Mór/svörður (mjög kolefnaríkur jarðvegur úr stara- og mosaleifum sem myndast í mýrum) var á fyrri öldum stunginn í ferhyrndum flögum/hnausum á vorin og voru hnausarnir klofnir í þunna flögur. Svo voru flögurnar þurrkaðar, fyrst flatar en svo reistar upp á endann. Þegar þær voru þurrar var þeim safnað saman í stóra hlaða eða stakka og látnar standa til hausts. Á haustin voru þær svo bornar heim í eldiviðarkofa og hafðar til vetrarins.¹⁵

Í Ásahreppi voru samanlagt skráð 26 móteikju- og torfristusvæði en aðeins fundust greinilegar leifar mógrafa á sjö af þessum stöðum. Í landi Áss voru skráð tvö örnefni er gáfu til kynna hugsanlegar mógrafir eða mótak, Grafteigur (361:007) og Mókelda (359:009). Á

¹⁴ Íslenzkir þjóðhættir, 472-473

¹⁵ Íslenzkir þjóðhættir, 93

báðum stöðum fundust stakar mógrafir. Í landi Framness var mótekja (360:004) fram til ársins 1929 NNV við bæjarhól en nú hefur svæðið verið sléttað svo ekkert sést til mógrafa. Mótekja (363:005) var í landi Hellnatúns til ársins 1930 við Rauðalæk en ekkert sést þar nú til mógrafa vegna sléttunar. Tveir staðir voru skráðir í landi Áshóls þar sem mótekja hafði farið fram, í Mónefi (366:010) og á víðáttumiklum mýrarfláka stutt austan við bæ (366:011). Í Mónefi eru ennþá greinilegar 2-3 m djúpar mógryfjur en í mýrarflákanum sjást engin ummerki um mótak lengur. Heimildir voru um þrjár mógrafir í Berustaðalandi, í Vondabotni (368:015), Bæjargilsbotni (368:036) og á ónefndu flatlendi austan við Einbúa (368:029). Hvorki sáust ummerki um mógrafir í Vondabotni og né austan við Einbúa og hafa grafirnar vikið í sléttun og náttúrulegar breytingar í landslagi. Í Bæjargilsbotni eru enn greinileg ummerki um grafir á víðáttumiklu deigu flatlendi. Í landi Efri-Hamra voru skráðar mógrafir (369:019) þar sem áður var deig flatlend mýri en nú er framræst svæði svo að ekkert sést til mógrafanna. Í landi Hárlausstaða voru skráðar greinilegar og víðáttumiklar mógrafir (370:026) en fyllt hefur verið upp í þær að hluta vegna fallhættu. Ummerki sem mest líktust mógröfum voru einnig skráð í landi Hárlausstaða (370:024) en heimildamaður kannaðist ekki við mótekju á þessu svæði og engar heimildir hafa fundist um slíkt. Í landi Húsa voru skráðar mógrafir norðan (371:028) við bæjarhól og sáust þar einhvern ummerki. Heimildir um mógrafir voru einnig þekktar í landi Heiðar (378:013, 378:011, 378:010), Herriðarhóls (379:021), í Selmýri (408:037) í landi Sumarliðabæja, í landi Sauðholts (374:002), Kálfhólts (375:032), Kálfholtshjáleigu (376:005), Króks (377:007) og Rifshalakots (426:002 og 426:008) en lítil ummerki eru nú sjáanleg á þessum svæðum.

Torf var talið til margra hluta nytsamlegt. Sem dæmi má nefna að það var gjarnan notað til þess að hylja heysátur (heyjatorf), í húsagerð og einangrun og reiðingur var oft skorinn til sölu, þá helst á mýrarjörðum.¹⁶

Skráðir voru fjórir ristur staðir í Ásahreppi en engin ummerki fundust um slíkar athafnir. *Torfrista* (364:020) var í landi Ásmundarstaða á Nesi og reiðingur seldur, m.a. sem einangrun í hús. Allt mýrlendið þar sem ristan var hefur nú verið þurrkað og ræktað svo að lítil ummerki sjást þar lengur. Heimildir fundust um torfristu (371:018) í Sundi í landi Húsa. Þar var rist torf í húsbyggingar og á heysátur. Engin ummerki um ristur sjást í mýrinni. Í landi Hamrahóls var örnefnið Torfholt (372:014) skráð sem gefur til kynna hugsanlega torfristu á svæðinu en ekkert sést til slíkra minja á svæðinu og engar heimildir hafa fundist sem staðfesta slíkt. Á Vetleifsholti voru skráð tvö örnefni sem gefa til kynna torfristu sem og hellutak:

¹⁶ Íslenzkir þjóðhættir, 75-76

Torfunef (424:030) og Hellunef (424:031), en nákvæm staðsetning námanna er óþekkt og ekkert sést til þeirra lengur.

Þegar kolagerð fór fram var skógur höggvin og hrís rifinn á haustin og veturna. Hrísin var afkvistaður og afkvistið haft til eldiviðar. Leggir voru svo kurlaðir í 6-10 cm langa búta. Kolagrafir voru yfirleitt um 2-4 metrar í þvermál og um 2 metrar á dýpt. Kurlinu var raðað í grafirnar og var grófasta kurlað haft neðst en um hálfs metra hár kúfur af kurli var yfirleitt látinn standa upp úr þeim. Svo var eldur kveiktur í botni grafanna og látinn brenna þangað til góður eldur var kominn í alla hrúguna. Þá var torfi og mold hrúgað yfir svo að loft kæmist hvergi að. Opnað var aftur eftir þrjá til fjóra daga og kolin tekin upp. Um 4-5 tunnur kola fengust úr slíkri gröf.¹⁷

Í Ásahreppi var aðeins skráð eitt örnefni sem bendir til kolagerðar. Það var örnefnið Kolavatn í landi Syðri-Hamra (372:008). Þar er nú aðeins blaut mýri (þar sem Kolavatn hefur verið ræst fram) en engin ummerki um kolagrafir.

Líklega hefur mótekja og torfrista farið fram á fleiri stöðum í sveitinni en þeim sem hér er getið og nú eru þekktir, þó heimildir um slíkt hafi ekki fundist. Líklega hefur verið algengast í Ásahreppi að nýta þurrkað tað úr útihúsunum og/eða mó til upphitunar. Enginn umfangsmikill skógur er nú á svæðinu og engar heimildir fundust um kolagerð.

Böð og laugar

Í Ásahreppi var skráð baðþró (368:023) fyrir sauðfé í landi Berustaða sem grafin var í bergið í Móklettum. Ekkert sést til þróarinnar lengur. Einnig var skráð sundlaug (370:028) við Steinslæk í landi Hárlaugsstaða hlaðin úr torfi með malarbotni árið 1915. Var hún í notkun til 1941. Nú er búið að fylla mikið til upp í hana og moka skurð til að leiða burt vatn sem þar safnast.

Leiðir og samgöngubætur

Í Ásahreppi voru samtals skráðar 44 leiðir og/eða götur. Þar af voru skráðar níu þjóðleiðir (358:036, 370:037, 365:023, 374:007, 424:008, 358:036, 408:046, 375:031, 375:022) og 32 styttri leiðir á milli bæja (358:044, 365:005, 366:013, 366:015, 365:005 og 372:016, 375:011, 376:008, 379:016, 379:032, 424:023, 427:007, 428:012, 429:009), fimm leiðir frá bæjum til kirkju (365:014, 371:012, 371:030, 358:044, 375:014), átta leiðir frá bæjum í útihús eða út á engjar (368:027, 371:015, 374:014, 375:024, 379:029, 408:022, 408:031, 424:029) og níu leiðir frá bæjum út á þjóðveg (374:012, 377:014, 378:016, 378:018, 408:026, 424:024,

¹⁷ Íslenzkir þjóðhættir, 66

426:011, 428:007, 432:006) ásamt fimm tröðum (358:011, 358:029, 360:006, 363:022, 364:028). Lítil ummerki önnur en óljósir og mjóir troðningar og götur fundust á vettvangi, vafalaust vegna þess mikla rask sem hefur víða átt sér stað á síðustu áratugum.

Auk þessara leiða voru skráðar fleiri minjar um samgöngur og samgöngubætur s.s. 27 vöð (358:006-007, 358:009, 360:013, 361:005, 363:019, 363:024-025, 363:027-028, 365:010-013, 366:007, 366:012, 366:014, 369:027, 370:008, 371:016, 371:035, 373:005, 374:008, 374:010, 379:007, 408:033 og 408:040) sem flest eru á Steinslæk, Rauðalæk og Flóðalæk, tveir ferjustaðir (Egilsstaðaferja 375:018 og Króksferja 377:006), tveir áningarstaðir (370:036 og 378:015), átta brýr (359:011, 365:009, 371:017, 372:019, 359:011, 359:012, 359:013 og 375:026) og þrjár vörður (364:021, 370:008 og 375:015) sem reistar voru sem samgöngubót. Líklegt er reyndar að s.k. Eiríksvarða í landi Hárlaugsstaða (370:035) hafi einnig verið reist sem einhvers konar samgöngubót þó ekkert sé í raun þekkt um hlutverk hennar úr heimildum.

Þjóðsögur og hjátrú

Tuttugu staðir tengdir þjóðsögum og hjátrú voru skráðir í Ásahreppi. Þar á meðal voru fjórir staðir sem tengdir voru draugum/draugagangi. Draugur (360:014) í mórauðu hrútlíki var skráður í Hrútshelli í landi Áss. Tveir draugar sóttu að bænum á Herriðarhóli. Annar var ungur drengur (379:020) sem varð úti eða var úthýst frá Herriðarhóli og hefur fylgt beitarhúsum Herriðarhóls (379:009, 010, 017 og 004) eftir því sem þau hafa færst nær bæ. Á síðari árum hefur hann sést við og við í núverandi fjárhúsum heima við bæ. Á bæjarhól Herriðarhóls (379:001) var skráð frásögn af ungri afturgenginni konu sem gjarnan sást í gamla bænum. Hún hafði verið grafin með höfuðið til vesturs utan grafreits en hvaða glæpi hún átti að hafa framið er óþekkt. Tveir útburðir (431:011 og 360:008) voru skráðir. Annar þeirra (431:011) var í svokölluðum Pyttrima í landi Rifshalakots og vældi hann fyrir illviðrum. Hinn var á Brúsastöðum (360:008) í landi Framness.

Tíu huldufólksbústaðir voru skráðir í Ásahreppi. Fjórir þeirra voru á jörðum Ásmundarstaða, Hárlaugsstaða, Sels og Syðri-Hamra. Í landi Ásmundarstaða er s.k. Álfapúfa eða Álfahóll (364:008) sem er grasigróinn lágur hóll með þúfu í toppinn. Þar átti huldufólk að búa og átti að hafa heyrst þar spunnið á rokk en harðbannað var að slá hólinn. Í landi Hárlaugsstaða er náttúruleg bergmyndun sem kallast Kirkjuklettur (370:011) en þar á að vera huldufólkskirkja og vísar „turn“ hennar til suðurs. Í landi Sels og á Syðri-Hömrum eru einnig náttúrulegir klettir þar sem byggðir álfa og huldufólks eiga að vera staðsettar. Í landi Sels eiga að vera byggðir til ASA frá bænum í miðju felli sem nefnist Ásar (365:017) og í landi Syðri-

Hamra í klettunum (372:011) fyrir ofan bæinn. Huldufólksbústaður í landi Herriðarhóls í Grenjabrún er mosagróin náttúruleg grjótskriða (379:023), í landi Sumarliðabæjar var huldufólk talið í Háabjalla (408:013) sem er náttúrulegt klettabelti ofan við Neðri-Sumarliðabæ og í landi Veteifsholts í Kornhóli (424:010) sem er grasigróinn ávalur og hringlaga hóll. Huldufólk átti einnig að leynast í Fögrubrekku (424:019) sem er náttúruleg grasigróin brekka og í Kirkjunni (429:003) sem er náttúrulegur berghamar í landi Kastalabrekku (Parts). Auk þessara staða var skráður huldufólksbústaður í Hamraendum (424:021) í austurenda Stóra-Einbúahryggjar en þar eru náttúrulegir stuðlabergsklettir í landi Rifshalakots.

Í Ásahreppi var skráð ein þjóðsaga um gullkistu Jólgeirs landsnámsmanns (366:018) sem, samkvæmt sögunni, átti að birtast sjöundu hverja Jónsmessunótt í Kistudýi í landi Áshóls. Skráðir voru fjórir álagablettir (365:019, 370:012, 371:020 og 372:010) sem ekki var talið að hreyfa mætti við á jörðum Sels, Hárlaugsstaða, Húsa og Syðri-Hamra.

Aðrar minjar

Sem dæmi um aðrar minjar sem skráðar voru í Ásahreppi eru örnefnið Tjaldrimi (371:014), frásögn af laxakistum (366:017), Grænhóll (360:007), íþróttavöllur Skarphéðins (375:037) og frásögn af þvottastað (379:026). Á svæðinu var örnefnið Tjaldrimi skráð í landi Húsa. Samkvæmt heimildum var tjaldað í Tjaldrima meðan heyskapur stóð yfir. Heimildir eru um laxakistur í landi Áshóls við Kistuhóla á suðurbakka Steinslækjar. Samkvæmt þeim átti að vera grjóthrúga á lækjarbakkanum en engar slíkar minjar fundust á svæðinu.

Í landi Framness var skráður manngerður hóll, með garðlagi í kring, að nafni Grænhóll og var hann samkomustaður fyrir Ungmennafélag Ásahrepps. Var svæðið notað fyrir böll og fundi en síðasta samkoman var haldin á þessum stað í kringum 1940. Annar áhugaverður samkomustaður í Ásahreppur er íþróttavöllur Skarphéðins sem byggður var um árið 1910 í landi Þjórsártúns. Ennþá sjást skýr ummerki um hann en hann er að mestu byggður inní landslagið fyrir utan verðlaunapallinn sem er úr viði og garðlag sem hlaðið var umhverfis svæði. Enn sjást garðlög, áhorfendapallar og sporöskjulaga keppnissvæði en hleðslur eru farnar að síga og rofnað hafa skörð í garðlögin hér og þar vegna ágangs búpenings og veðrunar.

Aðeins var skráður einn þvottastaður í Ásahreppi, í landi Herriðarhóls. Samkvæmt heimildarmanni var þvottur þveginn í litlum læk stutt frá bæ en ekkert sást til mannvirkja sem gætu tengst slíkum athöfnum.

Minjar á Holtamannafrétti

Hér á eftir fylgir stutt samantekt um minjar á Holtamannafrétti. Afrétturinn afmarkast af Tungnaá að sunnan, Þjórsá að vestan, Köldukvísl að austan og Fjórðungskvísl að norðan. Afrétturinn er víðáttumikill og víðast gróðurlítill, sérstaklega um miðbikið sem og nyrst og austast. Hann er samtals um 2850 km². Gróðurmestu svæði afréttarins eru nefnd ver s.s. Þúfuver, Eyvindaver og Illugaver, Stóraver og Hnausaver.

Þóristungur eru grónari en Holtamannafréttur. Þær eru miðhluti Þjórsártungna hinna fornu og takmarkast af Blautukvísl að austan, Tungnaá að sunnan og Köldukvísl að vestan. Norðurmörk þeirra eru óljós en leitarsvæði náði ekki lengra norður en á móts við Illugaver á Holtamannafrétti. Landsvæðið syðst á afréttinum hefur breyst talsvert á síðustu árum við virkjanagerð og myndun lóna og hafa bæði Kaldakvísl og Tungnaá breyst í kjölfarið.

Ekki er vitað hvenær var fyrst farið að reka fé á afréttinn. Elsta heimild sem vitað er um er gerðardómur um Holtamannafrétt frá árinu 1476. Einnig eru til heimildir um tripparekstra Landmanna á Þóristungur, en þeir lögðust af árið 1882. Upprekstri á afréttinn var hætt árið 1939 að kröfu sauðfjársjúkdómanefndar en leyfi fyrir upprekstri fékkst aftur árið 1961.¹⁸ Auk þess að vera afréttarland Holtamanna liggur Sprengisandsleið, forn alfaraleið milli Suður- og Norðurlands um afréttinn. Talið er að leiðin hafi verið kunn samgönguleið á milli landsfjórðunga strax frá landnámi og Sprengisands er getið í Njálu þar sem hann er nefndur Gásasandur eða einungis Sandur.¹⁹ Heimildir geta um ferðir biskupa og höfðingja um sandinn á miðöldum en talið er að nokkru fyrir miðja 18. öld hafi ferðir um sandinn lagst niður að mestu eða öllu. Þær hófust aftur laust eftir 1770 að tilhlutan landsnefndarinnar. Gamli vegurinn um Sprengisand lá eftir Búðarhálsi (sjá 673:028) og þá var farið yfir Tungnaá við Haldið 673:004 eða á Tangavaði 673:024 en sá vegur sem ekinn er í dag er austar og þá er ekið yfir ána á brú við Hrauneyjafossvirkjun.

Helstu minjaflokkar á afréttinum eru náttstaðir, sæluhús og fjárbyrgi leitarmanna auk leiða og vaða yfir ár en einnig eru þar að finna spennandi minjar um búsetu Fjalla-Eyvindar og Höllu í Eyvindarveri og við Innra-Hreysi. Minjarnar á afréttinum eru flestar í góðu ástandi og ekki í hættu. Þó eru allnokkrar minjar, sérstaklega á Þóristungum í stórhættu vegna fyrirhugaðra virkjanafrakvæmda við Búðarhálsvirkjun. Þær minjar sem eru í stórhættu eru rétt í Byrgisveri 674:006, Tryppavað 674:011, tjaldstaður 674:003, rétt 674:013 og varða 674:014 í Miðtungu og varða 674:012 og tjaldstaður 674:00 í Fremstutungu. Þá eru minjarnar í Innra-

¹⁸ Holtamannabók II, 439.

¹⁹ ÁFÍ 1967, 18.

Hreysi 673:002 í hættu vegna vatnsrofs sem og tjaldstaður 674:001 og rétt 674:002 við Þórisós og tjaldstaður við Útkvíslar 674:005.

VI. Verndun og kynning minja í Ásahreppi

Um dreifingu minjastaða gildir sú meginregla að flestar fornleifar eru í heimatúnum, í og við bæi. Því fækkar fornleifum eftir því sem fjær dregur bæ. Á bæjum sem búið hefur verið á alla 20.öld hafa undantekningarlítið átt sér stað gagnræðar breytingar. Ný íbúðarhús hafa verið byggð og útihús endurnýjuð eða byggð frá grunni, tún hafa verið sléttuð, skurðir grafnir, vegir heim að bæ lagfærðir o.s.frv. Það er því algengt að lítið sem ekkert standi eftir af þeim fornleifum sem sýnilegar voru heima við bæi í upphafi 20.aldar. Af þessum sökum er algengt að um eða meira en helmingur fornminja á hverri jörð (að meðaltali) sé horfinn af yfirborði í dag. Í Ásahreppi eru hagar og engjar nú að stórum hluta nýtt sem beitarland fyrir hesta og annan búpening. Beit stórra hestastóða getur haft slæm áhrif á gróðurfar og fornleifar vegna rofs sem henni fylgir stundum, ef henni er ekki stjórnað skynsamlega. Af þessum sökum eru nú mjög margar fornleifar í Ásahreppi í talsverðri hættu og gætu horfið endanlega í þúfur og/eða rofabörð vegna ofbeitar. Brýnt er að gerðar verði nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekari eyðileggingu allra fornleifa bæði fjarri og nærri bæjum og býlum í Ásahreppi.

Sextán friðlýstir minjastaðir voru skráðir í Ásahreppi. Fimmtán af þessum sextán minjastöðum eru manngerðir hellar grafnir í bergrana og hóla í landi Áss (sjá 358:013-19), Hellnatúns (sjá 363:002-004, 363:006 og 363:008), Sels (sjá 365:006) og Berustaða (sjá 368:008 og 368:011) og voru þeir notaðir m.a. sem fjárhús, hesthús og hlöður svo eitthvað sé nefnt. Við a.m.k. sex þessara hella má sjá mjög fallegar og vel gerðar hleðslur í tóftum og strompum sem loftræsta og loka þessum hellum á ýmsan hátt. Því miður hafa friðlýstu hellarnir þó ekki komist óskaddaðir undan 20. öldinni og náttúruöflunum þar sem þök margra þeirra eru hrúnin eða að hrúni komin m.a. vegna byggingaframkvæmda, jarðskjálfta og rofs. Best varðveittu hellarnir eru í landi Berustaða og Sels en hellarnir á Berustöðum eru töluvert skemmdir vegna jarðskjálfta og mjög mikilvægt að eitthvað verði gert til að sporna við frekari eyðileggingu. Brýnt er einnig að gera við og viðhalda tveimur hellum í landi Hellnatúns (363:002-003) og þremur eða fjórum í Áslandi (358:013, 015, 017 og 019). Hellarnir eru merkileg og falleg mannvirki sem veita okkur talsverðar upplýsingar um fornt verklag og búskaparhætti í Ásahreppi, svo ekki sé minnst á þrautseigju og hugvitssemi sunnlenskra bænda. Enginn vafi leikur á því að með góðri varðveislu og kynningu yrðu þeir mikið aðdráttarafl fyrir þá Íslendinga sem vilja skoða land sitt og þjóðhætti, sem og erlenda ferðamenn. Engar merkingar eru til staðar við þessa hella sem gefa til kynna að þeir séu friðlýstar fornleifar.

Í Selslandi er friðlýst býli, Jólgeirsstaðir (sjá 365:016). Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir svo um býlið:

„Í suður og útsuður frá þessu býli er eyðipláts, sem heitir Joolgeirstader. Munnmæli eru, að kirkjan hafi hjeðan flutt verið að Odda. Er sögn manna, að í gamallri tíð hafi hjer bygð verið, og eru þar merki til tóftarbrot af grjóti, sem til vottar, líka mannabein og tegund af málmi, er upp kemur úr sandinum nær blástur gengur. Þetta pláts og þar um kríng er sú sandi kafið, að lengd sem svarar vel hálfri bæjarleið. Á kirkjan að Ási þessa Jólgeirsstaði, þeir hafa ekki bygðir verið frá elstu manna tíð, [...].“

Býlið var friðlýst árið 1927 og er það talið hafa farið í eyði ekki seinna en á 15. öld. Því miður eru leifar þess nú mjög illa farnar bæði vegna þess að hleðslugrjót af svæðinu hefur verið fjarlægð og nýtt í aðrar byggingar og vegna mikils sandrofs sem tekið hefur sinn toll af svæðinu. Tóftirnar á Jólgeirsstöðum eru því orðnar mjög blásnar og óljósar og vart meira en 6 dældir með grónum hryggjum á milli. Æskilegt væri að hrinda af stað ítarlegri rannsókn á svæðinu áður en minjarnar hverfa alveg. Engar merkingar eru til staðar á svæðinu sem gefa til kynna að þar séu friðlýstar fornleifar.

Auk friðlýstra minjastaða sem fjallað er um að ofan eru margir mjög athyglisverðir minjastaðir í Ásahreppi. Góð leið til að stuðla að vernd þeirra getur verið að kynna þá og gera þá aðgengilegri til að auka meðvitund almennings og undirstrika mikilvægi þeirra í sögu Íslendinga. Af öðrum fornleifum í Ásahreppi sem hafa mikilvægt verndunar-, rannsóknar- og/eða kynningargildi má m.a. nefna:

- 1) Í Framnesi stendur gamli torfbærinn (360:001) ennþá á bæjarhólnum. Veggir hans eru úr torfi og grjóti. Þökin hanga ennþá uppi en örlítið hefur hrunið úr suðausturhorni hússins. Húsið er þrískipt með burstapaki úr bárujárni og torfi. Nú standa aðeins þrjú af húsum bæjarins, það hús sem áður var inngangur í bæ, hlóðældhús (sem var við hlið bæjarganga) og sambyggt fjós og hesthús fast norðvestan eldhús og göng. Fyrir árið 1947 var baðstofa fast austan við bæjargöngin en hún er nú hrunin. Bærinn er fallegur og í góðu ásigkomu og brýnt er að stuðla að verndun hans enda hefur hann gott kynningar- og varðveislugildi.
- 2) Í Hellnatúni er stór og greinilegur bæjarhóll (363:001) á fallegum stað og merkilegir hellar og greinilegar tóftir eru við hólinn. Minjastaðurinn er mjög aðgengilegur og hefur ótvírætt kynningar- og varðveislugildi.
- 3) Á Ásmundarstöðum er eldra bæjarstæði (364:001) nokkuð vel varðveitt undir sverði. Þar hefur reyndar verið sléttað svo engar minjar sjást á yfirborði en samkvæmt

heimildum var bærinn færður upp á Ásinn þar sem Ásmundarstaðir standa nú löngu fyrir aldarmótin 1900 og ekkert hefur verið byggt á eldra bæjarstæðinu síðan, annað en kálgarðar. Bæjarstæðið hefur mikið rannsóknar- og varðveislugildi.

- 4) Í landi Sels er tóftaþyrping með garðlagi umhverfis sem kallast Sauðahúsgerði (365:018). Innan garðlagsins eru tvær tóftir og tvö gerði eru við túngarðinn. Minjastaðurinn hefur mikið rannsóknar- og varðveislugildi.
- 5) Á Berustöðum er tóftasvæði með fimm tóftum og garðlagi sem kallast Þórarinsstaðir (368:026). Samkvæmt Sýslu- og sóknarlýsingum Rangárvallasýslu voru Þórarinsstaðir hjáleiga frá Berustöðum en ekki er skráð hvenær það hefur verið og hefur bærinn trúlega síðast verið nýttur sem beitarhús. Tvær af tóftunum eru áberandi og hafa þær hvoru tveggja verið fjárhús. Innan svæðis eru einnig þrjú lítil tóftabrot (026c-e) með óþekkt hlutverk sem virðast nokkuð eldri og eru hleðslur þeirra mjög signar og rofnar á stöku stað. Norðan við tóftirnar er svo garðlag (026f) sem liggur frá suðaustri til norðvesturs það virðist ekki hafa legið í hring eða umhverfis tóftirnar og því er mögulega ekki um túngarð að ræða heldur garð sem kannski hefur verið byggður í tengslum við fjárhúsin. Hlutverk hans er frekar óljóst. Svæðið hefur mikið rannsóknar- og varðveislugildi.
- 6) Í landi Efri-Hamra er tóft fast norðvestan við holt sem kallast Þrándarholt (369:023). Tóftin er þrískipt, torfhlaðin og mjög sigin. Samkvæmt heimildamanni er tóftin gamalt býli og kallast það einnig Þrándarholt en engin önnur ummerki sáust þarna í kring svo að ljóst er að vart hefur þarna verið umfangsmeiri byggð en einsetumannskofi. Engar heimildir hafa fundist um þetta býli og hefur það mikið rannsóknar- og varðveislugildi.
- 7) Í landi Hárlaugsstaða eru margar mjög signar og vel grónar tóftir (370:015, 018, 023, 025) sem lítið er vitað um. Auk þeirra eru þar þekkt tvö tóftarsvæði þar sem voru áður lítil býli: Illugabæli (370:006) og Kristínarás (370:021). Fáar ritaðar heimildir hafa fundist um þessi býli og hafa þau, ásamt fyrirnefndum óþekktum tóftum, mikið rannsóknar- og kynningargildi.
- 8) Bæjarhóllinn á Húsum (371:001) er mjög greinilegur. Þar eru enn tóftir síðasta bæjarins á jörðinni og hefur þeim lítið verið raskað. Bærinn var undir þaki fram til síðasta áratugar 20. aldar en þá hrundu þök inn. Auk bæjarhústófta, eru í heimatúni útihústóftir (sjá t.d. 002-011), leifar túngarðs (371:021) og brunns (371:024). Af þeim jörðum sem hafa verið skráðar í Ásahreppi er varðveisla fornleifa einna best á Húsum og hefur heimatúnið því í heild sinni mjög mikið varðveislugildi. Bæjarhóllinn og umhverfi hans hefur einnig mikið rannsóknar- og varðveislugildi.

- 9) Í landi Húsa er þekkt örnefnið Kumlholt (371:013). Engin mannaverk fundust á holtinu sjálfu en vakin var athygli á þrem hólamyndunum vestast við holtið. Þó að engar heimildir séu þekktar um kuml á þessum slóðum gefur örnefnið sterka vísbendingu í þá átt og mögulegt er að þarna kunni að leynast kuml. Staðurinn hefur því gott varðveislu- og rannsóknargildi. Rétt er að geta þess að kumlaörnefni í Ásahreppi eru stundum vísbendingar um heykuml svo ekki er fullvíst að um grafir fornanna sé að ræða.
- 10) Í landi Syðri-Hamra er bæjarhóll (372:001) mjög greinilegur og hefur lítið verið hreyft við honum þó að nýbyggingar hafi risið beggja megin við hann. Á honum má sjá ógreinileg tóftarbrot og grjóthlaðið lambhús (372:003) er óskemmt á hólnum. Bæjarhóllinn hefur mikið rannsóknar- og varðveislugildi. Heimildir geta um kirkju (372:002) á Syðri-Hömrum en nákvæm staðsetning hennar er óþekkt. Hafi kirkja verið á bænum má telja líklegast að hún hafi verið á eða við bæjarhól og gefur það hólnum enn meira rannsóknar- og varðveislugildi.
- 11) Í landi Hamrahóls er hóll að nafni Leynhóll (373:004) sem er talinn álagablettur og til eru sögusagnir um að í honum sé að finna legstað. Í hólnum hafa fundist gripir og þó að engin mannaverk sjáist nú á hólnum er ólíklegt að fleiri minjar gætu fundist við frekari rannsókn. Hóllinn hefur því mikið varðveislu- og rannsóknargildi.
- 12) Í Vetleifsholtshverfi var skráður bæjarhóll Vetleifsholts (424:001), landnámsbæjar Ráðorms, ásamt útkirkju (424:002) sem a.m.k. var frá því fyrir 1397. Búið er að slétta úr bæjarhólnum í tún og nákvæm staðsetning kirkjunnar er óljós en undir sverði gætu leynst mannvistarleifar sem ná aftur til landnáms sem gefur staðnum mjög gott rannsóknar- og varðveislugildi.
- 13) Bæjarhóllinn á Herriðarhóli (379:001) hefur mikið varðveislugildi þó að svæðinu hafi talsvert verið raskað vegna sléttunar í tún. Mannabeinafundur á svæðinu og getgátur um tilvist hugsanlegs bæn húss (379:002) og legstað Herriðar dóttur Gauts Gautrekssonar sem sagt er frá í Landnámu (379:003) gera svæðið jafnvel enn áhugaverðara og mikilvægi varðveislu þess meiri.
- 14) Bæjartóftir Efri-Sumarliðabæjar (408:002) eru í mjög góðu ástandi og lítið hefur verið hreyft við þeim en umfangsmikil skógrækt á svæðinu veldur nokkrum áhyggjum varðandi áframhaldandi varðveislu þeirra. Við tóftirnar eru einnig leifar útihúsa og kálgarða. Auðvelt er að komast að vel varðveittum bæjartóftunum og umhverfið er fallett sem gefur svæðinu mikið kynningargildi. Bæjarstæðið hefur einnig mikið

varðveislu- og rannsóknargildi þar sem ekki er ólíklegt að leifar eldri bæja (408:001) leynist einnig undir sverði.

- 15) Bæjarhóll Sauðholts (374:001) er mjög greinilegur og í góðu ástandi því svæðinu hefur lítið verið raskað. Fallegur og heillegur túngarður umlykur enn heimatúnið og útihúsatóftir eru ennþá margar og greinilegar á svæðinu. Bæjarhóllinn og umhverfi hans hefur mikið kynningar- og varðveislugildi.
- 16) Bæjarhóll og leifar útihúsa í Helli (425:001) hafa orðið fyrir miklum skemmdum vegna hrossabeitar og náttúrulegs rofs en bærinn fór í eyði 1935. Þrátt fyrir að svæðið hafi nokkuð látið á sjá hefur það ekki orðið fyrir miklum skemmdum vegna ábúðar eða annars rasks líkt og bæjarstæði víða annars staðar í Ásahreppi og má vænta að miklar mannvistaleifar leynist, lítið skemmdar, undir sverði. Af þessum sökum hefur svæðið gott rannsóknar- og varðveislugildi.
- 17) Bæjarhóll og leifar útihúsa í Hrúti (431:001) eru í fremur góðu ásigkomulagi enda er bærinn í eyði og rústirnar hafa því ekki orðið fyrir skemmdum vegna ábúðar eða annars rasks. Rústirnar teljast jafnvel í betra ástandi en leifar Hellisbæjar þó hrossabeit hafi nú þegar tekið sinn toll. Svæðið hefur mikið varðveislu- og rannsóknargildi.
- 18) Í landi Þjórsárstúns er mjög fallegur og merkilegur íþróttavöllur Héraðssambands Skarphéðins (375:037) sem byggður var um 1910. Hann er á mörkum þess að teljast fornleif í laganna skilningi (þar sem miðað er við mannvirki 100 ára og eldri) en völlurinn er bæði merkilegt og sérstakt mannvirki sem full ástæða er að vekja athygli á og hvetja til varðveislu hans. Völlurinn er óvenjulegur minnisvarði um menningu og mannleg samskipti fólks í Ásahreppi á fyrri hluta 20. aldar og hefur sem slíkur mikið kynningar- og varðveislugildi.
- 19) Á landamerkjum Herriðarhóls og Efri- og Neðri-Sumarliðabæja var skráð umfangsmikið torfhlaðið garðlag sem kallast Fornmannagarður (379:014 og 408:044). Garðlagið er lítt rofið þar sem það sést ennþá og ágætlega varðveitt. Ekki er vitað hversu gamalt garðlagið er en nafnið bendir til að það sé nokkuð fornt og vel má vera að það hafi verið byggt upp á fyrstu öldum byggðar líkt og fleiri forn garðlög sem þekkt eru á mörgum stöðum um landið. Garðlagið hefur mikið varðveislu- og rannsóknargildi.
- 20) Sem dæmi um fallegar tóftir sem varðveist hafa í heimatúni bæja í Ásahreppi eru hesthústóft í heimatúni á Heiði (378:005) og tóft fjárhúsa og hlöðu í heimatúni Herriðarhóls (379:004). Tóftirnar eru grjót- og torfhlaðnar, í góðu ástandi og auk þess mjög aðgengilegar. Þær hafa gott kynningar- og varðveislugildi.

- 21) Í landi Króks var skráð lítil tóft sem kallast Byrgi (377:013). Tóftin er hlaðin úr grjóti undir lágum klettavegg, mjög falleg og í góðu ásigkomulagi. Varðveislugildi hennar er mikið þar sem lítið hefur varðveist af grjóthlöðnum tóftum og fjárbyrgjum í Ásahreppi.
- 22) Í landi Króks er falleg grjót- og torfhlaðin heimarétt á Réttarbakka (377:022). Hún er ein af þeim fáu sem enn standa í Ásahreppi. Réttin er í góðu ásigkomulagi og ekki mikið úr leið svo hún hefur mikið kynningar og varðveislugildi.
- 23) Í Selhól í landi Efri-Sumarliðabæjar eru þrjár tóftir (408:043A-C) frá mismunandi byggingarstigum. Annars vegar er um að ræða tvær vel grónar og signar seltóftir og hins vegar yngri beitarhúsatóft. Seltóftirnar eru í mjög góðu ástandi og hafa þær mikið varðveislugildi þar sem seljabúskapur virðist ekki hafa verið mjög algengur í Ásahreppi og því fá dæmi um slíkar byggingar á svæðinu. Annað dæmi um fallegar beitarhúsatóftir (379:010) er að finna í landi Herríðarhóls en þar eru beitarhús úr torfi og grjóti og í góðu ásigkomulagi. Þar sem þær eru rétt við veginn sem liggur um sveitina hafa þær gott kynningar- og varðveislugildi.
- 24) Nokkrir sérlega áhugaverðir minjastaðir voru skráðir á Holtamannaafrétti. Tveir staðir á Holtamannaafrétti eru kenndir við Fjalla-Eyvind og eru þeir einu bústaðir Eyvindar sem nefndir eru í samtíma heimildum og enn sést til. Þeir eru nefndir Fremra-Hreysi (673:001) og Innra-Hreysi (673:002). Talið er að Eyvindur hafi fyrst hafst við í Fremra-Hreysi í Eyvindarveri norðan Þúfuvers. Þar er enn greinileg tóft sem var rannsökuð af Daniel Bruun árið 1897 og Gísli Gestsyni árið 1953. Bruun lýsti tóftinni og gerði uppdrátt af minjasvæðinu sem var birtur var í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1898. Gísli teiknaði einnig uppdrátt auk þess sem hann gróf í tóftirnar á nokkrum stöðum. Vel er staðið að kynningu og varðveislu minjanna í Fremra-Hreysi, upplýsingaskilti er við tóftina og þar er trépallur út í mýrina þaðan sem gott útsýni er yfir minjarnar. Eyvindur og Halla bjuggu í Innra-Hreysi þegar þau voru handtekin árið 1772. Minjarnar þar hafa að hluta farið undir vatn við gerð Kvíslarveitu og nú er einungis ein óskýr tóft á minjasvæðinu. Gísli Gestsson skoðaði minjarnar þar árið 1953 og gerði uppdrátt af tóftunum en lýsingar hans koma illa heim og saman við minjasvæðið eins og það er nú. Mikilvægt er að þessar minjar verði verndaðar fyrir frekara raski og full ástæða til að merkja þær og kynna fyrir almenning líkt og gert hefur verið í Eyvindarveri.
- 25) Minjar við Haldið: Ekki er vitað hvenær ferja var fyrst sett á Tungnaá en Sveinn Pálsson getur um ferju á Tungnaá í ferðalýsingu sinni til Veiðivatna frá árinu 1795 og

Þjóðsaga er til um að Þorlákur biskup hafi vígt ferjustaðinn. Frá því að farið var að nota afréttinn til fjárbeitar var fé ávalt ferjað yfir Tungnaá á ferjustaðnum (673:004) og þar eru miklar minjar til vitnis. Auk ferjustaðarins sjálfs er hestarétt (673:009), fjárrétt (673:005) og bátanaust (673:031) skráð sunnar árinna og norðan hennar er kofatóft (673:007), heimild um rétt sem horfin er í ána (673:006) og Þorláksbrunnur (673:025), sem Þorlákur á einnig að hafa vígt. Þessar minjar henta vel til kynningar og varðveislu, aðgengi að þeim er auðvelt og séu þær skoðaðar í heild og settar í samhengi hver við aðra segja þær áhugaverða sögu af nýtingu afréttarins og þeim erfiðu aðstæðum sem leitarmenn störfuðu við.

- 26) Náttstaðir og réttir: Algengustu minjar á Holtamannaafrétti eru leitamannakofar, tjaldstæði og réttir sem voru notuð við leitir á svæðinu. Hver minjastaður fyrir sig segir aðeins takmarkaða sögu og á mörgum stöðum sést lítið á yfirborði en séu þessar minjar skoðaðar í samhengi hver við aðra er unnt að draga upp áhugaverða mynd af leitarferðum á afréttinum og hvernig þær hafa breyst í tímans rás. Staðsetning náttstaðanna gefur vísbendingu um hvernig leitunum var hagað og vísbendingar má fá um stærð fjársafnsins á hverjum stað og jafnvel fjölda hesta og leitmanna með því að skoða hvort réttir eru við náttstaðina og hversu stórar þær eru. Á Holtamannaafrétti voru skráðir níu staðir þar sem leitarmenn höfðust við yfir nótt. Þeir eru ýmist náttstaðir, tjaldstæði eða sæluhús. Við suma þeirra voru einnig fjárbyrgi eða hestaréttir. Á Klifshagavöllum (673:010) er leitarmannakofi og lítil rétt, í Svörtubotnum er tjaldstæði (673:011) og tvær réttir (673:030) við Hreysiskvísl er tjaldstæði (673:034) og rétt (673:012), í Illugaveri eru þrjár kofatóftir (673:013), í Byrgistorfum er kofatóft (673:014) og tvær litlar réttir (673:036), í Þúfuveri er tjaldstaður (673:019), kofatóft (673:016) og réttarleifar (673:037) og við Hvanngil (673:017), í Einistorfum (673:020) og við Dynk (673:022) eru tjaldstæði. Sjálfsagt voru ekki allir þessir staðir í notkun um leið og leitarmenn hafa fært náttstaðina til eftir því sem reynsla komst á þá og eða þegar hentugri staðir fundust. Í Þóristungum voru fimm náttstaðir skráðir, við Þórisós (674:001) þar sem einnig er rétt (674:002), í Miðtungu (674:003) þar sem einnig er rétt (674:009), í Fremstutungu (674:004), við Útkvíslar (674:005) og við Þórisvatnsbotn (674:007). Heimildir geta réttar við Þórisvatnsbotn (674:008) en hún er horfin undir vatn líkt og tjaldstaðurinn sjálfur. Engin skipuleg fornleifarannsókn hefur farið fram á tjaldstæðum eða náttstöðum og væri forvitnilegt að rannsaka hvort að einhverjar minjar leynast undir sverði á þeim stöðum sem lengst voru í notkun. Þar sem ekki eru réttar- eða kofatóftir við

tjaldstaðina er örðugt að segja með nokkurri vissu hvar þeir voru nákvæmlega en þar sem einhverjar minjar eru sjáanlegar á yfirborði væri einfalt að kanna með jarðvegsbor hvort einhver mannvistarlög séu undir sverði og með því að ganga skipulega um svæðið mætti ef til vill tína upp einhverja lausafundi. Einnig væri skemmtilegt ef þessir staðir yrðu merktir með skiltum vegfarendum til fróðleiks.

VII. Heimildaskrá

Prentaðar heimildir:

- Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. 1999. *Fornleifar á Búðarhálsi og í Þóristungum: Könnun vegna Búðarhálsvirkjunar*. Fornleifastofnun Íslands. Fjölrit nr. FS096-99141. Reykjavík.
- Albína Hulda Pálsdóttir. 2005. *Segðu mér sögu af seli*. Ritgerð til B.A.-prófs í Fornleifafræði við Háskóla Íslands, Reykjavík.
- **ÁFÍ 1966:** *Árbók Ferðafélags Íslands*. 1966. Dr. Haraldur Matthíasson. “Rangárvallasýsla vestan Markafljóts”. 14.
- **ÁFÍ 1967:** *Árbók Ferðafélags Íslands*. 1967. Hallgrímur Jónasson. “Á Sprengisandi”. 31.
- **ÁÓ:** Árni Óla. 1962. *Þúsund ára sveitaborp: úr sögu Þykkvabæjar í Rangárþingi*. Menningarsjóður. Reykjavík.
- Ásgeir Ólafsson frá Lindarbæ. 1966. “Jólgeirsstaðir”. *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1966: 79-114.
- Árni Hjartarson, Guðmundur J. Guðmundsson og Hallgerður Gísladóttir. 1991. *Manngerðir hellar á Íslandi*. Menningarsjóður. Reykjavík.
- Bjarni F. Einarsson. 2001-2003. *Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum Urriðafossvirkjunar*. Fornleifastofan og Landsvirkjun. Reykjavík.
- Brynjúlfur Jónsson. 1898. “Skrá yfir eyðibýli í Landsveit, Rangárvallasveit og Holtasveit í Rangárvallasýslu”. *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. 1898: 1-28.
- **DI:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn*, I-XVI bindi. 1853-1976. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn/Reykjavík.
- **FF:** *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*. 1983. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar. Reykjavík.
- *Fornleifaskrá: skrá um friðlýstar fornleifar*. 1990. Ágúst Ólafur Georgsson tók saman. Þjóðminjasafns Íslands, Reykjavík.
- **GR I:** Bragi Sigurjónsson. 1983. *Göngur og réttir I: Skaftafells- og Rangárvallasýslur*. Skjaldborg, Akureyri.
- Guðjón Ingi Hauksson. 1983. “Þjóðleiðir og vegaframkvæmdir frá Sandhólaferju að Ytri-Rangá í Holtamannahreppi.” *Saga XXI*: 130-161.
- Guðlaugur E. Einarsson, 1940-1943. “Holtavegur hinn forni.” *Blanda VII*: 319-324.
- Helgi Hannesson. 2003-2005. *Þykkskinna: sunnlenskar þjóðsögur og þættir I og II*. Sunnlenska bókaútgáfan, Selfossi.

- Henderson, Ebenezer. 1957. *Ferðabók: frásagnir um ferðalög um þvert og endilangt Ísland árin 1814 og 1815 með vetursetu í Reykjavík*. Snæbjörn Jónsson, Reykjavík.
- **HH I:** Jón Eyþórsson og Pálmi Hannesson. MCMXLIX. *Hrakningar og heiðavegir I*. Bókaútgáfan Norðri.
- Holland, Henry. 1960. *Dagbók í Íslandsferð 1810*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Hólmgeir Þorsteinsson frá Hrafnagili. 1972. *Sel og selfarir*. Heimdragi IV. Iðunn, Reykjavík.
- Hannes Þorsteinsson. 1923. "Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjarnöfnum á Íslandi". *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1923: 1-96.
- **ÍF:** *Íslensk fornrit* 1933-. Reykjavík.
- *Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdráttir*. 1993. Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar. Kaupmannahöfn.
- **JÁ:** *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri II*. 1993. Jón Árnason tók saman. Þjóðsaga: Hólar.
- Jónas Jónasson frá Hrafnagili. 1945. *Íslenskir þjóðhættir*. Jónas og Halldór Rafnar gáfu út. Reykjavík.
- **JÁM I:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, I. bindi Vestmannaeyja- og Rangárvallasýsla. 1990. Reykjavík.
- **JJ:** *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. 1847. Gefið út af J.Johnsen. Kaupmannahöfn.
- **KEKH:** Kristján Eldjárn. 2000. *Kuml og Haugfé: úr heiðnum sið á Íslandi*. Mál og menning. Reykjavík.
- Kristín Ólafsdóttir. 1948. "Eyktamörk og örnefni Efra-Sumarliðabæjar". *Lesbók Morgunblaðsins* 23: 424-426.
- *Land og fólk: byggðasaga Norður-Þingeyinga*. 2003. Búnaðarsamband Norður-Þingeyinga.
- P.E. Kristian Kålund. 1984. *Íslenskir sögustaðir I – Sunnlendingafjórðungur*. Bókaútgáfan Örn og Örlygur HF. Reykjavík.
- **PP I:** *Prestatal og Prófasti á Íslandi I, 2. útgáfa*. 1949. Hið Íslenska Bókmenntafélag, Reykjavík.
- **SB V:** *Sunnlenskar byggðir V, Rangárþing vestan Eystri-Rangár*. 1980-1987. Búnaðarsamband Suðurlands.

- **Skýrsla FÍ I:** *Skýrsla um Forngripasafn Íslands í Reykjavík I.* 1868. Hið Íslenska Bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.
- **SSR:** *Rangárvallasýsla: sýslu- og sóknalýsingar.* 1968. Rangæingafélagið í Reykjavík, Reykjavík.
- **TOILR 1967:** Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic Land Registers.* Institute of Economic History, Lund University, Lund.
- **ÚAT:** Ólafur Briem. 1983. *Útilegumenn og auðar tóttir.* Menningarsjóður, Reykjavík.
- *Úr torfbæjum inn í tækniöld II.* 2003. Magnús Kristinsson ritstj.. Örn og örlygur, Reykjavík.
- Valgeir Sigurðsson. 2007. *Holtamannabók: 2. Ásahreppur.* Sveitafélagið Rangárþing ytra.
- Þorsteinn frá Hamri. 1987. *Ætternisstapi og átján vermenn: Þættir.* Tákn. Reykjavík.

Óprentaðar heimildir:

Örnefnastofnun Íslands

- *Ö-Arnkötlustaðir*
- *Ö-Áshóll:* Örnefnaskrá Áshóls skráð af Óskari Þorsteinssyni og Ingivaldi Ólafssyni.
- *Ö-Áshverfistorfa:* Örnefnaskrá Áshverfistorfu skráð af Ísak Eiríkssyni bónda á Ási. Upplýsingum var safnað af Ísak Eiríkssyni og Jóni Jónssyni, fyrrum bónda á Ási. Hermann Guðjónsson gerði lítisháttar breytingar og viðbætur.
- *Ö-Ásmundarstaðir:* Örnefnaskrá Ásmundarstaða skráð af Bergsteini Kristjánssyni með aðstoð Steins Þórðarsonar.
- *Ö-Berustaðir:* Örnefnaskrá Berustaða skráð af Stefáni Runólfssyni.
- *Ö-Efri-Hamra:* Örnefnaskrá Efri-Hamra skráð af Bergsteini Kristjánssyni með aðstoð Magnússon Björnssonar bónda.
- *Ö-Efri-Sumarliðabær:* Örnefni skráð af Bergsteini Kristjánssyni, heimildamenn Aðalsteinn Jónsson og Kristín Ólafsdóttir frá Sumarliðabæ
- *Ö-Hamrahóls:* Örnefnaskrá Hamrahóls skráð af Bergsteini Kristjánssyni með aðstoð Tómasar Þórðarsonar.
- *Ö-Hárlausstaðir:* Örnefnaskrá Hárlausstaða skráð af Bergsteinni Kristjánssyni með aðstoð Erlends Jónssonar bónda á Hárlausstöðum.
- *Ö-Heiði:* Örnefni skráð af Bergsteini Kristjánssyni, heimildamaður Baldvin Einarsson
- *Ö-Herríðarhóll:* Örnefni skráð af Bergsteini Kristjánssyni, heimildamenn Baldvin Einarsson og Björn Þorsteinsson
- *Ö-Húsar:* Örnefnaskrá Húsa eftir Gísli Einarsson, Jónínu H. Snorradóttur og Margréti Einarsdóttur. Skráð af Bergsteini Kristjánssyni.
- *Ö-Kálfholt:* Örnefni skráð af Bergsteini Kristjánssyni, heimildamenn Ásgeir Ólafsson frá Lindarbæ og Jón Jónsson frá Sumarliðabæ
- *Ö-Krókur:* Örnefni skráð af Birni Þorsteinssyni, heimildamaður Ólafur Ólafsson f. Króki
- *Ö-Neðri-Sumarliðabær:* Örnefni skráð af Óskari Þorsteinssyni
- *Ö-Sauðholt:* Örnefni skráð af Óskari Ágústssyni
- *Ö-Sels:* Örnefnaskrá Sels skráð af Óskari Þorsteinssyni og endurbætt af Vigfúsi

Guðmundssyni.

- *Ö-Syðri Hamra*: Örnefnaskrá Syðri Hamra skráð af Bergsteini Kristjánssyni.
- *Ö-Vetleifsholtshverfi*: Örnefnaskrá Vetleifsholtshverfis skráð af Ásgeiri Ólafssyni frá Lindarbæ um aldamótin 1900
- *Ö-Vetleifsholtshverfi ÓPI*: Örnefni skráð af Ólafi P. Ingvarssyni
- *VSVS*: Svör við spurningum um Vetleifsholtshverfi höfð eftir Þórði Ólafssyni í Lindarbæ, Eiríkur Guðjónsson í Ási skráði 20. des. 1984
- *Ö-Þjósártún*: Örnefni skráð af Eiríki Guðjónssyni
- *Ö-Holtamannafréttur*: Örnefnaskrá Holtamannafréttis eftir Þorstein Bjarnason
- *Ö-Holtamannafréttur B*: Örnefnaskrá Holtamannafréttis eftir Hermann guðjónsson og Guðjón Jónsson, Ási
- *Ö-Þóristúngur*: Örnefnaskrá Þóristungna eftir Þorstein Þorsteinsson frá Ásmundarstöðum

Þjóðskjalasafn Íslands

- Túnakort Áshóls 1920
- Túnakort Ásmundarstaða 1920
- Túnakort Ásmúla 1920
- Túnakort Áss 1920
- Túnakort Berustaða 1920
- Túnakort Efri-Hamra 1920
- Túnakort Efri og Neðri-Sumarliðabæja 1920
- Túnakort Framness 1920
- Túnakort Gíslakots 1920
- Túnakort Götu 1920
- Túnakort Hamrahóls 1920
- Túnakort Hárlausstaða 1920
- Túnakort Heiði 1920
- Túnakort Hellis 1920
- Túnakort Herriðarhóls 1920
- Túnakort Húsa 1920
- Túnakort Kálfholts 1920
- Túnakort Kálfholtshjáleigu 1920
- Túnakort Króks 1920
- Túnakort Lindarbæjar 1920
- Túnakort Parts 1920
- Túnakort Sauðholts 1920
- Túnakort Sels 1920
- Túnakort Syðri Hamra 1920
- Túnakort Ráðagerðis 1920
- Túnakort Rifshalakots 1920
- Túnakort Vetleifsholts 1920

Kort

- Handritað örnefnakort fyrir Syðri Hamra
- Handritað örnefnakort fyrir Áshól skráð af Ingivaldi Ólafssyni.
- Handteiknað kort af Króki fengið hjá Steinunni Gunnarsdóttur á Króki

Heimildamenn:

- *Ás*: Guðbjörn Ingvar Jónsson bóndi í Framnesi, fæddur 15.10.1922
- *Áshóll*: Grétar Geirsson bóndi á Áshóli, fæddur 31.10.1937, Lára Kristjánsdóttir húsfreyja á Áshóli, fædd 27.10.1945
- *Berustaðir*: Trausti Runólfsson bóndi frá Berustöðum, fæddur 28.06.1933
- *Efri-Hamrar*: Davíð Svanur Sigfússon bóndi að Efri-Sumarliðabæ, fæddur 11.11.1936
- *Efri- og Neðri-Sumarliðabær*: Henry Þór Henrysson á Efri-Sumarliðabæ, fæddur 23.03.1934
- *Framnes*: Guðbjörn Ingvar Jónsson bóndi í Framnesi, fæddur 15.10.1922
- *Hárlausstaðir*: Árni Kristinsson bóndi í Borgarholti, fæddur 19.09.1947, Kristín Jóhanna Andersdóttir, fædd 25.12.1947, Sigurlaug Steingrímsdóttir, fædd 28.11.1948
- *Húsar*: Jón Þorsteinsson, Syðri-Hömrum, fæddur 09.06.1947, Árni Kristinsson bóndi í Borgarholti, fæddur 19.09.1947
- *Heiði*: Sigurbjörg Finnbogadóttir í Heiði, fædd 22.02.1919, Tryggvi Sveinbjörnsson í Heiði, fæddur 04.08.1955
- *Hamrahóll*: Tómas Steindórsson, fæddur 22.12.1932
- *Hellnatún*: Guðbjörn Ingvar Jónsson bóndi í Framnesi, fæddur 15.10.1922
- *Herríðarhóll*: Ólafur Arnar Jónsson á Herríðarhóli, fæddur 12.12.1951
- *Holtamannafréttir*: Sveinn Tyrfingsson, fæddur 28.01.1941, Sigurður Jónsson frá Kastalabrekku, fæddur 04.11.1926
- *Kastalabrekka*: Sigurður Jónsson frá Kastalabrekku, fæddur 04.11.1926
- *Kálfholt*: Jónas Jónsson í Kálfholti, fæddur 22.11.1939
- *Krókur*: Steinunn Gunnarsdóttir á Króki, fædd 02.04.1950
- *Lækjartún*: Guðmunda Tyrfingsdóttir í Lækjartúni, fædd 13.02.1932
- *Sauðholt*: Gísli Ástgeirsson, fæddur 14.11.1926
- *Sel*: Guðmundur Vigfússon fæddur 28.06.1932
- *Syðri-Hamrar*: Gísli Ástgeirsson, fæddur 14.11.1926, Tómas Steindórsson, fæddur 22.12.1932, Jón Þorsteinsson, Syðri-Hömrum, fæddur 09.06.1947
- *Vetleifsholt*: Guðrún Jónsdóttir frá Vetleifsholti, fædd 05.04.1930
- *Vetleifsholtspartur*: Sigurður Jónsson frá Kastalabrekku, fæddur 04.11.1926
- *Þjórásartún*: Karl Ölvirsson í Þjórásartúni, fæddur 25.02.1951 og Kristbjörg Hrólfsdóttir í Þjórásartúni fædd 10.09.1917

VIII. Viðaukar

Viðauki I: Hnit í landshnitakerfi (ISN93)

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða	Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
RA-358:001	421883.61	371802.7	RA-358:045B	421086.39	370589.3
RA-358:002	421900.18	371805.26	RA-358:045C	421090.33	370565.24
RA-358:003	421864.48	371879.81	RA-358:045D	421092.3	370532.7
RA-358:004	421696.83	371891.25	RA-358:045E	421075.93	370476.49
RA-358:005	422378.87	374520.01	RA-359:001	420286.8	371061.29
RA-358:006	421282.64	369948.88	RA-359:002	420209.68	371088.9
RA-358:007	422001.76	371107.05	RA-359:003	420256.03	371115.92
RA-358:008	422104.71	371852	RA-359:004	420360.56	371057.74
RA-358:009	421537.86	370381.02	RA-359:005	420275.55	371031.7
RA-358:010	421398.22	370407.06	RA-359:006	420244.98	371056.95
RA-358:011A	421670.99	371799.93	RA-359:007	420289.56	371064.25
RA-358:011B	421872.76	371870.15	RA-359:008	420373.97	370685.75
RA-358:012	421771.98	371825.97	RA-359:009	420340.44	370864.84
RA-358:013	422201.36	372139.77	RA-359:010	419451.31	371081.01
RA-358:014	422271.18	372146.48	RA-359:010B	419439.08	371067.01
RA-358:015	422895.03	373265.19	RA-359:011	418913.64	371582.38
RA-358:016	422802.73	373252.37	RA-359:012	419849.53	371373.31
RA-358:017	421898.01	371866.01	RA-360:001	421288.36	371245.31
RA-358:018	422317.92	372304.07	RA-360:002	421213.21	371301.92
RA-358:019	421951.86	371874.29	RA-360:003	421317.94	371303.49
RA-358:023	421810.04	371766.21	RA-360:004	421201.18	371351.03
RA-358:024	421851.66	371796.78	RA-360:005	421295.46	371215.33
RA-358:025	421889.53	371825.18	RA-360:006A	421179.88	371264.24
RA-358:026	422019.31	371841.95	RA-360:006B	421266.46	371244.13
RA-358:027	420484.03	372690.06	RA-360:007	421468.63	371575.48
RA-358:029	421885.98	371769.17	RA-360:008	420771.8	371431.5
RA-358:030	421660.14	371850.62	RA-360:009	421275.73	371161.09
RA-358:031	421776.32	371808.81	RA-360:010	421273.56	371296
RA-358:032	421806.3	371528.93	RA-360:011	421298.61	371262.67
RA-358:033	421687.76	371533.08	RA-360:012	421040.23	371004.68
RA-358:034A	421207.69	373390.44	RA-360:013	421725.03	370846.5
RA-358:034B	421265.08	373416.08	RA-360:014	420609.47	370576.29
RA-358:035	422559.34	372131.68	RA-361:001	421672.57	371778.24
RA-358:036	421479.48	370347.89	RA-361:002	421681.64	371765.81
RA-358:036b	420387.78	370659.72	RA-361:003	421522.87	371780.41
RA-358:036c	420293.5	370875.69	RA-361:004	419831.18	372129.12
RA-358:037	421220.31	370682.79	RA-361:005	419081.49	372431.88
RA-358:038	422615.95	372250.22	RA-361:006A	419222.32	372488.68
RA-358:039	422755.59	373810.16	RA-361:006B	419100.03	372446.27
RA-358:040	421260.15	373530.87	RA-361:007A	421586.18	370787.72
RA-358:041	421714.58	371879.62	RA-361:007B	421477.31	370744.33
RA-358:042A	422279.66	372102.69	RA-362:001	421787.95	372032.08
RA-358:042B	422382.62	372105.65	RA-363:001	422432.71	371603.09
RA-358:042C	422384.39	372177.84	RA-363:002	422380.45	371783.17
RA-358:043A	422376.5	372074.49	RA-363:003	422325.62	371773.51
RA-358:043B	422442.18	371980.6	RA-363:004	422290.51	371758.32
RA-358:044	420870.41	373260.07	RA-363:005	422546.12	371388.9
RA-358:045A	421075.34	370672.54	RA-363:006	422465.46	371629.72

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða	Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
RA-363:007	422422.66	371616.51	RA-364:014	422257.57	375392.38
RA-363:008	422431.33	371616.51	RA-364:015	422268.02	375406.77
RA-363:009	422359.74	371589.88	RA-364:016	422188.93	375118.02
RA-363:010	422350.86	371633.47	RA-364:017	422551.65	375149.97
RA-363:011	422425.81	371577.06	RA-364:018	422368.42	374595.15
RA-363:012	422454.41	371625.18	RA-364:019	422157.57	375227.49
RA-363:013	422472.16	371615.52	RA-364:020	421992.88	375428.87
RA-363:014	422444.94	371612.36	RA-364:021	422622.26	375991.97
RA-363:015	422606.68	371674.69	RA-364:022	423424.02	376095.52
RA-363:016	422327.98	371666.01	RA-364:023	423848.67	376427.07
RA-363:017	422343.17	371691.65	RA-364:024	422390.51	374856.09
RA-363:018	422508.45	371486.33	RA-364:025	422185.78	375090.21
RA-363:020	422520.48	371643.13	RA-364:026	422175.13	375116.05
RA-363:021	422406.48	371590.08	RA-364:027	422203.53	375101.65
RA-363:022A	422418.91	371603.09	RA-364:028	422194.26	375140.31
RA-363:022B	422426.21	371578.64	RA-364:029A	423380.82	375600.07
RA-363:023	422439.03	371588.1	RA-364:029A	423380.82	375600.07
RA-363:024	422178.68	371204.88	RA-364:029B	423375.89	375582.31
RA-363:025	422554.41	371355.76	RA-364:029B	423375.89	375582.31
RA-363:026A	422614.76	371860.09	RA-364:029C	423383.98	375572.85
RA-363:026B	422578.87	371855.75	RA-364:029C	423383.98	375572.85
RA-363:027	422884.38	371407.63	RA-364:029D	423385.36	375589.41
RA-363:028	423219.49	371514.34	RA-364:029D	423385.36	375589.41
RA-363:029	421405.91	369560.53	RA-364:030	422275.91	375433.99
RA-363:030	422777.09	371379.43	RA-364:031	422246.13	374812.11
RA-363:031	421769.61	370721.26	RA-364:032A	423337.24	375587.64
RA-363:032A	421800.38	370819.28	RA-364:032A	423337.24	375587.64
RA-363:032B	421808.27	370774.31	RA-364:032B	423281.02	375593.95
RA-363:032C	421790.71	370701.33	RA-364:032B	423281.02	375593.95
RA-363:032D	421399.6	370045.53	RA-364:032C	423094.64	375467.52
RA-363:032E	421583.62	369060.73	RA-364:032C	423094.64	375467.52
RA-363:033	422166.64	371142.35	RA-364:032D	423200.55	375274.63
RA-364:001	422194.85	375020.19	RA-364:032D	423200.55	375274.63
RA-364:002	422191.5	375100.67	RA-364:032E	423406.27	375467.72
RA-364:003	422195.64	375177.78	RA-364:032E	423406.27	375467.72
RA-364:004	422260.73	375117.83	RA-364:033A	423689.89	375699.27
RA-364:005	422192.88	375156.68	RA-364:033A	423689.89	375699.27
RA-364:006	422195.05	375019.41	RA-364:033B	423722.63	375728.27
RA-364:007	422173.74	375117.63	RA-364:033B	423722.63	375728.27
RA-364:008	422180.06	375225.32	RA-364:033C	423723.22	375704.8
RA-364:009	422756.38	376191.97	RA-364:033C	423723.22	375704.8
RA-364:010	422177.89	375196.72	RA-364:033D	423769.77	375786.45
RA-364:011	422195.24	375245.44	RA-364:033D	423769.77	375786.45
RA-364:012A	422194.06	375266.54	RA-365:001	421698.8	376823.71
RA-364:012B	422185.78	375268.32	RA-365:002	421680.26	376822.92
RA-364:012C	422116.35	375278.77	RA-365:003	421590.32	376377.17
RA-364:013A	422206.29	375302.63	RA-365:004	421601.17	376339.11
RA-364:013B	422197.81	375278.37	RA-365:005A	421154.24	377317.79
RA-364:013C	422216.54	375324.33	RA-365:005B	420571.41	375917.81
RA-364:013D	422313.19	375226.7	RA-365:006	421696.83	376827.85

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða	Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
RA-365:006b	421705.11	376834.96	RA-366:013B	423260.31	378562.74
RA-365:007	421937.65	376836.73	RA-366:013C	423278.26	378556.42
RA-365:008	421705.71	376815.23	RA-366:014	424571.53	378124.28
RA-365:009	421664.88	377077.75	RA-366:015A	424569.76	378174.97
RA-365:009b	421621.88	377108.72	RA-366:015B	424573.31	378061.96
RA-365:009c	421561.13	377152.7	RA-366:015C	424542.74	378051.9
RA-365:010	420498.43	376025.11	RA-366:016A	424574.29	378085.43
RA-365:011A	420547.74	376759.02	RA-366:016B	424586.52	378083.26
RA-365:011B	420655.43	376817.99	RA-366:016C	424614.93	377848.35
RA-365:012	421290.72	377360	RA-366:016D	424625.58	377790.36
RA-365:014	421930.36	376608.53	RA-366:016E	424634.06	377727.64
RA-365:015	422100.57	377046.19	RA-366:016F	424664.43	377537.9
RA-365:016	422563.48	376724.7	RA-366:016G	424746.48	377030.61
RA-365:017	422927.78	376410.11	RA-366:016H	424727.55	376998.66
RA-365:018a	423206.86	376692.16	RA-366:016I	424302.31	376463.36
RA-365:018ba	423192.07	376688.41	RA-366:016J	424191.07	376320.37
RA-365:018bb	423181.42	376709.51	RA-366:017	423724.8	378517.37
RA-365:018bc	423179.45	376725.69	RA-366:018	423614.55	376854.28
RA-365:018bd	423203.51	376738.9	RA-366:019A	422398.59	377271.63
RA-365:018be	423221.26	376704.98	RA-366:019B	422227.2	377343.82
RA-365:018bf	423219.88	376695.9	RA-366:019D	421781.84	377525.87
RA-365:018c	423207.06	376701.62	RA-366:020	423240.39	377904.76
RA-365:018d	423219.09	376702.61	RA-366:021	422849.08	377878.92
RA-365:018e	423200.75	376730.62	RA-366:022	422678.86	378327.24
RA-365:019	423130.53	376612.67	RA-366:023A	422111.42	377961.76
RA-365:020	422939.02	376448.77	RA-366:023B	422100.77	377949.73
RA-365:021a	422068.22	377065.72	RA-366:023C	422071.38	377933.75
RA-365:021b	422135.48	377034.75	RA-366:023D	422109.84	377924.48
RA-365:021c	422178.87	377073.02	RA-366:023E	422141.6	377931.58
RA-365:021d	422254.81	377139.29	RA-366:024	422659.34	378308.7
RA-365:021e	422336.27	377210.29	RA-366:025A	423173.53	378000.42
RA-365:021f	422405.3	377271.44	RA-366:025B	423227.57	377970.64
RA-365:021g	422228.77	377343.43	RA-366:025C	423757.35	377979.12
RA-365:021h	422225.03	377337.51	RA-366:025D	424023.81	377981.48
RA-365:022	421701.17	376803.4	RA-366:025E	424163.45	377982.86
RA-366:001	422647.31	378330.79	RA-366:025F	424177.85	378006.93
RA-366:002	422559.14	378266.49	RA-366:025G	424196.59	378038.48
RA-366:003	424310	376472.24	RA-366:025H	424256.55	378137.1
RA-366:004	424013.75	376591.17	RA-366:026	423601.73	377158.03
RA-366:005	424234.85	378050.71	RA-366:027	423683.78	376666.91
RA-366:007	422616.93	378384.44	RA-368:001	424157.54	374080.57
RA-366:008	422551.65	378310.27	RA-368:002	424118.88	374065.97
RA-366:009A	422795.04	378360.18	RA-368:003	424107.83	374047.04
RA-366:009B	422860.52	378348.14	RA-368:003	424107.83	374047.04
RA-366:009C	422836.46	378353.07	RA-368:005	424151.42	374196.54
RA-366:010	423118.11	378442.62	RA-368:006	424196.19	374169.32
RA-366:011	422828.57	378337.89	RA-368:007	424211.18	374190.23
RA-366:012	423249.86	378561.16	RA-368:008	424126.77	374071.69
RA-366:013	423249.86	378561.16	RA-368:011	424063.06	374026.33

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða	Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
RA-368:012	424153.2	374064.98	RA-368:033	424585.34	374565.76
RA-368:012A	424146.89	374072.48	RA-368:034A	425300.91	374221.19
RA-368:012B	424130.52	374055.91	RA-368:034B	425239.17	374261.04
RA-368:013	424196.98	374096.54	RA-368:034C	425210.18	374287.27
RA-368:014	424626.36	376830.02	RA-368:034D	425192.43	374300.88
RA-368:015	425150.22	375130.25	RA-368:034E	425119.26	374370.11
RA-368:016A	424207.63	374182.54	RA-368:034F	425166.99	374478.78
RA-368:016B	424340.77	374278.59	RA-368:034G	425152.98	374558.66
RA-368:016C	424373.11	374272.08	RA-368:034H	425248.64	374740.32
RA-368:016D	424437.61	374259.06	RA-368:034I	425064.23	374753.53
RA-368:016E	424454.57	374256.1	RA-368:034J	424988.09	374832.03
RA-368:016F	424578.04	374157.49	RA-368:034K	424920.25	374903.43
RA-368:016G	424724.19	373994.77	RA-368:034L	424828.93	374997.12
RA-368:016H	424657.53	373945.85	RA-368:034M	424775.28	375054.12
RA-368:016I	424206.85	374192.79	RA-368:034N	425367.18	374795.35
RA-368:016J	424046.3	374274.05	RA-368:034O	425400.91	374787.46
RA-368:016K	423955.37	374316.06	RA-368:034P	425333.26	375079.76
RA-368:016L	424202.51	374188.65	RA-368:034Q	425214.72	375192.97
RA-368:016M	424227.16	374199.3	RA-368:034R	425091.05	375185.08
RA-368:016N	424250.24	374190.43	RA-368:034S	425342.53	375206.58
RA-368:016O	424277.46	374177.21	RA-368:034T	425344.7	375239.91
RA-368:016P	424308.03	374161.43	RA-368:034U	425446.27	375565.55
RA-368:017A	424148.66	374116.07	RA-368:035	424262.07	374630.46
RA-368:017B	424192.05	374201.67	RA-368:036	423864.05	374329.48
RA-368:018	424741.94	377011.88	RA-369:001	423279.05	378920.52
RA-368:019	424250.43	374151.57	RA-369:002	423219.29	378911.25
RA-368:020	423962.67	373236	RA-369:003	423305.87	378915.39
RA-368:021	424261.28	373865.18	RA-369:004	425029.32	379097.83
RA-368:022	424172.13	374078	RA-369:005	424252.6	379967.25
RA-368:023	424700.92	374054.33	RA-369:006	425193.02	380734.3
RA-368:024/25	423993.24	373990.63	RA-369:007	424034.07	378521.12
RA-368:026a	424481.59	375343.46	RA-369:008	423096.02	378786.2
RA-368:026b	424409.41	375386.66	RA-369:009	423325.01	378918.55
RA-368:026c	424534.06	375317.23	RA-369:010	423275.5	378901.98
RA-368:026d	424531.1	375324.92	RA-369:011	423268.99	378908.29
RA-368:026e	424534.06	375337.55	RA-369:012	423243.35	378914.21
RA-368:026fa	424543.13	375379.75	RA-369:012B	423150.26	378953.06
RA-368:026fb	424529.92	375351.35	RA-369:013	423294.04	378923.28
RA-368:026fc	424481	375370.48	RA-369:014	423281.02	378925.85
RA-368:026fd	424426.96	375394.55	RA-369:015	423335.26	378945.77
RA-368:026fe	424415.32	375428.27	RA-369:016	423422.44	378953.66
RA-368:026ff	424391.85	375428.27	RA-369:017	423287.53	378932.55
RA-368:026fg	424380.41	375419	RA-369:018	423235.66	379015.78
RA-368:026fhh	424381.2	375408.16	RA-369:018A	423211.6	379027.42
RA-368:027	424617.69	375323.54	RA-369:018B	423232.9	379015.59
RA-368:028	424384.16	375861.6	RA-369:019	423302.13	378758.2
RA-368:029	424347.67	375916.43	RA-369:020	423422.44	378766.48
RA-368:030	424180.81	374378	RA-369:021	423993.44	378911.64
RA-368:031	424569.76	374496.73	RA-369:022A	423428.56	378975.94
RA-368:032	424570.74	374508.57	RA-369:022B	423473.33	379037.09

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða	Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
RA-369:022C	423497.78	379072.39	RA-370:026	422129.76	378706.91
RA-369:022D	423574.9	379098.23	RA-370:027A	422385.18	378925.65
RA-369:022E	423827.76	379192.31	RA-370:027B	422127	378588.77
RA-369:022F	423997.97	379255.82	RA-370:028	422789.12	378438.67
RA-369:022J	424238.99	379341.42	RA-370:029	421901.36	380648.3
RA-369:022K	424882.77	379575.74	RA-370:030	421841.4	380588.54
RA-369:022L	425166.59	379679.68	RA-370:031	422683.8	379121.9
RA-369:023	424433.27	379090.93	RA-370:032	422725.02	379146.75
RA-369:023A	424419.66	378978.11	RA-370:033	422735.27	379130.97
RA-369:023B	424368.78	378992.91	RA-370:034	422712.2	379109.27
RA-369:024A	423593.84	379087.38	RA-370:035	422447.51	378817.56
RA-369:024B	423660.11	379070.02	RA-370:036	422478.67	381089.91
RA-369:025	423218.89	379054.25	RA-370:036	422478.67	381089.91
RA-369:026	424115.53	380169.02	RA-370:037	422464.67	381112.2
RA-369:027	424061.29	379857.39	RA-370:037	422464.67	381112.2
RA-370:001	422711.41	379118.94	RA-371:001	420953.65	378027.04
RA-370:002	422698	379125.25	RA-371:002	420971	378020.14
RA-370:003	422742.37	379146.75	RA-371:003	420959.96	378083.85
RA-370:004	422522.26	379113.81	RA-371:004	420984.22	378129.8
RA-370:005	422522.06	379120.91	RA-371:006	421043.19	378069.84
RA-370:006	421962.51	379266.08	RA-371:007	421061.93	378057.22
RA-370:007	422312.01	379620.31	RA-371:008	421067.26	378035.13
RA-370:008	422717.52	380400.18	RA-371:009	421057.39	378018.56
RA-370:009	423004.5	380510.63	RA-371:010	421120.71	377963.14
RA-370:010	422984.58	379195.47	RA-371:011	421131.36	377983.85
RA-370:011	422961.5	379077.13	RA-371:012	422016.55	378901.19
RA-370:012	422675.71	379108.49	RA-371:012b	422072.56	378895.08
RA-370:013	422678.27	379132.35	RA-371:013	421727.2	377907.13
RA-370:014	421731.74	380254.42	RA-371:014	422186.76	378184.44
RA-370:015A	421497.82	380204.92	RA-371:015A	421590.72	377811.86
RA-370:015B	421490.13	380160.54	RA-371:015B	421636.67	377781.88
RA-370:016A	422855.39	380603.92	RA-371:015c	421757.58	377921.13
RA-370:016B	422869.79	380621.67	RA-371:015d	421774.54	377945.78
RA-370:016C	422891.48	380638.44	RA-371:015e	421805.51	377979.91
RA-370:017	422055.4	378633.35	RA-371:015f	421833.51	378006.53
RA-370:018	422885.37	379039.85	RA-371:016	421298.81	377372.22
RA-370:019A	423000.55	379098.03	RA-371:017	420758.38	377807.92
RA-370:019B	422999.96	379123.28	RA-371:018	421111.63	377817.98
RA-370:019C	422986.75	379144.58	RA-371:019	421078.5	377939.67
RA-370:020	422659.34	379466.66	RA-371:020	421178.89	377977.74
RA-370:021	422574.33	379364.89	RA-371:021a	421208.67	378006.34
RA-370:022A	422024.64	379299.8	RA-371:021b	421186.78	378018.76
RA-370:022B	422026.8	379271.99	RA-371:021c	421162.91	378032.57
RA-370:023A	422146.53	379137.68	RA-371:021d	421116.76	378049.92
RA-370:023B	422150.67	379170.61	RA-371:021e	421052.66	378080.3
RA-370:024	422085.78	379272.78	RA-371:021f	421006.7	378107.12
RA-370:025A	422055.8	379192.7	RA-371:021g	420980.27	378155.05
RA-370:025B	422063.69	379221.3	RA-371:021h	420965.48	378167.48
RA-370:025C	422058.95	379153.26	RA-371:021i	421135.89	377899.83
RA-370:025D	422039.82	379147.74	RA-371:021j	421065.28	377853.68

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða	Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
RA-371:021k	420900.2	377745.59	RA-372:012h	420462.14	377636.52
RA-371:021l	420807.1	377808.31	RA-372:012i	420553.46	377719.75
RA-371:022	420977.51	378081.68	RA-372:013	420065.1	377674.78
RA-371:023	421058.18	377918.57	RA-372:014	419675.96	377760.19
RA-371:024	420954.44	378013.44	RA-372:014b	419286.81	377970.04
RA-371:025	421037.67	378075.37	RA-372:015	419050.33	376166.33
RA-371:026	421213.41	378057.62	RA-372:016	419951.1	373376.83
RA-371:027a	420970.22	378190.55	RA-372:017	420414.41	377452.89
RA-371:027b	420991.52	378257.61	RA-372:017b	420438.07	377464.92
RA-371:027c	421057.59	378253.67	RA-372:018	420466.28	377767.29
RA-371:027d	421013.21	378141.05	RA-372:018a	420498.63	377803.18
RA-371:028	421020.51	378395.87	RA-372:018b	420477.32	377756.83
RA-371:029	420894.28	378601.79	RA-372:018c	420419.53	377742.24
RA-371:030	421222.48	378822.1	RA-372:018d	420406.32	377743.22
RA-371:031	420545.77	378855.24	RA-372:019	419471.82	377701.61
RA-371:032	420806.31	380018.92	RA-372:020	420296.85	377519.95
RA-371:033	421001.77	378123.49	RA-372:021A	419030.01	375880.53
RA-371:034	421110.84	377923.89	RA-372:021B	419117.78	375954.3
RA-371:035	422088.34	378895.87	RA-372:021C	419036.13	375862.39
RA-371:036	421025.05	378136.51	RA-372:021D	419082.48	375893.55
RA-371:037	421158.38	378009.89	RA-372:021E	419024.1	375909.33
RA-371:038	421171.79	378016.2	RA-372:021F	419105.95	375970.67
RA-371:039a	420954.83	378016.39	RA-373:001	420287.58	377293.92
RA-371:039b	420960.75	377990.95	RA-373:002	420275.16	377417
RA-371:039c	420929.19	377982.27	RA-373:003	420209.48	377391.16
RA-371:039d	420923.27	378001.6	RA-373:004	420393.3	377264.34
RA-371:039e	420944.38	378012.45	RA-373:006	419812.05	376928.05
RA-371:039f	420930.37	378030.2	RA-373:007	419820.14	376906.35
RA-371:039g	420939.84	378040.65	RA-373:009	419952.48	377172.82
RA-371:039h	420946.35	378034.54	RA-373:010	419964.12	377205.36
RA-371:039i	420982.84	378001.8	RA-373:011	420221.12	377398.06
RA-371:039j	420974.55	378016.99	RA-373:012	420199.81	377366.31
RA-371:040	421067.45	379191.52	RA-373:014	420294.88	377273.41
RA-372:001	420410.86	377498.45	RA-373:015A	420190.54	377383.27
RA-372:003	420301.98	377437.71	RA-373:015B	420221.51	377408.71
RA-372:004	420522.29	377515.81	RA-374:001	417524.71	375453.52
RA-372:005	420557.01	377656.24	RA-374:002	417924.51	375104.02
RA-372:006	420332.95	377456.64	RA-374:003A	417542.07	375442.08
RA-372:007	420383.05	377478.14	RA-374:003B	417549.76	375427.29
RA-372:008	419693.91	380046.34	RA-374:003C	417543.45	375422.36
RA-372:009	419073.6	375562.99	RA-374:003D	417528.07	375415.06
RA-372:010	420371.21	377503.58	RA-374:004	419114.43	374011.73
RA-372:011	420361.94	377506.34	RA-374:006	418250.14	373574.85
RA-372:012a	420186.4	377452.1	RA-374:007A	418721.73	372296.57
RA-372:012b	420219.14	377459.01	RA-374:007B	418647.77	372628.91
RA-372:012c	420262.34	377488.4	RA-374:007C	418493.14	373169.93
RA-372:012d	420326.83	377537.7	RA-374:007D	418272.04	373478.01
RA-372:012e	420370.42	377583.27	RA-374:007E	417578.95	375068.91
RA-372:012f	420414.8	377578.53	RA-374:007F	417539.9	375231.83
RA-372:012g	420414.21	377564.73	RA-374:008	419453.87	372853.17

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða	Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
RA-374:009	417554.3	375444.64	RA-375:005	418787.61	378406.53
RA-374:010	418711.48	372217.28	RA-375:007	418223.72	378233.35
RA-374:011	417507.55	375435.57	RA-375:008	419169.26	380554.22
RA-374:012	417494.93	375461.61	RA-375:009A	419122.12	381523.24
RA-374:013A	417492.56	375457.46	RA-375:009B	419121.53	381543.55
RA-374:013B	417465.54	375503.03	RA-375:009C	419078.73	381556.96
RA-374:014	417561	375462.99	RA-375:009E	419052.89	381519.88
RA-374:015A	417445.82	375534.39	RA-375:009F	419078.53	381486.75
RA-374:015B	417423.33	375476.99	RA-375:009G	419175.18	381691.48
RA-374:015C	417420.18	375466.14	RA-375:009J	419191.35	381730.14
RA-374:015D	417412.09	375442.28	RA-375:010	418728.44	377227.26
RA-374:015E	417410.71	375412.1	RA-375:011	418720.75	378328.42
RA-374:015F	417435.96	375283.31	RA-375:012	418787.61	378406.53
RA-374:015G	417544.63	375214.27	RA-375:013	418306.95	378754.05
RA-374:015H	417648.38	375148.4	RA-375:014	418802.4	378495.48
RA-374:015I	417715.64	375197.51	RA-375:015	418802.4	378495.48
RA-374:015J	417720.96	375206.19	RA-375:017	418580.51	378272.21
RA-374:015K	417706.17	375225.12	RA-375:017B	418568.09	378288.38
RA-374:015L	417693.74	375246.42	RA-375:018	417082.12	379089.95
RA-374:015M	417688.81	375249.97	RA-375:019	417747.59	379126.63
RA-374:015N	417715.05	375261.41	RA-375:020	417617.02	379578.5
RA-374:015O	417715.83	375255.1	RA-375:021	418672.82	381147.5
RA-374:015P	417713.47	375260.23	RA-375:022	417195.13	378818.55
RA-374:015Q	417717.02	375268.12	RA-375:023	419035.93	381647.3
RA-374:015R	417655.28	375402.44	RA-375:024	419358.8	381666.23
RA-374:015S	417586.84	375484.29	RA-375:025	416555.89	377636.12
RA-374:015T	417496.11	375580.93	RA-375:026	419055.46	381857.94
RA-374:015U	417485.27	375585.47	RA-375:027	418715.82	378233.94
RA-374:015V	417467.32	375579.36	RA-375:028	418711.28	378253.47
RA-374:015W	417452.13	375548.98	RA-375:029	418741.46	378318.56
RA-374:015X	417694.34	375253.13	RA-375:030	418927.45	378389.96
RA-374:015Z	417417.81	375471.67	RA-375:031	418102.81	378216.59
RA-374:016	417868.1	375082.13	RA-375:032	417340.1	377106.35
RA-374:017	417800.65	375128.87	RA-375:033A	418492.15	377166.51
RA-374:018	417718.2	375221.57	RA-375:033B	418539.29	377070.06
RA-374:019	417605.19	375343.07	RA-375:033C	418729.23	377199.84
RA-374:020	417452.92	375590.4	RA-375:033D	418772.42	377228.83
RA-374:021A	419036.32	372418.86	RA-375:033E	418791.95	377239.88
RA-374:021B	418766.31	372310.97	RA-375:033F	418794.91	377244.61
RA-374:021C	418744.81	372303.67	RA-375:033G	418793.92	377247.77
RA-374:021D	418722.33	372294.4	RA-375:033H	418790.37	377254.87
RA-374:021E	418677.95	372263.04	RA-375:033I	418799.25	377251.91
RA-374:021F	418567.1	372188.49	RA-375:033J	418816.01	377281.69
RA-374:021G	418560.99	372185.53	RA-375:034A	418172.04	378247.55
RA-374:021H	418479.33	372133.66	RA-375:034B	418158.82	378225.46
RA-374:021I	418316.81	372019.46	RA-375:034C	418102.22	378131.19
RA-375:001	418713.84	378258.4	RA-375:034D	418081.9	378111.66
RA-375:002	418739.49	378243.02	RA-375:034E	418018.2	377995.49
RA-375:003	418699.64	378244.4	RA-375:034F	417964.75	377914.23
RA-375:004	418740.27	378334.34	RA-375:034G	417932.6	377856.24

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða	Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
RA-375:034H	417925.3	377820.34	RA-377:023H	420998.81	381943.94
RA-375:035	417389.02	377080.91	RA-377:023I	420800.4	381879.84
RA-375:036	418207.34	379826.42	RA-377:023J	420786.79	381890.69
RA-376:001	419032.77	378294.69	RA-377:023K	420760.16	381897.79
RA-376:002	419086.42	378314.02	RA-377:023L	420690.73	381929.15
RA-376:003	419076.36	378272.41	RA-377:023M	420634.72	381954
RA-376:004	419080.11	378228.03	RA-377:023N	420583.24	381977.86
RA-376:005	418928.63	378841.82	RA-377:023O	420551.29	382011.39
RA-376:006	419037.31	378312.44	RA-377:024	421991.11	381093.66
RA-376:007	418661.77	380028.39	RA-377:025	421751.66	380921.08
RA-376:008	419059.6	378310.87	RA-377:026A	422207.87	381319.69
RA-376:009A	419014.43	378284.63	RA-377:026B	422128.78	381214.56
RA-376:009B	419023.11	378280.49	RA-377:026C	422073.55	381124.82
RA-376:009C	419024.88	378288.18	RA-377:026D	421998.99	381087.15
RA-376:010	419003.78	378304.75	RA-377:026E	421988.54	381071.17
RA-376:011	419045.79	378296.07	RA-377:026F	421967.63	380940.01
RA-376:012	419152.3	379817.94	RA-377:026G	421904.32	380693.07
RA-376:013	419072.02	378318.16	RA-377:026I	421837.85	380686.37
RA-376:014	419004.57	378187.79	RA-377:026J	421777.3	380901.75
RA-377:001	421664.29	382544.72	RA-377:026K	421780.85	380928.97
RA-377:003	421481.45	382504.88	RA-377:026L	421759.16	380914.57
RA-377:004	421510.64	382555.57	RA-377:026M	421855.41	381062.49
RA-377:005	421457.78	382462.47	RA-377:026N	421833.51	381014.57
RA-377:006	420875.15	382973.9	RA-377:026O	421893.08	380651.85
RA-377:008	421441.41	382250.05	RA-377:026P	421877.1	380667.04
RA-377:009	421980.26	381840.39	RA-378:001	424185.54	380914.96
RA-377:010	421685.39	382173.32	RA-378:002	424207.04	380913.78
RA-377:011	421482.44	382696.98	RA-378:003	424072.53	380854.61
RA-377:013	421004.73	382684.36	RA-378:004	424204.87	380836.66
RA-377:014	421485.79	382486.93	RA-378:005	424354.77	380904.9
RA-377:015	421468.63	382433.48	RA-378:006	424325.58	380940.8
RA-377:016	421472.97	382515.92	RA-378:007	424207.44	380904.9
RA-377:017	421562.71	382615.92	RA-378:008	424184.56	380907.47
RA-377:018	420891.32	382818.87	RA-378:009	424105.07	380809.05
RA-377:019	421568.63	382660.3	RA-378:010	423631.9	380616.55
RA-377:020	421496.83	382714.14	RA-378:011	424081.01	380673.55
RA-377:021	421818.13	382319.47	RA-378:012A	424332.88	381001.75
RA-377:021A	421808.86	382319.28	RA-378:012B	424341.95	380988.93
RA-377:021B	421761.92	382298.77	RA-378:012C	424353.79	380975.12
RA-377:021C	421781.05	382308.82	RA-378:012D	424444.32	380866.64
RA-377:021D	421825.82	382309.61	RA-378:012E	424417.3	380858.55
RA-377:021E	421829.17	382296.4	RA-378:013	424316.71	381040.01
RA-377:022	422079.66	382272.34	RA-378:014	424788.69	381394.44
RA-377:023A	421571.59	382133.68	RA-378:015	425686.5	381546.12
RA-377:023B	421609.65	382145.12	RA-378:016A	424793.82	381400.75
RA-377:023C	421748.51	382251.03	RA-378:016B	424755.75	381560.71
RA-377:023D	421503.93	382110.8	RA-378:017	424196	380914.77
RA-377:023E	421344.17	382057.55	RA-378:018	424575.87	381396.81
RA-377:023F	421326.23	382052.02	RA-379:001	424552.2	382989.09
RA-377:023G	421025.24	381953.21	RA-379:002A	424576.27	382958.52

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða	Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
RA-379:002B	424591.06	382966.41	RA-379:031A	424125.78	382409.22
RA-379:003	424522.82	383024.99	RA-379:031B	424143.53	382193.44
RA-379:004	424641.55	382787.12	RA-379:031C	424265.82	381979.05
RA-379:005	424609.6	382961.28	RA-379:032	424207.44	380904.9
RA-379:006	424622.81	382909.21	RA-408:001	425857.7	378676.34
RA-379:007	424755.16	383325.97	RA-408:002A	425846.26	378656.82
RA-379:008	424670.74	382997.18	RA-408:002B	425821.61	378660.96
RA-379:009	423312.78	382233.28	RA-408:002J	425839.36	378665.69
RA-379:010A	424690.27	382051.23	RA-408:003	425959.08	378638.67
RA-379:010B	424676.46	382045.52	RA-408:004	425951.98	378743.01
RA-379:010C	424682.77	382046.5	RA-408:005	425950.8	378733.34
RA-379:010D	424696.78	382074.51	RA-408:006	425910.96	378634.73
RA-379:011	423471.55	382352.41	RA-408:007	425808	378638.67
RA-379:012	423613.36	382505.86	RA-408:008	425781.37	378653.86
RA-379:013	424770.74	382319.28	RA-408:009	425826.94	378676.93
RA-379:014A	425902.28	381929.74	RA-408:010	425678.81	378658.2
RA-379:014B	425881.18	381951.24	RA-408:011	425619.84	378659.58
RA-379:014C	425756.92	381975.1	RA-408:012	425813.33	378697.25
RA-379:014D	425853.37	382383.97	RA-408:013	426033.24	378735.12
RA-379:014F	426178.41	381652.43	RA-408:014A	426122.79	378786.99
RA-379:014G	426107.6	381722.84	RA-408:014B	426125.35	378784.82
RA-379:015	425716.68	382323.62	RA-408:014C	426092.02	378828.61
RA-379:016	425290.85	382490.48	RA-408:014D	426107.6	378809.67
RA-379:017	424766.99	382286.34	RA-408:014E	426026.14	378735.12
RA-379:018	424534.45	382980.21	RA-408:014F	426190.24	379002.57
RA-379:019	424552.99	382976.07	RA-408:014G	426007.01	378740.25
RA-379:020	424690.27	382051.23	RA-408:014H	425967.37	378731.77
RA-379:021	424434.45	383405.85	RA-408:015	426919.62	380570.59
RA-379:022	424737.8	383127.15	RA-408:016A	425692.42	378664.71
RA-379:023	425198.74	382492.25	RA-408:016B	425705.04	378665.69
RA-379:024	424538.99	382991.06	RA-408:016C	425848.04	378393.31
RA-379:025	423964.44	382500.54	RA-408:016D	425847.84	378488.77
RA-379:026	424768.57	383321.23	RA-408:017	427154.13	381027.78
RA-379:027A	424704.08	383380.01	RA-408:018	426262.23	379220.12
RA-379:027B	424669.76	383388.69	RA-408:019	425828.32	378651.29
RA-379:027C	424617.69	383403.09	RA-408:020	425797.74	378647.94
RA-379:027D	424549.44	383421.03	RA-408:021	425836.99	378677.72
RA-379:028	423937.22	382568.19	RA-408:022	425684.93	379629.38
RA-379:029	423441.38	382339.59	RA-408:023	425983.74	378584.83
RA-379:030A	423681.21	382567.79	RA-408:024	425786.5	378675.55
RA-379:030B	423673.92	382602.51	RA-408:025	425864.61	378657.8
RA-379:030C	423656.36	382701.12	RA-408:026A	426664.4	380651.06
RA-379:030D	423650.84	382742.74	RA-408:026B	426630.87	380850.27
RA-379:030E	423651.63	382755.36	RA-408:027	425927.33	378621.51
RA-379:030F	423630.72	382850.23	RA-408:028A	426006.03	379843.38
RA-379:030G	423708.23	382425.39	RA-408:028B	426012.93	379904.53
RA-379:030H	423744.92	382203.7	RA-408:028C	425974.66	379581.26
RA-379:030I	423805.27	381839.8	RA-408:028D	425967.76	379526.43
RA-379:030J	423799.95	381770.37	RA-408:028E	425965.79	379502.96
RA-379:030K	423796.79	381723.43	RA-408:028F	425963.03	379444.97


Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða	Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
RA-408:029	425840.94	378679.7	RA-408:044K	427130.46	381028.37
RA-408:030	425866.78	378706.72	RA-408:045	426405.82	379404.93
RA-408:031	425846.26	378656.82	RA-408:046A	426187.48	381477.28
RA-408:032A	425696.56	378802.57	RA-408:046B	426076.04	381461.9
RA-408:032B	425765.6	378796.85	RA-408:046C	426153.56	381418.7
RA-408:032C	425804.65	378784.03	RA-424:001	425874.67	369595.83
RA-408:032D	425807.41	378781.67	RA-424:002	425873.68	369541.99
RA-408:032E	425814.9	378714.61	RA-424:003	425918.06	369601.95
RA-408:032F	425817.67	378710.07	RA-424:004	425932.06	369580.64
RA-408:032G	425859.68	378692.91	RA-424:005	425953.56	369557.76
RA-408:032H	425838.18	378693.5	RA-424:006	426005.83	369549.28
RA-408:032I	425205.25	378881.47	RA-424:007	425892.61	369642.38
RA-408:032J	425199.53	378880.09	RA-424:008	424512.76	368759.55
RA-408:032K	424948.06	378859.97	RA-424:009	425826.54	369341.2
RA-408:032L	425014.92	378860.76	RA-424:010	425839.56	369428.18
RA-408:033	424590.27	378192.72	RA-424:011	421917.54	369638.24
RA-408:034	426596.94	380051.27	RA-424:012	426064.41	370171.56
RA-408:035	425971.51	378629.8	RA-424:013	426071.9	370170.18
RA-408:036A	424600.53	378092.33	RA-424:014	425916.09	369695.63
RA-408:036B	424618.28	378163.93	RA-424:015	425916.09	369695.63
RA-408:036C	424738.59	377973	RA-424:016	425916.09	369695.63
RA-408:036D	424919.06	378776.54	RA-424:017	426081.96	369456.58
RA-408:036E	424937.6	378830.78	RA-424:018	425916.09	369695.63
RA-408:036F	424953.97	378913.62	RA-424:019	425843.5	370823.03
RA-408:036G	424966.99	378961.94	RA-424:020A	426400.1	370687.73
RA-408:036H	424990.66	379061.74	RA-424:020B	426416.87	370721.65
RA-408:036I	425028.53	379187.18	RA-424:020C	426431.07	370715.54
RA-408:037	425905.63	379883.82	RA-424:021	427495.55	370364.26
RA-408:038A	425475.66	379923.26	RA-424:022	425654.16	371348.66
RA-408:038B	425462.84	379935.3	RA-424:023	425870.92	369654.21
RA-408:038C	425478.22	379948.9	RA-424:024	424553.78	369546.92
RA-408:039A	426403.85	379456.21	RA-424:025A	423933.48	368893.28
RA-408:039B	426398.13	379456.21	RA-424:025B	423814.15	368718.33
RA-408:039C	426325.74	379467.26	RA-424:025C	423498.97	368253.45
RA-408:040	425682.56	379724.06	RA-424:025D	422765.84	367198.83
RA-408:041	425801.29	380038.06	RA-424:025E	422456.78	367644.19
RA-408:042	426468.74	379368.05	RA-424:025F	422431.53	368233.13
RA-408:043A	426438.76	380273.36	RA-424:025G	422869.79	366978.32
RA-408:043B	426416.87	380257.38	RA-424:025H	423250.25	367044
RA-408:043C	426409.57	380288.15	RA-424:025I	423270.37	367047.16
RA-408:044A	426844.67	381145.14	RA-424:025J	423605.08	367357.21
RA-408:044B	426549.61	381263.48	RA-424:025K	423683.58	367424.86
RA-408:044C	426193.4	381406.47	RA-424:025L	424108.82	367820.32
RA-408:044D	426152.57	381423.44	RA-424:025M	424407.63	368095.27
RA-408:044E	426222.98	381541.38	RA-424:025N	424674.88	368342.01
RA-408:044F	426247.84	381581.82	RA-424:025O	424840.36	368272.58
RA-408:044G	426177.42	381297.8	RA-424:025P	424855.16	368265.09
RA-408:044H	426173.48	381263.67	RA-424:025Q	424889.08	368248.71
RA-408:044I	426145.47	381070.98	RA-424:025R	424926.36	368233.53
RA-408:044J	426939.74	381105.29	RA-424:025S	424995.39	368204.34

Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða	Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
RA-424:025T	425138.98	368145.56	RA-426:010D	426004.25	368833.91
RA-424:025U	424705.26	367128.02	RA-426:010E	425877.62	368487.76
RA-424:025V	424701.91	367116.58	RA-426:010F	425946.26	368241.61
RA-424:025X	424439.78	366504.76	RA-426:010G	426038.17	368194.08
RA-424:026	421494.86	366460.58	RA-426:011	426372.88	369027.6
RA-424:027	424087.32	369286.96	RA-426:012A	426044.68	368148.72
RA-424:028	425222.41	366475.77	RA-426:012B	425812.54	368309.07
RA-424:029	425924.76	370291.09	RA-426:013A	426150.6	369547.31
RA-424:030	426049.22	369617.92	RA-426:013B	426173.28	369413.19
RA-424:031	426200.3	369672.95	RA-426:014	426239.95	369602.54
RA-424:032	423824.01	367054.46	RA-426:015	426330.87	368975.13
RA-424:033	425867.17	369566.64	RA-427:001	426055.73	369360.73
RA-424:034	425212.35	368566.07	RA-427:002	426125.35	369398.79
RA-425:001	424825.57	368122.88	RA-427:003	426125.35	369398.79
RA-425:002	424610.59	367965.09	RA-427:004A	423331.71	367149.13
RA-425:003	425026.95	366579.71	RA-427:004C	423391.87	367208.69
RA-425:004	424978.43	368220.71	RA-427:005	427094.57	370733.68
RA-425:005A	424866.2	368236.09	RA-427:006A	425727.53	368670.6
RA-425:005B	424942.14	368148.12	RA-427:006B	425703.07	368679.67
RA-425:005C	424797.56	368071.6	RA-427:007	426038.17	369375.91
RA-425:005D	424792.44	368088.56	RA-427:008	426069.93	369359.35
RA-425:005E	424764.23	368168.64	RA-427:009	425159.89	367486.01
RA-425:005F	424762.06	368173.96	RA-428:001	425818.65	369647.9
RA-425:005G	424869.95	368089.74	RA-428:002	425778.22	369630.54
RA-425:005H	424796.97	368061.93	RA-428:003	425767.76	369602.93
RA-425:010	423855.77	367422.69	RA-428:004	425852.58	369673.94
RA-425:011	424400.73	368050.49	RA-428:005	425825.75	369641.39
RA-425:012	425024.58	366739.27	RA-428:006	425701.3	369590.31
RA-425:013	424241.76	366603.97	RA-428:007	425829.11	369569.8
RA-425:014	423673.13	367277.73	RA-428:008	425816.28	369652.63
RA-425:015	424743.13	368052.07	RA-428:009	426040.15	370066.24
RA-425:016	424605.46	368232.34	RA-428:010A	424261.48	369332.72
RA-425:017	424393.43	367791.92	RA-428:010B	424258.72	369306.29
RA-425:018	424808.22	368117.95	RA-428:011	425114.32	369930.14
RA-425:019	424702.5	368026.63	RA-428:012	425836.6	369649.48
RA-425:020	424651.81	367996.85	RA-428:013	425809.58	369643.17
RA-425:021	424561.08	367926.63	RA-428:014	425757.11	369625.22
RA-425:022	424702.5	368026.63	RA-429:001	425665.4	369886.36
RA-426:001	426365.19	369030.75	RA-429:002	425781.97	369717.72
RA-426:002	426082.36	368927.2	RA-429:003	425673.88	369878.47
RA-426:003	426616.86	369166.84	RA-429:004	425766.78	369880.44
RA-426:004	426505.23	369106.88	RA-429:005	425791.04	369841.98
RA-426:005	426505.23	369106.88	RA-429:006	425767.17	369880.84
RA-426:006	426505.23	369106.88	RA-429:007A	425890.05	370390.69
RA-426:007	426374.85	369031.15	RA-429:007B	425882.95	370368.4
RA-426:008	425953.56	368013.22	RA-429:007C	425876.05	370390.69
RA-426:009	425330.49	368459.95	RA-429:008	425770.72	369695.04
RA-426:010A	426216.87	368928.39	RA-429:009	425806.03	369713.58
RA-426:010B	426188.86	368917.54	RA-429:010	425727.13	369839.42
RA-426:010C	426133.83	368892.88	RA-429:011	425693.6	369852.83


Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða	Samtala	Lengdargráða	Breiddargráða
RA-429:012	425214.91	370669.58	RA-673:021	485210.91	416290.09
RA-430:001	426024.96	369407.08	RA-673:022	491342.95	426541.98
RA-430:002	426034.62	369399.19	RA-673:023	479344.94	411111.08
RA-431:001	427120.8	369580.64	RA-673:024	474557.84	409453.91
RA-431:002	427063.21	369565.26	RA-673:025	478316.95	409009.15
RA-431:003A	427112.12	369580.25	RA-673:026	511086	449577.28
RA-431:003B	427102.85	369575.91	RA-673:027	519273.04	453162.03
RA-431:004	427171.88	369583.6	RA-673:028	482635.61	410896.69
RA-431:005	427163.8	369571.57	RA-673:029	520357.04	457002.2
RA-431:006	427165.77	369552.44	RA-673:031	478403.73	408882.32
RA-431:007	427370.1	369669.6	RA-673:032	484798.1	418962.23
RA-431:008	427392.39	369676.7	RA-673:034	526125.38	462332.28
RA-431:009	427423.36	369684	RA-673:035	516801.28	434178.73
RA-431:010	426893.98	369506.88	RA-673:037	479265.06	411238.89
RA-431:011	426756.51	369667.82	RA-673:038	517043.1	451301.11
RA-431:012	427713.1	369603.72	RA-673:038	514533.87	435426.04
RA-432:001	425889.06	369426.41	RA-673:039	514580.42	435320.13
RA-432:002	425879.79	369440.41	RA-673:10A	495639.13	421637.33
RA-432:003	425870.92	369458.56	RA-673:10B	495559.64	421523.13
RA-432:004	426105.63	369563.68	RA-673:13A	516694.58	435625.45
RA-432:005	426105.63	369563.68	RA-673:13B	516684.32	435595.86
RA-432:006	425851.2	369406.29	RA-673:13C	516696.16	435584.82
RA-432:007A	425776.25	369452.64	RA-673:16A	517099.5	451292.04
RA-432:007B	425814.71	369416.35	RA-673:16B	517090.23	451286.71
RA-432:007C	425830.09	369447.51	RA-673:18A	484840.11	418990.83
RA-432:007D	425840.35	369405.5	RA-673:18B	484839.12	418997.34
RA-432:007E	425845.87	369396.82	RA-673:18C	484839.32	419002.66
RA-432:007F	425858.1	369410.04	RA-673:29A	520141.07	456812.65
RA-432:007G	425873.48	369404.51	RA-673:29B	519911.88	456495.89
RA-432:007H	425880.78	369395.83	RA-673:30A	523593.28	449777.67
RA-432:007I	425870.92	369382.03	RA-673:33A	491563.07	426124.63
RA-432:007J	425910.17	369357.97	RA-673:33B	491554.39	426113.19
RA-432:008	425871.31	369417.73	RA-673:33C	491543.74	426107.27
RA-673:001	520204.78	457030.01	RA-673:36A	487914.02	414882.42
RA-673:002	526070.95	461999.15	RA-673:36B	487965.69	414939.81
RA-673:003	536856.56	448068.62	RA-674:001	507522.95	428253.39
RA-673:004	478407.28	408881.73	RA-674:002	507499.28	428285.73
RA-673:005	478314.19	409169.3	RA-674:003	490130.15	414216.35
RA-673:006	478432.13	408843.86	RA-674:004	487263.73	412765.49
RA-673:007	478377.89	408999.29	RA-674:005	499919.33	406192.43
RA-673:008	544235.91	468437.89	RA-674:006	490018.91	414384.4
RA-673:009	478456	408798.89	RA-674:007	514727.95	418714.3
RA-673:011	523572.76	449766.03	RA-674:009	486400.04	412963.71
RA-673:012	526111.77	462332.08	RA-674:010	515282.97	418662.43
RA-673:014	487794.3	414916.34	RA-674:011	489810.63	414541.4
RA-673:015	515978.22	452629.1	RA-674:012	486984.84	412477.33
RA-673:017	494317.06	430588.26	RA-674:013	490257.17	413924.84
RA-673:01B	520192.74	457030.6	RA-674:014	490117.53	414185.59
RA-673:020	484615.46	418815.48			

Viðauki II: Minjakort

Yfirlitskort: Minjastaðir í Ásahrepp




Minjakort 2: Fornleifar á Ás




0 400 800
metrar


Minjakort 3: Fornleifar á Ásmúla



Minjakort 4: Fornleifar í Framnesi




Minjakort 5: Fornleifar í Áskoti, Norðurtúni og Hellnatúni



Minjakort 6:Fornleifar á Ásmundsstöðum




Minjakort 7: Fornleifar á Seli




Minjakort 8: Fornleifar á Áshól




Minjakort 9: Fornleifar á Berustöðum




Minjakort 10; Fornleifar á Efri-Hamri og Hárlaugsstöðum



Minjakort 11: Fornleifar á Húsum



Minjakort 12: Fornleifar á Syðri-Hamri og Hamrahóli



372014b

372014

372019

372013

372018

372012

372010

372011

372020

372012

373003

373015

Syðri-Hamar

Hamrahóli

373010

373009

373006

373007

372015

372021F

372021B

372021E

372021A

372021D

372021C

372009


0

250

500

metrar

Minjakort 13: Fornleifar á í Sauðholti



0 350 700
metrar

Minjakort 14: Fornleifar í Kálfholti, Kálfholtshjáleigu og á Þjórsártúni



375026

375023

375037

Þjórsártún

375021

375008

376007

375036

376012

375020

375018

375019

375022

375013

376005

Kálfholt

375014

Kálfholtshjáleiga

376014

375031

375007

375034

375025

375032

375035

375033A

375010

375033J

375033G

375033B

0

450

900

metrar

Minjakort 15: Fornleifar á Króki



Minjakort 16: Fornleifar á Heiði



• 378016B

• 378015

• 378018

• 378016A
• 378014

• 378013


• 378012A
• 378012C

• 378012


• 378011

0 250 500


metrar




Minjakort 17: Fornleifar á Herriðarhóli




Minjakort 18: Fornleifar í Efri-Sumarliðabæ




Minjakort 19: Fornleifar á Vetleifsholti



Minjakort 19b: Fornleifar á Vetleifsholti



Minjakort 20: Fornleifar á Helli



Minjakort 21: Fornleifar í Rifshalakoti



Minjakort 22: Fornleifar í Götu og á Lindarbæ



427005

428009

428011

Lindarbær

Gata

428010A
428010B

427006B • 427006A

427009

0 350 700
metrar

Minjakort 23: Fornleifar á Kastalabrekku




• 429012

• 429007C • 429007A
• 429007B


Kastalabrekka

0 100 200
metrar


Minjakort 24: Fornleifar á Gíslakoti, Hrúti og á Ráðagerði



Minjakort 25: Fornleifar á Holtamannafrétt



Minjakort 25b: Fornleifar á Holtamannafrétt



Minjakort 25c: Fornleifar á Holtamannafrétt

